TÍSKUVIKAN Í KAUPMANNAHÖFN

*Afslöppuð sumartíska*

Tíska Heimili Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




MENNINGARNÓTT

*Ljós og læti í bland*

Sérblað um menningarnótt

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Til þjónustu reiðubúinn

Það er Síminn

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. ágúst 2007 — 220. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR



### Flott útkoma

Danska tískumerkið Wood Wood sýndi, ásamt íþróttamerkinu Adidas, á tískuvikunni í Kaupmannahöfn.

FÓLK 56

### Gerir það gott í Rússlandi



Plötusnúðurinn Þórhallur Gunnarsson spilar mikið í Rússlandi og hefur komist í kynni við mafíuna þar í landi.

FÓLK 70

### Um lög og reglu

„Það er opinber ásetningur dómsmálaráðuneytisins og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, að allir – það er að segja enginn! – beri ábyrgð á öryggi borgaranna," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 36

### Óheiðarlegir Valsarar?



Mál Framarans Sigfúsar Páls Sigfússonar er enn í hnút. Framarar saka Valsmenn um óheiðarleg vinnubrögð og það ekki í fyrsta skipti gagnvart sínum leikmönnum.

ÍÞRÓTTIR 62

### VEÐRIÐ Í DAG




**Norðlægar áttir:** Vindhviður suðaustanlands í fyrstu, en lægir þegar líður á daginn.

VEÐUR 4

# Bílastæði skóla ekki ókeypis til frambúðar

**Borgaryfirvöld hafa rætt við skólastjórnendur um upptöku bílastæðagjalda við framhalds- og háskóla. Gjaldskylda verður við ákveðin stæði Háskóla Íslands. Formaður umhverfisráðs segir tækifærið gefast vegna ókeypis strætóþjónustu í vetur.**

**SAMGÖNGUR** „Skólastjórnendur eru á því að það verði ekki mikið lengur hundruð eða þúsund bílastæði í borginni fyrir framhalds- og háskólanemendur sem hægt er að leggja í ókeypis," segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar.

Borgaryfirvöld funduðu með skólastjórnendum framhalds- og háskóla á höfuðborgarsvæðinu og kynntu þeim verkefnið „Frítt í strætó". Á þeim fundum viðruðu borgarfulltrúar þann möguleika að taka upp gjaldskyldu á bílastæðum við skólana.

„Það töldu allir að sérstaklega þeir skólar sem væru miðsvæðis á dýrum lóðum myndu ekki til framtíðar bjóða upp á tugi eða hundruð ókeypis bílastæða," segir Gísli Marteinn.

Háskólaráð Háskóla Íslands samþykkti í sumar að taka upp gjaldskyldu í svokallaðri skeifu fyrir framan aðalbyggingu skólans. Ókeypis bílastæði eru þó fáanleg víða um háskólasvæðið.

Gísli segir að Háskóli Íslands nýti sér með þessu að strætisvagnar verði gjaldfrjálsir fyrir nema. „Það er ekki hægt að rukka fyrir stæðin án þess að bjóða nemendum upp á valkost," segir Gísli.

„Fulltrúar okkar í háskólaráði mótmæltu þessu," segir Dagný Ósk Aradóttir, formaður Stúdentaráðs HÍ. „En þetta er mjög lítill hluti stæðanna og fólk getur nýtt sér ókeypis strætóferðir."

„Ég vona að nemendur nýti sér ókeypis strætó, því að það er alveg fullt í stæðunum hjá okkur," segir Kristín Arnalds, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti. „Mér finnst gjaldtaka koma til álita, en hún hefur ekki verið rædd."

Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, tekur í sama streng. „Við höfum rætt þetta óformlega, þetta vandamál með bílastæðin fer vaxandi."

Gísli Marteinn segir ekki víst að tekjur af bílastæðum við skóla renni í Bílastæðasjóð. „Það er ekkert lokað í þeim efnum að Stúdentaráð eða einhver nemendafélög fengju hluta af þeim gjöldum sem koma inn. En við erum ekki komin svo langt að ræða það," segir Gísli.

- sgj



**ÞUNGUR Á BRÚN** Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, skoðar skýrslu Ríkisendurskoðunar, þar sem ríkisstofnanir eru gagnrýndar fyrir að eyða um efni fram. Í bakgrunni ræða Ásta Möller þingmaður og Birkir Jón Jónsson, fyrrverandi formaður nefndarinnar, við Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda. **Sjá síðu 2**

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**EGGERT** Segir lítið hæft í fréttum breskra fjölmiðla um West Ham og Eið Smára.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Fréttir af sendinefnd West Ham:

## Bull og vitleysa

**FÓTBOLTI** „Þetta er bara bull og vitleysa eins og margt í þessum blöðum hér úti," segir Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, í samtali við Fréttablaðið um fréttaflutning þess efnis að sendinefnd frá félaginu hafi farið til Barcelona til viðræðna við Eið Smára. Fréttirnar séu í besta falli stórlega ýktar.

„Viðræður hafa átt sér stað en meira hef ég ekki að segja um málið á þessari stundu," sagði Eggert.

- esá / sjá síðu 62

Kaupþing kaupir banka:

## Stærsta yfirtaka íslensks fyrirtækis

**VIÐSKIPTI Kaupþing kaupir hollenska fyrirtækjabankann NIBC á sem nemur 270 milljörðum króna. Yfirtakan er sú stærsta hjá íslensku fyrirtæki hingað til. Greitt er fyrir hluta bankans með bréfum í Kaupþingi og verður því til um leið langstærsta erlenda fjárfestingin í íslensku fyrirtæki til þessa.**

**„Með þessum kaupum myndi íslenska bankakerfið stækka um 30 prósent á samstæðugrunni, sem er veruleg aukning í einu vetfangi," segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME).**

**Jónas segir kaupin um margt athyglisverð, enda um að ræða stærstu fyrirtækjakaup íslensks fjármálafyrirtækis. Rétt sé þó að hafa í huga að kaupin gangi fyrst í gegn að fengnu samþykki FME.**

- óká / eþa / Sjá síðu 32

Tekið verður á Grímseyjarferjumálinu í samgönguráðuneytinu með viðeigandi hætti:

# Verklagsreglur ráðuneytisins brotnar

**FRAMKVÆMDIR** Skýrar verklagsreglur samgönguráðuneytisins voru brotnar við kaup og endurnýjun Grímseyjarferju.

Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri upplýsir það í yfirlýsingu.

Í henni segir að verklagsreglurnar kveði á um að gera skuli vandaða verkefnaáætlun sem innihaldi meðal annars verklýsingu, tíma- og kostnaðaráætlun. Jafnframt beri verkefnisstjóra að upplýsa ráðuneytisstjóra um gang mála og fá samþykki fyrir verkefnaáætlun.

„Við framkvæmd þessa máls var þessum verklagsreglum ekki fylgt. Tekið verður á því með viðeigandi hætti og í samræmi við góða stjórnsýslu," segir í yfirlýsingu ráðuneytisstjórans. Ekki er tilgreint hvað felst í „viðeigandi hætti."

Sturla Böðvarsson, fyrrverandi samgönguráðherra, sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær ekki ætla að tjá sig um málið að svo stöddu. „Ég hef viljað gefa eftirmanni mínum svigrúm til að fara með þetta mál í þann farveg sem hann hefur valið að gera," sagði Sturla. Líklegt væri að hann greindi frá sínum sjónarmiðum fyrir vikulok.

Sjá síðu 4 / - bþs









## SPURNING DAGSINS



*Kristján, er þetta óferjandi ástand?*

„Það hefði eitthvað mátt leka út um málið á fyrri stigum."

Ríkisendurskoðun gerir alvarlegar athugasemdir við kaup ríkisins á Grímseyjarferju. Kristján Möller er samgönguráðherra.

Viðræður um olíuhreinsunarstöð í Arnarfirði skammt á veg komnar:

# Heyrði af þessu í fréttunum

**IÐNAÐUR** Viðræður um olíuhreinsunarstöð í Hvestudal í Arnarfirði eru skammt á veg komnar og í raun ekki lengra en svo að einungis er búið að undirrita viljayfirlýsingu um þær, að sögn Ólafs Egilssonar eins eiganda Íslensks hátækniiðnaðar.

Jón Bjarnason, bóndi að Fremri-Hvestu sagðist hafa „heyrt það í fréttunum áðan" að hann ætlaði að selja jörð sína, en vildi ekki tjá sig um það að öðru leyti, þegar Fréttablaðið náði af honum tali í gær.

„Frumforsendurnar eru að vilji sveitarstjórnar og landeigenda sé fyrir hendi. Þetta eru tvær jarðir í eigu Jóns og þær taka yfir allan dalinn. Það væri óhentugt að vera með búskap á annarri og reka olíuhreinsistöð á hinni," segir Ólafur.

Hann kveður Hvestudal hentugan því engin byggð sé gegnt dalnum handan fjarðarins og því yrði ekki sjónmengun fyrir nágranna.

Jörðin Sandar í Dýrafirði kom einnig til greina, en jákvæð afstaða bæjarstjórnar Vesturbyggðar flýtti fyrir viðræðum um Hvestudal.

Rússneska fyrirtækið Katamak-Nafta yrði helsti samstarfsaðilinn við framkvæmdina. **- køþ**




**OLÍUHREINSUNARSTÖÐ** Búið er að undirrita viljayfirlýsingu um viðræður um sölu Hvestudals undir olíuhreinsunarstöð.

Mönnunarvandi leikskóla:

# Viðbótarlaun við manneklu

**LEIKSKÓLAMÁL** Brugðist verður við manneklu á leikskólum með því að greiða leikskólakennurum tímabundin viðbótarlaun. Tillaga Vinstri grænna þess efnis var samþykkt samhljóða á fundi leikskólaráðs Reykjavíkur í gær.

Í kjarasamningum er heimild fyrir slíkum viðbótargreiðslum til að tryggja faglegt starf leikskóla. Í tilkynningu frá borgarstjórnarflokki Vinstri grænna segir að með því að nýta þessa heimild geti borgin lagt sitt af mörkum til að standa vörð um og efla það starf sem unnið er í leikskólum Reykjavíkurborgar. **- sh**

Menningarnótt:

# Ótal viðburðir

**MENNING** Sérblað um dagskrá menningarnætur fylgir Fréttablaðinu í dag.




Þar eru að finna kort af borginni sem vísa á áhugaverða viðburði og er þeim skipt í viðburði fyrir börn, unglinga, fullorðna og fjölskyldur og hægt er að nota þau sem leiðarvísi.

Heilsuverndarstöðin á Barónstíg verður tekin undir listastarfsemi og munu íslenskar brúður lifna þar við. Auk þess munu læknanemar dreifa smokkum um borgina og sænskar sirkuslistastjórnur sýna listir sínar og kenna börnum sirkusbrögð. **- keþ / Menningarnótt**

Lögreglustjóri:

# Fundar með borgarráði

**LÖGREGLUMÁL Borgarráð Reykjavíkur hefur óskað eftir fundi með Stefáni Eiríkssyni, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, sem fram fer í dag. Umræðuefnið er umgengni í miðborginni og málefni skemmtistaða.**



STEFÁN EIRÍKSSON

**Lögreglustjóri hefur lýst yfir þeirri skoðun að stytta ætti opnunartíma skemmtistaða og hindra samþjöppun þeirra í miðborginni.**

**„Fundurinn er um málefni miðborgarinnar, skemmtistaðina og fleira," segir Stefán. „Við þurfum að halda áfram þessari umræðu sem hefur verið í gangi."** **- sgj**

# Fjárlagabrjótar sæti ábyrgð fyrir brot sín

**Brestur er á að fjárlögum sé fylgt í opinberum rekstri. Fjárlagaliðum sem reknir eru umfram heimildir fækkar milli ára. Ríkisendurskoðun vill að forstöðumenn ríkisstofnana sem fara fram úr fjárheimildum verði áminntir eða reknir.**

**ALÞINGI** Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2006 kemur fram að útgjöld A-hluta ríkisins fór verulega fram úr fjárlögum.

Fjárlög mæltu fyrir um 315 milljarða króna útgjöld en endanleg fjárheimild hækkaði um nálægt tólf prósent og var 352 milljarðar. Mismunurinn felst í fjáraukalögum og yfirfærðum heimildum frá árinu áður.

Í lok síðasta árs stóðu 75 af 456 fjárlagaliðum í halla umfram fjögurra prósenta vikmörk. Árið áður voru 96 liðir í halla umfram vikmörkin. Á síðasta ári var samanlögð fjárhæð hallaliðanna mun hærri en árið á undan; nam tæpum 14 milljörðum króna.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að meirihluti fjárlagaliða átti afgang umfram vikmörk. Ríkisendurskoðun metur það líka alvarlegt enda sé það Alþingis en ekki forstöðumanna stofnana að auka eða draga úr þjónustu sem löggjafinn hefur mælt fyrir um.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er farið í saumana á vanda valdra stofnana menntamála-, landbúnaðar- og utanríkisráðuneyta. Virðist ástandið sínu verst í Háskólanum á Akureyri þar sem uppsafnaður halli nemur 336 milljónum og hjá Sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli þar sem hallinn er 148 milljónir.

Í skýrslunni er dregin saman algeng lýsing forstöðumanna ríkisstofnana á ástæðum endurtekins og umfangsmikils halla. Í stuttu máli er hún á þá leið að forstöðumaður óskar eftir viðbótarfjárheimild en fær ekki. Tilkynnir hann þá ráðuneyti að nauðsynlegt sé að skera niður. Ráðuneytið óskar eftir að það verði ekki gert og segir að reynt verði að finna aðrar lausnir. Þær láta á sér standa. Að endingu eru sóttar auknar fjárheimildir, löngu eftir að til útgjaldanna var stofnað í heimildarleysi. „Hvort sem slíkar fullyrðingar ýmissa forstöðumanna um afskipti ráðuneyta eru sannar eða ekki er ábyrgð þeirra á fjárhagsvanda stofnana sinna skýr," segir í skýrslunni. „Þeir eiga að sjá til þess að þær séu reknar innan ramma fjárheimilda ellegar sæta áminningu eða brottrekstri ef um endurtekin eða stórfelld umframútgjöld er að ræða. Forstöðumönnum ber að fara að fjárlögum og virða embættisskyldur sínar en geta ekki skýlt sér á bak við óljós fyrirmæli eða óskir ráðuneyta." **bjorn@frettabladid.is**



**MÁLIN RÆDD** Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, og Jón Bjarnason þingmaður Norðvesturkjördæmis ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar eftir fund Fjárlaganefndar Alþingis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### ÚR SKÝRSLUNNI

- Ljóst er að of djarft var teflt í rekstri Háskólans á Akureyri þegar námsframboð var aukið án þess að treysta rekstrargrundvöllinn nægjanlega.
- Embættið [Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli] hefur verið rekið með halla ár eftir ár án þess að gripið hafi verið til fullnægjandi ráðstafana.
- Þannig blasir við að annaðhvort þarf að auka fjárheimildir sendiráðanna eða draga úr umfangi starfseminnar.
- Á öðru ári sameinaðs Landbúnaðarháskóla stefnir á ný í halla. Ef ekki verður viðsnúningur á árinu 2007 horfir í óefni því sem síaukinn halli mun íþyngja rekstrinum.



**PALLBORÐIÐ** Íbúar hafa mótmælt skipulagsbreytingum á Kársnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Deilt um skipulagsmál:

# Húsfyllir á fundi um Kársnes

**KÓPAVOGUR** Húsfyllir var á opnum íbúafundi samtakanna Betri byggð á Kársnesi í Salnum í Kópavogi í gærkvöldi. Meðal frummælenda á fundinum var Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri.

Samtökin hafa mótmælt fyrirhuguðu skipulagi á Kársnesinu, sem gerir ráð fyrir mikilli fjölgun íbúa, stækkun atvinnusvæðis og aukinni umferð.

Bæjaryfirvöld kynntu skipulagið ítarlega fyrir fundargestum.

Fundurinn stóð enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun. **- sgj**

Biskup í Skaftafellsprófastsdæmi:

# Átján kirkjur á átta dögum

**TRÚMÁL Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson vísiterar Skaftafellsprófastsdæmi dagana 18. - 25. ágúst.**

**Biskup mun skoða átján kirkjur og bænahús, hitta sóknarnefndarfólk og presta og starfsfólk safnaða. Hann mun einnig heimsækja hjúkrunar- og dvalarheimili.**

**Með biskupi í för verður eiginkona hans Kristín Guðjónsdóttir, prófastur Skaftafellsprófastsdæmis, séra Haraldur M. Kristjánsson í Vík og eiginkona hans, Guðlaug Guðmundsdóttir.**

**Síðast vísiteraði herra Ólafur Skúlason, þáverandi biskup Íslands, Skaftafellsprófastsdæmi, árið 1994.** **- bþs**

**BÍLL DAGSINS**

**OPEL VECTRA 2.8 OPC**

Nýskr. 03.07 - Beinskiptur - Ekinn 20 þús. km.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Meira en 200 fórust í sprengjuárásum á þorp jasída í norðvesturhluta Íraks:

# Leitað í rústum leirhúsa

**ÍRAK, AP** Björgunarfólk vann í gær að því að bjarga fólki úr rústum leirhúsa í þorpinu Kahatanía í kúrdahéröðum Íraks. Meira en 200 manns fórust þegar fjórar sjálfsvígsárásir voru gerðar á þorpið á þriðjudag.

Árásinni var beint gegn jasídum, en jasídar eru kúrdar sem enn aðhyllast hin fornu trúarbrögð þjóðar sinnar. Jasídar eru nokkur hundruð talsins og búa flestir í norðvesturhluta Íraks. Múslimskir öfgasinnar líta á jasída sem trúvillinga.

Bandaríkjamenn segja hryðjuverkasamtökin al-Kaída hafa staðið að þessum árásum. „Bílasprengjurnar sem notaðar voru bera allar greinileg merki ofbeldisverka al-Kaída í Írak," segir Kevin Bergner, talsmaður Bandaríkjahers í Írak. „Við erum enn að rannsaka málið og munum vita meira á næstu dögum."

Sjálfsvígsmenn óku samtímis fjórum vörubifreiðum hlöðnum sprengiefni inn í þorpið á þriðjudaginn. Árásin er sú mannskæðasta sem jasídar hafa orðið fyrir frá upphafi, og sú mannskæðasta sem framin hefur verið í Írak frá því 215 manns fórust í árás á sjía-múslima í Sadr-hverfinu í Bagdad 23. nóvember síðastliðinn.



**EIN HINNA SÆRÐU FLUTT Á SJÚKRAHÚS** Meira en 300 manns særðust og að minnsta kosti 200 fórust í sprengjuárásunum í Kahataníu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jasídar trúa meðal annars á engil, sem sumir kristnir menn og sumir múslimar telja vera djöfulinn sjálfan, en jasídar segja það firru eina, enda trúi þeir hvorki á himnaríki né helvíti. **- gb**




# ÞÉR ER BOÐIÐ Í AFMÆLI

**OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD**

**KRINGLAN ER 20 ÁRA OG AF ÞVÍ TILEFNI VERÐUR AFMÆLISVEISLA ALLA VIKUNA**

AFMÆLISTILBOÐ • GOTT Í GOGGINN • BLÖÐRUR • TRÚÐAR • LEIKTÆKI • LIFANDI TÓNLIST • ANDLITSMÁLUN • DANS

Kringlan

## GENGIÐ 15.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 6 7,18 | 67,50 |
| Sterlingspund | 133,70 | 134,36 |
| Evra | 90,58 | 91,08 |
| Dönsk króna | 12,171 | 12,243 |
| Norsk króna | 11,299 | 11,365 |
| Sænsk króna | 9,668 | 9,724 |
| Japanskt jen | 0,5753 | 0,5787 |
| SDR | 102,22 | 102,82 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

123,3077

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samgönguráðherra og vegamálastjóri efins um að ferjur eigi heima hjá Vegagerð:

# Ferjunum siglt til Siglingastofnunar?

**SAMGÖNGUR** Kristján Möller samgönguráðherra og Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri hafa báðir efasemdir um að rétt sé að ferjusiglingar á vegum ríkisins heyri undir Vegagerðina.

„Ég er hugsi yfir hvort ferjur eigi að vera vistaðar hjá Vegagerðinni, hvort þeim sé ekki betur komið hjá Siglingastofnun,“ sagði Kristján Möller á þriðjudag og bætti við að flutningur málaflokksins verði tekinn til skoðunar.

„Þetta er réttmæt spurning og við höfum lengi velt þessu fyrir okkur,“ segir Jón Rögnvaldsson. „Ferjureksturinn er mjög annars eðlis en það sem við fáumst við svona almennt þannig að þetta er mál sem er virkilega vert að hugleiða.“

Siglt er á sex ferjuleiðum á vegum ríkisins og á ríkið þrjár ferjur; Herjólf, Hríseyjarferjuna Sævar og Grímseyjarferjuna Sæfara.


KRISTJÁN MÖLLER


JÓN RÖGNVALDSSON

Ferjusiglingar hafa verið á forræði Vegagerðarinnar í um fimmtán ár en heyrðu áður undir fjármálaráðuneytið. **- bþs**

### FERJUSIGLINGAR RÍKISINS

- Vestmannaeyjar - Þorlákshöfn
- Stykkishólmur - Flatey - Brjánslækur
- Ísafjörður - Æðey - Vigur
- Hrísey - Árskógsströnd
- Grímsey - Dalvík - Hrísey - Akureyri
- Neskaupstaður - Mjóifjörður

Tilfærsla í starfi:

## Dómur héraðsdóms ógiltur

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur fellt úr gildi dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að kröfu hjúkrunarfræðings um ógildingu á tilfærslu hans í starfi skyldi vísað frá. Er héraðsdómi gert að taka ógildingarkröfuna til efnislegrar meðferðar. Hjúkrunarfræðingurinn, sem er kona, hafði verið færður til í starfi á Landspítala háskólasjúkrahúsi eftir að karlkyns samstarfsmaður hafði kvartað undan kynferðislegri áreitni.**

**Dómkröfur konunnar voru þær að ógild yrði sú ákvörðun að færa hana til í starfi. Þeim þætti vísaði héraðsdómur frá, en gerði LSH að greiða henni hálfa milljón króna. - jss**

Nýr framkvæmdastjóri:

## Hrönn til SPRON Factoring

**VINNUMARKAÐUR** Hrönn Greipsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri SPRON Factoring. Hrönn starfaði áður sem framkvæmdastjóri Hótel Sögu frá árinu 1998 til 2007. Þar áður starfaði Hrönn hjá Ferðaskrifstofu Úrvals-Útsýn frá árinu 1987 til 1995.


HRÖNN GREIPSDÓTTIR

Hrönn er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og lauk MBA í fjármálafræðum frá CASS 1997. Hrönn er gift Sigurði Skagfjörð Sigurðssyni og eiga þau þrjár dætur.

SPRON Factoring er í eigu SPRON, Sparisjóðs Keflavíkur og annarra smærri fjárfesta. **- lbb**

Öryrkjar um Grímseyjarferjuna:

## Aðgengi og öryggi fyrir alla

**SAMGÖNGUR Öryrkjabandalagið fer fram á að úttekt verði gerð á aðgengi hreyfihamlaðra um borð í nýju Grímseyjarferjunni og að samráð verði haft við bandalagið um nauðsynlegar endurbætur.**


**SIGURSTEINN MÁSSON** formaður Öryrkjabandalagsins.

**Stjórnvöldum ber að tryggja hreyfihömluðum greiðan aðgang að ferjum á borð við Grímseyjarferjuna. Í skilningi reglugerðar þar að lútandi eru hreyfihamlaðir þeir sem eiga í sérstökum erfiðleikum með að nota almenningssamgöngur, til dæmis, aldraðir, fatlaðir, þungaðar konur og fólk með lítil börn. - bþs**

# Grímseyingar vildu flugstóla á efra þilfar

**Sveitarstjórn Grímseyjarhrepps og Ríkisendurskoðun greinir á um hvort Grímseyingar hafi lýst sig hlynnta kaupum á nýju ferjunni eða ekki. Ríkisendurskoðun segir töluverðan hluta aukaverka til kominn vegna krafna Grímseyinga.**

**FRAMKVÆMDIR** Sveitarstjórn Grímseyjarhrepps er allt annað en ánægð með nokkur atriði sem fram koma í greinargerð Ríkisendurskoðunar um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju.

Að sama skapi er Ríkisendurskoðun allt annað en ánægð með gagnrýni Grímseyinga og „getur á engan hátt fallist á þá efnislegu gagnrýni sem fram kemur í yfirlýsingu sveitarstjórnarinnar.“

Í yfirlýsingu sveitarstjórnar frá á þriðjudag er því vísað á bug að Grímseyingar hafi ekki gert athugasemdir við að ferjan Oleain Arann skyldi keypt til að leysa eldri Grímseyjarferju af hólmi. Þvert á móti hafi vilji þeirra komið skýrt fram í samtölum, símtölum og tölvupóstum. Engu að síður kemur fram í yfirlýsingu Grímseyinga að þeir féllust á kaupin.

Grímseyingar mótmæla að í greinargerð Ríkisendurskoðunar sé vitnað til síðbúinna krafna þeirra um endurbætur á skipinu. Þeir viðurkenna þó að hafa sett fram kröfur eftir að ákveðið var að ráðast í kaupin en að þær hafi aðallega snúist um öryggisbúnað, aðbúnað farþega og innra skipulag.

Í athugasemd Ríkisendurskoðunar segir ljóst að töluverður hluti þeirra aukaverka, sem nú standa yfir, á eftir að vinna eða taka afstöðu til, sé til kominn vegna krafna Grímseyinga eftir að kaup voru gerð og verksamningur undirritaður. Er meðal annars nefnt að Grímseyingar hafi krafist endurnýjun á þiljum og innréttingum íbúða áhafnar, kýraugu á neðri farþegasal, plasthurðir í efri farþegasal, fullkomið sjónvarps- og hljóðkerfi og flugstóla í efra farþegarými.


**Í SLIPP** Á meðan karpað er á landi stendur Oleain Arann uppi í Vélsmiðju Orms og Víglundar í Hafnarfirði. Þar hefur lítið gerst síðustu sex til sjö vikurnar upplýsti samgönguráðherra á þriðjudag.

**bjorn@frettabladid.is**

### SAMÞYKKI EÐA EKKI SAMÞYKKI

**ÚR YFIRLÝSINGU SVEITARSTJÓRNAR GRÍMSEYJARHREPPS**

*„Miðað við þau gögn sem sveitarstjórn hefur nú undir höndum og hefur kynnt sér, ásamt því að hafa skoðað ástand skipsins, getur hún ekki mælt með að gengið verði frá kaupum á umræddu skipi að svo stöddu.“*

**Sveitarstjórn í tölvupósti til samgönguráðuneytisins**
26. september 2005.

*„Fram kom í máli allra fundarmanna að athugasemdir ykkar væru sanngjarnar og myndi allt verða gert sem mögulegt væri til þess að verða við þeim.“*

**Tölvupóstur frá samgönguráðuneytinu til sveitarstjórnar**
28. september 2005.

*Í tölvupósti 29. september 2005 lýsti sveitarstjórn sig tilbúna að samþykkja kaupin á Oleain Arann uppfylltum öllum þeim skilyrðum sem fram hefðu komið í málinu.*

**ÚR ATHUGASEMD RÍKISENDURSKOÐUNAR**

*„Okkur líst bara vel á þessar tillögur.“*

**Oddviti Grímseyjarhrepps í tölvupósti 14. október 2005 til ráðgjafa Vegagerðarinnar eftir að hann hafði útlistað hvernig komið yrði til móts við kröfur Grímseyinga.**

*„Sveitarstjórn Grímseyjar er samþykk kaupunum á ferjunni.“*

**Oddvitinn í tölvupósti**
3. nóvember 2005.




## VEÐURSPÁ


Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Vindhviður suðaustanlands:**
Í dag verður áfram bjartviðri sunnan- og suðvestanlands, og vind lægir suðvestan til. Á Suðausturlandi má áfram búast við hvassviðri og vindhviðum. Á norðausturhorninu veður smá súldarloft viðloðandi,úrkoma frekar lítil. Það er farið að kólna talsvert og má búast við 6-14 stiga hita á láglendi yfir daginn, svalast við ströndina norðanlands.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Norðlægur vindur 5-8 m/s og hiti 10-13 stig.

um hádegi »



» á morgun


Hæg breytileg átt um allt land

» laugardagur


Norðaustlæg átt, 5-10 m/s

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C skúrir | London | 24°C léttskýjað | Eindhoven | 25°C skýjað |
| Billund | 21°C rigning | París | 25°C léttskýjað | Basel | 24°C skúrir |
| Osló | 19°C rigning | Frankfurt | 24°C skúrir | Alicante | 31°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 12°C skúrir | Friedrichshafen | 21°C skýjað | Róm | 27°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 23°C rigning | Berlín | 23°C skýjað | Las Palmas | 24°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




## 9. - 27. ágúst

# SKÓLADAGAR

## Í SMÁRALIND

Smáralind er troðfull af nýjum vörum sem skólafólk á öllum aldri þarf á að halda áður en skólinn byrjar.

Í Smáralind færðu fatnað, skó, tölvur, skólatöskur, pennaveski, ritföng, bækur og allt annað sem þig vantar til að ganga menntaveginn.

**Njóttu Skóladaganna í Smáralind!**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA /

## KJÖRKASSINN



Minnka ólætin með skemmri opnunartíma skemmtistaða?

| | |
|---|---|
| Já | 46,3% |
| Nei | 53,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu fylgjandi heræfingum á Íslandi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Bandaríkin hyggjast setja Byltingarvarðsveitir Írans á skrá yfir hryðjuverkasamtök:

# Gæti orðið tilefni til innrásar

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjastjórn íhugar nú að setja Byltingarvarðliðana í Íran á lista yfir hryðjuverkasamtök. Með þessu hyggjast Bandaríkin auka þrýsting sinn á írönsk stjórnvöld og um leið útvega sér ástæðu til að gera árás á Íran síðar meir.

Þetta yrði í fyrsta sinn sem hersveit, sem heyrir undir stjórnvöld í öðru ríki, er sett á þennan lista. Með því að setja sveitina á lista yfir hryðjuverkasamtök geta Bandaríkin svipt fyrirtæki, sem tengjast Byltingarvarðliðunum, fjármagni, auk þess sem þau geta aukið þrýsting á önnur fyrirtæki sem eiga viðskipti við fyrirtæki tengd varðliðunum með því að hóta að saka þau um að styðja hryðjuverkastarfsemi.

Byltingarvarðsveitirnar eru úrvalssveit hermanna, sem þó tilheyrir ekki hinum almenna her landsins og hefur yfir eigin sjóher og flugher að ráða. Byltingarvarðsveitirnar hafa æ oftar blandað sér í málefni viðskiptalífsins, einkum að því er varðar olíuvinnslu, uppbyggingu kjarnorku og byggingastarfsemi. **- gb**



**NJÓTA VIRÐINGAR Í ÍRAN** Í vor veitti Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, Abolqasem Amangah, yfirmanni í Byltingarvarðsveitunum, heiðursorðu. Amangah var meðal þeirra sem handtóku 15 breska sjóliða í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

30 prósentum fleiri í ræktina:

# Landsmenn latir á sumrin

**FÓLK „Við finnum fyrir miklum mun á sumrin og haustin. Í besta veðrinu á sumrin eru fáir á stöðvunum,“ segir Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri Iceland Spa and fitness.**

**Hann segir aðsóknina fylgja opnun skólanna. „Þegar krakkarnir fara aftur í skóla á haustin þá kemst rútínan aftur í gang, fólk fer að mæta í vinnu og líka ræktina.“**

**Sævar segir mætinguna aukast um 30 prósent á haustin. „Meira að segja þeir sem mæta fimm sinnum í viku á veturna detta oft út í margar vikur á sumrin.“**

**- lbb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Lögregla fann seðlaveski

Lögreglan á Blönduósi fann seðlaveski skorðað við dyrnar á lögreglustöðinni á mánudagsmorgun. Eigandinn hafði glatað því á bensínstöð og starfsmaður hennar komið því til lögreglu. Varðstjóri lögreglu segir það til mikillar eftirbreytni. Málið telst upplýst. Annað sagði hann ekki fréttnæmt.

## DÓMSMÁL

### Með fjaðurhníf og fíkniefni

Tuttugu og þriggja ára karlmaður hefur verið ákærður fyrir vopnalagabrot. Lögregla fann fjaðurhníf við leit á manninum, og var hann einnig ákærður fyrir vörslu fíkniefna og að aka undir áhrifum þeirra. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness á mánudag.

# Vextir á íbúðalánum hafa hækkað

**Vextir á íbúðalánum hafa hækkað verulega og eru nú komnir upp í um og yfir sex prósent hjá viðskiptabönkunum. Mánaðarleg afborgun er upp undir 22 þúsundum króna hærri nú en fyrir þremur árum þegar vextirnir voru lægstir.**

**LÁNAMARKAÐUR** Vextir á íbúðalánum hafa hækkað ört upp á síðkastið og hafa aldrei verið jafnháir hjá viðskiptabönkunum, eða 6,20 prósent hjá Glitni og 5,95 prósent hjá Kaupþingi og SPRON. Íbúðalánasjóður hefur hækkað vexti úr 4,80 í 4,85 prósent og er þess nú skemmst að bíða að vextirnir verði jafn háir og þeir voru árið 2004 áður en viðskiptabankarnir fóru að bjóða upp á íbúðalán.

Vextir Íbúðalánasjóðs voru 4,70 prósent í byrjun ársins og hafa hækkað fimm sinnum á árinu. Vextir sjóðsins voru 4,80 prósent í júlí 2004 og 5,10 prósent í janúar 2004. Eftir að viðskiptabankarnir fóru að bjóða upp á íbúðalán sumarið 2004 lækkuðu vextir Íbúðalánasjóðs niður í 4,15 prósent þegar þeir voru hvað lægstir. Viðskiptabankarnir buðu upp á 4,15 prósenta vexti í árslok 2004 og lengst framan af 2005.

Stýrivextir Seðlabankans hafa hækkað verulega að undanförnu. Þeir voru 7,25 prósent í árslok 2004 en 14,25 prósent í júlí 2007.

Sé miðað við lán að fjárhæð 18 milljónir króna sé tekið í dag til 40 ára með vöxtum upp á 5,95 prósent þá er afborgunin 98.412 krónur. Miðað við sömu fjárhæð með 4,85 prósenta vöxtum er afborgunin 85.015 krónur á mánuði. Greiðslubyrðin er því hærri í dag sem nemur tæpum 13.400 krónum. Sé hinsvegar miðað við vexti upp á 4,15 prósent þá er afborgunin 76.917. Munurinn er tæplega 22 þúsund krónur. Ekki er tekið tillit til verðbólgu.

Friðrik S. Halldórsson, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, segir að lán séu dýrari nú en fyrir nokkrum árum en á móti komi að verðbólgan sé lægri. Verðbólgan hækki höfuðstólinn mikið og sú hækkun geymist en vextirnir komi til greiðslu strax. Þá hafi fasteignaverð hækkað verulega á örfáum árum.

Friðrik telur að fasteignaverðið hafi tvöfaldast frá því fyrir þremur árum. „Fólk þarf nú að taka stærra lán og það er auðvitað miklu erfiðara greiðslulega séð en þegar íbúðaverðið var lægra. Það hafði staðið í stað mjög lengi og var full lágt en hafði hækkað mikið erlendis. Leiðrétting var því tímabær,“ segir hann.

Lúðvík Elíasson, hagfræðingur hjá Landsbankanum, segir að miðað við óbreyttar forsendur haldist vextir líklega óbreyttir næstu mánuði og fari svo lækkandi. **ghs@frettabladid.is**



**ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK** Vextir af íbúðalánum hafa hækkað að undanförnu. Munar þar miklu um hversu háir stýrivextir Seðlabanka Íslands eru en þeir standa nú í 14,25 prósentum.

### MÁNAÐARLEG AFBORGUN

á 18 milljóna íbúðaláni sem tekið er til 40 ára

| Vextir | % |
|---|---|
| 4,15 | 76.917 |
| 4,85 | 85.015 |
| 5,95 | 98.412 |

Munur á hæstu og lægstu afborgun **21.495**

*Ekki er tekið tillit til verðbólgu.*

Aflþynnuverksmiðja, sem mun rísa við Akureyri, skapar 90 ný störf:

# Notar fimmfalda orku Eyfirðinga

**IÐNAÐUR** Landsvirkjun skrifaði í gær undir orkusamning við ítalska fyrirtækið Becromal vegna aflþynnuverksmiðju sem áætlað er að rísi við Eyjafjörð á næsta ári. Þá hafa samningar náðst milli Becromal og Akureyrar um lóð í Krossanesi og fjárfestingarkjör.

„Við sáum að starfsemi af þessu tagi myndi henta mjög vel hér og höfum átt í viðræðum við Becromal í nokkur ár,“ segir Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Becromal er stærsta fyrirtæki í aflþynnuframleiðslu í Evrópu.

Í verksmiðjunni verða framleiddar rafhúðaðar aflþynnur úr álþynnum. Aflþynnurnar eru notaðar í rafþétta í framleiðslu allra raftækja. Magnús á von á því að um 90 störf skapist.



**KROSSANES** Engin starfsemi hefur verið í Krossanesi um nokkurt skeið en staðurinn þykir henta vel fyrir aflþynnuverksmiðju. Búast má við að framkvæmdir í Krossanesi hefjist á haustmánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Samningurinn við Landsvirkjun hljóðar upp á 75 megavött af rafmagni eða 637 gígavattsstundir á ári. Það er fimmföld orkunotkun Eyjafjarðarsvæðisins. Orkan er nú þegar til staðar svo ekki þarf að virkja. Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, segir það, ásamt þeirri staðreynd að framleiðslan losi engar gróðurhúsalofttegundir, vera eitt það besta við framkvæmdina.

„Þetta er fyrsti samningur Landsvirkjunar við orkufrekt fyrirtæki sem ekki er hefðbundin stóriðja,“ segir Bjarni Bjarnason, yfirmaður orkusviðs Landsvirkjunar og formaður stóriðjusamninganefndar. **- þo**








VERÐHRUN
Á HJÓLUM
allt að
50%
afsláttur
PROSTYLE
NITRO
Prostyle
13 ár á Íslandi
Gildir til 17. ágúst eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hversu mörgum starfsmönnum Ratsjárstofnunar var sagt upp á mánudag?*

*2 Frá hvaða löndum eru hermennirnir sem tóku þátt í heræfingunni Norðurvíkingi í vikunni?*

*3 Erfitt er að fá dýralækna út á land. Hversu margir dýralæknar eru starfandi á Vestfjörðum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

Grétar Mar Jónsson alþingismaður telur fjárveitingar í Bakkafjöru vanáætlaðar:

# Vill eina stóra eða tvær minni

**SAMGÖNGUR** Grétar Mar Jónsson alþingismaður óttast að hafnargerð í Bakkafjöru verði nýtt Grímseyjarferjuævintýri. Mikil hætta sé á því að fjárveitingar séu vanáætlaðar og að hafnargerðin kosti tvöfalt og jafnvel þrefalt meira þegar upp verður staðið.

Grétar bendir á að 300 metrum fyrir utan væntanlegan hafnargarð sé rif og því þurfi hafnargarðurinn að ná út fyrir rifið til að höfnin verði nothæf. Búast megi við að straumur beri sand inn í höfnina og honum þurfi að dæla burt. Enginn viti hve mikið það verði.

„Taka þarf með í reikninginn að fara þarf í eitt mesta landgræðsluverkefni sem sögur fara af því svo mikill sandbylur er þarna á landi. Þá þarf að gera nýja brú til að koma grjóti niður á sandana og bæta veginn frá Bakka upp á Suðurlandsveg,“ segir hann.

Grétar bendir á að enginn tímasparnaður verði við ferðalög þótt höfn rísi í Bakkafjöru. Breytingin felist í því að ferðamenn verði hálftíma á sjó og aki sjálfir til Reykjavíkur í stað þess að sigla í tvo tíma til Þorlákshafnar.

Grétar leggur til að annaðhvort verði keypt stærri og hraðskreiðari ferja milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar eða tvær minni ferjur verði keyptar fyrir þessa leið. Þannig væri auðvelt að fjölga eða fækka ferðum eftir þörfum. - ghs



**FJÖLGA EÐA FÆKKA FERÐUM** Grétar Mar Jónsson alþingismaður vill að skoðuð verði kaup á tveimur minni ferjum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Þannig væri hægt að fjölga eða fækka ferðum eftir þörfum.

Garðhirða í Þýskalandi:

# Vinsælt að leigja kind eða önd

**ÞÝSKALAND Eigandi náttúrugarðs í Slésvík-Holstein í Þýskalandi græðir á tá og fingri á að leigja kindur og endur til einkanota. Garðeigendur geta notað dýrin til að hirða garðinn, kindurnar til að bíta grasið og endurnar til að éta snigla.**

**Í kjölfar sniglaplágu fékk dýraleigan pantanir hvaðanæva af landinu. Að sögn eigenda er betra að nota endur en eitur til að losna við snigla.**

**„Dýrin veita þér líka ókeypis áburð, svo að þetta eru ekki slæm kaup,“ segir eigandi dýraleigunnar.** - sgj

Umferð um Hvalfjarðargöng:

# 10.000 bílar á einum degi

**SAMGÖNGUMÁL Á þessu ári hafa aldrei fleiri bílar farið um Hvalfjarðargöngin en síðastliðinn sunnudag. Þá töldu starfsmenn Spalar um 10.000 bíla fara í gegnum göngin.**

**Fleiri bílar fóru um göngin um síðustu helgi en um verslunarmannahelgina. Knattspyrnumót voru á Sauðárkróki og Siglufirði, handverkshátíð í Eyjafirði og síðast en ekki síst Fiskidagurinn mikli á Dalvík, en þar voru rúmlega 30.000 manns samankomnir. Frá fimmtudegi til mánudags fóru 40.000 bílar um göngin.** - þeb

Rúmenskur lygari:

# Rekinn eftir innlit frá móður

**RÚMENÍA** Rúmeni var rekinn úr vinnu sinni á dögunum eftir að móðir hans heimsótti hann í vinnuna. Mínútum áður hafði maðurinn sagt yfirmanni sínum að hún væri látin og beðið hann um pening til að borga fyrir jarðarför hennar.

Yfirmaðurinn lét hann fá jafnvirði 20.000 íslenskra króna, en krafðist peninganna strax aftur þegar móðirin birtist ljóslifandi. Í kjölfarið var maðurinn rekinn og sætir rannsókn lögreglu fyrir fjársvik. - sgj



**BÆNAHALD Í MOSKU** Bænaleiðtogar í Tyrklandi vilja kjarabætur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjarabarátta bænaleiðtoga:

# Imamar krefjast hærri launa

**TYRKLAND, AP** Í Tyrklandi krefjast imamar þess að fá hærri laun fyrir vinnu sína, sem þeir eru bundnir við í átján tíma á dag alla daga vikunnar.

Imamar eru trúarleiðtogar í moskum, sem stjórna þar bænahaldi og öðrum helgiathöfnum. Þeir þurfa að vakna klukkan fjögur að morgni til að hefja bænakall og starfinu lýkur ekki fyrr en á miðnætti þegar síðustu bæn dagsins er lokið.

Um 70 þúsund imamar eru í Tyrklandi. Þeir þiggja laun frá ríkinu og nema þau innan við 40 þúsund krónum á mánuði. Aðrir ríkisstarfsmenn fá greidda yfirvinnu, en ekki imamar. - gb

# Sex ítalskir mafíósar myrtir í Duisburg

**Morðingjarnir hafa enn ekki fundist. Morðin eru hluti af gamalli fæðardeilu á milli tveggja hópa í kalabrísku Ndrangheta-glæpasamtökunum. Ítölsk yfirvöld segja að þarlend glæpasamtök hafi ekki áður átt í fæðardeilu erlendis.**

**DUISBURG, AP** Sex Ítalir voru drepnir í Duisburg í vesturhluta Þýskalands aðfaranótt miðvikudagsins. Lík þeirra fundust í tveimur bifreiðum hundrað metrum frá stærstu lestarstöðinni í borginni. Mennirnir, sem voru á aldrinum 16 til 38 ára, voru allir skotnir í höfuðið. Um sjötíu skothylki fundust á morðstaðnum og er talið að fleiri en einn maður hafi framið morðin. Sexmenningarnir voru allir óvopnaðir og höfðu verið að fagna átján ára afmæli eins þeirra á pítsustað í nágrenni morðstaðarins. Lögreglan í Duisburg sagðist í gær ekki vita hverjir frömdu morðin.

Innanríkisráðherra Ítalíu, Giuliano Amato, greindi frá því í gær að morðin væru líklega hluti af fæðardeilu á milli tveggja hópa innan glæpasamtakanna Ndrangheta frá Kalabríu-héraði á Suður-Ítalíu. Samtökin eru talin valdameiri og hættulegri en sikileyska Cosa Nostran og napólska Camorran. Talið er að Ndranghetan flytji inn um áttatíu prósent af því kókaíni sem flutt er inn til Evrópu. Amato telur að hinir myrtu hafi komið úr hópi innan Ndrangheta sem heitir Pelle-Romeo en að morðingjarnir hafi komið úr hópi sem heitir Strangio-Nirta.

Fæðardeilan á milli hópanna er kennd við smábæinn San Luca í Kalabríu. Fimmtán morð hafa verið framin frá því deilan hófst árið 1991. Innanríkisráðherrann Amato segir að einn hinna myrtu hafi tekið þátt í fæðardeilunni þegar hún hófst. Frá árinu 2000 þar til í desember 2006 voru ekki framin morð í fæðardeilunni en þá var Maria Strangio, kona eins höfuðpaursins í Stangio-Nirta hópnum, myrt. Síðast var framið morð í deilunni 3. ágúst þegar Antonio Giorgi var skotinn til bana í San Luca.

Yfirmaður lögreglunnar í Kalabríu-héraði, Luigi De Sena, segir að Ndrangheta-samtökin stundi umfangsmikla glæpastarfsemi í Þýskalandi en að hingað til hafi meðlimir samtakanna haft hægt um sig í landinu. Yfirvöld á Ítalíu sögðu í gær að morðin á sexmenningunum mörkuðu tímamót því þarlend glæpasamtök hefðu ekki áður átt í fæðardeilu erlendis.

Saksóknari frá Kalabríu, Salvatore Beomi, sagði í gær að búast mætti við frekari morðum í fæðardeilunni eftir blóðbaðið í Duisburg í gær.

ingifreyr@frettabladid.is



**SEX ÍTALIR SKOTNIR Í DUISBURG** Tvö af líkunum sex sjást hér liggja á götu í Duisburg. Mennirnir sex voru allir skotnir í höfuðið. Morðin voru hluti af fæðardeilu á milli tveggja hópa í Ndrangheta-glæpasamtökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



## HVAÐ ER FÆÐARDEILA?

„Fæðardeila er þegar tveir hópar eða fjölskyldur valda hverri annarri skaða til skiptis. Að þessu leyti eru fæðardeilur dálítið eins og skák. Menn reyna að verja skertan heiður sinn og hefna sín; annars eru þeir fyrirlitnir,“ segir Helgi Þorláksson sagnfræðingur sem rannsakað hefur fæðardeilur á Íslandi á miðöldum. Helgi segir að fæðardeilur meðal glæpasamtaka á Ítalíu séu frábrugðnar íslenskum fæðardeilum á miðöldum af því að þær séu subbulegri. „Ítalirnir stráfella kannski heilu hópana, eins og í þessu tilfelli þegar sex menn voru drepnir í einu. Þetta minnir eiginlega frekar á stríð en fæðardeilu. Slík morð fyrirfinnast ekki í Íslendingasögunum.“

## NDRANGHETA-GLÆPASAMTÖKIN

- Ein valdamestu glæpasamtök á Ítalíu.
- Talin hættulegri og valdameiri en sikileyska Cosa Nostran og napólska Camorran.
- Koma frá Kalabríu-héraði á Suður-Ítalíu.
- Um 150 hópar innan samtakanna.
- Um 6000 meðlimir í samtökunum.
- Stunda glæpastarfsemi út um allan heim.
- Samkvæmt ítölskum yfirvöldum er hagnaður samtakanna um tvöþúsund milljarðar á ári.
- Glæpir: aðallega eiturlyfjasala og ólögleg vopnasala.
- Talið er að Ndrangheta flytji inn um áttatíu prósent af því kókaíni sem er smyglað til Evrópu.
- Orðið Ndrangheta er dregið af gríska orðinu andrangathia sem þýðir hetjudáð, dyggð eða þor.




Gleðilegar ræstingar
– og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2007
Öflugar gólfþvottavélar frá TASKI



TASKI swingo 450 B
Einstaklega lipur vél sem hentar á svæðum þar sem aðkoma er þröng. Vél sem kemur á óvart!
Raunhæf afköst 450 m²/klst
Reiknuð afköst 1250m²/klst
399.384 kr.



TASKI swingo 750 B
Lítil og nett, en afkastamikil vél með innbyggðu hleðslutæki sem hindrar afhleðslu rafgeyma.
Raunhæf afköst 750 m²/klst
Reiknuð afköst 1935m²/klst
499.396 kr.



Eigum einnig til notaðar vel meðfarnar TASKI gólfþvottavélar, nýkomnar úr 3ja ára rekstrarleigu frá viðskiptavinum RV. Tækifæri til að gera ótrúlega góð kaup.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
Unique/RV 0707/02


Aftur í skólann
Búðu börnin þín vel undir skólann. Frábært úrval af sérlega fallegum og vönduðum skólafötum á 6 til 14 ára, á verði sem kemur þér þægilega á óvart.
20% afsláttur
af Red Herring barnafatnaði fimmtudag til sunnudags 16.-19. ágúst.
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
NÝTT KORTATÍMABIL



PÍLAGRÍMUR Í KOSOVO Þessi kona frá Kosovo fer með bænir við líkneski svartrar madonnu í þorpinu Letnica í Kosovo, en þangað streymir fólk í pílagrímsför þessa dagana á slóðir Maríu Theresu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nokkrar gerðir gallaðra leikfanga frá Mattel í sölu hjá Hagkaupum:

# Hagkaup innkalla leikföng

**NEYTENDUR** Hagkaup hafa innkallað nokkrar gerðir leikfanga, vegna galla hjá framleiðandanum Mattel. Lista yfir leikföngin sem innkalla á má finna á vefslóðinni hagkaup.is/innkollun, en leikföngin eru úr flokkunum Polly Pocket og Doggie Daycare, auk þess sem leikfangabíll af gerðinni Cars Sarge er innkallaður. Verslunin biður þá sem keypt hafa slík leikföng að skila þeim í verslanir sem fyrst gegn fullri endurgreiðslu eða farga þeim.

Mattel hefur innkallað alls átján milljónir leikfanga um allan heim sem ýmist eru máluð með málningu sem inniheldur of mikið af blýi eða í þeim eru seglar sem losna auðveldlega. Fram kom á Reuters-fréttastofunni í gær að öll innkölluðu leikföngin hafi verið framleidd í Kína, og jafnframt að kínversku leikfangasamtökin hafi vitað af göllunum í marga mánuði. Þetta er haft eftir kínverskum embættismanni hjá samtökunum sem ekki vildi láta nafns síns getið.

Sigríður Gröndal, innkaupastjóri sérvöru hjá Hagkaupum, segir að lítið af þessum tilteknu leikföngum hafi verið enn í sölu í verslunum, þar sem þau séu fæst mjög nýleg og því flest uppseld. Hún hafði ekki upplýsingar um hvort mikið hefði verið um skil. - sh



CARS: SARGE Þessi bíll er meðal þeirra leikfanga sem skila á í verslanir eða farga á öruggan hátt.

Finnlandsforseti:

# Vildi ekki kaupa Karjala

**FINNLAND** Mauno Koivisto, þáverandi forseti Finnlands, hafnaði tilboði Rússa um að kaupa Karjalahéruðin sem Finnar misstu til Rússa í seinni heimsstyrjöldinni, að sögn finnska dagblaðsins Kainuun Sanomat. Verðið væri of hátt og kaupin myndu stofna inngöngu Finna í ESB í hættu. Blaðið hefur eftir ónafngreindum heimildarmönnum að Jeltsín Rússlandsforseti hafi gefið til kynna að Karjalahéruðin væru til sölu og sömuleiðis rússneski forsætisráðherrann Gennadij Burbulis um svipað leyti og Rússar áttu í samningaviðræðum við Japana um Kuril-eyjar. - ghs



BANNAÐ AÐ REYKJA INNI! Danskir veitingahúsagestir þurfa hér eftir að fara út úr húsi til þess að fá sér að reykja líkt og þeir íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Tók gildi í landinu í gær:

# Reykingabann í Danmörku

**DANMÖRK, AP** Frá og með deginum í gær má ekki reykja á börum, veitingastöðum og öðrum opinberum stöðum í Danmörku.

Reykingabannið átti að taka gildi 1. apríl en var frestað til 15. ágúst svo veitingahúsaeigendur gætu undirbúið sig fyrir reykingabannið. Samkvæmt dönsku lögunum má fólk reykja í sérstökum reykherbergjum á veitingastöðum og einnig á stöðum sem eru minni en fjörutíu fermetrar.

Danmörk er þar með komið í hóp landa ásamt Ítalíu, Möltu, Noregi, Svíþjóð, Bretlandi og Íslandi sem hafa bannað reykingar á opinberum stöðum. - ifv

# Blindir veita sjáandi fólki sýn yfir kaffisopa um helgina

**Bergvin Oddsson, formaður ungliðahreyfingar Blindrafélagsins, segir vanþekkingu á málefnum og menningu blindra algenga. Fólki gefist þó tækifæri til að sjá heiminn með augum blindra á kaffihúsi um helgina.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Fólk hefur oftast mjög takmarkaða þekkingu á öllu því sem viðkemur lífi og menningu blindra. Þessu viljum við sem erum blind endilega bæta úr yfir kaffi og með því," segir Bergvin Oddsson, formaður ungliðahreyfingar Blindrafélagsins Ungblind.

Á laugardag ætla Bergvin og félagar hans í Blindrafélaginu að bjóða sjáandi í blint kaffihús, eins og það er kallað, í húsnæði Blindrafélagsins í Hamrahlíð. Öll ljós verða slökkt á kaffihúsunum og munu meðlimir í Ungblind sjá um að þjóna til borðs. Gestirnir fá svo að reyna hvernig það er að snæða bakkelsi og drekka kaffi í svartamyrkri. „Þetta verður oft æði skrautlegt. Þjónarnir hafa því verið lengi að þurrka af borðunum eftir að sjáandi fólk hefur reynt fyrir sér við borðhaldið án þess að hafa sjónina til aðstoðar," segir Bergvin og skellir upp úr við tilhugsunina. „Svo er það þannig að sjáandi fólk er svo ótrúlega vant sjónrænu áreiti. Strax og sjónin er ekki fyrir hendi á það því til að verða svolítið lumpið og sofnar jafnvel við kaffidrykkjuna," bætir hann við.



BOÐIÐ UPP Á BAKKELSI Í MYRKRI Bergvin Oddsson og félagar hans í Ungblind bjóða sjáandi fólki upp á kaffi og innsýn í menningu blindra á menningarnótt.



SKYGGNST UM Í BLINDRAFÉLAGINU Bergvin segir að meðal þess sem gestir kaffihússins geti fengið að prófa sé að lesa blindraletur og að koma sér á milli staða með blindrastaf. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

Bergvin segir að kaffihúsið í Blindrafélaginu eigi ekki aðeins að gefa fólki kost á að athuga hvernig það er að snæða án þess að sjá það sem er á boðstólum heldur geti það einnig kynnt sér það starf sem fer þar fram. Kaffihúsið taki til starfa um klukkan tvö á laugardag í tengslum við dagskrá menningarnætur og verði opið til sex. Um að gera sé fyrir gestina að kynna sér brot af menningu blindra og reyna fyrir sér með blindrastaf í heimsókninni.

„Sjáandi fólk er svo skelfilega háð augunum sínum að það reiknar oft með því að við sem ekki sjáum séum algerlega ósjálfbjarga. Ef það ætlar að vísa manni veginn vill það helst ríghalda í handlegginn á manni og tosa mann áfram, helst vill það samt bera mann. Verst er það þó þegar fólk kynnir sig ekki þegar það heilsar. Það eru ótrúlega margir sem detta inn í „gettu hver" leik þegar það hittir blint fólk," segir Bergvin sem þykir lítið til þess koma að þurfa giska á við hvern hann talar.

„Auðvitað vilja samt allir vel en þeir sem vilja bæta sig í samskiptum og kynnast menningu okkar betur ættu endilega að kíkja í kaffi, það verður samt ekki boðið upp á neina görótta drykki heldur aðeins hefðbundið bakkelsi í svartamyrkri." karen@frettabladid.is


straeto.is

Ágætu viðskiptavinir,

vetrartími strætó tekur gildi

19. ágúst

Nánari upplýsingar um vetraráætlun á straeto.is og í síma 540 2700

straeto.is

540 2700



P & Ó




HUNDVOTIR Þessir hundar fengu sér sundsprett í Elliðaánum um helgina og höfðu ekki hugmynd um að það er harðbannað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lausir hundar vaða í Elliðaánum:

# Buslið bannað á laxveiðitímanum

**HUNDAHALD** Árný Sigurðardóttir, forstöðumaður heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, segir að nokkuð hafi borið á kvörtunum undanfarið vegna hunda í nágrenni Elliðaánna. Á laxveiðitímabilinu sem nú stendur sem hæst er bannað að láta hunda vaða eða svamla um í ánum en mikið hefur verið um slíkt í sumarblíðunni undanfarið.

„Við munum á næstu dögum setja upp skilti við ána til þess að minna hundaeigendur á það sem stendur í hundasamþykktinni. Það er stranglega bannað að fara með hunda um bakkana og því síður að láta þá baða sig eða vaða í ánni," segir Árný.

Jón Þ. Einarsson veiðivörður í Elliðaám segir að lausaganga hunda við Elliðaár hafi truflað veiðimenn í sumar. „Það er óvenju mikið um þetta núna og það er vissulega bagalegt. Ég hugsa að góða veðrið hafi sitt að segja. Fólk kemur með hundana sína og sleppir þeim lausum á Geirsnefi, þar sem þeir mega vera lausir, en áttar sig ekki á því að þeir mega ekki koma nálægt ánum," segir Jón en eins og gefur að skilja fælist laxinn burt ef hundar eru á sundi í ánni. Jón segir að stundum hafi þurft að kalla til hundaeftirlitsmenn vegna þessa.

Þrátt fyrir þetta hefur veiðst vel í Elliðaánum í sumar og á hádegi í gær voru 764 laxar komnir á land. - þo

# VERÐUM Í ÞESSUM ÚTI Á PLANI

KOMDU OG SKIPTU BÓKUM




**OPIÐ** NÆSTU HELGI
LAU 10-18
SUN 13-17

## OPIÐ Í ÁGÚST

| | |
|---|---|
| 15 TIL OG MEÐ 17 | 10-20 |
| LAUGARDAGINN 18 | 10-18 |
| SUNNUDAGINN 19 | 13-17 |
| 20 TIL OG MEÐ 22 | 10-20 |
| 23 OG ÞAR EFTIR VIRKA DAGA | 10-18 |
| LAUGARDAGUINN 25 | 10-16 |
| SUNNUDAGURINN 26 | 13-17 |

VERÐ ÁÐUR 7990

NÚ BARA 4.795



**SKÓLATASKA**
STYRKT BAK MEÐ ÖNDUNARLEIÐ, TASKAN ER ÚR SLITSTERKU EFNI, BOTN OG BAK MEIRA STYRKT. REGNHLÍF YFIR TÖSKUNA FYLGIR.

BARA 99

ÞETTA GILDIR YFIR HELGINA.




**STÍLABÓK**

# GLÁS
AF BÍLASTÆÐUM!!!



GRIFFILL
skeifunni 11 · griffill.is

ALLTAF ÓDÝRARI



**MÁLUÐ Í FÁNALITUM** Þessi indverska kona í Mumbai lét mála sig í fánalitunum í tilefni af fullveldisdegi Indlands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gríðarleg eftirspurn er eftir alls konar starfsfólki á vinnumarkaði:

# Vantar bókara og bílstjóra

**VINNUMARKAÐUR** Gríðarleg eftirspurn er eftir starfsmönnum á flestum sviðum atvinnulífsins og hefur eftirspurnin verið mun meiri í allt sumar en á sama tíma í fyrra. Atvinnuleysi er aðeins 0,9 prósent í nýjustu mælingu Vinnumálastofnunar og hefur ekki mælst svo lítið frá því í árslok 2000.

Hinrik Fjeldsted, eigandi Atvinnu, telur að „þenslan í þjóðfélaginu hljóti að segja til sín. Þjóðin er að mennta sig meira og þá vantar fólk í stöður því fyrirtækin vaxa," segir hann.

Hinrik telur að fólk vanti til dæmis í hjúkrun og umönnunarstörf, alltaf sé þörf fyrir bókara, lagermenn, faglærða þjóna og veitingafólk, jafnvel bílstjóra fólksflutningabíla. Best gangi að ráða menntað fólk, til dæmis viðskiptafræðinga í bankana.



**ÞÖRF Á BÓKURUM** Mikil þörf er til að mynda á tölvunar- og kerfisfræðingum, skrifstofufólki og bókurum, að mati Guðrúnar Símonardóttur, eiganda Ábendis.

Guðrún Símonardóttir, eigandi Ábendis, segir að sá tími fari í hönd þar sem fólk endurskipuleggi sig eftir sumarfrí og fari þá að líta í kringum sig eftir störfum. „Fólk er vakandi fyrir tækifærum og skannar markaðinn," segir hún og telur mikla þörf á tölvunar- og kerfisfræðingum, skrifstofufólki og bókurum.

Valgerður Janusdóttir sér um ráðningar í grunnskólum borgarinnar. Hún telur að búið sé að ráða í flestar stöður en það skýrist betur í lok vikunnar. Í Kópavogi og á Akureyri er ástandið einnig gott. - ghs

Hvatt til barneigna:

# Dagur getnaðar í Úljanovsk

**RÚSSLAND, AP** Héraðsyfirvöld í Úljanovsk í Rússlandi hafa lýst því yfir að 12. september verði framvegis „dagur getnaðar" og verður hjónafólki gefið frí í vinnunni til að fjölga héraðsbúum. Hugmyndin er sú að nákvæmlega níu mánuðum síðar, þjóðhátíðardaginn 12. júní, fæðist fullt af börnum í Úljanovsk, þar sem fæðingartíðnin hefur lækkað jafnt og þétt eins og annars staðar í Rússlandi. Þör sem eignast barn þennan dag fá veglegar gjafir frá hinu opinbera, svo sem bifreið, ísskáp eða peningagjöf. - gb

Stjórnvöld í Kína:

# Herferð gegn „falsfréttum"

**PEKING, AP** Kínversk stjórnvöld tilkynntu í gær að þau munu skera upp herör gegn „fölskum fréttum" og ólöglegum útgáfum í aðdraganda flokksþings Kommúnistaflokksins sem haldið er á fimm ára fresti. Talið er að það verði haldið um miðjan október.

Herferðin, sem mun standa yfir til 15. október, beinist einnig gegn blaðamönnum sem taka við mútum frá fyrirtækjum fyrir að flytja jákvæðar fréttir og sitja á neikvæðum fréttum, að því er kemur fram í tilkynningu stjórnvalda. Er herferðin sögð „markviss aðgerð til að skapa heilbrigt og samstillt umhverfi fyrir árangursríkt 17. flokksþing flokksins."

Á flokksþinginu er stefna flokksins og landsins ákveðin til næstu fimm ára. - sdg

Skotárás í kirkju í Missouri:

# Prestur og meðhjálparar létust

**BANDARÍKIN, AP Prestur og tveir meðhjálparar hans létust þegar vopnaður maður hóf skothríð inni í kirkju í Missouri í Bandaríkjunum á sunnudag. Fimm safnaðarmeðlimir særðust.**

**Maðurinn skipaði öllum börnum að yfirgefa kirkjuna áður en hann hóf skothríðina og hélt svo 25 til 50 manns í gíslingu í stuttan tíma áður en að hann gafst upp eftir tíu mínútna samningaviðræður við lögreglu. Nokkrum tókst að flýja úr kirkjunni meðan á skothríðinni og samningaviðræðunum stóð.**

**Lögregla vildi ekki tjá sig um tildrög árásarinnar en greindi frá því að maðurinn væri skyldur einhverjum í söfnuðinum.** - sdg

# Reiknað verði með Íslandi á Atlantshafi

**Innan Landspítala eru hugmyndir um aukið hlutverk Íslendinga á Norður-Atlantshafshafi, í kjölfar brotthvarfs hersins. Hér verði miðstöð bráðalæknisþjónustu. Utanríkisráðuneytisstjóri segir vandkvæði við fjármögnun verkefnisins.**

**BJÖRGUNARÞJÓNUSTA** „Við viljum að hægt sé að reikna með Íslendingum í bráðalæknisþjónustu þegar skaði verður á Norður-Atlantshafinu," segir Már Kristjánsson, sviðsstjóri á bráða- og slysasviði Landspítalans.

Forstjóri Landspítalans, Magnús Pétursson, sendi í maí bréf til utanríkisráðuneytisins þar sem reifaðar voru hugmyndir stjórnenda spítalans um hvernig mætti fylla skarð Bandaríkjahers í björgunar- og sjúkraflutningum á Norður-Atlantshafi.

Í fylgiskjali bréfsins segir að brotthvarf hersins hafi gert það að verkum að landið sé berskjaldaðra fyrir stóráföllum, sérstaklega úti á landi.

„Gleymum því ekki heldur að tugir flugvéla fara yfir landið hvern dag. Það kemur að því að reyni á aðstöðu okkar til bráðalækninga. Þetta snýst því öðrum þræði um framtíðarhlutverk okkar í almannavörnum," segir Magnús.

Forstjórinn telur að Landspítalanum eigi að vera fullmönnuð miðstöð bráðalækninga og telur að erlendir háskólar gætu komið að þjálfun mannafla.

Harvard-læknaskólinn og sjúkrahús hans í Boston í Bandaríkjunum eru nefnd í þessu samhengi og með stuðningi Harvard yrði gengið til samstarfs við Skota, Færeyinga og Grænlendinga.

„Það er enginn vafi á að við þurfum að mennta fleiri lækna," segir Magnús. Brugðist hafi verið við brotthvarfi hersins með auknum þyrlukosti. Hins vegar hafi ekki verið gert ráð fyrir læknum til að sinna auknum flutningum, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu.

Már kveður það stefnu spítalans að efla bráðalækningarnar. „Hugmyndin er að efla menntun allra þeirra sem að björgunarmálum koma. Þá getum við sinnt björgunarstörfum, ekki bara á Íslandi heldur á öllu Norður-Atlantshafssvæðinu." klemens@frettabladid.is



**TF-LÍF VIÐ ÆFINGAR** Forsvarsmenn Landspítala vilja að hægt verði að stóla á bráðaþjónustu Íslendinga þegar slys verða á Norður-Atlantshafinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MÁR KRISTJÁNSSON**



**MAGNÚS PÉTURSSON**

## VANTAR PENINGA

Bréf Magnúsar var stílað á Grétar Má Sigurðsson, ráðuneytistjóra utanríkisráðuneytisins. Grétar segir hugmyndina ekki komna í neins konar vinnuferil innan ráðuneytisins. Einna helst strandi á fjármögnun.

„Þetta er ekki mál sem við getum hlaupið í án tafar, því það eru ekki til peningar í það. Það liggja til dæmis engir peningar Bandaríkjamegin, sem við gætum gengið í. Þess vegna er þetta ekki komið lengra en það er." segir hann. „Við erum auðvitað í viðræðum við ýmsar þjóðir og þetta er bara eitt af mörgu sem við skoðum."

Grétar telur þó að hugmyndinni mætti ef til vill varpa fram í fyrirhuguðum viðræðum við Bandaríkjamenn og Kanadamenn um aðild að svæðasamstarfi um björgunarstarf.



**GRÉTAR MÁR SIGURÐSSON**







Starfsgreinasambandið undirbýr kröfugerð fyrir kjarasamninga:

# Viljum fleiri þúsund kalla

**VINNUMARKAÐUR** Undirbúningur að kröfugerð Starfsgreinasambandsins hófst í framkvæmdastjórn sambandsins í gær. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að sambandið fari fram með kröfur um verulegar launahækkanir „og þá ekki í neinum fáum þúsund köllum skulum við segja. Við viljum hærra kaup, það er á hreinu."

Kristján telur ráðamenn hafa sett tóninn fyrir komandi kjarasamninga. „Þeir sendu okkur tóninn þegar þeir hækkuðu laun seðlabankastjóranna um tugi þúsunda," segir hann og bendir á að nærri 512 verkamenn þurfi til að vinna fyrir mánaðarlaunum Hreiðars Más [Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings]. „Án þess að það sé raunhæfur samanburður," segir Kristján.

Á framkvæmdastjórnarfundinum í gær hófst undirbúningur að þingi Starfsgreinasambandsins sem haldið verður í október og svo var mönnum skipað til verka varðandi kröfugerðina í kjarasamningsviðræðunum sem framundan eru. Kristján segir að félögin séu að draga að sér upplýsingar með skoðanakönnunum og á þeim grunni verði byggt.

Áhyggjur hafa verið af því að Starfsgreinasambandið verði lagt niður en Kristján segir svo alls ekki verða. Sama forysta bjóði sig fram á þinginu í haust. „Það var ókyrrð í kringum óskýran fréttaflutning í sumar en það er engan bilbug á okkur að finna og mjög góð samheldni í sambandinu." - ghs



**VERULEGAR HÆKKANIR** Starfsgreinasambandið mun fara fram með kröfur um verulegar launahækkanir þegar viðræður hefjast í haust, að sögn Kristjáns Gunnarssonar


Á MORGUN!
RISATÓNLEIKAR Á LAUGARDALSVELLI
KAUPÞING BÝÐUR
ÖLLUM Á VÖLLINN!
Í tilefni 25 ára afmælis Kaupþings býður bankinn landsmönnum á stórkostlega tónleika. Fram kemur Íslandslið poppara og veislustjóri er enginn annar en Páll Óskar Hjálmtýsson.
Fram koma:
Stuðmenn • Todmobile • Mugison • Nylon • Björgvin Halldórsson
SSSól • Luxor • Garðar Thor Cortes • Bubbi Morthens
Völlurinn opnaður kl. 18.00.
Páll Óskar byrjar upphitun kl. 19.00.
ALLIR VELKOMNIR!
*ATH: Öll meðferð áfengis á svæðinu er bönnuð.
KAUPÞING
Hugsum lengra

# NÓATÚN




LAMBAINNRALÆRI
SPJÓT TOSCANA
598 kr. stk.
Þú sparar 50 kr. kg




LAMBA RIB EYE
GRAND MARINIER
2.498 kr. kg
22% afsláttur




GRÍSAKÓTELETTUR
ÚRBEINAÐAR ORIENTAL
1.698 kr. kg
Þú sparar 300 kr. kg



MCCAIN SUPERFRIES
QUICK
399 kr. kg
15% afsláttur



NÓATÚNS
UNGNAUTAHAKK
598 kr. kg
Kaupbætir: Grand Italia spaghetti



MÓA KJÚKLINGABRINGUR
1.698 kr. kg
33% afsláttur

Skólajógúrt á tilboði!



10% afsláttur

Krakkabrauð!



MYLLU
BRALLARABRAUÐ
149 kr. stk.

Patak's í indverska matargerð!




20% afsláttur

Opið 9-21

NÝTT KORTATÍMABIL!



Tilboð
á laxi!
Úr Fiskborði Nóatúns
38% afsláttur
Laxasneiðar
698 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
Þú sparar
150 kr. kg
LAX Í HEILU
599 kr. kg.
Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!
GOÐA BAYONNESKINKA
999 kr. kg
35% afsláttur
Úr Kjötborði Nóatúns
GRÍSAGÚLLASH
998 kr. kg
Þú sparar
500 kr. kg
CHICAGO TOWN
Deep Dish
CH. TOWN PIZZUR
2 Í PAKKA
399 kr. kg
15% afsláttur
Rauch safar
margar tegundir!
NÓATÚNS
SKINKA 200 G
262 kr. pk.
RAUCH SAFAR
0,2 L
59 kr. stk.
PEPSI
PEPSI light
PEPSI OG PEPSI
LIGHT 2 LÍTRAR
99 kr. stk.
Mysingur
MYSINGUR
180 GRÖMM
122 kr. pk.
Verði ykkur að góðu!
NÓATÚN



**FJÓRIR PANDAHÚNAR FÆDDUST** Fjórir pandahúnar fæddust í Kína á mánudaginn. Þetta þykir mikið því einungis 34 pandabirnir komu í heiminn í Kína á síðasta ári. Pandabirna sést hér horfa á nýfætt afkvæmi sitt í ræktunarstöð í Chengdu í suðvesturhluta Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fimmtándi áfangastaður Iceland Express á Spáni:

# Express flýgur beint til Barcelona

**SAMGÖNGUR** „Við erum búnir að skoða þennan markað í allnokkra mánuði. Það kemur mjög sterklega til greina að fjölga flugleiðum enn frekar og mjög líklegt að frekari fréttir séu framundan í þeim efnum,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express. Iceland Express flýgur beint til Barcelona í vetur. Sala á sætum hefst á hádegi í dag. Sérstakt kynningartilboð verður á fyrstu sætunum og þeir fyrstu sem bóka ferðir til og frá Barcelona á tímabilinu frá 9. nóvember og fram í byrjun desember fá flugmiðann á 900 krónur. Með sköttum og gjöldum kostar ferðin 3.895 krónur hvora leið.

Barcelona verður fimmtándi áfangastaður Iceland Express. Flogið verður tvisvar í viku, á mánudögum og föstudögum, á tímabilinu frá 9. nóvember til loka maí en þó verður hlé frá miðjum desember til 1. febrúar.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express segir að þeir hafi metið stöðuna þannig að það yrði erfitt að fylla vélar í seinni hluta desember og janúar. „Við gerum fastlega ráð fyrir því að halda fluginu áfram í sumar og síðan allan ársins hring,“ segir Matthías. - lbb



**BEINT TIL BARCELONA** Beint flug verður til Barcelona í vetur að undanskildu tímabilinu frá miðjum desember til 1. febrúar.

Starfsmenn Miklagarðs:

# Styrkja félög um milljónir

**MANNÚÐARMÁL Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna (SKB) og Umhyggja – félag til stuðnings langveikum börnum, fengu myndarlegan stuðning í vikunni þegar fulltrúar starfsmannafélags Miklagarðs afhentu hvoru félagi rúmlega 2,6 milljónir króna.**

**Féð kemur úr uppgjöri starfsmannafélags Miklagarðs, sem áður var starfsmannafélag KRON.**

**Þegar félagið var lagt niður seldi það sumarbústað á Bifröst í Borgarfirði og ákváðu starfsmennirnir að gefa SKB og Umhyggju söluféð. - ifv**

Umferðarátak í Reykjanesbæ:

# Áhersla á nýja vegfarendur

**UMFERÐIN Reykjanesbær efnir nú í fjórða sinn til umferðar- og öryggisátaks dagana 13. ágúst til 21. september.**

**Markmiðið er að vekja almenning til umhugsunar um umferðarmenningu.**

**Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þess að skapa meira öryggi fyrir þá sem eru nýir í umferðinni.**

**Annars vegar skólabörn sem eru á leið í skólann og hins vegar unga ökumenn sem hafa nýlega öðlast ökuréttindi og eru að fóta sig í umferðinni.**

**Nú þegar hefur ýmislegt verið gert til að bæta öryggi í Reykjanesbæ. Meðal annars hefur verið dregið úr hraðakstri í íbúðahverfum og fríir strætisvagnar gera það að verkum að færri aka um á bílum. - þo**

Íslandspóstur tekur nýtt húsnæði í notkun á Húsavík:

# Fyrsta nýja pósthúsið á Íslandi í 10 ár

**ÞJÓNUSTA** „Við munum bjóða upp á aukna þjónustu til að koma til móts við auknar þarfir viðskipavina,“ segir Ágústa Hrund Steinarsdóttir, markaðsstjóri Íslandspósts. Fyrirtækið opnar í dag nýtt pósthús á Húsavík, fyrsta nýja pósthúsið á Íslandi í tíu ár.

Meðal nýjunga á pósthúsinu er svokallað samskiptaborð. Þar verður hægt að fara á netið, prenta út gögn og ljósmyndir, skanna og ljósrita svo eitthvað sé nefnt. Þá verður einnig hægt að kaupa skrifstofuvörur, ritföng, geisladiska og ýmsar aðrar vörur fyrir fyrirtæki, einstaklinga og ferðamenn.

Pósthúsið á Húsavík er það fyrsta af tíu nýjum pósthúsum sem Íslandspóstur hyggst reisa um landið. „Við eru búin að skilgreina sextán kjarnastaði á landinu. Tíu ný pósthús verða byggð og sex pósthús verða endurnýjuð,“ segir Ágústa.

Húsið verður tekið í notkun í dag en á laugardag fer fram formleg opnunarhátíð þar sem gestum gefst kostur á að skoða húsið ásamt því að gæða sér á pylsum og fylgjast með skemmtiatriðum. Fyrir börnin verða leiktæki á staðnum.

Fyrsta skóflustungan var tekin þann 21. ágúst í fyrra. Húsið var því reist á rétt tæplega einu ári.

Í lok ágúst verður sambærilegt hús opnað á Reyðarfirði. - aví



**ÍSJAKAR OG ÍSBIRNIR** Með hlýnandi loftslagi verða auðlindir við norðurpólinn aðgengilegri. NORDICPHOTOS/AP

# Kapphlaup um auðlindir

**Rússland, Danmörk og Kanada eru á meðal þeirra þjóða sem hafa gert tilkall til norðurpólsins. Áhugi ríkjanna á svæðinu er vegna mikilla náttúruauðlinda sem verða aðgengilegar á næstu árum.**

**NORÐURPÓLLINN** Kapphlaup er hafið milli þeirra ríkja sem telja sig eiga tilkall til norðurpólsins. Það hófst í lok júlí þegar Rússar létu koma fána sínum fyrir á Lomonosov-neðansjávarhryggnum, við pólinn. Það olli mikilli óánægju og hefur skapað spennu á milli Rússlands og hinna ríkjanna.

Fjögur ríki liggja að svæðinu auk Rússlands. Það eru Danmörk, Noregur, Kanada og Bandaríkin. Öll hafa ríkin gert tilkall til svæðisins, en samkvæmt alþjóðalögum á ekkert land norðurpólinn og hafsvæðið sem honum tilheyrir.

Síðastliðinn föstudag tilkynnti Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada, að stjórnvöld þar í landi ætluðu að reisa tvær herstöðvar í nyrsta hluta landsins. Er það gert í þeim tilgangi að styrkja kröfu Kanadamanna um yfirráð á norðurpólnum. Danir sendu svo fjörutíu vísindamenn á pólinn um helgina. Þeir vonast til að finna vísbendingar um að Lomonosov-hryggurinn sé framhald af grænlenska landgrunninu, og þar með hluti af Danmörku.

Ástæðan fyrir þessum mikla áhuga á norðurpólnum er sú, að mikla olíu og aðrar auðlindir sé þar að finna. Bandarískir sérfræðingar hafa sagt að þeir telji að allt að 25 prósent allra ónýttra olíu- og gasauðlinda í heiminum séu á norðurpólnum. Hingað til hefur ekki verið talið hagkvæmt að bora eftir olíu þar. Ísinn á pólnum hefur hins vegar þynnst vegna loftslagsbreytinga og þess vegna eru bornir nú taldar fýsilegur kostur.

Mikilvægar siglingaleiðir eru líka á svæðinu. Nú eru þær ísilagðar og illfærar, en vegna loftslagsbreytinga er því spáð að ísinn muni bráðna og leiðirnar opnast.

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna kveður á um að ríki hafi áratug til að gera kröfu til landsvæðis utan tvö hundruð mílna lögsögu sinnar. Noregur, Rússland, Kanada og Danmörk hafa öll hafið undirbúning að slíkum kröfum. Þegar kröfur landanna verða tilbúnar fara þær fyrir nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna. Gert er ráð fyrir að það gerist á næstu árum. thorunn@frettabladid.is






Aukin ásókn í framhaldsnám:

# Verkfræðin vinsæl í Háskóla Íslands

**MENNTUN** „Eins og það lítur út núna þá virðist vera aukning í verkfræði. Miðað við tölurnar í fyrra er aukning umsókna nýnema í verkfræði um þrjátíu prósent,“ segir Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs við Háskóla Íslands.

Þórður segir fjölgun nýnema í félagsvísindadeild vera um tuttugu prósent. Einnig hefur umsóknum í Háskólann fjölgað um fimmtán prósent en Þórður bendir á að þeirri tölu skuli tekið með fyrirvara þar til úrvinnslu á umsóknum lýkur á næstu dögum. - lbb

www.icelandexpress/barcelona

# Barcelona. Himnasending fyrir ferðaglaða Íslendinga



**Tilboð!**
30 sæti á aðeins
**3.895 kr.**
aðra leið með sköttum og öðrum gjöldum

**Sala hefst kl.12 í dag!**

## Nýir og hlýir straumar Iceland Express

» Við sendum ferðaglöðum Íslendingum hlýja strauma fyrir veturinn, því **nýr áfangastaður** Iceland Express er ein vinsælasta borg í heimi, **Barcelona**.

La Rambla, Sagrada Familia, Picasso, MACBA-nýlistasafnið, Nou Camp, paellur og tapas í Barcelona – og Iceland Express kemur þér á staðinn!

Af þessu tilefni verða 30 sæti á **sérstöku tilboðsverði, aðeins 3.895 kr.** aðra leið með sköttum og öðrum gjöldum.

» **Sala hefst í dag**, stundvíslega kl. 12 á hádegi og það er eins og alltaf: Fyrstur bókar, fyrstur fær! **Þú bókar á www.icelandexpress.is**

**VERÐ FRÁ:**
**7.995 kr.**
Aðra leið með sköttum.

**BÖRN:**
**50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton/SÍA FI18659

„ORÐRÉTT“

*Hús sem minnisvarðar*

**„Á meðan aðrar borgir endurnýja sig út frá sögu sinni og hefð til að styrkja ímyndina, glatar Reykjavík hverju tækifærinu af öðru til að vera einstök og skemmtileg.“**

SKARI SKRÍPÓ MÓTMÆLIR NIÐURRIFI GAMALLA HÚSA Í MIÐBORGINNI.

Fréttablaðið 15. ágúst.

*Hver er ég?*

**„Það hefur alltaf verið mjög erfitt fyrir fólk úti í heimi að skilgreina mig: Er ég Magnús Scheving viðskiptamaður eða Magnús Scheving Íþróttaálfur.“**

MAGNÚS SCHEVING ER ÍÞRÓTTAÁLFUR Í ÍMYNDARKREPPU.

Fréttablaðið 15. ágúst.

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** ANDRI SNÆR MAGNASON RITHÖFUNDUR

## *Allt saman leyndó*



„Það er allt fínt að frétta. Sumarið er búið að vera mjög gott. Ég var viku á Melrakkasléttu ásamt fjölskyldunni en við vorum samtals í þrjár vikur á ferðalagi innanlands. Svo hef ég verið að vinna í tökum á kvikmyndinni Draumalandinu og verið að skrifa,“ segir Andri Snær Magnason rithöfundur þegar hann er inntur frétta af því sem hann hefur helst haft fyrir stafni að undanförnu.

„Við vorum bara að byggja aukahús við eyðibýli sem við eigum þarna. Þar er silungur í vötnum og selur í á og hægt að fara út á bát. Það er hægt að setjast á stein. Loka augunum, og telja fuglategundir. Tjaldur, lóa, kría, svartbakur, spói, stelkur, krummi, þröstur, maríuerla, sendlingur, himbrimi, lómur, kjói, hettumávur, hrossagaukur, hávella, lóuþræll og æðarkolla. Fuglarnir eru þarna úti um allt og allir vilja þeir koma manni í sitthvora áttina, burt frá hreiðrinu sínu og ungum. Stundum heyrist í þeim öllum samtímis þannig að þetta er ekki rólegur staður. Þarna er mikill ys og þys, líkast því sem gerist í stórborg á borð við New York. Þegar maður opnar augun getur maður svo séð súlu en hún lætur ekki heyra í sér,“ segir Andri þegar hann er beðinn um að lýsa Melrakkasléttu. Um skrifin vill hann ekki tjá sig að svo stöddu. „Þetta er allt saman leyndó. Það kemur líklega ekki í ljós fyrr en um áramót hvert þetta þróast,“ segir skáldið.

**HRINGVEGURINN**
**ALLS 1339 KM**

■ Hringvegurinn varð til árið 1974 þegar brúin yfir Skeiðarársand var opnuð. Síðan þá hefur það verið vinsælt þjóðarsport að aka hringinn. Hringvegurinn, eða þjóðvegur 1, er samtals 1339 kílómetrar að lengd. Hann tengir saman flest byggð héruð á Vestur-, Norður-, Austur-, og Suðurlandi og liggur um alla landshluta nema Vestfirði og Miðhálendið. Þótt mikil umferð sé um hringveginn hefur bundið slitlag ekki verið lagt á hann allan og á Austurlandi eru nokkrir malarkaflar. Þá er einnig nokkuð um einbreiðar brýr.

**SJÓNARHÓLL**
**HERÆFINGAR Á ÍSLANDI**

## *Þurfum að passa okkur á Norsurum*



**GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR LEIKSTJÓRI**

„Ég er alveg gersamlega á móti þessum heræfingum,“ segir Guðný Halldórsdóttir, leikstjóri og kvikmyndagerðarkona. „Mér finnst að það ætti að eyða peningum í eitthvað annað. Ég held að það sé enginn sem nenni að ráðast inn í þetta land okkar. Við erum svona pakk-land og ég held að það sé enginn að reyna að komast yfir þetta drasl hérna.
Við ættum auðvitað að eyða peningunum okkar í eitthvað annað en heræfingar. Við eigum ekki að vera í einhverjum þykjustuleik. Nú erum við loksins búin að losna við þennan her af landi brott. Norsararnir eru líka herveldi, það tók okkur nú langan tíma að losna undan þeim í gamla daga svo ég held að við þurfum að passa okkur svolítið á Norsurum. Við eigum bara að vera óháð.“

# Hlaupa til minningar um látinn vin

**Um 70 manns, þar af hátt í 40 útlendingar frá þremur heimsálfum, ætla að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis til minningar um Paul Nabil sem lést fyrir tæplega ári síðan eftir tólf ára baráttu við illkynja æxli.**

„Hann var fullur af lífsgleði og tók öllum sínum áföllum með fullri reisn,“ segir Þórarinn Alvar Þórarinsson, frændi Nabils. Þórarinn og Nabil voru systrasynir.

„Ísland var hans annað heimili. Hann kom reglulega til Íslands og átti hér stóran hóp af vinum sem hann hélt góðu sambandi við,“ segir Þórarinn.

Paul Nabil fæddist 21. júlí 1973 í Pittsfield í Massachusetts í Bandaríkjunum, þar sem móðir hans, Laufey Vilhjálmsdóttir, bjó. Þegar Nabil var 21 árs, á lokaárinu í verkfræði, greindist hann með slíðursarkmein sem er sjaldgæft illkynja æxli í mjúkvef. Ásamt því að berjast við slíðursarkmeinið í læknismeðferðum lauk hann verkfræðináminu. Hann lauk síðan MBA-námi við Stern-viðskiptaháskólann í New York. Á þeim tíma kynntist hann verðandi eiginkonu sinni Asu Okyay. Að loknu MBA-náminu hóf hann störf hjá HBO kvikmyndaframleiðandanum í New York þar sem hann starfaði sem markaðsstjóri.

Nítjánda ágúst 2006, eftir tólf ára baráttu við slíðursarkmeinið, lést Nabil 33 ára gamall.

Eftir dauða Nabils ákváðu aðstandendur og vinir að stofna styrktarsjóð sem veitir fé til rannsókna á slíðursarkmeini. Sjálfur hafði Nabil lagt drög að því að stofna slíkan sjóð, þar sem mjög fáar rannsóknir hafa verið gerðar á sarkmeinum, en gafst ekki tími til þess.

Nú ætla um 70 manns að taka þátt í maraþoninu og heita á Minningarsjóð Nabils með hlaupunum.

Tæplega 40 útlendingar koma til að taka þátt í hlaupinu. Þeir koma frá Evrópu, Asíu og Ameríku og eru af átta þjóðernum. Allt eru það vinir og kunningjar úr lífshlaupi Nabils.

„Ekkja Nabils, hún Okyay, er ekki mikil íþróttamanneskja. Þegar þetta var ákveðið fékk hún sér þjálfara og hefur æft af krafti síðan og ætlar að hlaupa heilt maraþon.

Þetta maraþon er ákveðinn táknbirtingur fyrir Nabil. Hann var mikill íþróttamaður og kunni alltaf best við sig í mannfögnuði þar sem hann var ávallt hrókur alls fagnaðar,“ segir Þórarinn.

Heimasíða sjóðsins er pnbustanyfund.org

**andriv@frettabladid.is**



**FRÆNDI NABILS** Þórarinn Alvar Þórarinsson ætlar að hlaupa hálft maraþon á laugardaginn til minningar um frænda sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### SLÍÐURSARKMEIN

Sarkmein er sjaldgæfur og breiður flokkur illkynja æxla sem erfitt er að greina og flokka. Þeim er þó skipt gróflega í flokka eftir uppruna, í mjúkvefja- og beinsarkmein.

Orsakir mjúkvefjasarkmeina eru óþekktar en í tíu til fimmtán prósent tilfella eru þær erfðafræðilegar.

Slíðursarkmein (e. synovial sarcoma) er mjög sjaldgæft illkynja æxli í mjúkvefjum og leggst nánast eingöngu á ungt fólk. Meðalaldur þeirra sem greinast er um 26 ár og eru um 30 prósent þeirra sem greinast yngri en 20 ára. Sjúkdómurinn er algengari í drengjum en stúlkum.



**PAUL NABIL** Lést 19. ágúst 2006 eftir tólf ára baráttu við slíðursarkmein.


Hitavörður




» Stendur vörð um innra hitastig kjötsins.
Margreyndur í að ráða við erfiðar aðstæður og þjálfaður í að bregðast skjótt við ef upp úr sýður.
Hefur um árabil átt gott samstarf með nautakjöti, lambi og svínakjöti svo fátt eitt sé nefnt.

kokka laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




**GLERSKÁLI FRÁ HOLLANDI** Skálinn var leigður frá Hollandi og settur upp á nokkrum dögum. Hann verður sendur aftur til Hollands í september.

Norræna húsið opnar hátíðina Reyfi menningargnægð á menningarnótt:

# Risaglerskáli reistur á mettíma

**MENNING** „Þeir settu upp skálann á nokkrum dögum en hann verður sendur aftur úr landi í september,“ segir Ragnheiður Harvey, kynningarfulltrúi Norræna hússins. Skálinn var leigður frá Hollandi í tilefni af hátíðinni Reyfi menningargnægð sem verður opnuð ásamt menningarnótt Reykjavíkur kl. 13 þann 18. ágúst í Norræna húsinu.

Ragnheiður segir Norræna húsið ekki hafa verið mjög sýnilegt síðastliðin ár og þess vegna hafi þau viljað halda stóra hátíð nú. „Í raun er þetta byrjunin á miklum hátíðarhöldum sem verða á næsta ári þegar Norræna húsið verður fjörutíu ára í ágúst. Húsið hefur nú verið lokað í tvo mánuði þar sem við höfum verið að endurnýja lagnir í húsinu. Fleiri breytingar verða gerðar á næstu vikum og mánuðum svo húsið verði orðið fallegt fyrir sjálft afmælið á næsta ári.“ Ragnheiður segir það eiga eftir að koma í ljós hvort skálinn verði settur upp að ári þegar Norræna húsið á afmæli. „Að staðaldri er húsið nógu og stórt en auðvitað fer það eftir hvaða viðburður er í gangi hverju sinni. En í þetta skiptið var ákveðið að halda virkilega mikla hátíð,“ segir Ragnheiður. Reyfi menningargnægð stendur frá til 18.-26. ágúst. **- lbb**

allt að 37% afsláttur

SJÓNVÖRP

allt að 50% afsláttur

HÁFAR OG GUFUGLEYPAR

allt að 29% afsláttur

ÞVOTTAVÉLAR

ÍSSKÁPAR

15% afsláttur

allt að 15% afsláttur

HLJÓMTÆKI

allt að 70% afsláttur

SMÁTÆKI

allt að 46% afsláttur

OFNAR HELLUBORÐ

# ÚTSALAN ER HAFIN!

ÚTSALAN ER HAFIN!

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Life's Good

GUÐMUNDUR KARL GAUTASON
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS
**42 KM / KRABBAMEINSFÉLAG ÍSLANDS**

SOLLA STIRÐA
**HOPPAR Í TAKT**

EINAR BREKI SVERRISSON
LATABÆJARHLAUPARI
**1 KM / UNICEF**

HILDUR JÓNSDÓTTIR
STARFSMAÐUR GLITNIS
**10 KM / BARNASPÍTALI HRINGSINS**

# VIÐ HLAUPUM TIL



ÍÞRÓTTAÁLFURINN
**ALLTAF Í STUÐI**

KATLA KRISTINSDÓTTIR
LATABÆJARHLAUPARI
**1 KM / UNICEF**

ÍSAK JÓN BENJAMÍNSSON
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS
**10 KM / UMSJÓNARFÉLAG EINHVERFRA**



SNORRI GYLFASON
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS
**10 KM / BARNASPÍTALI HRINGSINS**



SIGGI SÆTI
**VERÐUR Á STAÐNUM**



ARI ÞRÖSTUR ARNARSSON
LATABÆJARHLAUPARI
**1 KM / UNICEF**



HENRIK NÓI KEMP
LATABÆJARHLAUPARI
**1 KM / UNICEF**

# GÓÐS 18. ÁGÚST



GLANNI GLÆPUR
**PASSAÐU ÞIG Á HONUM**



MAGNÚS ORRI SCHRAM
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS
**42 KM / KVENFÉLAGIÐ HRINGURINN**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-0581

***REYKJAVÍKUR***
*MARAÞON*
***GLITNIS***
*18. ÁGÚST 2007*

Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig til þátttöku eða heita á hlaupara í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis og Latabæjarhlaupinu. **Netskráningu lýkur í kvöld klukkan 20.00**. Skráðir hlauparar þurfa að sækja boli og skráningargögn í Laugardalshöllina á morgun milli kl. 12.00 og 21.00.

Leggðu þitt af mörkum! Taktu þátt með því að hlaupa til góðs eða heita á þátttakendur á **www.glitnir.is.**

***Allir sigra 18. ágúst!***

GLITNIR

# Gamli tíminn í Reykjanesbæ

**Torfbærinn Stekkjarkot er við Fitjar, á milli Innri- og Ytri-Njarðvíkur. Búið var á bænum með hléum frá árinu 1857 til ársins 1924. Á fimmtíu ára afmæli Njarðvíkurkaupstaðar fyrir fimmtán árum var ákveðið að endurreisa bæinn, sem staðið hafði í eyði.**



„Hér er víkingaskipið Íslendingur, við erum að sýna það og segja sögu þess. Svo er hér líka Stekkjarkot, sem var svokölluð þurrabúð á þeim tíma sem hér var búið," segir Böðvar Þórir Gunnarsson, starfsmaður á svæðinu. Stekkjarkot var fyrst reist á árunum 1855 til 1857. Búið var í húsinu með hléum fram til ársins 1924. Þegar Njarðvíkurkaupstaður varð fimmtíu ára var ákveðið að endurreisa kotið. „Það voru rústir hér og mótaði vel fyrir húsinu. Mér skilst meira að segja að sumir af gömlu steinunum hafi verið notaðir aftur," segir Böðvar.

Að sögn Böðvars koma margir ferðamenn að skoða kotið og skipið. „Hingað kemur til dæmis mikið af ferðamönnum úr skemmtiferðaskipunum, svo er þetta vinsælt hjá skólabörnum. Á sumrin er opið hérna frá eitt til fimm á daginn, annars eftir samkomulagi."



**HORFT Á ÍSLENDING** Víkingaskipið Íslendingur er nákvæm eftirlíking Gaukstaðaskipsins sem talið er að smíðað hafi verið árið 870.



**STEKKJARKOT OG ÍSLENDINGUR** Víkingaskipinu Íslendingi hefur verið fundinn staður við hlið kotsins. Bæði skipið og kotið eru til sýnis fyrir ferðamenn á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÞURRABÚÐ** Stekkjarkot var dæmigert þurrabúðarkot á 19. öld. Fólk í þurrabúðum mátti ekki halda skepnur og þurfti því að reiða sig á sjóinn og það sem hann gaf.





**BAÐSTOFAN** Böðvar Þórir Gunnarsson tekur á móti gestum. Hér situr hann í baðstofunni.



**STEKKJARKOT** Kotið var endurbyggt árið 1992. Það var að hluta til gert eftir minnisíðustu ábúendanna þar.

LAUGAR

Við erum að leita að starfsfólki

… sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavini!

SHOKK þjálfarar óskast í World Class Laugum

World Class í Laugum óskar eftir þjálfurum til starfa í SHOKK salinn en það er salur fyrir krakka 8-15 ára með sérútbúnum tækjum fyrir þann aldurshóp. Viðkomandi þarf að geta átt góð samskipti við börn, vera skipulagður og áhugasamur um þjálfun. Nám í íþróttafræðum eða heilbrigðisgreinum æskileg.

Starfið felst í að kenna viðskiptavinum á tækin, sjá til þess að æfingar séu rétt gerðar, að viðskiptavinirnir fari að settum reglum, hvetja til heilbrigðs lífernis og hafa gaman.

SHOKK salurinn er opinn alla virka daga frá kl.15-19.30, laugardaga kl.09-13 og sunnudaga kl.11-14. Mögulegt er að vinna aðeins hluta þessa tíma.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Gígju Þórðardóttur gigja@worldclass.is eða í síma 585-2212.

Í Laugum eru starfrækt fimm fyrirtæki. Fjöldi gesta í Laugum er um 2000 daglega svo um líflegan vinnustað er að ræða.



NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
MÁLNINGAR- OG MÚRVÖRUR
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
Verð frá 399
MÚRSKEIÐAR
Verð frá 195
GLATTARAR
Verð frá 295
MÚRBRETTI
Verð frá 99
LÍMSPAÐAR
690
MÚRSKEIÐAR, 3 STK
390
KALKKÚSTUR
499
HNÉHLÍFAR
5850
FLÍSASÖG
Verð frá 395
FLÍSAVERKFÆRI
TILBOÐ!
1495
FLÍSASKERI
Verð frá 299
HALLLAMÁL
Verð frá 399
SPARTLSPAÐAR
Verð frá 399
ÞAKKÚSTAR
Verð frá 57
MÁLNINGAPENSLAR
Verð frá 199
PÚSSIKUBBAR
Verð frá 199
BAKKAR OG FÖTUR
Verð frá 199
MÁLNINGARKEFLI
599
MÁLNINGARRÚLLA
299
HRÆRA
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17 (lokað á Njarðarbraut)
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)

## Svona erum við

> Notkun krabbameinslyfja á íbúa á dag 2000-2005

*MILLJÓNIR KRÓNA Á HVERJA ÞÚSUND ÍBÚA




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** RÍKISENDURSKOÐUN

# *Hefur eftirlit með meðferð almannafjár*

Ríkisendurskoðun - sem á dögunum sendi frá sér umtalaða greinargerð um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju - hefur margvísleg eftirlitsstörf með höndum.

Meginhlutverk hennar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga stofnana og fyrirtækja sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins, eru rekin á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Þá leggur hún mat á hvort innra eftirlit stofnana og fyrirtækja sé fullnægjandi, hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og er endurskoðandi stjórnsýslu ríkisins þar sem hún metur hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana og fyrirtækja og hvort þau fylgi gildandi lagafyrirmælum. Auk eftirlits með fjárreiðum og fylgni laga getur stofnunin kannað hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála.

Stofnunin, sem hjá vinna tæplega fimmtíu starfsmenn, hefur heyrt undir Alþingi frá 1997 en áður starfaði hún á forræði fjármálaráðuneytisins.



Skýrslur Ríkisendurskoðunar vekja jafnan athygli enda velta starfsmenn hennar við hverjum steini í leit að sannleikanum. Þær hafa oft verið umdeildar og fær stofnunin gjarnan skömm í hattinn frá þeim sem kastljósið beinist að hverju sinni.

Ríkisendurskoðun leitast við að vera öðrum ríkisstofnunum til fyrirmyndar í rekstri og starfsemi og innanbúðar eru starfsmannastefna, jafnréttisstefna, gæðastefna, menntunarstefna, málstefna, umhverfisstefna og aðgengisstefna.

Á vef stofnunarinnar má finna ýmsan fróðleik og þar er til að mynda orðasafn sem getur verið mörgum gagnlegt.

Sigurður Þórðarson er ríkisendurskoðandi.

**heimild: rikisendurskodun.is**

**SPURT & SVARAÐ**
**KJARAMÁL LÖGREGLUMANNA**

## *Vantar nýja lögreglustöð*

Lögreglumenn funduðu með fulltrúum fjármálaráðuneytisins í fyrradag um kjaramál lögreglumanna, en óánægja með kjörin hefur kraumað lengi innan stéttarinnar.



**ÞÓRIR STEIN-GRÍMSSON**

Þórir Steingrímsson er formaður Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna.

**Hvað eru lögreglumenn óánægðir með?**
Kjör sín og laun miðað við það álag sem hefur verið á lögreglunni undanfarið. Við erum að vona að þessi samlegðaráhrif sem átti að ná fram með sameiningunni um áramótin skili sér til okkar.

**Hvað hefur þessi óánægja í för með sér?**
Hún hefur í raun ekkert í för með sér annað en að sumir eru farnir að fara úr lögreglunni í einkageirann, því miður, og þá er um leið meira álag á þá sem eftir eru. Þá verður þróunin ekki eins ör og hún gæti orðið. Við höfum grun um það að það mætti fjölga í lögreglunni.

**Hvað þarf að gera til að laga stöðuna?**
Stjórnvöld verða að átta sig á því að við erum að fara inn í nýtt umhverfi. Mér finnst raunar sjálfum að stjórnvöld eigi að sýna reisn og myndugskap með því að byggja nýja lögreglustöð fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

Bla bla bla bla
bla bla bla bla
tali tali tali tali
tali tali tali tal

Það er Síminn

# Hvernig góða stríðið varð slæmt

**Í haust verða liðin sex ár frá innrás Bandaríkjamanna í Afganistan. Líkt og með Íraksstríðið hefur stríðið í Afganistan verið mikið gagnrýnt. Í fréttaskýringu New York Times um helgina var atburðarásin rakin, og það útskýrt hvernig „góða stríðið“ í Afganistan snerist við.**



**FRAMKVÆMDASTJÓRI NATO OG FORSETI AFGANISTANS** Jaap de Hoop Scheffer og Hamid Karzai þegar NATO tók yfir öryggisstjórn Afganistans. NORDICPHOTOS/AP

Ári eftir að stjórn talibana féll fór hópur af embættismönnum Nato til Kabúl í Afganistan. Þeir komu til að kanna það sem leit út fyrir að vera sigur, ný byrjun fyrir löngum stríðshrjáð land. Þeim var sagt að talibanar væru afl sem að mestu leyti hefði verið eytt. Margir embættismannanna efuðust þó um að það væri rétt. Þeir töldu að þó talibanar væru ekki hernaðarleg ógn, væru þeir of flæktir í afganskt samfélag til þess að hverfa bara.

Sá efi náði hins vegar aldrei fótfestu hjá bandarískum stjórnvöldum. Fremstu sérfræðingar þeirra höfðu löngu beint sjónum sínum að næsta stríði, Íraksstríðinu. Svo sterk var sigurtilfinning Bandaríkjamanna.

### Loforðin ekki efnd

Þessi misreikningur var aðeins hluti ákvarðana og mata sem ollu því að stríðið fór af réttri braut. Gagnrýnendur sögðu frá upphafi að Íraksstríðið hafi gert lítið úr úrbótum í Afganistan. Þrátt fyrir yfirlýsingar um áframhaldandi stuðning við Afganistan, voru bestu liðsmenn CIA og aðrir mikilvægir uppbyggingaraðilar sendir úr landinu og til Íraks. Þetta kemur fram í viðtölum New York Times við fjölda embættismanna. Bandaríkjastjórn hafði einnig lofað að veita mikla þróunaraðstoð en uppbygging í Afganistan hefur fengið að meðaltali 3,4 billjónir dollara á ári. Það er innan við helmingur þess fjár sem eytt hefur verið í Írak.

### Misheppnaðar áætlanir

Árið 2002 var búin til áætlun um það hvernig Afganar ættu sjálfir að taka við öryggismálum í landinu. Samkvæmt henni ætluðu Bandaríkjamenn að þjálfa 70.000 manna afganskan her. Þjóðverjar ætluðu að þjálfa 62.000 manna lögreglulið. Auk þess ætluðu Japanar, Bretar og Ítalir að sinna afmörkuðum verkefnum af þessu tagi.

Þar af leiðandi hafði ekkert ríki yfirstjórn og verkefnin voru hvergi efst í forgangsröðinni. Ári síðar voru aðeins 2000 manns í hernum, og verkefni hinna þjóðanna gengu enn hægar.

### Besta fólkið flutt til Íraks

Með ráðningu Zalmay Khalilzad sem sendiherra Bandaríkjanna í Afganistan breyttist ýmislegt. Hann fékk mun meiri peningaupphæðir inn í landið og fékk sérfræðinga til að flýta fyrir uppbyggingu. En þegar miklum árangri hafði verið náð, vorið 2005, var Khalilzad beðinn um að flytja sig yfir til Íraks, þar sem ástandið fór versnandi. Bandaríkjamenn héldu því áfram að flytja besta mannskapinn frá Afganistan til Íraks. Þeir töldu mikilvægast að finna meðlimi al-Kaída og voru enn á þeirri skoðun að afli talibana hefði verið eytt. Khalilzad var meðal þeirra sem sem vöruðu við því að talibanar væru aðeins í felum og þá bæri að varast.

### Talibanar gera árásir

Sú viðvörun reyndist eiga rétt á sér. Vorið 2006 gerðu talibanar sína stærstu árás. Hundruð þeirra komust yfir landamærin og drápu her- og embættismenn. Sjálfsmorðsárásir fimmfölduðust. Í heildina dóu 191 hermenn, tuttugu prósentum fleiri en árið áður. Í fyrsta skipti var það næstum eins hættulegt að vera í Afganistan og í Írak. Þetta kom Bandaríkjastjórn á óvart, þrátt fyrir viðvaranir. Condoleezza Rice, utanríkisráðherra, lét hafa eftir sér að „fólki kom á óvart að talibanar hefðu getað myndað hóp og komið aftur sem stórt, vel skipulagt afl“.

### Áframhaldið

NATO tók formlega við ábyrgð á öryggi í Afganistan í júlí 2006. Bandaríkjamenn hafa sagt að NATO þjóðirnar séu ekki tilbúnar til að taka þær áhættur sem þarf til að vinna sigur. Í Evrópu saka embættismenn Bandaríkin um að hafa aldrei lagt næga áherslu á uppbyggingu landsins. Umræðan um stríðið, sem virtist byrja svo vel en hefur snúist við, er því hvergi nærri búin.



**ÓSIGUR SENDIR SKILABOÐ**

„Ef við vinnum ekki fullnaðarsigur í Afganistan erum við að senda skýr skilaboð til hryðjuverkasamtaka. Þau skilaboð að Bandaríkin, Sameinuðu þjóðirnar og þau 37 lönd sem hafa haft herlið í landinu, séu afl sem hægt sé að sigra.“

**JAMES L. JONES**
FYRRVERANDI HERSHÖFÐINGI OG YFIRMAÐUR HJÁ NATO.



FRÉTTASKÝRING
**ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR**
thorunn@frettabladid.is

# Veldu réttu töskuna fyrir barnið



**ÞAÐ SKIPTIR MÁLI HVERNIG TASKAN ER GERÐ.**

**1** Skólataskan þarf að falla þétt að hrygg barnsins. Athugið að taskan sé vel bólstruð að aftan.

**2**



Öll bönd þurfa að vera breið, stillanleg og auðvelt að herða og losa.

**3**




Taskan má ekki vega meira en 10-20% af líkamsþyngd barnsins.

**4** Betra er að annað hvort séu brjóst- eða mjaðmafestingar sem halda töskunni sem næst líkamanum.

**5** Skólataskan má ekki vera of breið því það hindrar eðlilegar hreyfingar handleggjanna.

## Iðjuþjálfi í verslunum Eymundsson

Iðjuþjálfi verður til aðstoðar við val á réttu töskunni í verslunum okkar eftirtalda daga:

**Austurstræti** Fimmtudaginn 16. ágúst **kl. 17 - 18**
**Smáralind** Föstudaginn 17. ágúst **kl. 16 - 17**,
Laugardaginn 18. ágúst **kl. 14 - 15**,
Mánudaginn 20. ágúst **kl. 17 - 18**
**Akranes** Laugardaginn 18. ágúst **kl. 11 - 12**
**Kringlan Norður** Fimmtudaginn 16. ágúst **kl. 18 - 19**
Mánudaginn 20. ágúst **kl. 16 - 17**

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

# TILB

## OPIÐ ALLA HELGINA •




Birt með fyrirvara um breytingar og villur



BOÐ
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM
STRAX
MEÐ PÓSTINUM
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ
VÖRN
Þá lækkum við okkar verð á staðnum
Þú mætir bara og velur þér fartölvu
TIL AFGREIÐSLU
STRAX
ENGIN BIÐTÍMI
Eitt mesta úrval landsins af fartölvum
Opið alla helgina 18-19 ágúst
Fyrsta greiðsla 1.OKT
Raðgreiðslur til allt að 48 mán.
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Í DAG OG Á MORGUN
10:00 - 18:30
LAUGARDAG
10:00 - 17:00
SUNNUDAG
12:00 - 17:00
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.

## ÚTGJÖLDIN

> Einn miði á leik í Íslandsmótinu í knattspyrnu




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ARI TÓMASSON, STARFSMAÐUR STRAUMS

## *Klæddist hólkvíðum buxum aðeins þrisvar*



„Ætli bestu kaup sem ég hef gert séu ekki bara þegar ég keypti mér hljómplötuna Funeral með kanadísku sveitinni Arcade Fire á sínum tíma,“ segir Ari Tómasson, starfsmaður Straums í kóngsins Kaupmannahöfn. Hann segir orðspor plötunnar hafa orðið til þess að hann festi á henni kaup. „Ég keypti hana eftir að hún fékk glóandi meðmæli á vefsíðu fyrir tónlistarperra,“ segir Ari, sem er ekki ókunnugur slíkum vefsíðum, enda stofnaði hann vefritið Rjóminn. is og ritstýrði því mánuðum saman. „Fyrir utan að vera frábær plata sem hefur verið í stöðugri hlustun síðan vorið 2005 þá kenndi þetta mér að maður þarf að bera sig sjálfur eftir því besta.“

„Hvað varðar verstu kaupin þá held ég að þau hljóti að hafa verið hólkvíðar buxur úr Smash sem ég keypti í áttunda bekk.“ segir Ari, sem á misjafnar minningar um tískutilraunir sínar. „Ég hef átt margar misheppnaðar tilraunir til að vera kúl en þessi var sú alversta. Mittið var mörgum númerum of stórt, „rassinn“ var við hnésbætur og kúlstigið mitt var ennþá mjög lágt.“ Ari segist ekki eiga buxurnar lengur en er ekki með á hreinu hvað varð af þeim. „Ég held að þær hafi farið í Hjálpræðisherinn eftir að ég hafði verið í þeim þrisvar á tveimur árum.“

## HÚSRÁÐ

### FERSKAR KRYDDJURTIR

■ *Garðar Stefánsson náttúruverndarsinni segir ferskar kryddjurtir skemmtilega leið til að lífga upp á matinn.*



„Ferskar kryddjurtir eru ómissandi í matargerð og í raun eru þær bylting fyrir bragðlaukana. Þær bragðast allt öðruvísi en þurrkað krydd og auk þess er gaman að elda með þeim,“ segir Garðar. Hann segir að í raun sé einfalt að rækta kryddjurtir, en margir brenni sig á því og gefist upp á því að halda lífi í plöntunum.

„Leyndarmálið er að geyma plönturnar í pottum úti á svölum eða í garði og á björtum stað í raka.“

■ **Dýrast/ódýrast**

## Skólaklipping



Skólarnir eru að byrja og flestir krakkar vilja mæta þangað nýklipptir og fínir. Fréttablaðið hafði samband við nokkrar hárgreiðslustofur í Reykjavík og kannaði verð á barnaklippingu.

Ódýrust var barnaklippingin á hárgreiðslustofunni Cortex í Sörlaskjóli. Þar kostar aðeins 1.355 krónur að fá klippingu fyrir börn yngri en ellefu ára. Á hárgreiðslustofunni Monroe í Templarasundi kostar venjuleg barnaklipping hins vegar 3.900 krónur og heilar 4.400 krónur sé hárgreiðslumeistari fenginn í verkið.

Meðalverð á barnaklippingu virðist vera í kringum 2.500 krónur. Á hárgreiðslustofunni Stubbalubbum í Grafarvogi, sem sérhæfir sig í barnaklippingum, kostar klippingin á bilinu 2.090 - 2.690 krónur.

■ **Leikföng**

## Mattel innkallar leikföng á ný

Á vefsíðu The New York Times (http://nytimes.com) kemur fram að Mattel, stærsti leikfangaframleiðandi í heimi, sendi út aðra tilkynningu á þriðjudaginn vegna leikfanga sem gætu reynst börnum hættuleg. Í nýjustu tilkynningunni kemur fram að fyrirtækið ætli að innkalla um 19 milljónir leikfanga sem framleidd voru í Kína en hluti þeirra átti að fara í sölu í Bandaríkjunum. Nánari upplýsingar um hvaða leikföng eiga í hlut má finna á slóðinni http://service. mattel.com/us/recall.asp.

■ **Heilsa**

## Sælgæti úr augnhæð barna



Í dönsku verslunarkeðjunni Irmu hefur verið ákveðið að hætta að stilla sælgæti og gosi við kassana. Sælgæti verður einnig tekið úr neðstu hillum og úr augnhæð barna. Forstjóri keðjunnar, sem rekur 74 verslanir í Danmörku, segir að óhollusta muni ekki hafa forgang lengur og telur að smásalar geti einnig lagt sitt af mörkum og hjálpað neytendum að velja frekar hollan mat. Verslunarferðir í verslunum Irmu verða sennilega friðsamari með breytingum forstjórans. *heimild: Neytendasamtökin*




# Dýrast fyrir háskólanema að leigja á Bifröst

**Fyrstu skóladagarnir eru framundan í háskólum landsins. Fréttablaðið kannaði lauslega hvað það kostar háskólanema að búa á stúdentagörðum síns skóla í vetur. Dýrast er að leigja á Bifröst og ódýrast að leigja hjá Keili á varnarsvæðinu.**



**BÓLSTAÐARHLÍÐ** Byggingafélag námsmanna leigir út íbúðir víða á höfuðborgarsvæðinu og á Laugarvatni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Næstu daga hefst kennsla í háskólum landsins. Háskólanemar hafa ýmsa kosti í búsetumálum. Allir háskólanemar og iðnnemar, að gefnum ákveðnum skilyrðum, geta sótt um íbúð eða herbergi á stúdentagörðum. Á flestum stúdentagörðum er hægt að leigja allt frá litlu einstaklingsherbergi í stærri fjölskylduíbúðir.

Fréttablaðið athugaði hvað kostar annars vegar fyrir einstakling að leigja litla íbúð á stærðarbilinu 36 til 46 fermetrar og hins vegar stærri íbúðir, fyrir pör eða einstaklinga sem vilja meira pláss, á bilinu 50 til 60 fermetrar.

Ekki var tekið mið af því sérstaklega hvort leigusamningur sé til heils árs eða eingöngu á meðan skóla stendur né hversu langan tíma tekur að komast að.

Dýrast var fyrir nemendur á Bifröst að búa á stúdentagörðum. Þar kostar 29 fermetra stúdíóíbúð 53 þúsund og 50 fermetra íbúð kostar 67 þúsund, báðar búnar húsgögnum. Hjá Félagsstofnun stúdenta kostar 36 fermetra íbúð á Eggertsgötu 47 þúsund og 58 fermetra íbúð kostar 55 þúsund.

„Þetta er of hátt verð, það er óeðlilegt ef það er hægt að bjóða íbúðir á 101-svæðinu í Reykjavík á lægra verði,“ segir Elín Björg Ragnarsdóttir formaður íbúaráðs háskólans á Bifröst.

Elín segir að hækkun, sem var fyrirhuguð í haust, á fjölskylduíbúðum hafi verið dregin til baka og verð á minni íbúðum hafi lækkað.

Að sögn Elínar hafa fulltrúar nemenda ekki fengið haldbæra skýringu á því hvers vegna leiguverð sé hærra á Bifröst en í Reykjavík og á Akureyri. „Það er talað um að byggingakostnaður hafi verið hár og að ekki sé hægt að bera saman lágreistar þriggja hæða blokkir og stórar margra hæða blokkir. Menn verða að huga að því fyrir hverja er verið að byggja. Það virðist ekki hafa verið gert á Bifröst.

Við erum að vinna í því með skólayfirvöldum að leita leiða til að lækka verðið enn frekar. Við höfum fengið vilyrði fyrir því að verðið hækki ekki á næstunni, frekar að það lækki ef eitthvað er,“ segir Elín. andriv@frettabladid.is

## VERÐ Á STÚDENTAÍBÚÐUM




* FULLBÚIN HÚSGÖGNUM OG STRÆTÓ TIL OG FRÁ REYKJAVÍK INNI Í LEIGUVERÐI

** BÚIN HÚSGÖGNUM ***ÁÆTLAÐ VERÐ ÚT FRÁ UPPLÝSINGUM FRÁ LEIGUMIÐLUNUM Í REYKJAVÍK

# Elizabeth Arden

i love my
gift



## Elizabeth Arden kynning í Hagkaupum Kringlu, Skeifu, Smáralind og Spöng dagana 16. – 23. ágúst

Glæsilegur kaupauki fylgir með hverju keyptu INTERVENE 50 ml kremi:

- Taska
- 3 in 1 Cleanser
- Lip Protectant

Endilega kíktu við og fáðu ráðleggingar frá fagfólki

*Gildir til 23. ágúst á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Vefurinn:** I want one of those

Örþyrlur, vatnsheldir hátalarar og klósettpappír með stærðfræðiþrautum er meðal tilgangslausra hluta sem hægt er að finna á þessari skemmtilegu græjusíðu.
www.iwantoneofthose.com

# tækni&vísindi
taekni@frettabladid.is

SKÝRING: HULDUORKA OG HULDUEFNI

## *Allt á huldu í stærstum hluta alheimsins*

Allt það efni sem við þekkjum og getum séð; stjörnur, plánetur, frumefni og atóm, fyllir aðeins um fimm prósent af alheiminum. Afgangurinn skiptist í hulduorku (e. dark energy), um sjötíu prósent, og hulduefni (e. dark matter), um tuttugu og fimm prósent. Vísindamenn vita nánast ekki neitt um þessi tvö dularfullu hugtök eðlisfræðinnar, nema að þau eru til og nokkurn veginn hversu mikið er af hvoru um sig í alheiminum.

Lengi vel héldu stjörnufræðingar að útþensla alheimsins hægði á sér vegna aðdráttarafls sem stjörnuþokur hafa hver á aðra. Þvert á þessar kenningar sýndu rannsóknir fram á að dularfull orka verkar á móti aðdráttaraflinu og veldur því að stjörnuþokur færast hver frá annarri á vaxandi hraða. Þessi orka hlaut nafnið hulduorka, og veldur því að alheimurinn vex í allar áttir á auknum hraða.



Hulduefni er af öðrum toga, en vísindamenn vita svipað lítið um það og hulduorkuna. Það var uppgötvað tiltölulega nýlega, og er talið vera mikill meirihluti alls massa í alheiminum. Líkt og með hulduorkuna er engin leið til að sjá hulduefni, en hægt er að nema áhrifin sem það hefur á umhverfið í kringum sig. Hulduefni er ekki gert úr atómum, líkt og allt venjulegt efni sem við þekkjum, og því vita vísindamenn ekki einu sinni að hverju þeir eru að leita, hvað þá hvernig á að finna það. Ef hægt væri að sjá hulduefni, sem er alls staðar, væri Vetrarbrautin að minnsta kosti tífalt stærri en hún er.

Tilvist hulduorku og hulduefnis er meðal merkustu uppgötvana stjörnuvísindamanna á síðari árum, og er enn í dag mesta ráðgáta vísindanna.

TÆKNIHEIMURINN

### Sinfóníuhljómleikar í Second Life

Fílharmóníuhljómsveitin í Liverpool í Bretlandi verður fyrsta sinfóníuhljómsveitin í heiminum sem flytur tónleika í tölvuleik. Hljómsveitin mun flytja verk eftir Rachmaninoff, Ravel og fleiri á tónleikum í sýndarheiminum Second Life fyrir hundrað áhorfenda í september. Miðar á atburðinn verða dregnir út í happdrætti.

### Kaffi hjálpar konum að muna



Koffín gæti hjálpað eldri konum að berjast við heilahrörnun samkvæmt rannsókn sem hópur franskra vísindamanna gerði nýlega. Minnistap hjá konum eldri en 65 ára sem drukku meira en þrjá bolla á dag var nokkuð minna á fjórum árum en hjá jafnöldrum þeirra sem drukku einn bolla eða minna á hverjum degi. Niðurstöðurnar héldu jafnvel þegar þættir á borð við menntun, blóðþrýsting og sjúkdóma voru teknir í reikninginn.

### Grínistar boðaðir í vitnastúkuna

Grínistarnir Stephen Colbert og Jon Stewart eru meðal þeirra sem verða kallaðir í vitnastúkuna í milljarðaskaðabótamáli bandaríska fjölmiðlafyrirtækisins Viacom gegn YouTube. Sjónvarpsþættir Colberts og Stewarts, The Colbert Report og The Daily Show, voru meðal þeirra vinsælustu á YouTube áður en þeir voru fjarlægðir vegna höfundarréttarmála. Talsmenn Viacom segja að efni í þeirra eigu sé dreift án leyfis á YouTube-síðunni.

### Stærsta þekkta plánetan fundin



Hópur stjörnufræðinga hefur fundið stærstu plánetu sem vitað er um. Plánetan, sem heitir TrES-4, er í Herkúlesarstjörnumerkinu og er næstum því tvöfalt stærri en Júpíter, stærsta plánetan í okkar sólkerfi. Þrátt fyrir stærðina er TrES-4 töluvert léttari en Júpíter, og hefur þéttleika á við balsavið. Aðdráttarafl hennar er svo lítið að hluti andrúmsloftsins sleppur út og myndar eins konar hala á eftir plánetunni.

### Lítur vel út á pappírnum

Rafhlöður úr pappír gætu uppfyllt orkuskilyrði raftækja í framtíðinni, samkvæmt rannsókn vísindamanna við Rensselaer-tækniskólann í New York. Þeir hafa búið til sýnishorn á stærð við frímerki sem geymir næga orku til að lýsa upp ljósaperu. Hugmyndin er að í framtíðinni verði framleiddar pappírslengjur sem geta til dæmis knúið bifreið.






**Haustið er að koma, skólarnir fara að hefjast og tölvuverslanir keppast um að auglýsa fartölvutilboð fyrir námsmenn og foreldra þeirra. Úr fjölmörgum merkjum er að velja, og gígahertsin, megabætin og tommurnar geta gert kaupin mjög flókin fyrir þann sem ekki þekkir vel til. Hér verður farið yfir þá kosti sem venjuleg námsmannafartölva þarf helst að vera gædd, og hvað ber að varast í fartölvukaupum.**



**Í SNJÓNUM** Kuldaþol er eitthvað sem fæstir leggja áherslu á þegar hugað er að fartölvukaupum, nema ætlunin sé að nota tölvuna meira fyrir utan sjálfan skólann en inni í honum.

# Rétta fartölvan í skólann

## ÖRGJÖRVI

Miðað við venjulega tölvunotkun námsmanns (ritvinnsla, netvafur, tölvupóstur, spjallforrit) skiptir hraði örgjörvans ekki svo miklu máli en mikilvægt er að kaupa rétta tegund, meðal annars vegna rafhlöðuendingar. Eins og staðan er í dag ber ein gerð örgjörva höfuð og herðar yfir allar aðrar tegundir á fartölvumarkaðnum, og hún heitir Intel Core 2 Duo.



## SKJÁR

Algengur misskilningur í fartölvukaupum er að betra sé að vera með stærri skjá. Stærri skjár þýðir stærri og þyngri tölva, sem kemur sér illa fyrir námsmenn sem þurfa að bera tölvuna allan daginn. Engin þörf er á risastórum skjá fyrir ritvinnslu og netvafur, en þörfin fyrir létta tölvu er þeim mun meiri. Fimmtán tommur er hámarksstærð, en skjáir allt niður í tólf tommur henta vel fyrir skólafólk.



## GEISLADRIF

DVD-drif og geisladiskaskrifari eru í öllum fartölvum í dag, þannig að eina spurningin er hvort tölvan eigi að geta skrifað DVD-diska að auki eða ekki. Að geta afritað gögn á DVD-disk er vissulega kostur, en fæstir námsmenn hafa mikla þörf fyrir þann möguleika. Sleppið því frekar ef þörfin á að geta skrifað DVD-diska er ekki aðkallandi.



## RAFHLAÐA

Þegar kemur að fartölvu sem nota á í skólanum skiptir einn eiginleiki mestu máli, og það er rafhlöðuendingin. Skólastofur og fyrirlestrasalir eru illa búnir innstungum og sjálf hugmyndin um fartölvu er hálf kjánaleg ef maður þarf að byrja á því að hlekkja sig við vegg áður en maður fer að nota tölvuna. Tveggja klukkustunda ending við venjulega notkun er algjört lágmark, og ætti helst að vera lengri. MacBook-tölvurnar frá Apple og ThinkPad-tölvurnar frá IBM eru þekktar fyrir góða rafhlöðuendingu.



## HARÐUR DISKUR

Þörf á geymsluplássi fer allt eftir því hvað á að geyma í tölvunni. Þó eru fartölvur almennt ekki keyptar út á geymsluplássið, sem er mun minna en í borðtölvum. Ágætis viðmiðun er 100 gígabæt, en vel er hægt að komast af með minna.



## SKJÁKORT

Tvær tegundir af skjákortum eru algengar í fartölvum í dag, annars vegar sjálfstæð skjákort sem hafa eigið vinnsluminni og hins vegar skjástýring sem samnýtir vinnsluminni tölvunnar í grafíkvinnslu. Fartölvur með sjálfstæðu skjákorti ráða við betri og flottari leiki, en aflið nýtist í fátt annað því öll almenn tölvuvinnsla reynir mjög lítið á skjákortið. Sjálfstætt skjákort er ekkert til að leggja áherslu á í fartölvu námsmannsins.



## ÞYNGD



Í skólanum þarf oft að fara á milli stofa og bygginga, svo ekki sé minnst á að bera tölvuna til og frá skólanum á hverjum degi. Ef tölvan er of þung er hætt við að hún verði skilin eftir heima þegar nýjabrumið er farið af henni, og þá skiptir engu máli hversu hraður örgjörvinn er eða hversu stór skjárinn er. Þrjú kíló er hámarksþyngd, helst ætti hún að vera nær tveimur kílóum.

## VINNSLUMINNI

Vinnsluminni tölva er oft það sem reynir mest á í daglegri vinnslu, sérstaklega ef mörg forrit eru opin í einu. Flestum nýjum PC-tölvum fylgir Windows Vista, sem gerir meiri kröfur til vinnsluminnis en fyrirrennarinn Windows XP, og OS X stýrikerfið frá Apple gera. Lágmarkið í dag er eitt gígabæt (1024 megabæt) en í vinnsluminninu gildir að meira er betra, upp að vissu marki. Minnið er það fyrsta (og oft það eina) sem er uppfært í fartölvum, og því væri ekki vitlaust að afgreiða þá uppfærslu strax með því að bæta öðru gígabæti við eða svo.



## ANNAÐ

Tölvan ætti að hafa sem flest USB-tengi fyrir mús, lyklaborð, myndavélar, iPod-spilara og öll hin tækin sem þarf að tengja við tölvuna.

Ef tengja á tölvuna við skjá þarf sérstakt skjátengi til þess, og þá er DVI betri kostur en VGA.

Þráðlaust netkort er í öllum fartölvum í dag, en þær nýjustu bjóða upp á netkort með 802.11n staðlinum, í stað 802.11g. N býður upp á hraðari þráðlaus samskipti, en þá þarf beininn (routerinn) líka að styðja 802.11n staðalinn. 802.11g nægir eins og staðan er í dag.


Svínagúllas * Svínalundir * Svínahnakki * Svínakótelettur * Svínaskankar * Svínahakk * Svínasnitsel
Svínagúllas
kílóverð nú:
798 KR.
Svínalundir
kílóverð nú:
1398 KR.
EKKERT BRUDL
Grísaveisla í Bónus!
Svínahnakki
kílóverð nú:
898 KR.
Svínakótelettur
kílóverð nú:
898 KR.
Nýtt kortatímabil!
Svínaskankar
kílóverð nú:
198 KR.
Svínahakk
kílóverð nú:
498 KR.
20 þúsund bakkar af íslensku svínakjöti!
Svínasnitsel
kílóverð nú:
798 KR.
PÓSTLISTINN
bonus.is
EKKERT BRUDL
BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.875 **-1,20%**

**Fjöldi viðskipta:** 898
**Velta:** 14.235 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ALFESCA** | +0,52% | **ICELANDAIR GROUP** | -4,49% |
| **ÖSSUR** | +0,48% | **EXISTA** | -3,19% |
| | | **FORØYA BANKI** | -2,98% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,98 -0,44% ... Bakkavör 65,60 -1,35% ... Eimskipafélagið 39,55 -0,88% ... Exista 31,85 -3,19% ... FL Group 25,50 -1,54% ... Glitnir 27,50 -1,61% ... Icelandair 26,60 -4,49% ... Kaupþing 1.099 -0,18% ... Landsbankinn 38,30 -1,54% ... Straumur-Burðarás 19,40 -2,02% ... Össur 105,00 +0,48% ... Teymi 5,59 -0,36%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Viðskiptaráðgjöf almættisins**

Fjárfestum er stundum legið á hálsi fyrir siðleysi og græðgi. Svissneski bankinn, Credit Suisse, hefur nú fundið svar við því og býður viðskiptavinum sínum að fjárfesta í sjóði sem kallast Kristin gildi. Sjóðurinn hefur það á stefnuskránni að fjárfesta einungis í fyrirtækjum sem eru almættinu þóknanleg, og til að tryggja að svo sé fara útsendarar Páfagarðs vandlega yfir allar fjárfestingar sjóðsins. Nú má spyrja hvort íslenskar fjármálastofnanir sjái sæng sína ekki útbreidda og bjóði viðskiptavinum sínum sambærilega valkosti? Þannig gætu bankarnir boðið upp á Karlssjóð, sem yrði í umsjón herra Karls Sigurbjörnssonar biskups, eða Gunnarssjóð eftir Gunnari í Krossinum. Spurningin er bara sú hvort þeir mætu menn hafi eitthvert vit á viðskiptum?



**Tvöþúsund og sjö hundruð milljarðar**

Yfirtaka Kaupþings á hinum hollenska NIBC banka vakti athygli víða, þá sérstaklega í ljósi þess að erlendir sérfræðingar höfðu heldur talið að hægðist á íslensku útrásinni í kjölfar óróa á alþjóðamörkuðum. Hér á landi var það hins vegar kaupverðið sjálft sem vakti mesta athygli, enda heildarvirði viðskiptanna 270 milljarðar króna og því um stærstu yfirtöku Íslandssögunnar að ræða. Ekki eru hins vegar allir jafn talnaglöggir. Þannig hringdi dyggur lesandi Markaðarins inn á ritstjórnina og sagðist hafa heyrt í útvarpi að Kaupþing hefði greitt 2.700 milljarða króna fyrir hollenska bankann. Þar hafði þulurinn greinilega bætt við einu núlli, enda ólíklegt að Hreiðar Már og félagar myndu ráðast í yfirtöku á félagi sem væri rúmlega þrefalt verðmætara að markaðsvirði en sjálft Kaupþing.

## MARKAÐSPUNKTAR

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) gaf á þriðjudag út jöklabréf fyrir tíu milljarða krónur til eins árs. Í næsta mánuði falla á gjalddaga jöklabréf fyrir rúmlega 86 milljarða en það verður stærsti gjalddagi í einum mánuði til þessa, að sögn Landsbankans.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur staðfest lánshæfiseinkunnir Kaupþings í kjölfar kaupa á hollenska bankanum NIBC. Langtímaeinkunn er A, skammtímaeinkunn F1, óháð einkunn er B/C og stuðningseinkunn 2. Horfur eru stöðugar.

Matsfyrirtækið Moody's hefur sömuleiðis tekið lánhæfiseinkunn Kaupþings til athugunar en mögulegt er þær lækki vegna veikari fjárhagsstoða NIBC auk áhættunnar sem fólst í því að koma yfirtökunni í kring.



**JÓN KARL ÓLAFSSON FORSTJÓRI ICELANDAIR** Hlutabréf í Icelandair lækkuðu um 4,49 prósent í Kauphöll Íslands í gær, en félagið tapaði rúmum milljarði á fyrri árshelmingi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Milljarðssveifla vegna krónunnar

### Krónan var Icelandair þungur baggi á fyrri árshelmingi. Félagið beinir sjónum að Austur-Evrópu.

Fyrri árshelmingur hjá Icelandair einkenndist af örum vexti, mikilli samkeppni á markaði og minni eftirspurn eftir flugsætum en vonir stóðu til, að sögn Jón Karls Ólafssonar, forstjóra Icelandair. Félagið tapaði 1,024 milljörðum króna á árshelmingnum, samanborið við 658 milljóna króna hagnað á sama tímabili í fyrra.

Jón Karl segir krónuna þungan bagga. Miklar sveiflur á genginu valdi því að erfitt sé að gera áætlanir fram í tímann. „Stór hluti tekna ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi kemur inn í erlendum myntum. Á fyrstu sex mánuðum árs í fyrra vorum við með um milljarð í gengishagnað en nú erum við nánast í núlli. Þarna sjáum við gríðarlega sveiflu sem hefur í sjálfu sér ekkert með rekstur að gera."

Áætlað er að samningar um kaup á tékkneska flugfélaginu Travel Service verði undirritaðir í næstu viku. Kaupverð fæst ekki gefið upp en Jón Karl sagði þó fyrirtækið keypt sanngjörnu verði, á um fimmfaldri EBITDA. „Kaupin eru í samræmi við þá stefnu fyrirtækisins að koma fleiri stoðum undir reksturinn. Það er gríðarlegur vöxtur í Austur-Evrópu. Við viljum hafa stöðu á þeim markaði og geta tekið þátt í þeirri uppbyggingu. Þeir eru með áhugavert leiðakerfi og flytja 1,8 milljónir farþega."

Jón Karl segir að þrátt fyrir að fyrri helmingur ársins hafi verið undir væntingum standi forsvarsmenn Icelandair fast við þá spá sína að 2007 muni verða besta rekstrarár í sögu félagsins.

- jsk

# Með þriðjung í Stork

LME eignarhaldsfélag hefur enn aukið hlut sinn í hollensku iðnaðarsamstæðunni Stork NV. Fram kemur á vef AFM, hollenska fjármálaeftirlitsins að LME sé komið með 32,16 prósenta hlut.

Marel á fimmtung í LME en Eyrir Invest og Landsbankinn fara með 40 prósenta hlut hvort félag.

Næst þarf LME að tilkynna um eignarhlut sinn verði 40 prósenta eignahaldsmúrinn rofinn.

Breski fjárfestingasjóðurinn Candover hefur lagt fram yfirtökutilboð í Stork sem LME og fleiri hluthafar eru á móti. Stjórn Stork styður tilboð Candover sem er upp á 47 evrur á hlut. Þó nokkur viðskipti hafa verið með bréf Stork síðustu vikur og stóð gengi þeirra við lok viðskipta í gær í 48,24 evrum á hlut, 2,6 prósentum yfir tilboði Candover.

Marel hefur hug á að kaupa út úr Stork-samstæðunni matvælavinnsluvéla hluta hennar, en stjórn Stork og Candover vilja ekki selja jaðarstarfsemi frá félaginu. - óká

# Stærsta erlenda fjárfesting í íslensku fyrirtæki

**Kaupþing ræðst í 270 milljarða yfirtöku á hollenskum banka sem er stærsta yfirtaka Íslandssögunnar. Um leið verður til stærsta fjárfesting útlendinga í íslensku fyrirtæki þegar seljendur fá hlutabréf í Kaupþingi fyrir 120 milljarða króna. Kaupin eru sögð stökkpallur Kaupþings inn í Benelux-löndin og skapi tækifæri í Þýskalandi og styrki stöðu Kaupþings sem leiðandi evrópsks fjárfestinga- og fyrirtækjabanka.**




**HREIÐAR MÁR Í HOLLANDI** Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings kynnir kaupin á NIBC bankanum í Amsterdam í Hollandi á blaðamannafundi í gær. MYND/KAUPÞING

Kaup Kaupþings á hollenska fyrirtækjabankanum NIBC eru stærstu fyrirtækjakaup Íslandssögunnar til þessa. Kaupþing greiðir um 2.985 milljónir evra, eða 270 milljarða króna, fyrir NIBC sem er um þrefalt hærri fjárhæð en bankinn borgaði fyrir FIH í Danmörku árið 2004.

Yfirtakan er í samræmi við stefnu bankans að verða leiðandi fyrirtækja- og fjárfestingabanki í þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki í Evrópu. Hún styrkir einnig stöðu bankans í þjónustu við fjársterka einstaklinga í álfunni.

Forsvarsmenn bankans líta á kaupin sem stökkpall inn í Beneluxlöndin þar sem bankinn hefur ekki haft starfsemi og bjóði upp á ýmis tækifæri í Þýskalandi.

„Þetta er frábær fjárfesting, ekki bara fyrir Kaupþing heldur einnig fyrir NIBC," segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, og kveður samlegðaráhrif mikil. Kaupþing segir hann ætli sér að auka arðsemi hollenska bankans með því að auka tekjur NIBC med stærri heild og draga um leið úr kostnaði, einkum við upplýsingatækni.

Kaupverðið er greitt með útgáfu hlutafjár og í reiðufé. Seljendur, undir forystu fjárfestingasjóðsins J.C. Flowers, fá meðal annars hlutabréf fyrir um 1,369 milljónir evra, um 120 milljarða króna, að markaðsvirði sem gerir þá að öðrum stærsta hluthafanum í Kaupþingi með 12,4 prósenta hlut á eftir Existu. Er þetta stærsta fjárfesting útlendinga í íslensku fyrirtæki til þessa. Ravi Sinha, framkvæmdastjóri J.C. Flowers, tekur í framhaldinu sæti í stjórn Kaupþings.

Bankinn nýtir sér svo sterka lausafjárstöðu og greiðir um 1.625 milljónir evra, ríflega 146 milljarða króna, í reiðufé; annars vegar með útgáfu víkjandi skuldabréfa (Tier 1) og hins vegar með útgáfu nýs hlutafjár í desember fyrir um 44 milljarða þar sem hluthöfum bankans gefst kostur á að kaupa. Stærstu hluthafar Kaupþings, þar á meðal Exista, hafa þegar staðfest þátttöku sína.

Samruninn dreifir starfsemi Kaupþings, en eftir samrunann verður aðeins fjórðungur af tekjum Kaupþings hér á landi og fer vægi tekna á Norðurlöndum úr 64 í 48 prósent. Eignir hins samanlagða banka fara upp í 7.500 milljarða króna. Eignir NIBC voru um síðustu áramót meiri en heildareignir Glitnis og Landsbankans.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, segir að kaupin hafi mikla þýðingu. Bankinn stækkar um 30 prósent og jafnframt stækkar starfssvæði hans. „Þetta þýðir að Holland verður stærsta eining samstæðunnar með um það bil 25 prósent af öllum viðskiptum Kaupþings banka. Af svipaðri stærð verður Skandinavía, Bretland med 20 prósent og Ísland eitthvað minna." Jafnframt segir Sigurður styrkleikamerki að fá nýju hluthafana inn í Kaupþing, enda sé J.C. Flowers sennilega stærsti fjárfestir í fjármálageiranum í heiminum og hafi skoðað Kaupþing gaumgæfilega.

NIBC var stofnaður árið 1945 og leggur áherslu á þjónustu við meðalstór fyrirtæki í Vestur-Evrópu. Starfsmenn eru 718 og rekur bankinn starfsstöðvar í Haag, Lundúnum, Brussel, Frankfurt, New York og Síngapúr. Bankinn hagnaðist um 253 milljónir evra í fyrra og nam arðsemi eigin fjár 12,3 prósentum. Markmið stjórnenda Kaupþings er að auka arðsemi NIBC um fimmtung á næsta eina og hálfa árinu.

eggert@frettabladid.is

### TAKA EKKI YFIR SUB-PRIME LÁN

Kaupþing tekur ekki yfir lánasafn NIBC í áhættusömum bandarískum húsnæðislánum sem seljendur halda afram. „Sub-prime"-lánin, sem upphaflega voru um 45 milljarðar króna, munu hins vegar ekki hafa verið tekin út vegna óróa á fjármálamörkuðum, enda hófust viðræður Kaupþings og J.C. Flowers um miðjan júní, heldur til að draga úr sveiflum í afkomu NIBC og sýna fram á hver væri undirliggjandi rekstur. „Við látum þetta ástand á fjármálamörkuðum ekki trufla okkur," segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings. Bankinn kemur hins vegar að fjármögnun félagsins sem tekur yfir „sub-prime"-hluta NIBC og lánar til þess um 15 milljarða króna að sögn Hreiðars. „Það er áhættan okkar, en á móti erum við með veð í öllum undirliggjandi eignum þess félags."

Kristaltær mynd í fyrsta háskerpusjónvarpi á Íslandi

Sjónvarp Símans – sjáðu háskerpusjónvarp í næstu verslun Símans á höfuðborgarsvæðinu

Það er Síminn

# Eftirmálar ólíklegir vegna Storebrand

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, hefur litlar áhyggjur af því að rannsókn norska fjármálaeftirlitsins á samanlögðum eignarhlut Kaupþings og Exista í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand, komi til með að leiða til breytinga á eignarhaldi í Storebrand. „Við munum svara fyrirspurn norska fjármálaeftirlitsins og ég á ekki von á neinum eftirmálum af því," sagði Hreiðar Már.

Kaupþing á fimmtungshlut í Storebrand en Exista, sem er stærsti einstaki hluthafinn í Kaupþingi, á 5,6 prósent. Rannsókn fjármálaeftirlitsins lýtur að því hvort tengsl félaganna séu slík að hlutirnir í Exista skuli teljast sem einn og sami eignarhluturinn.

Komist eftirlitið að þeirri niðurstöðu gætu félögin þurft að selja hluta bréfanna, eða sækja um leyfi til að fara samanlagt með svo stóran hlut. - jsk/eþa


60-70% AFSLÁTTUR
EINNIG NÝJAR VÖRUR HAUST 08 FRÁ:
SPORTMAX – PATRIZIA PEPE – LEE – WRANGLER
KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK
GK REYKJAVÍK

# Lækkun hefst í mars


DAVÍÐ ODDSSON SEÐLABANKASTJÓRI

Stýrivextir verða komnir í 9,25 prósent í árslok 2008, samkvæmt spá greiningar Glitnis. Greiningin spáir því að vextir lækki nokkuð hratt á næsta ári. Stýrivaxtaferlið hefjist í mars, þegar Seðlabankinn lækki vexti sína í 13 prósent. Stýrivextir standa nú í 13,3 prósentum.

Fram kemur í spá Glitnis að helstu óvissuþættir séu áframhaldandi stóriðjuuppbygging og framhald á því ójafnvægi sem einkennt hefur þjóðarbúið. Þá sé gengið stór áhættuþáttur, en Seðlabankinn hafi lýst því yfir að fari svo að gengið veikist verulega verði seinkun á lækkunarferli stýrivaxta.

Óvissuþættir til lækkunar spárinnar eru helst bakslag í innlendri hagþróun vegna ófyrirséðra áfalla, eða bjartari verðbólguhorfur. Tekið er þó fram að óvissan sé heldur í þá átt að vöxtum verði haldið háum lengur og lækkunarferlið verði hægara en samkvæmt spánni. - jsk

# Danskir bankar í íslenskum húsum


TIETGENSHUS Tveir danskir bankar hafa gert langtímasamninga við Stoðir um leigu á tveimur húsum í miðborginni. MYND/STOÐIR

Tvö af virtustu fjármálafyrirtækjum Danmerkur hafa gengið frá langtímaleigusamningum við Fasteignafélagið Stoðir um afnot af hátt í sextán þúsund fermetrum í tveimur af glæsilegustu fasteignum Stoða í miðborg Kaupmannahafnar.

Danske Bank hefur gert leigusamning til tíu ára við Stoðir og flytur í október með fjögur hundruð starfsmenn í ØK-byggingu sem stendur við höfuðstöðvar bankans við Holmens Kanal. Á sama tíma flytjast höfuðstöðvar Gudme Raaschou Bank í Tietgenshus, sem Stoðir eiga. Húsið er eitt af kennileitum borgarinnar enda stendur það við Kristjánsborgarhöll, þinghús Dana, að því er fram kemur í tilkynningu frá Stoðum. Arkitektastofan THG-Arkitektar vinnur nú að breytingum á innviðum hússins sem er rúmir tíu þúsund fermetrar að stærð. - jab


VMWARE SKRÁÐ Á MARKAÐ John Thain, forstjóri Kauphallarinnar í New York, og fleiri forsvarsmenn VMware fagna eftir að Diane Green, forstjóri VMware, opnaði fyrir viðskipti á hlutabréfamarkaðnum í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Nýliðinn rauk upp

Gengi bréfa í bandaríska hugbúnaðarfyrirtækinu VMware rauk upp um rúm 70 prósent frá útboði við skráningu þess á markað í Kauphöllinni í New York í Bandaríkjunum í fyrradag í skugga lækkunar á helstu vísitölum.

Gengi bréfa í fyrirtækinu, sem hefur verið í eigu bandaríska hugbúnaðar- og gagnageymslufyrirtækisins EMC frá í byrjun árs 2004, var 29 dalir á hlut, sem var 21 prósenti yfir útboðsgengi. Gengið tók hins vegar sprettinn í fyrstu viðskiptum dagsins og rauk upp um rúm 80 prósent áður en það tók svo að dala lítillega.

VMware framleiðir og heldur utan um svokallaða sýndarkeyrslu, sem gerir fyrirtækjum kleift að láta eina tölvu virka sem margar en slíkt lækkar mjög kostnað fyrirtækja við rekstur tölvukerfa.

Mikillar eftirvæntingar hefur gætt á bandarískum fjármálamarkaði í Bandaríkjunum vegna skráningar VMware og hefur verið talað um fyrirtækið sem arftaka Google, sem skráð var á markað fyrir tæpum þremur árum. Gengi fyrirtækisins hefur sexfaldast síðan þá. - jab

# Rauðir dagar á markaði

**Fjárfestar horfðu upp á rauðan dag á hlutabréfamarkaði um allan heim í gær. Sérfræðingur hjá Landsbankanum segir niðursveiflu líkt og þá sem nú gengur yfir standa í fimm til sjö vikur.**



DAPRIR VERÐBRÉFAMIÐLARAR Í KAUPHÖLLINNI Í NEW YORK Niðursveiflan hélt áfram á fjármálamörkuðum í gær eftir að verslanarisinn Wal-Mart og Home Deport, ein stærsta byggingavöruverslanakeðja Bandaríkjanna, spáðu því að neytendur muni halda að sér höndum á næstunni. Slíkt getur komið niður á hagvexti á heimsvísu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Helstu vísitölur fóru niður um rúmt prósentustig á fjármálamörkuðum í Evrópu og Asíu í gær að Ítalíu, Grikklandi, í Lúxemborg og Austurríki undanskildum en hlutabréfamarkaðir þar voru lokaðir. Samfellt lækkanaferli á alþjóðamarkaði hefur verið svo til síðan í lok síðustu viku þegar BNP Paribas, einn stærsti banki Frakklands, greindi frá því að hann hefði skrúfað fyrir sjóði sína í nokkra daga af ótta við að áhrif af samdrætti á bandarískum fasteignalánamarkaði myndi leiða til lausafjárskorts.

Gengi bréfa í bönkum og fjármálafyrirtækjum leiða lækkunina nú líkt og síðustu daga. Sem dæmi um það lækkaði gengi Deutsche Bank, stærsta banka Þýskalands, um 2,5 prósent við opnun hlutabréfamarkaðar í gær. Aðrir bankar voru á svipuðu róli. Matsfyrirtæki hafa endurskoðað spár sínar vegna þessa en til marks um það mælir Merrill Lynch með því að fjárfestar haldi fremur í bréf sín í Deutsche Bank en að þeir kaupi meira.

Titrings hefur gætt í sumar á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum því vextir hafa hækkað í Bandaríkjunum samhliða samdrættinum vestra og komið illa við kaunin á evrópskum og asískum fjármálafyrirtækjum sem hafa fjárfest í bandarískum húsnæðislánasöfnum.

Kristján P. Bragason, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, segir óróleikann á fjármálamarkaði hafa verið að festast í sessi, ekki síst eftir slæmar afkomuspár bandarísku verslunarkeðjunnar Wal-Mart og byggingavörukeðjunnar Home Depot, frá á þriðjudag sem varð til þess að vísitölur í Bandaríkjunum fór niður sama dag. „Uppgjörin voru ágæt en í þeim kemur fram að hægja muni á hagkerfi í Bandaríkjunum vegna óróleikans og vandamála á húsnæðismarkaði. Það getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og dregið úr hagvexti,“ segir hann en bætir við að bandaríska hagkerfið sé svo stórt að ósjálfrátt geti það dregið úr hagvexti annarra landa.

Kristján segir niðursveifluna hafa nú staðið yfir með hléum í þrjár vikur. Allajafna sé gert ráð fyrir því að niðursveiflur standi yfir í fimm til sjö vikur þótt það sé ekki lögmál. Því megi reikna með einhverri niðursveiflu næstu vikur í samræmi við þetta. Dýfan verður hins vegar ekki jafn mikil. „Það er talað um að 75 prósent af niðursveiflunni verði á fyrstu þremur vikunum og því verði hún minni næstu vikur. En þetta er ekki algilt,“ segir Kristján. jonab@frettabladid.is

# Eignir tryggingafélaganna rýrna



HÖFUÐSTÖÐVAR TM Eignir tryggingafélaganna eru metnar á tæplega 182 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Heildareignir tryggingafélaganna voru 181,5 milljarðar króna í lok júní síðastliðins, og höfðu dregist saman um tvo milljarða króna frá fyrri mánuði.

Meginástæðan er rúmlega fimm milljarða verðrýrnun útlána og markaðsverðbréfa, sem eru tæplega sextíu prósent af heildareignum tryggingafélaganna. Hlutabréfaeign félaganna hækkaði að virði um 2,3 milljarða á tímabilinu, en staða útlána lækkaði um 7,4 milljarða króna.

Vátryggingaskuld var óbreytt frá fyrri mánuði. - jsk

# Mikill kippur í áfengissölu


Í VÍNBÚÐ ÁTVR Velta í dagvöruverslun jókst um 12,7 prósent í júlí miðað við sama tíma í fyrra. Áfengissala jókst um 6,8 prósent milli ára.

Velta í dagvöruverslun í júlí jókst um 12,7 prósent á föstu verðlagi sé miðað við sama mánuð í fyrra, samkvæmt nýbirtum tölum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar. Verðlag á dagvöru lækkaði um þrjú prósent á tímabilinu. Velta í dagvöruverslun jókst um 4,2 prósent milli mánaða.

Sala á áfengi jókst um 6,8 prósent á föstu verðlagi milli ára. Fram kemur í tilkynningu frá Rannsóknarsetri verslunarinnar að sala áfengis hafi tekið mikinn kipp nú í sumar og að líklegt sé að veðurblíða sumarsins hafi átt þar hlut að máli.

Tæplega tuttugu prósenta aukning varð á komum erlendra ferðamanna til landsins, og er áætlað að þeir hafi eytt tæplega þremur milljörðum hér á landi í júlí.

Kreditkortavelta jókst um 9,8 prósent á fyrri helmingi árs. Erlend greiðslukortavelta hérlendis jókst um 13,2 prósent á sama tímabili. - jsk




# Þekking fær gullvottun

Nýverið hlaut Þekking hf. gullvottun frá tékkneska fyrirtækinu ALWIL Software, framleiðanda avast! vírusvarnarhugbúnaðarins.

Þekking er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur sérhæft sig í þjónustu við avast! og hefur leyfi til endursölu á hugbúnaðinum á Íslandi.

Í tilkynningu segir að áfanginn sé fyrirtækinu mikilvægur þar sem áhersla hafi verið lögð á að kynna og byggja upp sérþekkingu á avast! Þá sé gullvottunin til marks um góðar viðtökur á hugbúnaðinum hér á landi. - hhs




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd er leðuráklæði. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hver og einn getur lagt sitt af mörkum til að bæta heiminn.

# Að taka ábyrgð sem neytandi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Fair Trade eru alþjóðleg regnhlífarsamtök sem starfa með það markmið að efla viðskiptasambönd við þriðja heiminn. Fair Trade-merkið á að tryggja að sanngjarnt verð hafi verið greitt fyrir vöruna. Barnaþrælkun er ekki heldur liðin við framleiðslu vörunnar, starfsmenn mega vera í verkalýðsfélögum og fara á eftir Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna auk þess sem varan á að vera framleidd á umhverfisvænan hátt.

Fjallað var um Fair Trade, sem kalla mætti sanngjörn viðskipti, í Markaðnum í síðustu viku og var tilefnið að opnuð hefur verið lítil verslun í miðbæ Reykjavíkur sem eingöngu verslar með vörur sem eru Fair Trade-vottaðar. Slíkar vörur fást einnig í einhverjum mæli í heilsuverslunum og jafnvel venjulegum stórmörkuðum.

Fair Trade-aðferðin hefur verið gagnrýnd og þá aðallega á þeim forsendum að um misskilda góðmennsku sé að ræða, að verðið sem greitt sé fyrir vörurnar sé iðulega hærra en raunverulegt markaðsverð sem leiði til offramleiðslu sem aftur leiði til enn lægra verðs hjá þeim sem ekki framleiða undir merkjum Fair Trade.

Það getur þó aldrei verið nema sanngjarnt að borga mannsæmandi laun fyrir vinnu, svo ekki sé minnst á að mannréttindi framleiðendanna séu tryggð. Þannig hlýtur að vera eftirsóknarvert að leggja sitt af mörkum til að þessari starfsemi vaxi fiskur um hrygg.

Með því að velja Fair Trade-vörur er hver og einn neytandi að leggja sitt af mörkum til að bæta líf fólks í þriðja heiminum. Því meiri eftirspurn eftir vörunum því fleiri hljóta að fá tækifæri til að tengjast viðskiptanetinu.

Vestrænir neytendur verða stöðugt meðvitaðri. Meðan hluti neytenda heldur vissulega áfram að auka neyslu fer sá hópur stækkandi sem velur fremur að kaupa meiri gæði í minna mæli. Þessi hópur neytenda hefur líka í vaxandi mæli áhuga á að vita hvar og við hvernig aðstæður varan er framleidd.

Þessum hópi neytenda er ekki aðeins umhugað um eigin heilsu. Hann vill leggja sitt af mörkum, ekki bara með því að kaupa vörur sem framleiddar eru með virðingu fyrir því fólki sem við framleiðsluna vinnur heldur einnig jörðinni sem við byggjum öll.

Ef að er gáð getur nefnilega hver og einn samfélagsþegn lagt heilmikið af mörkum til að bæta lífið á jörðinni og aðferðirnar eru fjölmargar.

Val á bifreið með tilliti til þess hversu mikið hann mengar er dæmi um þetta. Vistvænst er svo vitanlega að nota almenningssamgöngur eða ferðast fyrir eigin afli gangandi eða hjólandi verði því við komið. Meðferð sorps er einnig dæmi um hvernig hver og einn getur lagt sitt af mörkum.

Ábyrgðinni á framtíð jarðarinnar verður ekki eingöngu varpað til stjórnmálamanna þótt vissulega gegni þeir lykilhlutverki. Hver og einn skiptir máli og fjöldahreyfing getur gert kraftaverk.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

NETSKRÁNINGU LÝKUR Í DAG KL. 20

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 18. ÁGÚST 2007

Nánari upplýsingar á marathon.is.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

ICELANDAIR GLITNIR FRÉTTABLAÐIÐ Reykjavíkurborg marathon.is asics SUZUKI POWERADE Margt smátt

## FRÁ DEGI TIL DAGS



### Montflug

Mikið hefur verið rætt um þyrlu Magnúsar Kristinssonar útgerðarmanns í Eyjum. Þyrlan, sem er græn að lit með gullnum röndum og af gerðinni Bell 430, er öll hin glæsilegasta, tekur sjö manns í sæti og er með mínibar svo fátt eitt sé nefnt. Ekki virðist Magnúsi leiðast öll sú umræða sem skapast hefur um þyrluna því á þriðjudaginn mátti sjá þyrluna svífa yfir miðbæ Reykjavíkur. Svo virtist sem um nokkurs konar montflug væri að ræða því þyrlan flaug heldur lágt og sveimaði að mestu yfir Sólfarinu við Sæbraut þar sem hún sást hvað best.

### Skandalsferja

Dr. Gunni veltir fyrir sér kostnaðinum við Grímseyjarferjuna eða Skandalsferjuna eins og hann kallar hana. Eins og doktorinn bendir réttilega á er reikningsdæmið einfalt; 99 manns búa í Grímsey og ferjan kostaði 500 millur sem gerir fimm milljónir og fimmtíu þúsund á hvern Grímseying. Og doktorinn spyr hvort það sé nokkur ofrausn?

### Minna í Héðinsfjarðargöng

Doktorinn heldur svo áfram útreikningum sínum og bendir á að Héðinsfjarðargöng muni kosta sjö milljarða hið minnsta. Sé milljörðunum sjö deilt á íbúa Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, sem eru um 2.500 talsins, má gera ráð fyrir að göngin kosti aðeins um 2,8 milljónir á hvern íbúa.



kristjan@frettabladid.is

# Ábyrgðarleysi sem lífsstíll



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Enn um lög og reglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu birti fróðlega grein í Morgunblaðinu 13. ágúst. Þar segir: „Tölur upplýsinga- og áætlanadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sýna, að ofbeldisbrotum á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum.“ Ennfremur segir í grein lögreglustjórans: „Að sama skapi sýna þessar tölur að alvarlegum ofbeldisbrotum hefur fækkað umtalsvert á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra.“ Með greininni birtir lögreglustjórinn auk annars ítarefnis mynd, sem kollvarpar þessum fullyrðingum hans. Myndin sýnir, að kærðar líkamsárásir á fyrri hluta þessa árs voru fleiri – já, fleiri! – en þær voru 1998 og 2002, bæði í 101 Reykjavík og öðrum borgarhlutum. Myndin sýnir einnig berlega, að kærðum líkamsárásum í skilningi 217. greinar hegningarlaga hefur fjölgað um meira en helming síðan í fyrra; samanburðurinn á við fyrstu sex mánuði beggja ára. Það er að vísu rétt hjá lögreglustjóra, að meiri háttar líkamsárásum í skilningi 218. greinar hegningarlaga hefur fækkað frá sama tíma í fyrra, en þær voru eigi að síður tvöfalt fleiri fyrstu sex mánuði þessa árs en á sama tíma 1998.

Lögreglustjórinn segir í grein sinni: „Fjöldi lögreglumanna á vakt um hverja helgi er að minnsta kosti tvöfaldur miðað við það sem venjulegt er.“ Með þessum orðum staðfestir hann fyrir sína parta það, sem allir vita og margir hafa sett út á: að lögreglan er nánast ósýnileg í miðborg Reykjavíkur á síðkvöldum um helgar. Þess vegna meðal annars eru ofbeldisverkin í miðborginni orðin svo tíð, að lögreglunni hefur verið ögrað svo, eigi mjög fyrir löngu, að ofbeldismenn ...

er annaðhvort meðvitundarlaust eða verulega illa farið.“

## Allir ábyrgir

Fyrir viku lýsti ég að gefnu tilefni eftir auknu fé handa lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, svo að hún geti staðið tryggari vörð um eyru, líf og limi borgarbúa og stemmt stigu fyrir grófu ofbeldi, sem saklausir vegfarendur verða fyrir flestar helgar og stundum einnig í miðri viku, á öllum tímum sólarhrings. Ætla hefði mátt, að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tæki fagnandi undir svo frómar óskir úr óvandabundinni átt, en það gerði hann ekki í grein sinni í Morgunblaðinu. Hann reynir heldur að varpa ábyrgðinni á ófremdarástandinu í löggæzlumálum höfuðborgarinnar yfir á aðra. Hann segir berum orðum: „Þar er ábyrgð borgaryfirvalda og rekstraraðila veitinga- og skemmtistaða mest.“ Og hann bætir við eins og til málamynda: „Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leikur þar einnig hlutverk ...“, en það virðist vera aukahlutverk í augum lögreglustjórans.

Í grein minni á þessum stað fyrir viku lýsti ég menningarástandi löggæzlumálanna svo, að þar séu allir kallaðir til ábyrgðar, svo að enginn beri ábyrgð. Þetta var ítalskt grín og átti að vera auðskilið. Þetta var það, sem forstjóri Landsvirkjunar sagt, þegar vitleysan og spillingin keyrðu um þverbak í stjórnartíð kristilegra demókrata: „Nú breytum við öllu, svo að ekkert breytist.“ Og þá kemst ég að því fyrir einskæra tilviljun, að dómsmálaráðherra hafði komizt að svo felldri niðurstöðu á vefsetri sínu tveim dögum fyrr: „Besta leiðin til að auka næturöryggi í miðborg Reykjavíkur er að kalla alla til ábyrgðar.“ Í þessi orð ráðherrans vitnar lögreglustjórinn með velþóknun, en hann var einmitt starfsmaður dómsmálaráðuneytisins þar til fyrir skömmu. Sem sagt: Það er opinber ásetningur dómsmálaráðuneytisins og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, að allir – það er að segja enginn! – beri ábyrgð á öryggi borgaranna. Er hægt að hugsa sér skýrari skilaboð til ofbeldismanna? Er ekki kominn tími til að setja þessum mönnum stólinn fyrir dyrnar?

## Raunhæf tillaga

Í grein sinni í Morgunblaðinu ber lögreglustjórinn sig aumlega undan umræðunni um öryggismál íbúa höfuðborgarsvæðisins og gesta þeirra og segir: „Þar hafa ekki heldur verið komnar raunhæfar tillögur um lausnir á þeim vanda sem við er að fást.“ Ég er á öðru máli. Ég lagði það góðfúslega til fyrir viku, að dómsmálaráðherra yrði ásamt yfirstjórn lögreglunnar kallaður til ábyrgðar á ítrekuðum ofbeldisverkum í höfuðborginni og ábyrgir menn, sem borgararnir geta treyst, tækju við yfirstjórn dómsmála og efldu löggæzlu. Sú tillaga þætti ekki bara fyllilega raunhæf, heldur beinlínis sjálfsögð í öðrum löndum, þar sem stjórnmálamönnum og embættismönnum er gert að axla ábyrgð á alvarlegum misbrestum í málaflokkum, sem þeir stjórna. Ég hef spurt þingmenn um málið. Þeir segja mér, að það taki því ekki að flytja vantraust á dómsmálaráðherrann, því það sé löngu ákveðið, að hann verði innan tíðar gerður að sendiherra. Þannig sæta menn ábyrgð á Íslandi.

# Afglöp ráðherra

UMRÆÐAN

Grímseyjarferja



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um kaup og endurbætur á nýrri Grímseyjarferju er þungur áfellisdómur fyrir alla sem að málinu koma. Segir þar að nákvæmari greining á þörf, kostnaði og ábata og ítarlegri skoðun á þeirri ferju sem keypt var hefði skipt verulegu máli. Þá kemur fram að meðferð fjármálaráðuneytisins á skattpeningum almennings hafi verið mjög ábótavant.

Ábyrgðin liggur vissulega hjá fyrrverandi samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssyni, sem virðist hafa hunsað tillögur bæði hagsmunaaðila og eigin starfshóps. Í yfirlýsingu frá sveitarstjórn Grímseyjarhrepps kemur fram að aldrei hafi verið haft samband við neinn í sveitarstjórninni né aðra Grímseyinga, hvorki til að fá álit, athugasemdir eða til að leita eftir gögnum er málið varða. Að hunsa tillögur starfshóps sem ráðherra sjálfur skipaði er út af fyrir sig undarleg ákvörðun. Mun alvarlegra er þó að virða að vettugi tillögur heimamanna, þeirra sem mestra hagsmuna eiga að gæta í málinu.

Ábyrgðin liggur ekki síður hjá Árna Mathiesen fjármálaráðherra. Af lýsingum Ríkisendurskoðunar að dæma virðist hafa verið rík þörf á að gera miklar kröfur m.a. til verktryggingar og gæðavottunar á viðgerðaraðstöðu. Það að draga úr kröfum á útboðslýsingu vegna þrýstings frá hagsmunaaðilum var því bæði aum ákvörðun og afdrifarík.

Þá féllst fjármálaráðuneytið líka á það með samgönguráðuneytinu og Vegagerðinni að veita leyfi til að ferjan yrði fjármögnuð með ónýttum fjárlagaheimildum en sú aðferð stenst engan veginn ákvæði 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2006, þar sem aðeins er veitt heimild til „að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju“. Fjármálaráðuneytið hefur því farið langt út fyrir lagalegar heimildir sínar sem er ekki bara vond stjórnsýsla eins og Ríkisendurskoðun kemst að heldur alvarleg afglöp af hálfu ráðherra.

Nýr samgönguráðherra hafði stór orð um ábyrgð þeirra ráðherra sem færu með málaflokkinn í nýafstaðinni kosningabaráttu. Nú er hann í aðstöðu til að kalla til ábyrgðar þá sem raunverulega klúðruðu málinu. Af ofangreindu að dæma er það ekki bara Vegagerðin sem þarf að sæta ábyrgð.

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.*

Vegagerðin sem þarf að sæta ábyrgð.

*Höfundur er þingmaður Framsókn*



**FÓLAT LENGIR LÍFIÐ**

Fólat er yfirheiti á vissri tegund B-vítamíns, en heitir fólínsýra í vítamínbættum matvælum og töfluformi.

HEILSA 4



**VÍSAÐU MÉR Á BERJAMÓ**

Berjatíðin er hafin og fólk flykkist út í móa með tínur og fötur. Fréttablaðið fann nokkra nytsamlega hluti sem nýtast vel í berjamó.

HEIMILI 6

# allt




Húsgagna Lagersala

Stórfengleg lagersala á húsgögnum og rúmum.

Allt að 90% afsláttur.

Erum í Dugguvogi 2 (innan við Slippfélagið)
S: 557 9510



Sófar, svefnsófar, rúm, rúmgaflar, sófaborð, stólar, borðstofuborð, eldhúsborð, eldhúsinnréttingar, garðhúsgögn, borðstofuhúsgögn og margt fleira.

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið




# Afslöppuð sumartíska

***Nýafstaðin tískuvika í Kaupmannahöfn vakti athygli í heimi tískunnar.***

Á vefsíðunni vogue.co.uk er hægt að skoða myndir af tískuvikunni í Kaupmannahöfn. Jafnframt er þar hægt að kjósa hvaða hönnuðir þóttu skara fram úr og eru líklegastir til að fá að kynna fatalínu sína í París, New York, London eða Mílanó. Danir hafa náð athygli heimsins. Þeir hafa getið sér gott orð fyrir innanhúshönnun og því ætti engum að koma á óvart að tískuhönnun þeirra þykir engu síðri. Á tískuvikunni í Kaupmannahöfn sýndu hönnuðurnir Bitte Kai Rand & Co., Baum und Pferdgarten, Day Birger et Mikkelsen og fleiri hönnun sína fyrir næsta sumar. Jarðlitir og gráir tónar voru áberandi ásamt víðum kjólum. Og virðist sem afslappað andrúmsloft verði ráðandi í tísku næsta sumars, í anda frænda vorra Dana. Tískumógúlar mættu á flestar sýningar og þekktar fyrirsætur þrömmuðu eftir sýningarpöllunum og Mary prinsessa lét sig ekki vanta. Ekki er við öðru að búast en tískuvikan í Kaupmannahöfn eigi eftir að vekja mikla athygli á komandi árum og upprennandi stjörnur í heimi tísku og hönnunar eftir að stíga þar sín fyrstu skref.

*kristineva@frettabladid.is*


Netreikningur SPK

Vextir allt að 14,60%*

Tryggðu sparifé þínu topp ávöxtun

Sæktu um á www.spk.is



SPK SPARISJÓÐURINN

* M.v. vaxtatöflu SPK 31.07.2007



**Steinunn Sigurðardóttir** fatahönnuður starfaði um árabil sem hönnuður fyrir helstu tískuhús í heimi, meðal annars hjá Ralph Lauren, Calvin Klein og Gucci. Verk Steinunnar hlutu mikið lof á nýafstaðinni tískuviku í Kaupmannahöfn. www.steinunn.com


Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX HAFRAVAX SÚKKULAÐISTRIMLAR FYRIR ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. *Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
ÚTSÖLUSTAÐIR: Árbæjarapótek, Fjarðakaup og Lyfjaval



EYE-CARE

Vision Eye Care

- Dauðhreinsaðir augnklútar sem þrífa viðkvæm augnsvæði.
- Innihalda kamillu og glýserín sem hafa róandi og rakagefandi áhrif.
- Einstaklega góðir fyrir linsunotendur.
- Vernda pH gildi augnanna.
- Klútarnir eru augnlæknisfræðilega- og ofnæmisprófaðir og innihalda ekki ertandi efni.




Fæst í apótekum um land allt



-20%

SKÓLADAGAR
15 ágúst - 3 september

Hjá okkur færðu flott föt fyrir skólann.
Opið frá 10- 21 á menningarnótt



DU PAREIL au même
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750









Bitte Kai Rand sýndi látlausa línu með afar skandinavísku yfirbragði. Fallegt og einfalt.



Tískumerkið Marlene Birger hafði glamúrinn af leiðarljósi við hönnun á fatnaði næsta sumars.

Day Birger et Mikkelsen kynnti síð pils og kjóla fyrir næsta vor.



Mary prinsessa lét sig ekki vanta á tískuvikuna. Hér er hún á tali við Baumgarten, annan hönnuð Baum & Pferdgarten.



Nærbuxur og doppur frá Noa Noa.





Grár þröngur prjónakjóll eftir Bitte Kai Rand.

# Í sandinum á háum hælum

***Fallegur og einfaldur fatnaður var kynntur á tískuvikunni í Kaupmannahöfn.***

Ekki fór mikið fyrir litagleðinni á tískupöllum Kaupmannahafnar því þar réðu jarðlitir, hvítur og gráir tónar ríkjum. Ströndin og afslappelsi sumarins virtist veita flestum hönnuðunum innblástur. Bitte Kai Rand var jafnvel með hvítan sand á pallinum sem fyrirsæturnar gengu á á háum hælum. Safarístemning var á sýningu Baum und Pferdgarten og silfurliturinn var óspart notaður í flíkum þeirra.

*- keþ*


**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**



**NÝTT!!**
**Plokkari með ljósi**



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR





Fallegar töskur
Frábært úrval
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is




Haust og vetrarlína Burberry.

## Herðapúðarnir snúa aftur

HERÐAPÚÐAR VORU Í TÍSKU Á NÍUNDA ÁRATUGNUM OG ÞEIM FIMMTA.

Á fimmta áratugnum voru herðapúðar í peysum og drögtum og mittið dregið saman með belti. Sama er upp á teningnum í vetur. Breið teygjubelti eru sett utan um jakka, samfestinga og prjónapeysur og herðarnar eru breiðar og nánast karlmannlegar.

*- keþ*


Leggings voru notaðar við allar flíkur Bitte Kai Rand.


Baum und Pferdgarten með sumarlínu sína. Takið eftir silfurlituðum hnjáhlífunum.


Hnésíðar stuttbuxur á strákana frá Day Birger et Mikkelsen.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Úlpa eða rósóttir diskar

Það er bæði fallegt og sorglegt að koma úr fríi og sjá hvarvetna vetrarútstillingarnar í gluggum verslana og tískuhúsa. Vetrartískan minnir á góða hreingerningu þegar útsölum er lokið í „ódýrari búðunum“. Allt í einu eru útstillingarnar dökkar og hreinlegar eftir litagleði sumarsins. Í fínu tískuhúsunum hefur vetrartískan hins vegar verið í gluggum síðan í júnílok. En þessar útstillingar boða lok sumarsins og í París þar sem sumrinu hefur fyrir löngu verið skolað burt í niðurföllum borgarinnar í sögulegu rigningarsumri er það enn sorglegra fyrir vikið. Sumarið sem ekki kom er senn á enda og erfitt að hugsa sér að nú þegar þurfi að kaupa vetrarfötin. Eins er líklegt að fólk hér muni vel hversu milt síðasta haust var og nánast enginn vetur. Kaupmenn áttu í mestu vandræðum með að selja yfirhafnir og almenningur hleypur kannski ekki beinlínis til í þetta skiptið og leggur út fúlgur í þykkar flíkur sem eiga jafnvel eftir að hanga í skápnum í allan vetur.

Ágústmánuður er einkennilegt tímabil í París, blanda af afslöppun og kæruleysi og óstöðvandi ferðamannastraumi. Í ágúst eru íbúar borgarinnar úti um hvippinn og hvappinn í sumarfríum; hér er annað hvert smáfyrirtæki lokað vegna sumarleyfa en ferðamenn hvert sem litið er. Viðskiptavinir frá Austurlöndum nær fara um í flokkum í fínu tískuhúsin og stóru magasínin þó hátt gengi evrunnar spilli eitthvað kaupgleðinni þar sem þessir viðskiptavinir flytja með sér bunka af olíudollurum. En olíufurstarnir fara einnig í ódýrari búðir líkt og Zara, Gap og H&M sem þekktar eru fyrir að fylgjast vel með tískustraumum.



Þessar búðir bjóða upp á tvenns konar fatnað í sumarlok. Haust- og vetrartísku fyrir þá sem vilja vera á undan og sleppa við asa upphafs skólaársins í september eða eru hér aðeins á ferðinni í stuttan tíma og vilja gjarnan versla dálítið í leiðinni eins og Íslendingum er svo tamt. Þess vegna verða búðirnar að vera vel í stakk búnar og birgar af vetrarvörum. Á sama tíma er ákveðinn hluti af vörunum eins og brú milli árstíðanna, haustlegar, en þó með stuttum ermum og buxum í bland, eins og í sumartískunni.

Sumir kaupmenn bíða aðeins og blanda saman við nýjar vörur afgöngum af sumarútsölunum sem þeir selja á góðu verði og má víða sjá límt í glugga „fin des séries“. Þess vegna keypti ég einmitt í morgun átta rósótta diska með gylltri rönd á spottprís. Ætlaði bara að taka fjóra en sölukonan sagði að þetta væru þeir átta síðustu og ófáanlegir á eftir. Vetrarfötin bíða hins vegar betri tíma.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*


Fatalína Madonnu fæst í H&M.

## H&M undir væntingum

***Júlísala tískuverslana H&M var undir væntingum. Fáum laugardögum um að kenna.***

Sænski tískurisinn Hennes & Mauritz birti í gær slakari söluhagnað fyrir júlímánuð en fyrirtækið reiknaði með eftir að sala í verslunum H&M jókst um 17 prósent í júní. Sala í áþekkum verslunum sem opnar höfðu verið í að minnsta kosti eitt ár hækkuðu um aðeins 2 prósent á móti 5 prósentum í júní, eða alls 14 prósent.

„Við bjuggumst við meiri sölu en það munar ekki miklu,“ sagði talsmaður H&M um málið og bjóst við að hlutabréf fyrirtækisins lækkuðu eitthvað í kjölfarið.

„Fjórtán prósenta söluaukning er langt frá okkar væntingum. Í ár var einum laugardegi færra í júlímánuði miðað við júlí í fyrra, sem gæti skýrt neikvæða útkomu,“ sagði talsmaður H&M, en í samanburði reis söluhagnaður H&M um 11 prósent í júlí 2006.

Söluhagnaður H&M, sem hannar og selur allt frá undirfötum upp í jakkaföt, hefur vaxið hratt eftir að poppstjörnurnar Madonna og Kylie Minogue hönnuðu fatalínur fyrir fyrirtækið, og hafði fyrirtækið opnað 1422 verslanir í heiminum um síðustu mánaðamót, þær voru 1248 á sama tíma í fyrra.












**Reykjavíkurmaraþonið** fer fram laugardaginn 18. ágúst og enn er hægt að skrá sig í hlaupið. Í boði eru nokkrar vegalengdir svo flestir ættu að geta fundið eitthvað við hæfi. Sjá www.marathon.is




Stinnari á 4 vikum...

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!





SLENDERTONE

System belti fyrir kviðvöðva

dömu / herra

kr. 19.980,-

eða 6.660 á mán. í 3 mán.

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is



ENGLAKROPPAR



Við hjálpum þér að komast í form

Við losum þig við appelsínuhúð slit, slappa húð & aukakíló!

4, 6 og 8 vikna átak í boði

...fleiri frábær tilboð á vefsíðunni okkar

www.englakroppar.is

"Fake bake brúnkumeðferð"

ENGLAKROPPAR / LANGARIMA 21 / S: 587 3750


# Fólatrík fæða

***Hér eru taldar upp fólatríkar fæðutegundir en fólat er börnum og fullorðnum lífsnauðsynlegt vítamín:***

- Spínat, spergilkál (brokkólí), steinselja, spergill, rósakál, blómkál, kínakál, blaðsalat, blaðlaukur, graslaukur, grænkál, rauð paprika, avókadó, rauðkál, hvítkál.



- Jarðarber, kíví, appelsínur.



- Vítamínbætt morgunkorn (skoðið innihaldslýsingu á umbúðum), múslí, hafra-mjöl, gróft brauð (t.d. maltbrauð), hveitikím, hveitiklíð, sesamfræ, hörfræ, hnetur, möndlur, hnetusmjör.



- Kjúklingabaunir, sojabaunir, nýrnabaunir.



Elva Gísladóttir, næringarfræðingur hjá Lýðheilsustöð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fólat lengir lífið

***Mikilvægi B-vítamínsins fólats ætti að vera öllum þeim ljóst sem aðhyllast heilsusamlegt mataræði og heilbrigt líferni.***

Nýlega birti bandaríska tímaritið American Journal of Clinical Nutrition niðurstöður sænskrar rannsóknar sem sýndi að aukin inntaka fólats tengdist lægri tíðni brjóstakrabbameins í konum eldri en 50 ára, en konunum var fylgt eftir í níu og hálft ár.

„Niðurstöður leiddu í ljós að konur sem neytt höfðu fólatríkrar fæðu á þessum tæpa áratug fengu síður brjóstakrabbamein eftir tíðahvörf," segir Elva Gísladóttir, næringarfræðingur hjá Lýðheilsustöð, en Elva vinnur nú að uppfærslu á bæklingnum Fólat, sem senn kemur fyrir augu almennings.

„Fólat er lífsnauðsynlegt fyrir alla; börn, konur og karla. Fólat er yfirheiti á vissri tegund B-vítamíns, en heitir fólínsýra í vítamínbættum matvælum og töfluformi. Ráðlagður dagskammtur fullorðinna er 300 míkrógrömm fyrir bæði kynin, en konur á barneignaraldri þurfa 400 míkrógrömm," segir Elva og leggur ríka áherslu á að konur á barneignaraldri taki 400 milligrömm af fólati (fólínsýrutöflu) daglega sem viðbót við fólatríkt fæði.

„Þá er einnig mikilvægt að taka inn fólínsýru fyrstu tólf vikur meðgöngunnar. Með þessu er dregið úr líkum á skaða í miðtaugakerfi fósturs, svo sem klofnum hrygg, heilaleysi og vatnshöfði."

Fólat finnst einkum í grænmeti, ávöxtum, hnetum, baunum og vítamínbættu morgunkorni, en sem dæmi má uppfylla dagsþörf fullorðinna með einni og hálfri skál af vítamínbættu morgunkorni, þótt Elva mæli vitaskuld með fjölbreyttu og fólatríku mataræði, fremur en einhæfri vítamíninntöku af því tagi.

„Ráðleggingin um fimm dagskammta af ávöxtum og grænmeti er enn í fullu gildi. Fólat er nauðsynlegt fyrir efnaskipti kjarnsýra og amínósýra, það vinnur með B12-vítamíni við myndun heilbrigðra blóðfruma og getur hugsanlega dregið úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum vegna þeirrar verkunar að lækka styrk amínósýrunnar hómósýstein í blóði," segir Elva.

„Fólat er ekki skaðlegt efni en of stórir skammtar geta að vísu komið í veg fyrir nýtingu sinks og B12 úr fæðu. Lifur er geysilega auðug af fólati en er alls ekki fyrir ófrískar konur því hún er einnig rík af A-vítamíni sem í of miklum mæli er skaðlegt fyrir fóstur. Fólat er einnig mikilvægt smábörnum sem og eldri börnum, en þau þurfa það í miklu minna magni og er óþarfi að taka það inn sérstaklega. Við þurfum að hugsa vel um hvað við gefum börnum okkar að borða og mjög auðvelt er að uppfylla þörfina fyrir fólat með góðum og hollum mat. Eina vítamínið sem börn þurfa nauðsynlega til inntöku er teskeið af þorskalýsi svo þau fái nóg D-vítamín," segir Elva að lokum.

thordis@frettabladid.is

## Ráðlagðir dagskammtar af fólati:

| | |
|---|---|
| Smábörn yngri en 6 mánaða: | brjóstamjólk eingöngu |
| Smábörn 6 til 11 mánaða: | 50 míkrógrömm |
| Smábörn 12 til 23 mánaða: | 60 míkrógrömm |
| Börn 2 til 5 ára: | 80 míkrógrömm |
| Börn 6 til 9 ára: | 130 míkrógrömm |
| Börn 10 til 13 ára: | 200 míkrógrömm |
| Konur og karlar: | 300 míkrógrömm |
| Konur á barneignaraldri: | 400 míkrógrömm |
| Á meðgöngu og með barn á brjósti: | 500 míkrógrömm |




Ath! Ný námskeið hefjast 26. og 27. ágúst

Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Innritun á öll námskeið í síma 581 3730:

- TT 1 Vertu í góðum málum!
- TT Taktu þér tak!
- Rope Yoga
- 60 +
- Mömmumorgnar
- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal

Glæsilegur nýr tækjasalur!

Vertu velkomin í okkar hóp!

Nú geturðu gerst áskrifandi að líkamsrækt JSB

Betra verð í áskrift, aðeins 3.990 kr. á mánuði

- Opna kerfið - Þinn tími er kominn!

Barnagæsla - Leikland JSB

Sjá nánar á www.jsb.is

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



Hollt skal það vera á meðgöngu.

# Ruslfæði á meðgöngu

***Löngun í ruslfæði gæti gengið í erfðir.***

Mæður sem borða mikið ruslfæði á meðgöngu gætu verið að dæma börn sín til að langa í svipað fæði þegar þau vaxa úr grasi. Þessa ályktun draga vísindamenn af nýlegri rannsókn sem gerð var á rottum. Þegar þungaðar rottur voru aldar á kexi, snakki og sælgæti urðu afkvæmi þeirra líklegri til að sækja í sama óheilsusamlega fæðið. Er því talið að hegðun afkvæmanna hafi verið „forrituð“ í móðurkviði.

Næringarfræðingar hafa ávallt lagt mikla áherslu á að verðandi mæður passi upp á mataræðið. Meðan á meðgöngu og brjóstagjöf standi sé óráðlegt að veita sér of mikið af sykur- og fituríkri fæðu og nota þá afsökun að borða þurfi fyrir tvo.

Af fréttavef BBC

# Þrír greinst með berklasmit á árinu

***Farsóttafréttir landlæknisembættisins eru komnar út á vef embættisins.***

Þrír einstaklingar hafa greinst með berkla á Íslandi það sem af er árinu. Þetta kemur fram í Farsóttafréttum sem nýlega voru gefin út á vef landlæknisembættisins. Í tveimur tilvikum þótti ástæða til að gangast fyrir allumfangsmikilli rannsókn til að rekja hugsanlegt smit. Í maímánuði sl. greindust smitandi berklar hjá 84 ára gömlum vistmanni á elliheimili norður í landi. Í kjölfarið voru alls 157 manns sem höfðu haft samskipti við sjúklinginn rannsakaðir með tilliti til smits.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að enginn þeirra hafi smitast af berklum.

Hitt atvikið snerti erlendan starfsmann við Kárahnjúkavirkjun. Í kjölfarið hófst rannsókn á 159 starfsmönnum á svæðinu sem höfðu haft samskipti við sjúklinginn. Rannsóknin stendur enn yfir og er lokið rannsókn á 68 starfsmönnum, en enginn þeirra er talinn hafa smitast frá sjúklingnum.



Starfsmaður á Kárahnjúkum greindist með berklasmit á árinu.

Þó reyndust fimm þeirra með jákvætt berklapróf en voru ekki með lungnaberkla. Við slíku má búast því að víða erlendis er bólusett gegn berklum eða fólk kemst í snertingu við berklabakteríu þar sem sjúkdómurinn er landlægur.

Farsóttafréttir má nálgast á vefnum www.landlaeknir.is.











**Ráðgjafarstofa** um fjármál heimilanna aðstoðar fólk sem hefur lent í fjárhagslegum ógöngum. Þar er veitt ráðgjöf og á heimasíðu stofnunarinnar er meðal annars að finna leiðbeiningar við uppsetningu á heimilisbókhaldi. www.rad.is


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS




Minning Andy Warhol er heiðruð á þjóðminjasafni Skotlands.

## Súpa á safni

TUTTUGU ÁR ERU FRÁ DAUÐA ANDY WARHOL.

Í tilefni af 20 ára dánarafmæli listamannsins Andy Warhol stendur þjóðminjasafn Skotlands fyrir einni stærstu sýningu á verkum hans sem sett hefur verið upp. Til heiðurs Warhol hafa súlur safnsins verið pakkaðar inn í Campell-súpupakkningar en súpan spilaði stórt hlutverk í nokkrum verka listamannsins. Sýningin stendur frá ágúst fram í október og sýnd eru margvísleg verk eftir Warhol, sem var einn hugmyndaríkasti og afkastamesti listamaður tuttugustu aldarinnar.

# Könguló vísaðu mér á berjamó

***Berjatíðin er hafin og margir huga nú að því að sulta fyrir veturinn.***

Þrátt fyrir þurrviðri í sumar er berjatíð með betra móti. Bláber og krækiber má víða finna úti í móa og það getur verið skemmtileg fjölskylduferð að halda í móann með fötu í hönd til að tína nokkur ber. Sumir eiga draum um fallegar krukkur með sultum sem hægt er að gæða sér á yfir veturinn eða gefa vinum og vandamönnum í jólagjöf. Aðrir tína berin beint í munninn eða borða þau fersk með rjóma þegar heim er komið.

Þá er bara að grípa berjatínuna og halda af stað í berjamó.





Sultukrukkum má safna yfir árið og endurnýta. Það er skemmtilegt að vera með sultu í alls konar krukkum af öllum stærðum og gerðum. Þeir sem ekki nenna að safna geta líka fest kaup á til þess gerðum sultukrukkum eins og þessum sem fást í Hagkaupum. Þær eru í þremur mismunandi stærðum og allar kosta 99 krónur.



Þetta sigti hentar vel til að losna við smælkið og ruslið sem stundum vill koma með berjunum. Fæst í Húsasmiðjunni á 925 krónur.



Gott er að tína í box með loki. Handfang gerir berjatínsluna auðveldari. Þessi plastkanna með loki fæst í Europris á 349 krónur.



Berjatínur koma sér vel, sérstaklega við krækiberjatínslu. Annars er líka skemmtilegt að tína með höndum enda fylgir þá minna af rusli og smælki með. Þessi tína fæst í Húsasmiðjunni og kostar 1.225 krónur.



Fyrir þá stórtæku gæti þessi fata verið tilvalin. Hún er með loki sem hentar vel fyrir berjamóinn. Fæst í Europris á 149 krónur.



Þeir sem eru slæmir í hnjánum og vilja heldur sitja við berjatínsluna geta tyllt sér á koll eins og þennan. Svo fylgir sniðugur bakpoki með þar sem hægt er að geyma afraksturinn. Húsasmiðjan 890 krónur.


AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

www.nettoline.dk



Höldulausu Nettoline innréttingarnar fást í þremur litum, hvítt-matt, hvítt-háglans og beyki. En þú getur valið um 56 aðrar hurðagerðir og liti hjá okkur.

nettoline
Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

WWW.TEKK.IS | WWW.TEKK.IS | WWW.TEKK.IS | WWW.TEKK.IS | WWW.TEKK.IS | WWW.TEKK.IS




ÓTRÚLEGT ÚRVAL Á ÚTSÖLUNNI!
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP Á FALLEGUM HÚSBÚNAÐI
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18, LAUGARDAGA KL. 10-18 OG SUNNUDAGA KL.13-16

# menningarnótt

Laugardaginn 18. ágúst 2007



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

FRÉTTABLAÐIÐ
FIMMTUDAGUR 16. ÁGÚST 2007



Útskurður er ein af listgreinunum sem stundaðar eru á Vesturgötu 7.

# Sungið við flygilinn og dansað við harmónikkuspil

Opið hús verður fyrir alla aldurshópa í Félagsmiðstöðinni að Vesturgötu 7 milli klukkan 13 og 16 á menningarnótt. Þar verður veislukaffi á borðum og handverkssala, auk þess sem fólk verður að störfum við tréútskurð, hannyrðir, myndlist, bútasaum og postulínsmálun. Milli klukkan 13 og 14 verður sungið við flygilinn við undirleik Sigurgeirs Björgvinssonar og milli 14 og 15.30 dansað við undirleik frækins hóps úr félagi harmónikkuunnenda.

Klukkan 15.30 syngur kór félags aldraða, Söngfuglarnir, undir stjórn Árna Heiðars Karlssonar.

Hægt verður að fara í boccia, billjard og pútt og námsgögn úr ensku og spænsku verða til sýnis svo og munir úr glerbræðslu heimilisins.



Margt fallegt er búið til í félagsmiðstöðinni á Vesturgötu og þar verður handverkssala á laugardaginn.



Allir sem vilja geta gætt sér á heitum vöfflum og kaffi hjá íbúum í Þingholtunum á menningarnótt. Sveinn ætlar að bjóða upp á sérstaka leynivöffluuppskrift á heimili sínu að Baldursgötu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vöfflur í Þingholtunum

**Íbúar Þingholtanna ætla að bjóða gestum og gangandi í vöfflur og kaffi á menningarnótt. Sveinn Benediktsson er upphafsmaður þessarar skemmtilegu nýjungar sem vonandi verður gerð að hefð hér eftir.**

„Mér datt þetta í hug þegar ég var staddur ásamt konu minni á Litlu kaffistofunni. Ég sá að stjórn menningarnefndar óskaði eftir nýjum og frumlegum hugmyndum á dagskrá menningarnætur svo ég tók bara upp símann og sendi þeim tölvupóst á staðnum. Síðan var náttúrulega tekið svona gríðarlega vel í þetta að ég gat ekki svikist undan,“ segir Sveinn Benediktsson viðskiptastjóri hjá Microsoft sem ætlar að bjóða öllum sem vilja í vöfflur og kaffi á heimili sínu og hefur fengið fleiri íbúa Þingholtanna til að gera slíkt hið sama.

Sumir íbúar ætla enn fremur að bjóða upp á skemmtiatriði svo sem harmónikkuspil og listasýningu en hvað ætlar Sveinn að bjóða upp á? „Bara sjálfan mig og sérstaka leynivöffluuppskrift,“ segir hann glaður í bragði.

Halda mætti að Sveinn væri hinn mesti vöfflumeistari en svo er ekki. Þetta verður aðeins í þriðja skiptið sem hann bakar vöfflur. „Konan mín segir að mér hafi dottið þetta í hug af því að ég var svo svangur en það eru fleiri ástæður sem liggja að baki. Þegar ég flutti í húsið mitt þá gaf frænka mín mér vöfflujárn. Því fylgdi uppskrift ásamt skipun um að bjóða henni heim í vöfflur. Ég gerði það einu sinni og hef ekki gert það síðan, þannig að segja má að ég hafi farið úr öskunni í eldinn,“ segir Sveinn sem ætlar nú að bæta um betur og ekki aðeins bjóða frænku sinni, heldur öllum bæjarbúum í heimsókn.

Opið verður fyrir gesti á milli klukkan tvö og fjögur á laugardag og hafa tíu heimili skráð sig í vöfflubaksturinn. „Það eru reyndar færri heimili en ég bjóst við. Ég held að það sé ákveðin feimni í gangi með þetta, fólk veit ekki alveg út á hvað þetta gengur. Reykjavíkurborg útvegar allt hráefni þannig að fólk þarf ekki að standa í neinum kostnaði. Einnig verða sjálfboðaliðar að störfum fyrir þá sem þurfa einhverja aðstoð svo fyrirhöfnin verður sem allra minnst. Ég hvet fólk eindregið til að hafa samband við höfuðborgarstofu og skrá sig. “ Á heimasíðunni www.menningarnott.is er að finna heimilisföng þeirra sem ætla að ljúka upp dyrum sínum á menningarnótt en einnig verða lítil skilti sett út á götur í Þingholtunum til að auðvelda fólki leitina.

*mariathora@frettabladid.is*

# Hvíslað í heimsmetabók Guinness

Til stendur að setja heimsmet í hvísli á menningarnótt í lystigarði Einars Jónssonar á Skólavörðuholti, en til þess þarf að minnsta kosti 1.084 þátttakendur sem taka munu þátt í hvísluleik.

„Við erum staðráðin í að setja heimsmet og búin að skrá þátttöku hjá Heimsmetabók Guinness, sem setti þau skilyrði að við yrðum að hafa formlegan teljara á staðnum,“ segir Diljá Ámundadóttir, skapandi verkefnastjóri úr KaosPilot-skólanum í Árósum og sú sem stendur fyrir hvísluleiknum ásamt bróður sínum Erni Alexander; myndlistarnema við Listaháskólann í Málmey.

„Það var 1. nóvember í fyrra sem fyrsta heimsmetið af þessu tagi var sett af hjólreiðaklúbbi eldri borgara í Kína, en þar hvísluðust á 1.083 manns. Við þurfum því einum betur til að slá metið og munum vonandi toppa það léttilega hér á litla Íslandi,“ segir Diljá bjartsýn og brosmild.

„Þátttakendur í leiknum fara inn í ákveðinn hring í hinum draumkennda lystigarði þar sem þeir hvísla að næsta manni sér á hægri hönd, en skrifa svo nafn sitt um leið og þeir ganga út og yfirgefa leikinn,“ segir Diljá sem neitar alfarið að gefa upp leyniorðið sem hvíslað verður.

„Sama orðið verður að haldast milli allra hvíslaranna svo metið verði slegið og við vonum að gestir menningarnætur virði leikreglur og taki þátt af gleði, alvöru og metnaði. Ekki þarf annað í leikinn en mælgi og heyrn, og við vonumst til að sjá Íslendinga á öllum aldri taka þátt; verðum með götuleikhús og fleira skemmtilegt í þessum yndisfagra garði Einars Jónssonar,“ segir Diljá sem þvertekur fyrir að hvíslinu fylgi almennur dónaskapur.

„Það er vissulega dónalegt að hvísla fyrir framan aðra, en ekki dónalegt að hvísla í hvísluleik. Það er nefnilega aldrei dónalegt að leika sér, svo ef menn langar að hvísla verða þeir bara að stofna til hvísluleiks,“ hvíslar Diljá kát í hvíslarahringnum.

thordis@frettabladid.is



Systkinin Örn Alexander og Diljá Ámundabörn að hvíslast á. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


STÓRTÓNLEIKAR
LANDSBANKANS & RÁSAR 2
MIKLATÚN
Á MENNINGARNÓTT
NÓTT I KL. 20 - 22:30
MANNAKORN
& ELLEN KRISTJÁNS
MEGAS & SENUÞJÓFARNIR
Á MÓTI SÓL
EIVÖR
SPRENGJUHÖLLIN
DAGUR I KL. 16 - 18
MÍNUS
PÉTUR BEN
AMPOP
LJÓTU HÁLFVITARNIR
VONBRIGÐI
Landsbankinn

# Best að leggja á jaðri hátíðarsvæðisins

Flestir kannast við bílastæðavandræði á menningarnótt. Blaðamaður leitaði ráða hvar koma ætti bílnum fyrir á meðan menningarinnar er notið.

„Best er að reyna að leggja bílnum á jaðri hátíðarsvæðisins,“ segir Sif Gunnarsdóttir, verkefnastjóri viðburða hjá Höfuðborgarstofu. „Fólk þarf ekkert að vera að flýta sér enda er það komið til að hafa það gaman og njóta dagsins. Síðan verðum við með menningarnæturstrætó sem aka mun á jaðarsvæði hátíðarinnar.

Hann fer alls staðar í kringum miðbæinn; framhjá Miklatúni, eftir gömlu Hringbrautinni, framhjá háskólasvæðinu, út á Granda og aftur til baka. Þannig að þótt bílnum sé lagt hjá Háskólanum eða til dæmis hjá Kringlunni þar sem mikið er af bílastæðum, þá er bara hægt að rölta niður á Miklatún og taka menningarstrætisvagninn þaðan,“ segir Sif en öll bílahús á vegum Bílastæðasjóðs önnur en Stjörnuport á Laugavegi verða lokuð á menningarnótt.

Fátt er leiðinlegra en að festast í umferðaröngþveiti og því er best að hafa það á hreinu hvaða leiðir verða lokaðar á menningarnótt. Ekki verður hægt að aka Bankastræti, Lækjargötu, Vonarstræti, Tjarnargötu, Fríkirkjuveg og Skothúsveg en einnig verða sumar götur eða hlutar úr þeim lokaðar part úr degi. Þar má nefna Laugaveg, Ingólfsstræti, Geirsgötu, Hverfisgötu, Sæbraut og Snorrabraut. Tæmandi lista er að finna á vefsíðunni www.menningarnott.is.

Ef þessi bílavandamál vaxa fólki í augum þá er annar möguleiki í stöðunni. „Fólk getur bara tekið strætó niður í bæ. Þá er hægt að slappa enn frekar af og til dæmis fá sér vínglas með matnum án þess að hafa áhyggjur af reglunni eftir einn ei aki neinn,“ segir Sif en síðustu ferðir strætisvagnanna verða um klukkan 00.30 frá Hlemmi.

*mariathora@frettabladid.is*



Það er bæði einfalt og þægilegt að taka strætó á menningarnótt, þannig sleppur maður við bílastæðavandamál og getur fengið sér vínglas með matnum. Boðið verður upp á sérstakan menningarstrætó sem aka mun umhverfis miðbæinn, frá Miklatúni og út á Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



## Stranglega bannað börnum

Myndlistarmaðurinn Snorri Ásmundsson er með nýjan gjörning í Norræna húsinu á menningarnótt.

Inn við beinið er hann besta skinn, heitir gjörningurinn sem myndlistarmaðurinn mun frumflytja. Að sögn Snorra vísar heitið bæði í bangsa og hann sjálfan. Því báðir séu bestu skinn.

Gjörningurinn verður framinn í Norræna húsinu og hefst klukkan 16.15 laugardaginn 18. ágúst. Viðburðurinn er stranglega bannaður börnum. *- rh*



Hanus G. Johansen er vinsæll færeyskur vísnasöngvari sem treður upp í Ráðhúsi Reykjavíkur á menningarnótt.

# Brot af því besta færeyska

**Færeyingar eru sérstakir gestir menningarnætur í ár og kynna brot af því sem er að gerast í færeyskri myndlist og tónlist í Tjarnarsal Ráðhússins.**

„Íslendingar og Færeyingar eiga margt sameiginlegt í listum og menningu, ekki síst hina virku þátttöku almennings,“ segir Jákup Simonsen, menningarmálastjóri Færeyja. „Verkmenningin og sampil hversdag og náttúru eru sennilega rót þess, að ógleymdu veðrinu sem tekur á sig síbreytilegan ham og hefur áhrif á daglegt líf, líðan og hugsun.“

Jákup segir vikivakana og vísnasönginn enn sterkan þátt í færeyskri menningu. „Á mannamótum, svo sem brúðkaupum og stórafmælum, er enn „farið upp á gólv“ eins og Færeyingar orða það og færeyskur dans er kveðinn og stiginn sem hluti af venjulegum veislufagnaði. Hér eru líka haldin danskvæðamót þar sem fleiri hundruð manns koma saman og kveða og dansa heilu helgarnar af hjartans lyst. Hluti af því sem kemur út, bæði í bókarformi og hljóð- og myndformi er líka sótt í færeyska dansinn og dansmenninguna. Innihald kvæðanna og ómurinn í stefunum endurspeglast oft á tíðum í færeyskri nútímalist.“

Havnarkór Þórshafnar syngur og dansar fyrir gesti í Ráðhúsinu – og ekki síður með þeim, undir stjórn Ólafs Hátún. Havnarkórinn er einn elsti og vinsælasti kór Færeyja og vel þekktur í nágrannalöndunum, Danmörku og Noregi.

Hanus Gærdum Johansen er vísnasöngvari sem fæddist og ólst upp í Klakksvík. Hann hefur komið víða við í hljómsveitum og rödd hans og gítarleik má heyra á mörgum færeyskum hljómplötum. Þekktastur er hann þó sem vísnasöngvari því hann nær vel til áheyrenda, hvort sem hópurinn er stór eða lítill.

Lena Andersen hefur slegið rækilega í gegn bæði heima og heiman. Hún gaf nýlega út diskinn Let Our Scars Dance og í september heimsækir hún 19 borgir Evrópu ásamt Ástralanum Xavier Rudd. Byrjar í Madrid og endar í London.

Myndlistarmennirnir Bárður Jákupsson og Eyðun av Reyni sýna báðir verk sín í Tjarnarsalnum. Bárður blandar saman formum og litum færeyskrar náttúru í abstrakt stíl sem minnir um margt á skrautskrift og Eyðun málar landslagsverk með kraftmiklum pensilstrokum. Myndefnið spannar allt frá morgunstund og ljósri sumarnótt yfir í hvassan vetrarstorm.

*gun@frettabladid.is*



Havnarkórið syngur og dansar fyrir gesti menningarnætur – og með þeim.



# VILTU BESTA STARF Í HEIMI?

## Frístundaheimili ÍTR óska eftir starfsfólki sem getur tekið þátt í að stýra starfi með 6-9 ára börnum á eftirfarandi sviðum:

- List- og verkgreinar, s.s. tónlist, myndlist, leiklist, smíði og textíl
- Íþróttir og leikir, s.s. útileikir og innileikir
- Útivist og umhverfismennt, s.s. gönguferðir og náttúruskoðun
- Barnalýðræði og lífsleikni, s.s. hópastarf, barnafundir, lesa sögur, vinátta og samvera

Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi en starfshlutfall og vinnutími geta verið sveigjanleg

### Við leitum að:

- Einstaklingum með mismunandi menntun og reynslu sem nýtist í starfi með börnum
- Einstaklingum með mismunandi áhugamál
- Ungum sem öldnum
- Konum sem körlum
- Einstaklingum með mismunandi menningarlegan bakgrunn
- Einfaldlega góðu fólki sem hefur áhuga á að starfa með börnum

### Í boði er:

- Skemmtilegt starf
- Sveigjanlegur vinnutími
- Fjöldi starfstengdra námskeiða
- Fjölskylduvænt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Öruggt starfsumhverfi hjá Reykjavíkurborg
- Traust starfsmannafélag, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

### Við leggjum áherslu á:

- Að skapa skemmtilegt og heilbrigt vinnuumhverfi
- Að starfið veiti góða reynslu fyrir fólk sem hefur áhuga á samskiptum, uppeldi, tómstundafræði og skapandi starfi
- Að allir starfsmenn njóti sín í starfi
- Að halda úti öflugu starfsmannafélagi innan ÍTR sem skipuleggur ýmsa viðburði og heilsurækt fyrir starfsmenn

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á frístundaheimilunum, (sjá símanúmer hér fyrir neðan), og hjá starfsmannaþjónustu ÍTR, sími 411 5000. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is

### Vesturbær

**Undraland við Grandaskóla**
Umsjónarmaður: Auður Sturludóttir
S: 561-1400, 695-5054

**Selið við Melaskóla**
Umsjónarmaður: Hjörvar Rögnvaldsson
S: 535-7514, 695-5061

**Skýjaborgir við Vesturbæjarskóla**
Umsjónarmaður: Laufey Hrönn Jónsdóttir
S: 562-2249, 695-5053

### Miðborg - Hlíðar

**Draumaland við Austurbæjarskóla**
Umsjónarmaður: Ólafur Bjarki Brynjarsson
S: 561-2686, 695-5062

**Frístund við Háteigsskóla**
Umsjónarmaður: Lena Hákonardóttir
S: 530-4305, gsm: 664-7614

**Hlíðaskjól við Hlíðaskóla**
Umsjónarmaður: Elísabet Ragnarsdóttir
S: 562-5071, 664-7615

### Austurbær

**Álftabær við Álftamýrarskóla**
Umsjónarmaður: Jóhanna Bjarnarson
S: 510-8804, 664-7611

**Sólbúar við Breiðagerðisskóla**
Umsjónarmaður: Hildur Rudolfsdóttir
S: 517-1738, 664-7612

**Neðstaland við Fossvogsskóla**
Umsjónarmaður: Hildur Rudolfsdóttir
S: 568-0202, 664-7613

**Krakkakot við Hvassaleitisskóla**
Umsjónarmaður: Gunnhildur Hekla Jóhannsdóttir
S: 570-8809, 664-7616

**Glaðheimar við Langholtsskóla**
Umsjónarmaður: Rakel Ólafsdóttir
S: 553-4139, 664-7617

**Langholtshöll**
Umsjónarmaður: Eva Kamilla Einarsdóttir
S: 664-7646

**Laugarsel við Laugarnesskóla**
Umsjónarmenn:
Lára Magnea Jónsdóttir
og Andrés Úlfur Helguson
S: 568-7718, 664-7618

**Vogasel við Vogaskóla**
Umsjónarmaður: Arndís Björk Huldudóttir
S: 517-1938, gsm: 664-7619

**Vesturhlíð við Öskjuhlíðarskóla**
Gula hús, 1.-3. bekkur
Umsjónarmaður: Heiður Baldursdóttir
S: 695-5145
Rauða hús, 4.-6. bekkur
Umsjónarmaður: Helga Agnarsdóttir
S: 695-5143
Græna hús, 7.-10. bekkur
Umsjónarmaður:
Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir
S: 695-5144

### Breiðholt

**Bakkasel við Breiðholtsskóla**
Umsjónarmaður:
Ragnheiður Anna Þorsteinsdóttir
S:557-3009, 695-5039

**Plútó við Fellaskóla**
Umsjónarmaður: Svala Georgsdóttir
S: 557-3389, 695-5037

**Álfheimar við Hólabrekkuskóla**
Umsjónarmaður: Herdís Snorradóttir
S: 557-4466, 695-5139

**Denni dæmalausi við Seljaskóla**
Umsjónarmaður: Sandra Þóroddsdóttir
S: 587-1289, 695-5038

**Frissi fríski við Ölduselsskóla**
Umsjónarmaður: Siriworraluck Boonsart
S: 557-5522, 695-5036

### Árbær

**Töfrasel við Árbæjarskóla**
Umsjónarmaður: Silja Rut Jónsdóttir
S: 567-1320, 695-5092

**Skólasel við Ártúnsskóla**
Umsjónarmenn: Erla Björnsdóttir
og Magnea Einarsdóttir
S: 517-3531, 664-7621

**Víðisel við Selásskóla**
Umsjónarmaður: Hildur Björnsdóttir
S: 567-2604, 664-7622

**Stjörnuland við Ingunnarskóla**
Umsjónarmaður: Kristín Einarsdóttir
S: 517-4750, 695-5091

**Fjósið við Sæmundarskóla**
Umsjónarmaður: Anna Karen Ágústsdóttir
S: 664-7620

**Klapparholt við Norðlingaskóla**
Umsjónarmaður: Halla Ösp Hallsdóttir
S: 664-7624

### Grafarvogur

**Hvergiland við Borgarskóla**
Umsjónarmaður: Ingunn M. Óskarsdóttir
S: 577-2905, 695-5198

**Brosbær við Engjaskóla**
Umsjónarmaður: Þóra Melsted
S: 510-1309, 695-5191

**Regnbogaland við Foldaskóla**
Umsjónarmaður: Jóna B. Óttarsdóttir
S: 567-2122, 695-5192

**Simbað við Hamraskóla**
Umsjónarmaður: Helena Línudóttir Kristbjörnsdóttir
S: 587-9050, 695-5193

**Kastali við Húsaskóla**
Umsjónarmaður: Björg Blöndal
S: 567-6100, 695-5194

**Kátakot við Klébergsskóla**
Umsjónarmaður: Fríða Birna Þráinsdóttir
S: 566-8176, 695-5009

**Ævintýraland við Korpuskóla**
Umsjónarmaður: Ingunn Björk Jónsdóttir
S: 525-0604,  695-5195

**Tígrisbær við Rimaskóla**
Umsjónarmaður: Dagný Edda Þórisdóttir
S: 587-2406, gsm: 695-5196

**Vík við Víkurskóla**
Umsjónarmaður: Ragnheiður Gísladóttir
S: 545-2719, 695-5197

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is



Séð yfir mannþröngina á tónleikum Landsbankans á menningarnótt í fyrra

FRÉTTABLAÐIÐ/LANDSBANKINN

# Miklir á Miklatúni

**Það má búast við miklu stuði, miklum tónlistarmönnum og miklum mannfjölda á Miklatúni á menningarnótt þegar Landsbankinn, Rás 2 og Menningarnótt bjóða til stórtónleika í þeim fagra almenningsgarði. Tónarnir byrja að streyma um loftin blá klukkan 16; síðan verður pásað í matarhléi milli 18 og 20, en þá byrjar tónaflóðið aftur og stendur til 22.30.**

„Eftir 20 ára „comeback“ hljómsveitarinnar Mezzoforte á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis í fyrra var ljóst að staðsetningin væri sprungin sem tónleikastaður Landsbankans á menningarnótt,“ segir Jóhannes Ásbjörnsson, sérfræðingur í markaðsdeild Landsbankans. „Þá var orðið mjög erfitt að hreyfa sig í mannþrönginni og því einstaklega hentugt og kærkomið þegar Reykjavíkurborg bauð okkur að eiga samstarf við Rás 2 um stórtónleika á Miklatúni,“ segir Jóhannes, en nú sem endranær verður Landsbankinn með opið hús í Austurstræti með tilheyrandi karnivalstemningu, barnadagskrá, listaverkarúnti og fagurri tónlist fyrir gesti og gangandi.

„Miklatún hefur sannað sig sem okkar eigið Central Park og hefur Reykjavíkurborg þá sýn að garðurinn sé besti vettvangurinn fyrir stórtónleika af þessu tagi. Fyrri partinn stíga á stokk Mínus, Ampop, Pétur Ben, Vonbrigði og Ljótu hálfvitarnir, en eftir matarhléið skemmta gestum Sprengjuhöllin, Eivör ásamt færeyskri hljómsveit sinni, Á móti sól, Megas og Senuþjófarnir, og síðast en ekki síst Mannakorn ásamt Ellen Kristjánsdóttur, sem af þessu tilefni koma aftur fram í upprunalegri mynd,“ segir Jóhannes og bætir við að allir aldurshópar muni finna eitthvað við hæfi á Miklatúni.

„Kannski verður ívið meiri rokktónlist að smekk yngri kynslóðanna að deginum til, en örugg að allir finna sitt eyrnakonfekt um kvöldið. Ég er ekki viss um að yngsta fólkið átti sig á hve dásamlega smelli Mannakorn eiga í fórum sínum en þau eru ófá lögin sem allir þekkja og geta tekið undir með í. Svo skemmir ekki hve umgjörð tónleikanna er yndisleg á síðsumarskvöldi með öllum sínum marglitu blómum og ilmandi gróðri. Vonandi mæta sem flestir og njóta þess að hafa það ógleymanlega gaman saman,“ segir Jóhannes fullur tilhlökkunar, en þess má geta að fjölmennustu útitónleikar Íslandssögunnar voru haldnir á Hafnarbakkanum á menningarnótt 2004 þegar hundrað þúsund gestir hlustuðu á listamenn kvöldsins.

# Sirkusstjörnur frá Svíþjóð

**Sirkustvíeykið Hand in hand verður með námskeið fyrir börn á menningarnótt auk þess sem tvíeykið leikur listir sínar.**



Katja Kortström og Mattias Andersson sýna hér smjörþefinn af því sem koma skal á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Tvíeykið og sirkuslistamennirnir Katja Korström og Mattias Andersson hafa ferðast um heiminn með Cirkus Cirkör. Þau kalla sig Hand in hand og hafa slegið í gegn í Svíþjóð það sem þeim er hrósað fyrir ótrúlega færni og húmor. Nýverið samdi Katja sirkusverk sem fléttað var saman við söngleik í Gautaborg í Svíþjóð og hlaut það afar góðar viðtökur og er Katja stjarna þar um slóðir. Þau verða í Norræna húsinu á menningarnótt þar sem norræna menningarhátíðin Reyfi mun hefjast sama dag. „Þau verða með sirkusnámskeið fyrir börn og unglinga. Ásamt því sem þau verða með óvænt atriði, en það er algert leyndarmál sem ég get ekki greint frá núna,“ segir Max Daager hjá Norræna húsinu. Þau munu endurtaka óvænta atriði nokkrum sinnum yfir daginn svo enginn ætti að missa af því.

„Þau eru svakalega góð og hafa vakið heilmikla athygli í föðurlandi sínu Svíþjóð, þau eru algerar stjörnur þar,“ segir Max. Upplýsingar um þau Kötju og Mattias er að finna á vefsíðunni handinhand.se. -keþ



Mattias rúllar um í hring eins og ekkert sé auðveldara.






● **HULIN LJÓSVERK**



Ljósverk Hauks eru listaverk.

Haukur Snorrason ljósmyndari opnar sýninguna Hulin ljósverk á Kaffi Sólon í Bankastræti á menningarnótt. Um er að ræða myndir af óþekktum formum og litum úr náttúrunni sem fólki eru hulin á jörðu niðri en hann hefur náð að fanga úr lofti á síðustu misserum. Stemningin er mitt á milli málverks og ljósmyndar en ekki eins og í landslagsmyndum sem við eigum að venjast. Sýningin verður uppi á opnunartíma kaffihússins til 14. september.

Tilboð á stafrænni framköllun:

# Hundrað myndir á 2500 krónur!



## Ekki gleyma að sækja!

Tilboðið gildir út ágúst 2007.
Kr. 25 myndin óháð magni.

**Frábært tilboð!**

Kodak EasyShare
C653
6.1 megapixlar ásamt
512mb minniskorti
á **kr. 15.900**



Takmarkað upplag!

HANS PETERSEN

Bankastræti • Fjörður • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind

# Fram úr björtustu vonum

**Þegar Óli Palli kom með hugmyndina um að halda stórtónleika á hafnarbakkanum var búist við að um 10.000 manns en 70.000 manns mættu hins vegar.**



Óli Palli hefði aldrei búist við því að 100.000 manns kæmu á stórtónleikana á hafnarbakkanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég var staddur uppi á Arnarhóli á menningarnótt árið 2002 og var að bíða eftir að flugeldasýningin byrjaði. Þá sé ég að það voru einhverjir tónleikar í gangi við endann á hafnarbakkanum en þar sem ég stóð uppi á hólnum þá sá ég hvorki né heyrði hvað var að gerast. Þá fékk ég hugmyndina um að halda tónleika á þessu sama stað með almennilegu kerfi og stórum myndvarpa svo allir myndu heyra og sjá þó þeir væru langt í burtu," segir Óli Palli útvarpsmaður um upphaf stórtónleikanna á hafnarbakkanum. „Hugmyndin var að hafa þetta í beinni útsendingu á Rás 2 og bjóða upp á flotta dagskrá með nokkrum listamönnum úr sitthvorri áttinni svo hægt væri að höfða til allrar fjölskyldunnar. Það sem hékk líka í hausnum á mér þegar stóð þarna á Arnarhólnum var af hverju ríkisútvarpið væri ekki að gera neitt á menningarnótt. Alls konar bankar og lítil fyrirtæki voru að bjóða upp á dagskrá á þessum menningardegi og ríkisútvarpið, ein merkilegasta menningarstofnun þjóðarinnar, var hreint ekki með neitt."

Eftir helgina var farið á Höfuðborgarstofu og hugmyndin rædd. „Eftir að hafa talað við þetta frábæra fólk á Höfuðborgarstofu varð niðurstaðan sem sagt sú að haldnir yrðu stórtónleikar á hafnarbakkanum sem tókust bara miklu, miklu betur en við þorðum að vona. Við höfðum búist við um 10.000 manns ef heppnin væri með en það komu ábyggilega um 70.000 manns og síðan 100.000 manns árið eftir. Þetta hefði aldrei gengið upp nema vegna þess að Höfuðborgarstofa hefur mikinn áhuga á þessu líka. Þetta er samstarf sem svínvirkar."






Sjöfn Vilhelmsdóttir, hjá UNIFEM Íslandi býður alla velkomna á framandi kvennaslóðir á menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kvennaslóðir í Langtíburtistan

**UNIFEM á Íslandi býður gestum á framandi kvennaslóðir á menningarnótt.**

Framandi kvennaslóðir í landinu Langtíburtistan er áfangastaður UNIFEM Ísland á menningarnótt. Þar er gestum og gangandi boðið að sjá, heyra um og snerta á veröld kvenna í þróunarlöndunum.

Samtökin eru í samstarfi við alþjóðlega UNIFEM sem er stofnun innan Sameinuðu þjóðanna. Íslenska deildin er frjáls félagasamtök stofnuð árið 1989 og eru félagar um 630 talsins.

„Markmiðið á menningarnótt er að gefa fólki tækifæri á að kynnast starfseminni og kynna fyrir fólki hversdagsleika kvenna í þróunarlöndunum. Þetta gerum við til þess að virkja félagana okkar og kynna starfið fyrir sem flestum," segir Sjöfn Vilhelmsdóttir, starfsmaður UNIFEM á Íslandi.

Í tilefni dagsins verður sett upp sýning og að sögn Sjafnar geta allir verið með.

„Við hvetjum eindregið félaga og áhugasama sem hafa verið í þróunarlöndum til að taka þátt í sýningunni með ljósmyndum og minjagripum. Einnig ef fólk á búninga frá þessum löndum, væri gaman að sjá sem flesta mæta þannig klædda þennan dag," segir Sjöfn.

Samtökin starfa allan ársins hring, aðallega við fræðslu- og kynningarstarf.

„Starfið okkar felst í að vekja athygli á aðstæðum kvenna í þróunarlöndunum og styðja við þessa alþjóðlegu jafnréttisbaráttu. Við erum með heimasíðu og gefum út tímarit auk þess að fara í skóla og koma fram í fjölmiðlum. Einnig þrýstum við á íslensk stjórnvöld til að auka fjárframlög og taka upp kynjasjónarmið, til dæmis við friðargæslu," segir Sjöfn sem segir samtökin einnig vinna að því að tengjast einkageiranum og starfa með grasrótarsamtökum og ýmsum kvennahreyfingum.

Í ár verður aðaláherslan á baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Alþjóðlegur baráttudagur er 25. nóvember og munu samtökin meðal annars gefa út tímarit í tilefni dagsins.

Sjöfn hvetur sem flesta til að láta sjá sig á framandi kvennaslóðum á menningarnótt. UNIFEM Ísland er til húsa í miðstöð Sameinuðu þjóðanna, Laugavegi 42, þar sem tekið er á móti fólki kl. 13-17. Sjá nánari upplýsingar á www.unifem.is.

*rh@frettabladid.is*

## ● HÖNNUNARKEPPNI FYRIR BÖRN

Vinningshafi teiknisamkeppni á menningarnótt fær skartgrip eftir eigin hönnun.

Börnin geta teiknað mynd í skartgripaversluninni Hún og Hún á menningarnótt. Það barn sem fer með sigur af hólmi fær síðan skartgrip eftir eigin hönnun.

Gullsmiðurinn Sif Ægisdóttir mun smíða gripinn en þetta er fjórða árið í röð sem Sif smíðar grip eftir hugmynd þess barns sem vinnur í teiknisamkeppninni.





## ● MÓTORHJÓL ÚR TRÉ

Félagar í útskurðarfélaginu Einstakir hafa skorið út í tré mótorhjól í fullri stærð sem verður til sýnis á menningarnótt í JCI húsinu að Hellusundi 3 í Reykjavík.

Hjólið, sem er skorið út í 17 mismunandi harðviðartegundir, er eftirlíking af þýska hermannamótorhjólinu Ural sem Þjóðverjar notuðu í seinni heimsstyrjöldinni.

Ófáum stundum var varið í gerð hjólsins en hver og einn félagi fékk með sér smáhluti í heimavinnu og síðan var komið saman á vinnustofu hópsins þar sem samsetningin fór fram.

Á síðasta ári sýndu Einstakir risagítar af gerðinni Fender í Hrafnagili en Jón Ólafsson tónlistarmaður keypti gripinn og gaf til Rokksafnsins í Reykjanesbæ á Ljósanótt í fyrra.

Mótorhjólið er einnig til sölu og ekki amalegt að hafa eitt slíkt inni í stofu.

Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN




Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi






# Barnafatabasar í Liggalá

Barnafataverslunin Liggalá stendur fyrir barnafatabasar og ágóði af sölunni rennur til barnaspítala Hringsins og barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, BUGL.

Sápukúlur og andlitsmálun verður í boði fyrir krakkana. Basarinn hefst kl. 13 og stendur til kl. 17 í Liggalá, sem er til húsa að Laugavegi 67.

Gallerí Sellerí
Sölumarkaður útskriftarhóps hönnunardeildar LHÍ
Menningarnæturdag
TM húsinu
Aðalstræti sex
frá tólf til átta
TM
Blóðbergsdrykkur
Handprentaðir bolir og plaköt
Johnny Sexual spilar tónlist
Einnig verður sýning á verkum nemenda
Hönnun: Svalbard



## ● SÁLMAFOSS Í HALLGRÍMSKIRKJU

Kynntir verða fjórir glænýir sálmar eftir fjögur skáld og fjögur tónskáld klukkan 15.10 í Hallgrímskirkju. Hörður Áskelsson organisti og kórstjóri leiðir sönghóp úr Mótettukór Hallgrímskirkju og kirkjugesti en allir mega syngja með. Sálmahátíðin stendur til klukkan 22.00.




Dagskrá menningarnætur

# Börn

**Á menningarnótt er margt í boði fyrir börnin. Metnaðarfullir foreldrar geta ferðast með þau fram og aftur um bæinn og leyft þeim að horfa eða hlusta á leikrit, fá útrás fyrir listræna hæfileika sína eða leika sirkuslistir. Hér er hugmynd að þægilegri leið sem hægt er að fara í gegnum bæinn með börnin.**

1 **12.00 – 12.45 SIRKUSSMIÐJA**
Sirkuslistamennirnir Katja Kortström og Mattias Andersson hafa ferðast um heiminn með Cirkus Cirkör og taka núna þátt í Reyfi hátíðinni. Á menningarnótt bjóða þau börnum frá 8 ára aldri að taka þátt í sirkussmiðju, þar sem börn geta æft sig í joggli, fimleikum og fleiri sirkusatriðum undir leiðsögn fagmanna. Sirkussmiðjan er til kl. 12.45 en listamennirnir verða í Norræna húsinu allan daginn og aldrei að vita nema eitthvað óvænt gerist. **Glerskáli við Norræna húsið.**

2 **13.15 – 14.15 BARNASMIÐJA**
Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnunum. Um það bil klukkustundar námskeið í skemmtilegri listsköpun fyrir börn, 12 ára og yngri. **Listatjald í listaporti Gallerís Foldar, Rauðarárstíg 14.**

3 **14.30 ÍSLENSKAR LEIKBRÚÐUR Í HÁLFA ÖLD**
Lifandi safn og leikbrúðuhátíð allan daginn. Brúðubíllinn sýnir Segðu mér söguna aftur. Hinir ástsælu Lilli og Sámur, Bjartur bóndi á Bakka, dýrin hans og fleiri eru mættir til að gleðja börnin með nærveru sinni. Brúðustjórn er í höndum Helgu Steffensen og Aldísar Davíðsdóttur en Sigrún Edda Björnsdóttir leikstýrir. **Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg, Norðurálma.**

4 **14.00 – 17.00 TEIKNISAMKEPPNI FYRIR BÖRN**
Börnum gefst tækifæri á að teikna mynd í skartgripaversluninni Hún og Hún. Ein mynd verður valin og Sif Ægisdóttir gullsmiður mun smíða skartgrip eftir teikningunni og afhenda vinningshafa. Keppnin stendur til kl. 17.00. **Hún og Hún, Skólavörðustíg 17b.**

5 **13.00 – 22.00 ÚTVARPSLEIKHÚSIÐ**
Nýtt barnaleikrit - svakamálaleikritið Mæja spæja eftir Herdísi Egilsdóttur hljómar í barnadeild. Til kl. 22.00. **Borgarbókasafn Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.**

Dagskána í heild er að finna á www.menningarnott.is








Dagskrá menningarnætur

# Unglingar

**Unglingarnir verða ekki útundan á menningarnótt. Margs konar uppákomur og tónleikar eru í boði fyrir þennan aldurshóp.**

**1** 13.00 – 20.00 MÁLVERK VERÐUR TIL Í BÍLASTÆÐAPORTINU BAK VIÐ ALÞJÓÐAHÚSIÐ
Nokkrir færir listamenn úða verkið á meðan valinkunnir plötusnúðar mata gesti á menningarlegri hiphop-tónlist. Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu íslenskrar hiphop-menningar, www.hiphop.is. Til kl. 20.00. **Bak við Alþjóðahúsið, Hverfisgötu 18.**

**2** 14.00 DANSHÁTÍÐ Á INGÓLFSTORGI
Bresk-indverski danshópurinn Back 2 Back kennir öllum sem vilja, ungum jafnt sem öldnum, Freestyle Bhangra, en dansstíllinn er sambland af hefðbundnum asískum dansi og nútímadansi. Þjóðlegum Bhangra-dansi er blandað saman við Bollywood, street-dans, hiphop og breikdans. **Ingólfstorg.**

**3** 15.00 – 18.00 A FILM REEL NAMED EMOTION
Tónlistarmyndbönd með Þóri, Maus, Benna Hemm Hemm, Forgotten Lores og fleiri sýnd. Til kl. 18.00. **Café Victor, Hafnarstræti 1-3.**

**4** 16.00 – 20.00 HOME BLOCK PARTY
Heimalingarnir Agzilla (Metalheadz, Reinforced) og Thor bregða á leik með blandaða tónlist. Til kl. 20.00. **HOME-Gistiheimili Skólastræti 1.**

**5** 17.00 – 21.00 TÓNLEIKAR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM
Hitt húsið stendur fyrir tónleikum í Hljómskálagarðinum. Á dagskránni eru ýmsar ungar og efnilegar hljómsveitir. Tónleikarnir standa til kl. 21.00. **Hljómskálagarðurinn.**

Dagskána í heild er að finna á www.menningarnott.is












Dagskrá menningarnætur

# Fullorðnir



**Fullorðnir ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi á menningarnótt sem stendur svo sannarlega undir nafni. Fjölmenning, fornsögur og frægir málarar koma meðal annars við sögu víða um bæ.**

**1** **11.00 - 23.00 OPIÐ HÚS Á ÖLLUM HÆÐUM**
Íslensku skinnhandritin, vesturfararnir til Utah, Surtseyjarsýningin, veitingar og verslun. Til kl. 23.00. **Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15.**

**2** **13.00 – 22.00 FJALLAMJÓLK OG FLEIRA GOTT**
Listasafn ASÍ býður upp á fjölbreytta sýningu á verkum eldri og yngri listamanna úr safneigninni. Þar má meðal annars sjá málverk Jóhannesar Kjarvals og Jóns Stefánssonar sem eiga það sameiginlegt að sýna hið dramatíska og stórbrotna í íslenskri náttúru, þar á meðal Fjallamjólk, eitt þekktasta verk Kjarvals og jafnframt íslenskrar listasögu. Einnig má sjá nýleg verk eftir Guðrúnu Kristjánsdóttur, Birgi Andrésson, Olgu Bergmann og Önnu Eyjólfsdóttur sem hvert á sinn hátt fjalla um náttúru og/eða menningu í samtímanum. Opið til kl. 22.00. **Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41.**

**3** **14.00 FORNSAGNAGANGA Í NORÐURMÝRINNI**
Sigurður Jón Ólafsson og Ingibjörg Hafliðadóttir leiða gönguna. Gangan tekur rúmlega klukkustund og hefst á **Kjarvalsstöðum við Flókagötu.**

**4** **16.00 KYNNUMST AFRÍKU**
Áhöfn alþjóðaskipsins Logos II kynnir gestum menningarnætur afríska menningu. Litrík sýning þar sem blandað er saman söng, dansi og leik. **Lækjartorg.**

**5** **17.00 LISTAVERKAUPPLIFUN Á HÓTEL HOLTI**
Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur tekur á móti fólki, fer um húsið og fjallar um málverkin og listamennina eins og kostur er. **Hótel Holt, Bergstaðastræti 37.**

Dagskána í heild er að finna á www.menningarnott.is









Dagskrá menningarnætur

# Fjölskyldan

**Menningarnótt er hátíð fjölskyldunnar og öll fjölskyldan á að geta notið hennar saman. Þeir sem vilja geta tekið daginn snemma, átt notalegan tíma í miðbænum um hann miðjan og endað hann á að fylgjast saman með tilkomumikilli flugeldasýningu.**

1 **10.00 – 22.00 KVEIKJA – OPIN LISTSMIÐJA Í NORÐURSAL KJARVALSSTAÐA**
Allan daginn er opin skapandi og skemmtileg listsmiðja fyrir alla fjölskylduna í norðursal Kjarvalsstaða þar sem íspinnaprik eru notuð til að skapa. Þar eru einnig leikfangaeiningar hönnuðarins Ólafs Ómarssonar hjá Bitty og má smíða ýmislegt úr þeim. Til kl. 22.00. **Kjarvalsstaðir við Flókagötu.**

2 **14.00 – 16.00 VÖFFLUR OG KAFFI Í ÞINGHOLTUNUM**
Íbúar í Þingholtunum bjóða gestum og gangandi í kaffi og vöfflu. Kaffiboðið stendur til kl. 16.00.

3 **14.00 – 16.00 NINTENDO-TJALD**
Þeir sem vilja finna fyrir nostalgíu geta kíkt inn í Nintendo-tjaldið. Þar verður hægt að spila Mario Bros og fleiri klassíska leiki í leikjatölvu frá 1988. Aðeins tveir komast að í einu. Opið verður til kl. 16.00. **Við Mjóstræti.**

4 **15.00 – 16.00 HEIMSMET Í HVÍSLULEIK**
Örn Alexander og Diljá Ámundabörn standa fyrir heimsmeti í hvísluleik í garði Listasafns Einars Jónssonar á menningarnótt. Systkinin hvetja alla til að koma og taka þátt í þessum sögulega atburði. Örn er ungur og upprennandi myndlistarmaður á leið í nám við Listaháskólann í Malmö. Diljá er nýútskrifuð úr skapandi verkefnastjórnun úr KaosPilot-skólanum í Árósum. Til kl. 16.00. **Listasafn Einars Jónssonar, garður.** Gengið inn frá Freyjugötu.

5 **23.00 GLÆSILEG FLUGELDASÝNING Á HAFI ÚTI Í BOÐI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR**
Hjálparsveit skáta stjórnar flugeldasýningu utan við Sæbraut með hjálp Landhelgisgæslunnar. Áhorfendur geta komið sér fyrir austur eftir Sæbrautinni. Félagar úr Brokey skreyta flóann með upplýstum bátum.

Dagskána í heild er að finna á www.menningarnott.is





Sigurður Smárason, forstöðumaður Efnagreiningarseturs HÍ, stendur keikur á milli nemenda sinna og samstarfsmanna, þeirra Arnars Þórs Stefánssonar og Henriks Cornelisson van de Ven sem mundar sleggju. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ljós, reykur og læti í bland

**Efnafræðingar lofa reyk, sprengingum og ýmsu óvæntu á efnafræðisýningum sem fara fram í fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar í dag.**

„Þetta verða það sem við köllum efnafræðibrellur,“ segir Sigurður Smárason, efnafræðingur við Háskóla Íslands, sem ætlar að halda þrjár efnafræðisýningar í dag ásamt nokkrum nemenda sinna. Hann segir ýmsa óvanalega hluti gerast í efnafræðinni og sumt kannist fólk við úr bíómyndum. „Til dæmis þegar hlutir eru frystir með fljótandi köfnunarefni og verða þá brothættir,“ segir Sigurður og tekur rós sem dæmi. „Við sýnum líka þessa klassísku vökva sem breyta um lit og síðan verða ljós og læti í bland,“ segir Sigurður og lofar skemmtilegum og líflegum sýningum.

Þrjár sýningar verða yfir daginn. Fyrri tvær eru ætlaðar allri fjölskyldunni en sú síðasta, klukkan 18.00, verður frekar stíluð inn á fullorðna. „Þá verða aðeins meiri læti,“ segir Sigurður kankvís.

Sigurður hefur staðið fyrir efnafræðisýningum frá árinu 2005 hér heima en hann kynntist slíkum þegar hann var í doktorsnámi í Bandaríkjunum. „Þetta er mjög vinsælt þar, en þetta er ekki síður skemmtilegt fyrir okkur efnafræðingana en þá sem eru að horfa á,“ segir Sigurður og telur að brellurnar séu líklega það sem kveiki helst í þeim sem ákveði að fara að læra efnafræði. „Nemendur hafa mjög gaman af að spreyta sig á þessu,“ segir Sigurður en nokkrir nemenda hans taka þátt í sýningunni og hefur hópurinn æft sig á brellunum í sumar. „Við þurfum auðvitað að tryggja öryggi þeirra sem horfa á. Svo þarf líka að athuga hvort þetta virki enda hægt að fá alls konar uppskriftir á netinu sem virka ekki eins og skyldi þegar á reynir,“ segir Sigurður glettinn. Hann segir að ýmislegt muni koma á óvart og fólk muni sjá margt sem það hafi ekki séð áður. „Hvorki í bíómyndum né í hinum raunverulega heimi.“

Hver sýning stendur í um fjörutíu mínútur og fer fram í fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar. Fyrsta sýningin er klukkan 13, næsta klukkan 15 og sú síðasta klukkan 18. Að sýningunni standa ásamt Sigurði og nemendum hans Efnagreiningarsetur HÍ og Íslensk erfðagreining.

*solveig@frettabladid.is*

Haustvörurnar komnar!

20% afsláttur af öllum vörum á Menningarnótt

FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201

## ● LÍFRÆNN ÚTIMARKAÐUR

Verslunin Yggdrasill er með útimarkað á menningarnótt.

Heilsuvöruverslunin Yggdrasill fagnar í ár tuttugu ára starfsafmæli. Verlunin verður með lífrænan útimarkað næstkomandi laugardag þar sem bændur mæta með afurðir beint af akrinum.

Ávextir og grænmeti eru meðal þess sem verður í boði ásamt lokkandi magadansmeyjum sem hrista upp í stemningunni á Skólavörðustígnum.

Útimarkaðurinn hefst kl.13 og stendur til kl.18

Yggdrasill er til húsa að Skólavörðustíg 16.





## ● WARHOL Í INGÓLFSSTRÆTI

Sýning verður á myndum eftir Andy Warhol í Ingólfsstræti 8 í Reykjavík á menningarnótt. Verkin eru frá árunum 1968 til 1984 og eru silkiþrykk, langflest úr stórri myndaröð sem helguð var morðinu á John F. Kennedy, Flash 22. November 1963 sem Warhol gerði fimm árum síðar, færri úr smærri myndröðum frá upphafi níunda áratugs síðustu aldar.

Verkin sýna bæði breidd og þróun í tækni og viðfangsefnum Warhols. Þetta er í þriðja sinn sem hér er haldin sýning á verkum hans: hinar fyrri voru sýning á printum af íþróttahetjum og myndaröð með Ingrid Bergman. Allar myndirnar á sýningunni í Ingólfsstræti eru til sölu en sýningaropnun er á föstudagskvöld fyrir boðsgesti en á laugardag er sýningin opin frá 13 til 21 og allir velkomnir.

# Ljósasýning á hafi úti

**Margir bíða spenntir eftir rúsínunni í pylsuenda menningarnætur, flugeldasýningunni. Sýningin er alltaf jafn glæsileg þótt sniðið hafi breyst örlítið.**



„Í fyrra tókum við upp á þeirri nýbreytni að fara með flugeldasýninguna á haf út til þess að gera sjónarhornið breiðara," segir Sif Gunnarsdóttir, verkefnastjóri viðburða hjá Höfuðborgarstofu. Sama er upp á teningnum í ár og verður flugeldunum skotið af pramma sem hengdur er aftan í varðskipið Tý. „Áður fylgdist maður með frá Miðbakkanum eða Arnarhóli en í fyrra raðaði fólk sér allt frá hafnarbakkanum og nánast út að Laugarnestanga. Ég var til dæmis við Höfðatún en þar hafði fólk tekið með sér sólstóla og naut sýningarinnar. Þetta er ný og skemmtileg stemning," segir Sif sem er greinilega ánægð með breytinguna. „Við heyrðum meira að segja að flugeldarnir hefðu sést frá heimilum í Grafarvogi."

Það er ekki aðeins sjónræna hliðin sem nýtur góðs af breytingunni heldur hafa umferðarmál einnig batnað til muna. „Fólk getur til dæmis lagt í kringum Borgartúnið og labbað niður að sjó svo það eru ekki allir að fara upp í bílinn á sama punktinum. Umferðin úr bænum dreifist því miklu betur enda gekk hún afskaplega vel og greiðlega í fyrra."

Flugeldasýningin verður sem fyrr í boði Orkuveitunnar en Hjálparsveit skáta í Reykjavík sér um framkvæmdina ásamt aðstoð frá Landhelgisgæslunni. Svava Ólafsdóttir félagi í skátunum hefur staðið í undirbúningi síðustu vikur. „Það er best að ljóstra sem minnstu upp en sýningin verður ekki eins og í fyrra. Þetta kemur allt í ljós," segir hún.

Það eru þó ekki aðeins flugeldarnir sem lýsa upp himininn á laugardagskvöldið. „Félagar í siglingaklúbbnum Brokey ætla að skreyta skipin sín með seríum. Þeir munu sigla upplýstir um flóann og setja þannig skemmtilegan svip á sýninguna," segir Svava að lokum.

*mariathora@frettabladid.is*



**Fleiri geta séð flugeldana í ár þar sem þeim verður skotið upp á hafi úti. Sýningin hefst kl. 23.00 og stendur í um tíu mínútur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vissu ekki hvar Ísland var

Bresk/indverski danshópurinn Back 2 Back sýnir Freestyle Bhangra á menningarnótt. „Þetta er tegund af dansi sem við höfum sjálf þróað," sagði Rana, forsprakki hópsins, þegar blaðamaður sló á þráðinn til hans í London. „Bhangra er byggt að hefðbundum indverskum dansi frá Punjab á Indlandi sem vanalega er dansaður við lifandi tónlist. Þessum hefðbundna dansi sláum við saman við vestrænan freestyle-dans eða götudans og dönsum við trommuslátt."

Í hópnum eru níu dansarar sem allir eru fæddir á Bretlandseyjum en eiga rætur að rekja til Indlands. Hópurinn hefur sýnt víða um Bretland. „Við viljum færa út kvíarnar og höfum dansað á Ítalíu. Okkur fannst Ísland þó kjörinn staður til að byrja á, áður en við förum annað," segir Rana. Hann segir dansarana vera afar spennta fyrir menningarnóttinni en enginn þeirra hefur komið til Íslands áður. „Við vissum ekki einu sinni hvar Íslands var," segir hann og skellir næstum upp úr og bætir við, „sem er fáránlegt þar sem það er svona nálægt okkur."

Back 2 Back verður á Ingólfstorgi á menningarnótt og mun sýna ólíka dansa, sem eru sambland af bhangra, hiphoppi, freestyle, Bollywood og breik-dansi.

*- keþ*



**Back 2 Back mun dansa á Ingólfstorgi á menningarnótt.**

## ● SIGLT UM SUNDIN BLÁ

Sigling til Viðeyjar er meðal viðburða á menningarnótt.

Viðey er viðkomustaður á siglingu um sundin á menningarnótt. Lagt verður í hann frá gömlu höfninni og komið við í Viðey. Leiðsögumaður er Örlygur Hálfdanarson sem sjálfur er Viðeyingur og mun hann fjalla um það sem fyrir augu ber á siglingunni og í Viðey.



Lagt er í hann kl. 12.00. Ferjutollur er 800 kr. fyrir fullorðna og 400 kr. fyrir börn.


# GÖTUMARKAÐUR

## LAUGAVEGI 91

**fimmtudag, föstudag og laugardag**

# VERÐHRUN

**...á fatnaði, skóm og fylgihlutum**

| | | |
|---|---|---|
| BOLIR | FRÁ: | 990 |
| DÖMU-SKÓR | FRÁ: | 1.990 |
| HERRA-SKÓR | FRÁ: | 2.990 |
| DÖMUSTÍGVÉL | FRÁ: | 2.990 |
| JAKKAR | FRÁ: | 2.990 |
| JAKKAFÖT | FRÁ: | 7.990 |
| DIESEL GALLABUXUR | FRÁ: | 5.990 |
| HERRA LEÐURJAKKAR | FRÁ: | 5.990 |
| DÖMU GALLABUXUR | FRÁ: | 3.990 |
| KJÓLAR | FRÁ: | 1.990 |

Allt á að seljast

**OPIÐ:**

| | |
|---|---|
| Í DAG | 10-18 |
| FÖSTUDAG | 10-18:30 |
| LAUGARDAG | 10-20 |

galleri laugavegi 91



CENTRUM eva gs skór galleri sautján

# Þar sem tíminn sést líða

**Franch Michelsen er þriðji ættliður úrsmiða í Michelsen-fjölskyldunni og sá ekki nema rétt upp fyrir búðarborðið þegar hann hóf að selja Íslendingum klukkur á sjöunda áratugnum. Hann fer með vinnuborðið sitt út í glugga á menningarnótt.**

Með þessu móti gefst gestum menningarnætur kostur á að sjá úrsmið að störfum, en Franch segir ekki taka sig á taugum að sitja úti í glugga við slíka nákvæmnisvinnu.

„Ég er hinn rólegasti. Búðin verður lokuð og ekki hægt að komast að mér,“ segir Franch sem frumsýndi vinnuaðferðir sínar við opinn glugga á heitu ágústkvöldi í fyrra. „Þá barst inn um gluggann til mín tal bæjarbúa þar sem sumir sögðu fullum fetum að ég væri sennilega að plata og væri ekki með neitt í höndunum,“ segir hann hláturmildur, enda er fátt smærra viðureignar en skrúfur og hjól í úr.

„Á menningarnótt ætla ég að gera við mekanískt Rolex-úr með afar smáum skrúfum; allt niður í 0,50 millimetra í þvermál. Það er erfitt verk að eiga við, en með kunnáttu, þolinmæði, réttum verkfærum, réttri lýsingu og styrkri hönd verður þetta lítið mál,“ segir Franch sem „læknar“ úrin með stækkunargleri, eða svokallaðri lúpu, í augunum.

„Úrsmíði er sigurverk og afskaplega áhugavert. Í úrsmíði má segja að tíminn sé loks sjáanlegur þegar gangverkið er skoðað frá grunni. Það er afar ánægjulegt að koma biluðu úri í stand og núna er ég að laga úr sem lenti í sjó og verður gleðilegt að koma í gagnið aftur,“ segir Franch, og bætir við að stundum fái úrsmiðir viðurnefnið Doktor Úri.

Sjálfur hefur Franch starfað sem úrsmiður frá árinu 1972, en alls tekur vanan úrsmið um eitt og hálft ár að smíða nýtt úr og því mörg æviverk finnanleg í hillum Franchs. Fyrstu vasaúrin fóru að sjást upp úr aldamótunum 1500.

„Áður voru klukkur með pendúl en um þessar mundir var fundinn upp óróaásinn sem gerði kleift að smíða færanlega tímamæla.“

Franch segir nútímamanninn eiga mörg og misdýr úr sem hæfa mismunandi tilefnum.

„Það spyrja margir hvort menn séu hættir að ganga með armbandsúr því tímamælar séu í farsímum, bakarofnum, bílum og hvarvetna, en svo er ekki. Úr er hluti lífsstíls; ekki síst fyrir okkur karlmenn, enda okkar skartgripur,“ segir Franch en dýrasta úrið sem hann á í fórum sínum núna er 18 karata Rolex-gullúr, skreytt demöntum og fæst á 1,7 milljónir króna.

„Svona úr stoppa aldrei lengi hjá mér og ótrúlega margir sem ganga út með úr upp á tvær milljónir eða meira á úlnliðnum. Vönduð úr eru fjárfesting til framtíðar, erfast kynslóða á milli og eru oft það dýrmætasta og kærkomnasta sem einstaklingur eignast og skilur eftir sig.“



Frank Michelsen úrsmíðameistari að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Jón Viðar Jónsson innan um leikbrúður Jóns E. Guðmundssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Leikbrúðurnar lifna við

**Norðurálma Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg breytist í töfraheim á menningarnótt því þar verður sýning á íslenskum leikbrúðum. Jón Viðar Jónsson forstöðumaður Leikminjasafnsins er kunnugur í þeirri deild.**

„Þetta verður ein stærsta leikbrúðusýning sem hér hefur verið haldin,“ segir Jón Viðar. „Kjarninn í henni er leikbrúðusafn Jóns E. Guðmundssonar sem stofnaði Íslenska brúðuleikhúsið 1954 og var frumherji þeirra listgreinar hér á landi. Auk þess eru hér brúður frá Latabæ, Sjónvarpinu, Katrínu Þorvaldsdóttur, Bernd Ogrodnik, Leikbrúðulandi Helgu Steffensen, Tíu fingrum Helgu Arnalds, Strengjaleikhúsi Messíönu Tómasdóttur, Sögusvuntu Hallveigar Thorlacius og fleiri.“

Sýningin er í raun tví- eða þrískipt að sögn Jóns Viðars. „Í fyrsta lagi er sýning á leikbrúðum allan daginn og þar fer mest fyrir brúðum Jóns E. Guðmundssonar. Helga Steffensen, sem þekkti Jón og vann með honum, ætlar að láta brúðurnar hans lifna við,“ segir hann. „Síðan höfum við fengið fleira listafólk sem nú er starfandi í þessum geira til að taka þátt í þessu með okkur. Sumt af því verður með lifandi sýningar og flestir verða með sýnishorn af brúðugerð.“

Ein þeirra brúða sem fara á kreik er Bláa stúlkan, leikbrúða Messíönu Tómasdóttur. Hún heimsækir Heilsuverndarstöðina og tekur sporið með aðstoð Ástu Sighvats Ólafsdóttur. Tónlist við dansinn er flautuverkið Spor eftir Karólínu Eiríksdóttur í flutningi Guðrúnar S. Birgisdóttur.

Jón Viðar kveðst fagna því að Heilsuverndarstöðin skuli opna aftur dyr sínar sem hafa verið luktar um tíma. „Þetta er fallegt hús sem á sinn sess í hug og hjarta landsmanna. Það er líka heiður og fengur fyrir Leikminjasafnið að vera búið að fá brúður Jóns E. Guðmundssonar og þar er fullur metnaður til að skapa því safni rétta og viðeigandi umgjörð. Safnið hefur ekkert fast húsnæði ennþá en hefur komist að samkomulagi við fyrirtækið Inpro sem hefur Heilsuverndarstöðina á leigu um að fá að nýta húsnæði fyrrum mæðradeildar í henni. Við höfum þessa aðstöðu til áramóta og stefnum að því að gera eitthvað meira á þeim tíma.“ *gun@frettabladid.is*

# Gestum sópað út um bakdyrnar

Þegar hjónin Aðalsteinn og Anna Pálína héldu fyrstu stofutónleikana áttu þau ekki von á því að húsið myndi fyllast af fólki. „Okkur fannst hugmyndin um að halda tónleika á menningarnótt svo skemmtileg og þar sem við bjuggum í miðbænum þá datt mér í hug að halda litla tónleika í stofunni heima,“ segir Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, rithöfundur og tónlistarmaður, um stofutónleikana sem hann og kona hans heitin, Anna Pálína Árnadóttir, héldu fyrst fyrir sjö árum. „Við ætluðum bara að opna inn af götunni og héldum að þetta yrði ekkert mál,“ segir hann hlæjandi. „Við höfðum sem betur fer hugsað fyrir því að fá fullt af klappstólum lánaða og hafa með okkur einn úr fjölskyldunni sem hálfgerðan dyravörð. Ennfremur ákváðum við að hafa þrjá stutta tónleika fremur en eina langa. Við áttum aldrei von á að meira en um 30 manns kæmu í hvert skipti en þegar fyrstu tónleikarnir áttu að byrja þá var bara komin þvaga fyrir utan húsið og dyravörðurinn okkar lenti strax í vandræðum. Við opnuðum úr stofunni út í garð og tróðum fólkinu inn og gátum þannig komið um 80 manns á fyrstu tónleikana. Svo var þeim bara sópað út um bakdyrnar og næsta holl tekið inn en fólkinu í götunni fjölgaði á meðan,“ segir Aðalsteinn sem reiknar með að um 250 manns hafi komið á tónleikana fyrsta árið og ekki aðeins kunningjar eins og hjónin höfðu átt von á.



Aðalsteinn heldur stofutónleika í sjöunda sinn. Að þessu sinni verða þeir haldnir í Þjóðmenningarhúsinu en með Aðalsteini á myndinni eru meðlimir í sænsku hljómsveitinni Draupner sem spilar á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þetta var mikið ævintýri. Því miður seldum við húsið okkar árið eftir svo við brugðum á það ráð að fá lánaðan Hljómskálann. Hann var svona álíka stór og stofan okkar, eða jafnvel ívið minni. Tónleikarnir gengu mjög vel fyrir sig en þó lentum við í sömu vandræðum og áður að það var allt of margt fólk sem vildi koma. Okkur fannst svo leiðinlegt að koma ekki öllum fyrir sem vildu þannig að þriðja árið fórum við inn í Þjóðmenningarhús,“ segir Aðalsteinn sem heldur núna fimmtu stofutónleikana í því húsnæði.

Þrátt fyrir að vera kominn í helmingi stærri „stofu“ vill Aðalsteinn viðhalda sömu stemningu og var í upphafi. „Stofutónleikar eru þannig að maður er heima í sinni stofu og spjallar við sína gesti. Þetta verða áfram persónulegir og heimilislegir tónleikar og jafnframt mjög fjölskylduvænir,“ segir Aðalsteinn. Dagskráin í ár er þjóðlagatengd en auk Aðalsteins koma fram söngkonan Guðrún Gunnarsdóttir og sænska þjóðlagahljómsveitin Draupner.

*mariathora@frettabladid.is*

## MENNINGARNÓTT Í GALLERÍI FOLD

# Einstæð sýning á verkum
# Kristjáns Davíðssonar
## í Baksalnum í Galleríi Fold







Laugardaginn 18. ágúst kl. 13 verður opnuð sýning á verkum eftir Kristján Davíðsson. Sýningin er haldin í tilefni 90 ára afmælis listamannsins. Hún er hluti af dagskrá Menningarnætur og stendur til 26. ágúst.

Verkin eru úr einkasafni
Braga Guðlaugssonar dúklagningameistara.



# Haraldur Bilson
## sýnir í Galleríi Fold

Laugardaginn 18. ágúst kl. 13 opnar heimsmálarinn Bilson málverkasýningu í neðri Hliðarsal Gallerís Foldar. Sýningin er hluti af dagskrá Menningarnætur og stendur til 2. september.

## Verið hjartanlega velkomin á opnun sýninganna

Gallerí Fold er opið daglega 10.00 til 18.00, laugardaga 11.00–16.00 og sunnudaga 14.00–16.00.
Athugið: Í tilefni Menningarnætur verður opið laugardaginn 18. ágúst til kl. 22, en lokað sunnudaginn 19. ágúst.

# Vökum af list í Galleríi Fold



## Makalausar teikningar Halldórs Péturssonar

Laugardaginn 18. ágúst kl. 13 verður opnuð sýning á makalausum teikningum Halldórs Péturssonar.
Á sýningunni eru tvær myndaraðir:
Frummyndir af vel þekktum skopmyndum frá heimsmeistaraeinvígi Fischers og Spasskys í Laugardalshöllinni 1972 og óborganlegar skopmyndir af íslenskum víkingum.

Sýningin stendur til 26. ágúst.

### Listatjald í Listaporti: Barnasmiðja

**kl. 13.15**
**kl. 14:45**
**kl. 16.15**
**kl. 17.45**
**kl. 19.15**

Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnunum. Um það bil klukkustundarlangt námskeið í skemmtilegri listsköpun fyrir börn 12 ára og yngri. Í boði Gallerís Foldar.

Ath. takmarkaður fjöldi



Guðbjörg

## Verið velkomin að sjá, spjalla og njóta

### Skapað af list



Sveinbjörg Hallgrímsdóttir vinnur við trérístur í galleríinu.

**kl. 14.00–16.30**



Gunnella – Guðrún Elín Ólafsdóttir vinnur við olíumálun í galleríinu.

**kl. 16.30–19.00**



Hrafnhildur Bernharðsdóttir vinnur við teikningar í galleríinu.

**kl. 19.00–21.45**



### Eins og þeim er einum lagið

Guðbjörn Guðbjörnsson óperusöngvari flytur létt lög við undirleik. Guðbjörn þarf vart að kynna fyrir Íslendingum, en söngur hans hefur ávallt notið mikillar hylli í dagskrá Gallerís Foldar á Menningarnótt.

**kl. 16.50, kl. 19.50**

**kl. 13.45 og svo á 30 mínútna fresti!**

### Listahapp

Dregið í ókeypis listaverkahappdrætti. Allir gestir fá happdrættismiða. Dregið verður á 30 mínútna fresti, alls 17 sinnum. Dregið verður þangað til vinningar ganga út. Vinningar eru listaverk eftir þekkt listafólk.

## Opið til kl. 22.00
**á Menningarnótt**

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400, www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold

# Hrifinn af íslenskum leir

**Greg Barrett er leirlistamaður sem vinnur eingöngu með íslenskan leir sem hann grefur sjálfur upp víða um landið. Áhugi hans á leirlist vaknaði þegar hann vann við fornleifauppgröft á Írlandi. Greg opnar vinnustofu sína á menningarnótt fyrir gestum og gangandi.**

„Ég er að vinna með íslenskan leir sem ég gref sjálfur upp víða um landið. Ég vil nota náttúruleg efni sem ég finn í umhverfi mínu, vikur og eldfjallaösku,“ segir Greg Barrett leirlistamaður sem hefur búið hér á landi frá því í maí 2005. Greg er frá Írlandi og lærði leirlist í Dublin áður en hann kom hingað. Hann hefur einnig stundað nám við Myndlistarskóla Reykjavíkur. „Núna er ég að einbeita mér að því að gera tebolla, einfalda hluti úr náttúrulegum efnum.“ Greg hefur einnig gert skálar og kjertastjaka.

„Ég vann í eitt ár við fornleifauppgröft á Írlandi. Þar var ég að finna leirhluti frá miðöldum og við það kviknaði áhugi minn á leirlist.“ Greg heimsótti í sumar fornleifauppgröftinn á Skriðuklaustri. Þar fékk hann ösku úr öskulögum frá eldgosinu í Öskju árið 1875 og í Veiðivötnum 1477. „Ég nota öskuna í glerung á verkin mín.“

Greg hefur haldið eina sýningu á verkum sínum hér á landi, í galleríinu Safni á Laugavegi í janúar 2006.

Greg verður með opið hús á vinnustofu sinni á menningarnótt. Fólk getur komið, skoðað og séð hann að störfum auk þess sem hann verður með verk sín til sölu.

Vinnustofan er á Klapparstíg 19, í bakhúsi fyrir aftan hárgreiðslustofuna Gel á horni Hverfisgötu og Klapparstígs.



Leirlist á menningarnótt. Greg Barrett leirlistamaður opnar vinnustofu sína á menningarnótt.






Ástráður, forvarnastarf læknanema, ætlar að gefa smokka á menningarnótt til að vekja athygli á starfinu og láta gott af sér leiða.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Öruggar ástir í nóttinni

**Forvarnastarf læknanema, Ástráður, deilir út ókeypis smokkum á menningarnótt.**

Ástráður, forvarnastarf læknanema, hefur staðið fyrir kynfræðslu og deilt út smokkum síðastliðin átta ár. Markhópurinn er ungt fólk á aldrinum fimmtán til tuttugu og þriggja ára sem eru einn helsti áhættuhópur fyrir ótímabærar þunganir og kynsjúkdóma.

Á hverju ári fer Ástráður inn í langflesta framhaldsskóla á landinu eða um fjörutíu. Þar eru læknanemarnir með kynfræðslu fyrir fyrsta árs framhaldsskólanema og deila út smokkum. Einnig er farið í grunnskóla, félagsmiðstöðvar og á meðferðarheimili auk þess sem sinnt er kennslu í Háskóla unga fólksins.

Á veturna er Ástráður á Rás 2 í þættinum Ungmennafélagið og allan ársins hring eru liðsmenn á MSN-spjallrás og í síma ásamt því að taka á móti um 500 fyrirspurnum í tölvupósti á ári.

Á sumrin deilir Ástráður út smokkum um verslunarmannahelgina en í ár bættust við hinsegin dagar og menningarnótt.

„Við göngum um borgina og verðum í Ástráðsbolunum okkar og deilum út ókeypis smokkum til þeirra sem vilja. Einnig ætlum við að reyna að koma smokkunum fyrir á nokkrum börum í borginni. Þetta gerum við til að vekja athygli á starfinu og reyna að láta gott af okkur leiða,“ segir Ómar Sigurvin, læknanemi og fjölmiðlafulltrúi Ástráðs.

Allir liðsmenn Ástráðs eru læknanemar sem vinna í sjálfboðavinnu og eru þeir um fjörutíu talsins.

Ómar segir unga fólkið almennt vel upplýst en þó megi fræðslan vera meiri af hálfu foreldra og skóla. Ástráður hlaut í ár íslensku forvarnaverðlaunin og segir Ómar mælanlegan árangur sjást af starfinu.

„Í tölum frá landlækni kemur fram að fóstureyðingum meðal ungra kvenna hefur fækkað. Þar nefnir landlæknir meðal annars okkar starf sem einn áhrifavald,“ segir Ómar.

Hann segir jafnframt að tölur um kynsjúkdóma standi í stað og sennilega fari þær lækkandi.

Ómar segir viðbrögð við starfinu mjög jákvæð, bæði frá almenningi og fagfólki. „Reynir Tómas Geirsson, yfirmaður kvensjúkdómadeildar við Landspítalann, er eins konar verndari þessa starfs. Einnig stendur landlæknir þétt við bakið á okkur ásamt heilbrigðis- og skólayfirvöldum,“ segir Ómar.

Ár hvert deilir Ástráður út 15-20.000 Durex-smokkum sem Heildverslun Halldórs Jónssonar gefur til starfsins. „Smokkarnir sem við gefum myndu kosta okkur um þrjár milljónir árlega svo styrkurinn er ómetanlegur,“ segir Ómar sem segir starfið styrkt af hinu opinbera, nokkrum fyrirtækjum og einstaka bæjarfélagi.

Framundan er áskorun Ástráðs um lækkun eða niðurfellingu verðs á smokkum og öðrum getnaðarvörnum. „Hver smokkur kostar áttatíu til hundrað krónur í dag. Á hinum Norðurlöndunum hefur verðlækkun og niðurfelling haft mjög jákvæð áhrif í baráttunni gegn kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum og við vonumst til að sjá slíkt hið sama hérlendis,“ segir Ómar.

Ástráður er með heimasíðuna www.astradur.is. MSN-spjallrásin er: astradur6@hotmail.com. Síminn er opinn þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 20-22 og tölvupóstfangið er leyndo@astradur.is

*rh@frettabladid.is*

# Byggja á reynslu liðinna ára

Mikill undirbúningur hefur verið hjá lögreglu fyrir menningarnótt enda er reiknað með gríðarlegum fjölda í miðbænum. „Í fyrsta lagi verðum við með hefðbundna löggæslu á öllu svæðinu. Síðan verðum við með gönguhópa bæði að degi og nóttu,“ segir Árni Þór Sigmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn um tilhögun gæslumála á menningarnótt.



Það er alltaf er aukin slysahætta í mannmergð og því aukin þörf fyrir löggæslu. Þriggja manna lögregluhópar verða á göngu í miðbænum yfir daginn.

Þrátt fyrir að dagurinn hafi yfirleitt farið vel fram segir Árni alltaf þörf fyrir aukna löggæslu í slíkum mannfjölda. „Það getur ýmislegt komið upp á svo sem veikindi eða slys. Þá þarf að bregðast við með viðeigandi hætti og koma fljótt á vettvang. Að degi til verðum við með nokkra þriggja manna gönguhópa á svæðinu frá Miklatúni og niðri í Kvos en um nóttina verðum við með stærri gönguhópa í miðbænum og njótum þá fulltingis björgunarsveitarmanna.“

Lögreglan fær hjálp frá Landsbjörgu, Rauða krossinum og slökkviliðinu en sameiginleg stjórnstöð verður í menntamálaráðuneytinu. „Þar verðum við með nokkurs konar vettvangsstjórn þar sem afmörkuðum hluta löggæslunnar verður stýrt,“ segir Árni. Örlitlar áherslubreytingar verða á gæslunni þótt flest verði með svipuðu móti og síðustu ár. „Meðan á tónleikunum á Miklatúni stendur færist þunginn svolítið þangað. Settar verða upp færanlegar myndavélar sem hjálpa okkur mikið við að hafa yfirsýn í slíkum mannfjölda.“

Það virðist því sem lögreglan muni halda vel utan um hátíðina og Reykjavíkurbúar geti farið öruggir niður í bæ. „Við byggjum auðvitað á reynslu liðinna ára og reynum alltaf að gera betur.“

*mariathora@frettabladid.is*


HVER BER ÁBYRGÐ?
UNGLINGUM
FYLGIR ÁBYRGÐ
SKEMMTUM OKKUR VEL Í SUMAR!
ÁN ÁFENGIS
LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil

# ASUS SKÓLATILBOÐ

TASKA OG MÚS FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM

## HÁGÆÐA FARTÖLVUR FYRIR NÁM OG LEIK











### FRÁBÆR FYRSTA VÉL

ASUS X51R-AP009A
- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Intel Celeron M520 1.6GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.

15.4" TFT WGA SKJÁR

VERÐ 69.990

FRÁBÆRT VERÐ

### ÖFLUG VÉL - FRÁBÆRT VERÐ

ASUS F5R-AP138C
- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2130 1.83GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Azaila samhæft hljóðkort og fl.

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

VERÐ 89.990

FRÁBÆRT VERÐ

### VEL ÚTBÚIN VÉL - TIL Í ALLT

ASUS F5V-AP021C
- 15.4" TFT WXGA breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2450 2.0GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X2300 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

VERÐ 109.990

FRÁBÆRT VERÐ

### MEÐ STÓRUM 17" SKJÁ

ASUS A7S-7S025C
- 17" TFT WXGA+ breiðskjár
- Með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 DUO T7300 2.0GHz örgjörvi
- NVIDIA Geforce Go 8400 128MB skjákort
- 2 GB DDR II 667MHz vinnsluminni
- 200GB SATA 4200rpm harður diskur
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Intel High Definition hljóðkort o. fl.

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

VERÐ 149.990

FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

DUCATI

**NÝ HJÓL**



**GT 1000**
Hestöfl: 95
CC: 1000
Verð: 1.490.000



**Multistrada**
Hestöfl: 92
CC: 1100
Verð: 1.690.000



**Multistrada S**
Hestöfl: 92
CC: 1100
Verð: 1.890.000
Öhlins demparar



**Sport Touring**
Hestöfl: 107
CC: 1000
Verð: 1.640.000

**NOTUÐ HJÓL**



**999s**
Ekið: 2.000 km
Hestöfl: Vel yfir 143 Hö
CC: 999
Ásett verð: 2.490.000
Hlaðið aukahlutum



**Multistrada**
Ekið: 32.000 km
Hestöfl: 84
CC: 1000
Ásett verð: 1.090.000
Töskur og fleiri aukahlutir

SAGA
Malarhöfða 2a
Sími 570 9900



Toyota Avensis 1999. ekinn 107þ. bsk. nýlega skipt um tímareim. ásett verð 750þ s. 6916318



**Staðgreiðslutilboð 590 þús. stg.**
Skoda Octavia 2,0 stasion árg.'02, ssk. Ek. 146 þús. Ásettverð 890 þ. Tilboðsverð 590 þ. stg. Uppl. í s. 660 1334.

## 1-2 milljónir



TOYOTA YARIS TERRA til sölu, árgerð 2005, ekinn 11þús 4 dyra beinskiptur, vél 1.0. Verð 1280 Áhvílandi kr. 466 þús, sem nýr. s.8207669



subaro impreza gt turbo 5/2000 ek 130Þ, körfustólar, rafmagn í rúðum og speglum, topplúga, spoler, kartarar,3"púst down pipe blow off ventill, cd, græjur , nýir diskar og klossar ofl verð 1650 s:8457535

Toyota Corolla VVTi 1.6 Sport Árg 2004, Ek.57.þ. 5 g 1600 cc.. Verð 1,580þ áhv 300,þ uppl. í síma 6956953

## 2 milljónir +



Til sölu Mercedes Benz R350 árg. 2006. Ek. 5 þús. Einn með öllu, vel með farinn og reyklaus. Verð 6.900 þús. Ath öll skipti. Uppl. gefur Jón í síma 690 1074 & 554 0374.



Chevrolet CORVETTE árg 80. V. 2,5m. nánari uppl í s. 6913676 eftir kl 18.

## Bílar óskast

**Óska eftir bíl**
Óska eftir VW Transsporter eða sambærilegum bíl. Má þarfnast einhverjar lagfæringar. Uppl. í s. 565 7449 & 864 7449.

Bíll óskast, helst Golf eða Skodi. Verðhugmynd 150-350 þús. stgr. S. 551 5564.

## Jeppar



Pajero Dakar 3,2 diesel 10/06 ek 13 þ,km 17"antera og 32"dekk krókur v 5190 þús uppl 8973150

Musso '96. ek. 196 þús, diesel, ssk. Verð 360 þús. Uppl. í s. 844 0599.

Pajero V6 '89 ssk., vél endurnýjuð. Ek. ca. 245 km. Verð 130 þ. Uppl. í s. 895 0188.

Góður og nýuppgerður ca 12 fm. vinnuskúr til sölu. Skúrinn er á hjólum og því auðvelt að færa hann milli staða. Sími 899-3231 eða halldorgunnlaugs@gmail.com

## Sendibílar



Isuzu MPR til sölu, ek. 43 þ. Er á stöð og allt getur fylgt. Verð 3,7 + vsk. S. 898 3206.

## Vörubílar



Tilsölu Scania 142. stellari árg 88. ek 460þús. malarpallur og nýr sturtutjakkur og dæla. Uppl. í s. 892 1208.

## Húsbílar



Fiat SEA árg. '04 disel ek. 15000. Geymslupláss fylgir. Uppl. í s. 898 9103.

## Vespur




Viðurkenndir hjálmar á tilboðsverði. Opnir 7.900 kr Kjálka hjálmar 9.900

## Fjórhjól



Til sölu Can-am Outlander 800 Max XT 4X4 Árg.'07, 2 manna, með öllu. S. 587 7704 ef. kl. 19-22.

Vantar notað fjórhjól 250 + cc., með ládrifi, og litla garðirkju kerru. Uppl. í s. 892 0844.

## Hjólhýsi



RAPIDO '95. Eins og nýr. 2+1. Eldav. ísk. hiti. klós. fortj. niðurf. toppur. v. 980þús. S. 895 5796.




**Hjólhýsi til sölu 2007**
Leiguhjólhýsi til sölu (mynd:hjolhysi) Nú annað árið í röð seljum við leiguhjólhýsin okkar. Hjólhýsin eru 5 og seljast með 300.000 kr.- lækkun Frekari upplýsinga má finna á heimasíðu okkar www.vagnasmidjan.is og í síma 587-2200

Tec travel bird árg.'07 4 manna hjólhýsi. 2 kojur. Verð 1700 þús. Uppl. í s. 822 1920.

Til sölu vegna breytinga FENT SHAPIR 07 hjólhysi með kojum,hjónarúmi,setustofu,sem 2 geta sofið,markhísa,sólarsella,lofnet,stór ískápur með frysti,ny svunta sem sett er neðaná ,eggjabakkadyna í hjónarúmi hægt að borga 400,000 út og taka við láni sjón er sögu ríkari. Upplysingar í síma 8947990-8965550.

## Kerrur



Brenderup 1205 P - Innanm. 203 x 116 x 35 cm. Burðarg. 600 kg. Dekk: 13" Listaverð 139.000. Tilboðsverð 116.000,- Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbæ - 421 4037 - www.lyfta.is

## Fellihýsi



Starcraft fellihýsi 10 ft. árg.'07. Farangursbox omfl. Selst með góðum afslætti. Uppl. í s. 864 8846.

Til sölu Taos Fleetwood 8,5 fet árg '05. Einn með öllu. Uppl. í s. 899 0304.

Óska eftir Colman Redwood árg 2001 eða yngra. Uppl. í s. 856 1154.

## Tjaldvagnar



Til sölu vel með farið Sun Lite Camper hús 7 feta. Árg. '00 með vatni, gashellu, íssk, miðst. Verð 350 þús. Uppl. í s. 894 3707.

## Vinnuvélar



Liebherr 71K árgerð 2004 Keyptur nýr apríl 2004, aðeins notaður í eitt verk. Auka turnstykki, teinar og stell. Uppl. gefa Harry S. 896 6900 og Björn S: 896 8934.

Hjólagröfudekk á góðu verði. 315/80R22.5 með eða án felgu (8 eða 10 gata). Alorka sími 577 3080.

## Bílaþjónusta

NICOLAI
BIFREIÐASTILLINGAR
Faxafeni 12 Sími 588-2455
Véla og hjólastillingar
Tímareimar - Viðgerðir

## Hjólbarðar

Til sölu 8 stk. 38 - 15.5 góð Graund Hawg 4 negld/4 ónegld. Uppl. 825 5452

## Varahlutir

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í Lancer '98 station Sunny árg. '93, Legacy '92, Accent '95. S. 896 8568.

## Bátar

Bátur á vagni fylgja 2 mótorar 50 hestöfl Jhonson. 75 hestöfl Everwood, honum fylgja u.þ.b 2 mótorar í varahlutum. Báturinn er á Akureyri. Tilb. óskast. Uppl. í s. 896 4399.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Thai city**
Mikið úrval af nýjum og notuðum húsgögnum til sölu á 70 - 80% afslætti frá hernum. Hef aðstöðu fyrir sölubása í Engihjalla 8, Kóp. Tek einnig að mér að selja notaða hluti. Uppl. í s. 893 8886.

Ikea Barnarúm, stór bókahilla og skrifborð ásamt 2 gegnheilum Eikar bókahillum ( Habitat), sony tv 22" og dvd. Uppl. í s. 692 2150 & 846 9461.

Viking fellihýsi árg.'99 með fortjaldi til sölu á mjög góðu verði uppl.6934096

**Þvottavélar og uppþvottavélar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og uppþvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Fálki eftir Guðmund Einarsson frá miðdal. Uppl. í s. 849 6432.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Hljóðfæri

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Kársnessbraut 114.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Skotvopn

þýskur KAPS2.5-10x56sniper no 8638969

## Til bygginga

Vantar timbur til uppsláttar og/eða dokaborð á sama stað til sölu gifsplötur sími 897-5599 Arinbjörn

Til sölu sökkulmót (flekkar) ca. 60m. í tvöföldun og stífu steinar. S. 868 3241.

**Vinnuskúr óskast**
Óska efit vinnuskúr fyrir 20-30 manns, má þarfnast lagfæringar eða viðhalds. Uppl. í s. 661 1836.

## TIL SÖLU

KOMATSU
Höfum til sölu
**KOMATSU WB97-S5**



Frábært verð!
KRAFTVÉLAR
Kraftvélar ehf. /// Dalvegi 6-8 /// 201 Kópavogi
Sími 535 3500 /// Fax 535 3501 /// www.kraftvelar.is
argus 07-0421

## TIL SÖLU

MARÁS
Harðbotna alvöru gúmmibátar
Nokkrar stærðir



Akralind 2 s. 555-6444

**Snyrtifræðingur óskast!**
**Dulegur og röskur snyrtifræðingur óskast í 100 % starf.**
**Uppl. í s. 663 3053.**
**Englakroppar heilsustúdíó - snyrtistofa.**

Íslenskir verktakar ehf

**ÓSKUM EFTIR SMIÐUM**

**898 0280**

**Vort Daglegt Brauð Hafnarfirði**
**Óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu, tvískiptar vaktir.**
**Nánari uppl. veitir Þóra í s. 891 8258.**

**Kökubankinn Garðabæ**
**Óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu um helgar, gæti hentað vel skólafólki.**
**Uppl. veitir Þóra í s. 891 8258**

**Bakaríið Hagamel 67**
**Óskar eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi.**
**Ekki yngri en 16 ára.**
**Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.**

REGNBOGINN
– leikskóli –

**25% vinna með námi.**
**Regnboginn leikskóli sem staðsettur er á Ártúnsholti auglýsir laust starf síðdegis milli kl. 15 og 17.00 á daginn. Upplagt fyrir þann sem vill vinna með námi. Viðkomandi þarf að vera barngóður og sérlega traustur einstaklingur.**
**Uppl. veitir skólastjóri í s. 557 7071 eða með tölvupósti á regnbogi@regnbogi.is Frá með 1. okt. verður einnig laus 100 % staða hjá okkur fyrir áhugasaman einstakling sem gæti þó byrjað í september ef vill.**
**Leikskólastjóri**

Gallerý fiskur

**Þjónustufólk óskast í sal.**

Óska eftir að ráða þjón eða vana manneskju í sal alla virka dag frá 9-15. Starfið felur í sér þjónustu í sal og aðstoð í eldhúsi.
Upplýsingar í s. 587-2882 og 869-4443
galleryfiskur@galleryfiskur.is

**Næturræstingar**
**Ræstingaþjónustan sf óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu við næturræstingar í verslunarhúsnæði.**
**Nánari upplýsingar á skrifstofutíma hjá Guðfinnu í síma 821-5054.**

Café VICTOR
BISTRO – BAR

**Café Victor óskar eftir hressu og skemmtilegu starfsfólki fyrir komandi vetur, bæði í fulla vinnu og helgar aukavinnu, þjónum í sal, barþjónum, aðstoðarfólki í eldhús og uppvöskurum. Fín laun í boði fyrir gott fólk. Reynsla fín en ekki nauðsyn.**
**Upplýsingar veitir Baldur í síma 692 0735 eða baldur@victor.is**

Ruby Tuesday
CLASSIC GRILL

**Ruby Tuesday Skipholti**
Leitum eftir að ráða góða starfskrafta við afgreiðslu í sal og eldhús Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Umsóknareyðublöð liggja frammi í Skipholti 19 eða senda umsóknir á haukur@ruby.is

MOKKA KAFFI

Afgreiðslufólk óskast. Dagvinna og hlutastarf um helgar. Upplýsingar á staðnum. Mokkakaffi Skólavörðustíg

**Bílstjórar óskast**
**Pósthúsið óskar eftir duglegum og hraustum bílstjórum til starfa sem fyrst. Um er að ræða akstur og dreifingu á fjölbreytilegum verkefnum Pósthússins og er vinnutíminn frá 08-16 virka daga, yfirvinna skv. samkomulagi.**
**Nánari upplýsingar veittar eingöngu á staðnum, Suðurhrauni 1, Garðabæ milli 8 og 16 eða á www.posthusid.is, hægt er að senda umsóknir á umsoknir@posthusid.is**

**Smart starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofur Smart Grensásvegi & Sólvallargötu í dag-, kvöld og helgarvinnu.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum.**
**Yngri en 18ára koma ekki til greina.**

**Hársnyrtinemi óskast**
**Hárgreiðslustofan Prímadonna óskar eftir nema til starfa í haust. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar á staðnum.**
**Hárgreiðslustofan Prímadonna, Grensásvegi 50.**

Thorvaldsen Bar

**Thorvaldsen Bar, Bistro og Grill**
**Óskar eftir vönum barþjónum og starfsfólki í sal. Þarf að hafa náð 18 ára aldri. Um er að ræða kvöld, helgarvinnu og einnig 100% starf . Góð laun í boði fyrir rétta aðila.**
**Upplýsingar veitir Ásta í síma 698 8510.**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
**Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. 100% staða. Óskum einnig eftir fólki í hlutastarf, kvöld og helgarvinna.**
**Upplýsingar í síma 617 2929 og keiluhollin.is**

JOLLI

Ert þú ekki að fara í skóla í vetur? Þá er þetta rétta vinnan fyrir þig. 100% dagvinna í boði. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Umsóknareyðublöð á staðnum

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
**Óska eftir starfsmanni í steinsteypusögun og kjarnaborun.**
**Upplýsingar í s. 893 3236**

**Kökuhúsið Auðbrekku**
**óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu starfa. Vinnutími 13-17.30 eða 14-17.30. Gjæti hentað með skóla.**
**Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093.**

**NK Kaffi Kringlunni**
**Óskum eftir að ráða þjónustulipurt fólk til afgreiðslustarfa.**
**Fullt starf og helgarvinna.**
**Upplýsingar á staðnum og í síma 568 9040.**

**Sportbarinn Ölver**
Getum bætt við okkur duglegum og hressum dyravörðum og barþjónum. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. í s. 533 6220.

**Sportbarinn Ölver**
Vaktstjóri óskast í fullt starf, verður að vera vanur. Uppl. í s. 533 6220.

**Byggingafélag**
Vantar íslenska smiði eða litla smíðahópa í sérvalin verkefni. Uppl. í s. 893 9722.

**Holtabakarí Grafarholt**
Auglýsir eftir hressu og stundvísu starfsfólki til afgreiðslustarfa. Um er að ræða hlutastörf virka daga og helgarvinnu. Uppl. í s. 557 2414 milli 09-14, Valborg, & 863 5950 Ingibergur.

Getum bætt við okkur starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Dekkjahöllin, s. 462 3002 & 471 2002.

**Skalli Hraunbæ Aukavinna+dagvinna**
Vantar hresst og duglegt fólk í kvöld og helgarvinnu í vetur. Einnig vantar starfsmann í dagvinnu. Lágmarksaldur 17.ára. Upplýsingar í s. 567 2880 milli 14-17 alla virka daga

**Múrarar, byggingaverkamenn**
Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari.

**GLAUMBAR**
Óskum eftir hressu starfsfólki í helgarvinnu á bar og í sal. Góð laun í boði fyrir duglega og samviskusama einstaklinga. Uppl. veitir Vigdís í síma 695 4561 eftir kl. 17 alla daga.

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf strax. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

óskum eftir mönnum í hellulagnir og lóðavinnu uppl. í sima 8630208 -8659898

Starfsfólk óskast í aukavinnu á veitingahús í Hafnarfirði. Uppl. í s. 822 5229 & 699 3434.

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir starfsfólki í ræstingar. Uppl. í s. 860 0601. Glans ehf.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnótarbát gerður út frá Suðurnesjum. Þarf að geta byrjað strax Uppl. í s. 892 5522.

Óskum eftir Pólverja í vinnu við múrverk og flísalagnir. Þarf að kunna ensku. Góð laun í boði. Uppl. í s. 847 4045, Stefán. & 899 0866, Karl.

**Starfsfólk**
Starfsfólk vantar í byggingavinnu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 860 8012

**Nemar í húsasmíði**
Getum bætt við okkur nemum í húsasmíði uppl. í s. 860 8012 eða 860 8011.

**Húsasmiðir**
Vantar að ráða húsasmiði til starfa á höfuðborgarsvæðinu, mikil vinna framundan og góð laun í boði. Uppl. í s. 860 8012.

Smiður vanur mótauppslætti óskast sem fyrst í vinnu í kópavogi, einnig vantar verkamenn uppl. í síma 8972107

Byggingaverktakar óskar eftir smiðum eða mönnum vönum smíðavinnu. Uppl. gefur Helgi 864 9445.

**Krambúðin Skólavörðustíg 42**
Vantar fólk á aukavaktir strax og í vetur og jafnvel fastar vaktir. Tilvalið fyrir skólafólk. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-17.

Loftræstihreinsun ehf. óskar eftir starfskrafti í 50%-75% vinnu, óreglulegur vinnutími. Uppl. í s. 895 6884.

Vantar meiraprófsbílstjóra, áhugasamir hafið samband í s.8216732

Vantar mann á malbikssög og flokkstjóra í uppúrtekt við malbiksviðgerðir Mikil vinna í boði. Hafið samb. við Verkstjóra. - S : 660-1921

**Hár, hár, hár!**
Nemi og sveinn óskast. Hárstofan Noon. S. 567 2077 587 0077.

Óskum eftir starfsfólki á sólbaðsstofu í miðbænum í fullt starf og hlutastarf, ekki yngri en 17 ára. Reynsla kostur en ekki skilyrði, uppl. í s. 821 9812, Gunnar.

Óskum eftir mönnum í smíðavinnu, fullt starf og hlutastarf. Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Uppl. í s. 821 9812 & 697 7809 Gunnar og Leó.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
**UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888**
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

Tek að mér þrif í heimahúsum. Uppl. í s. 662 1572 angull@simnet.is

**Parketlagnir parketlagnir!!!**
Getum tekið að okkur auka parketlagnir, vönduð og góð vinnubrögð, og er unnið eftir fm-gjaldi. Gunnar og Hannes s. 847 9538 & 660 6993.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Celebrity.is**
Núna 17.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

**Matseld.is**
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

## Einkamál

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Óska eftir að kynnast reglusamri konu á aldrinum 50-55 ára. Verður að vera hress, sem ferðafélagi innan lands og utanlands og til að fara út að borða og fl. Uppl. sendist fréttabl. merkt „Ferðafélagi."

RE/MAX
Söluskrifstofa

Óskar eftir að ráða
**Löggiltan fasteignasala**

Áhugasamir sendi tölvupóst á *remax@remax.is* merkt: remax 3510

RE/MAX er alþjóðleg sérleyfiskeðja, með söluskrifstofur í yfir 63 löndum og er RE/MAX – rauði, hvíti og blái loftbelgurinn með orðunum "Above the Crowd!" eitt þekktasta vörumerkið í þeim löndum sem RE/MAX hefur sett upp söluskrifstofur.

*Enginn í heimi selur fleiri fasteignir*

*www.remax.is*

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

**Hofsstaðaskóli**
**Kennarar og þroskaþjálfar**

***Tækifæri fyrir áhugasama og metnaðarfulla fagmenn***

**Tónmenntakennari 100% starf**
Í skólanum er rík hefð fyrir fjölbreyttu tónlistarstarfi.

**Þroskaþjálfar tvö 100 % störf**
Í skólanum er teymi þroskaþjálfa sem starfar náið saman og með kennurunum.

Umsóknarfrestur er til 23. ágúst nk.

Umsóknir berist skólastjóra sem veitir nánari upplýsingar í símum 565-7033 og 820-8590 eða á margreth@hofsstadaskoli.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningum við viðkomandi stéttarfélög

***Deildarstjóri skóladeildar***

Fræðslu- og menningarsvið

þixel
þrentþjónusta

brautarholt 10-14
105 reykjavík
www.pixel.is

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST**

**PIXEL ehf** óskar eftir að ráða **bílstjóra** til framtíðarstarfa.

Starfið er aðallega fólgið í:

- Útkeyrslu á verkefnum
- Viðhaldi og umhirðu bíls
- Umsjón með afhendingu verka
- Útprentun, ljósritun og annað tilfallandi

Við leitum að aðila sem er kátur, heiðarlegur, duglegur, ábyrgðarfullur, góður í samvinnu, sýnir frumkvæði, hefur góða þjónustulund og hefur nokkuð góða tölvukunnáttu. Viðkomandi starfsmaður yrði einnig að vera tilbúinn að læra og vinna við ljósritun og frágang verkefna.

**Fjölbreytt og skemmtilegt starf í góðum hópi.**

Nánari upplýsingar um starfið eru í síma **575 2700** (Hlynur eða Halldór)

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**




**vísir.is**
Fyrstur með fréttirnar

# PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

**Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar næsta vetur**

**Leitað er eftir:**

- Leikskólakennurum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

**Deildarstjórar**

- Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
- Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515 v/afleysing til 1.júní 2008
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
- Hlíðarendi, Laugarásveg 77, sími 553-7911/869-7048
- Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
- Ösp, Iðufell 16, sími 557-6989/693-9819

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**

- Álftaborg, Safamýri 32, sími 581-2488
- Austurborg, Háaleitisbraut 70, sími 588-8545
- Bakkaborg, Blöndubakki 2, sími 557-1240
- Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
- Brákarborg, Brákarsundi 1, sími 553-4748
- Dvergasteinn, Seljavegi 12, sími 551-6312
- Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
- Funaborg, Funafold 42, sími 587-9160
- Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470
- Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
- Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870
- Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970
- Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199
- Kvistaborg, Kvistalandi 26, sími 553-0311
- Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140
- Lækjaborg, v/Leirulæk, sími 568-6351
- Nóaborg, Stangarholti 11, sími 562-9595
- Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
- Sólhlíð, Engihlíð 6-8, sími 551-4870
- Sæborg, Starhaga 11, sími 562-3664
- Ösp, Iðufell 16, sími 557-6989/693-9819

**Yfirmaður í eldhús**

- Engjaborg, Reyrengi 11, sími 587-9130
- Jörfi, v/Hæðargarð, sími 553-0347
- Lyngheimar, Mururima 2, sími 577-3077/693-9850
- Nóaborg, Stangarholti 11, sími 562-9595/693-9830
- Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810

**Aðstoðarmaður í eldhús**

- Engjaborg, Reyrengi 11, sími 587-9130
- Nóaborg, Stangarholti 11, sími 562-9595/693-9830. Um er að ræða 50% stöðu.

Allar upplýsingar um störfin veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum eða starfsmannaþjónusta Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Allar lausar stöður í leikskólum Reykjavíkurborgar eru auglýstar á www.leikskolar.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

STÓRBORG fasteignasala

Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300

**OPIÐ HÚS Í DAG,**
**FIMMTUDAG KL 18:00 – 19:00**

Frum



**Kjartansgata 3 – 105 Reykjavík.** Falleg 4 herbergja sérhæð á 2. hæð við Kjartansgötu í Norðurmýri, ásamt bílskúr. Eignin skiptist í hol, tvö herbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara ásamt sameiginlegu þvottahúsi og þurrkherbergi. Eignin lítur vel út. Stór og gróinn garður. Mikið endurnýjað. **Verð 37,8 millj. 143 fm.**

***Valdimar Örn sölufulltrúi, tekur á móti fólki.***
***GSM: 823 2217 valdimar@storborg.is***

***Stefán Hrafn Stefánsson hdl. Löggiltur fasteignasali***

HÓLL Þverholt 14 • 105 Reykjavík
www.holl.is • holl@holl.is

Frum







**Nönnufell - 111 Reykjavík**

Falleg og rúmgóð 3ja herb. íbúð á 3. hæð í litlu fjölbýli alls 83.4 fm. Stofan er björt og rúmgóð. Eldhús með góðri innréttingu og góðum borðkrók. Rúmgóð svefnherbergi með fataskápum. Baðh. með baðkari og sturtusetti. Þvottahús og sérgeymsla í sameign. Sameignin var tekin í gegn fyrir ca. 2 árum og húsið sprunguviðgert og klætt fyrir ca. 3 árum. Stutt er í alla almenna þjónustu. **Verð 17.9 millj.**

***Nánari uppl. gefur Hóll fasteignasa. Ástrós Hjálmtýsdóttir eða Björn Daníelsson í síma 595 9000, 865 1124 eða 849 4477. Einnig með tölvupóstum: astros@holl.is eða bjorn@holl.is***





Frum







OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17-18
ÁLFKONUHVARF – ÍBÚÐ 302.

Falleg 3ja herbergja 100,6 fm íbúð á 3.hæð í lyftuhúsi með miklu útsýni yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. **VERÐ: 26,4 millj.**

***Þóra Þrastardóttir, sölufulltrúi tekur á móti gestum sími 822 2225.***

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

BORGARTÚN 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
ELÍAS HARALDSSON
LÖGG. FASTEIGNASALAR

**Suðurgata 39B - Einbýli í Hafnarfirði**
**Opið hús í dag frá kl. 19 - 20:30**

Frum





Skemmtilegt og fallegt einbýlishús á einni hæð auk þvottahúss og geymslu í kjallara á góðum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað og skiptist í forst., baðh., eldhús, stofu, hol og þrjú svefnh. Rúmgott hjónah. með útgangi út í garð til austurs. Loft tekin upp og hiti undir flísum. Parket og flísar. Hér er einstakt tækifæri til að eignast lítið sérbýli á fallegum stað. **Verð 28,9 millj.**

***Reynir Björnsson l.fs. býður gesti velkomna í dag frá kl. 19 - 20:30. Teikningar á staðnum.***

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

LYNGVÍK FASTEIGNASALA
Sigrún Gissurardóttir, löggiltur fasteignasali
SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK.
SÍMI 588 9490 • FAX 568 4790
WWW.LYNGVIK.IS
LYNGVIK@LYNGVIK.IS

**FÍFUSEL - GÓÐ EIGN**

Frum



Falleg 4ra herb. 98,1 fm íbúð í góðu húsi, sem var viðgert og málað fyrir nokkrum árum, einnig var skipt um gleri. Eldhús með fallegri innréttingu. Björt stofa með suðvestur svölum. Svefnherbergi með skáp með innbyggðu snyrtiborði. Tvö góð herbergi annað með skáp. Flísalagt baðherbergi með baðkari, sturtuklefa og glugga. Gólefni eru dúkur og gegn heil eik. Innréttingar úr hnotu. **LAUS STRAX Verð 20,9 m.**

**Hjallabraut 41**
220 Hafnarfjörður
Góð íbúð með flottu útsýni

**Stærð: 112,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1973**
**Brunabótamat: 16.500.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Borg







**Opið hús í dag milli18:30-19:00**

**Verð: 23.800.000**

Falleg og spennandi fjögurra herbergja, 112,6 fm, íbúð á þriðju hæð í fjölbýli í Hafnarfirði. Gengið er inn í flísalagt andyri. Eldhús er fallegt og rúmgott með flísar á gólfi og klassískar viðarinnréttingar. Eldhúsið er opið inn í stofu og andyri en einnig með aðgang að rúmgóðu þvottahúsi/búri. Stórt svefnherbergi með stórum skápum. Tvö rúmgóð barnaherbergi. Flísalagt í hólf og gólf á baðherbergi. Opin stofa með fallegu viðarparketi á gólfum. Aðgangur úr stofu að suðursvölum með sérstaklega glæsilegu útsýni.

Sigurpáll
Sölufulltrúi
**897 7744**
sigurpall@remax.is

Vernharð
Sölufulltrúi
**699 7372**
venni@remax.is

Þórunn
Þórðardóttir
Lögg. fasteignasali
tt@remax.is

**RE/MAX Borg - Tryggvagata 11 - 101 Reykjavík - Sími: 5222800 - www.remax.is**

**Álfkonuhvarf m/sérgarði.**
203 Kópavogur
Íbúðin er laus til afhendingar !!

**Stærð: 105,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2006**
**Brunabótamat: 21.000.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind







**Opið hús í dag kl. 17.30 - 18.00**

**Verð: 24.700.000**

Remax Lind kynnir mjög skemmtilega 3ja herbergja íbúð við Álfkonuhvarf í Kópavogi. Komið er inn í rúmgóða forstofu með skáp. Svefnherbergin eru rúmgóð, bæði með skápum. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf með baðkari og sturtu. Eldhúsið er með góðri L-innréttingu, keramikhelluborði og veggofni frá AEG. Stofan er rúmgóð og með útgengi í sérgarð sem snýr til suðurs. Allar innréttingar í íbúðnni eru frá HTH. Þvottahús innan íbúðar, sérgeymsla, þrif á sameign innif. í hússjóð. Laus strax !!

Hilmar Jónasson
Sölufulltrúi
**695 9500**
hj@remax.is

Sigurdór Bragason
Sölufulltrúi
**663 3300**
sb@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

## Upphaf haustannar 2007

### Dagskóli

**Föstudagur 17. ágúst**
Stundatöflur afhentar 09:00-13:00

**Mánudagur 20. ágúst**
Skólasetning kl. 10:00
Nýnemakynning að lokinni skólasetningu

**Miðvikudagur 22. ágúst**
Kennsla hefst skv. stundaskrám

### Kvöldskóli

Netinnritun á www.fb.is

**Fimmtudagur 16. ágúst**
Innritun á staðnum
frá kl. 17:00 til 19:00

**Miðvikudagur 22. ágúst**
Kennsla hefst skv. stundaskrám

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar






## Leikskólakennarar óskast í leikskólann Laufskála Laufrima 9 í Grafarvogi.

### Lýðræði í leik og starfi

Í Laufskálum er lögð áhersla á að börnin hafi áhrif á námsval og að allir starfsmenn taki þátt í að móta leikskólastarfið.

Lausar eru stöður leikskólakennara sem vilja taka þátt í því að byggja upp lýðræðislegan leikskóla með börnum og fullorðnum.

Verið velkomin í heimsókn í Laufskála eða hafið samband við Halldóru Pétursdóttur leikskólastjóra í síma 587-1140 eða 693-9818.

Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is



hanza
hópurinn kynnir

www.strandgata.is



„STRÖNDIN“ Verslanamiðstöð og íbúðir í hjarta Hafnarfjarðar

Frum

# Eru tengsl milli sílikonbrjóstapúða og langvinnra sjúkdóma?

**UMRÆÐAN**
Lýtalækningar og fegrunaraðgerðir

Vegna nýlegra skrifa og sjónvarpsviðtala um brjóstapúða sem innihalda sílikon er rétt að koma á framfæri niðurstöðum rannsókna sem beinst hafa að spurningum um hvort slíkir púðar auki líkur á krabbameini annars vegar og hins vegar tengsl þeirra við ýmis óljós gigtareinkenni, eymsli og þreytu.

**I. Krabbamein.**
Einkum er þrennt sem spyrja má um tengsl milli sílikonbrjóstapúða og brjóstakrabbameins. Í fyrsta lagi hvort tíðni brjóstakrabbameins aukist hjá konum með sílikonbrjóstapúða. Svar: Nei. Í öðru lagi hvort þær greinist með slíkt krabbamein á hærra stigi. Svar: Nei.

Í þriðja lagi hvort endurkoma krabbameins sé hærri meðal kvenna með sílikonpúða. Svar: Nei. Leitast er við að svara þessum spurningum hér að neðan. Þessi svör eru ekki staðlausir stafir heldur niðurstöður fjölda rannsókna sem birtar hafa verið í læknaritum síðustu 10-15 árin.

1) Er aukin tíðni krabbameins í brjóstum kvenna með sílikon ?

Mjög viðamikil yfirlitsgrein birtist í Plastic and Reconstructive Surgery í maí 2001. Gagnagrunnur sem notaður var náði til 65.000 rita á tímabilinu 1992-1998, meira en 4.770 birtar greinar, útdrættir, yfirlit og bréf til ritstjóra voru skimuð með tilliti til lykilorðanna brjóstakrabbamein og sílikon. Ameríska krabbameinsfélagið (American Cancer Society) gerir ráð fyrir að 12,5% kvenna í Bandaríkjunum fái brjóstakrabbamein og áætlað er ein og hálf milljón kvenna í Bandaríkjunum sé með sílikonbrjóstapúða. Það er því ljóst að einhver hópur kvenna með slíka brjóstapúða mun fá brjóstakrabbamein þótt engin tenging hafi fundist milli krabbameins og sílikons.

Athygli skal vakin á nokkrum niðurstöðum sem nefndar eru í ofangreindri yfirlitsgrein: Heilbrigðisgagnagrunnur Alberta-ríkis í Kanada (Alberta Health Care database) var skoðaður og konur með sílikonpúða voru bornar saman við upplýsingar í krabbameinsskrá Albertaríkis (Alberta Cancer Registry). Rannsóknin náði til 11.676 kvenna með sílikonpúða, 41 kona reyndist hafa fengið krabbamein. Þessi tala er verulega lægri en áætlaður fjöldi kvenna í hættu á að fá krabbamein. (Berkel. New Engl J.Med 1992)


SIGURÐUR E. ÞORVALDSSON

Farið var yfir sjúkraskýrslur 3.182 kvenna í Kaliforníu með sílikonbrjóstapúða og tengt við krabbameinsskrána í Los Angeles ( Los Angeles County Cancer Registry). Þrjátíu og ein kona fékk krabbamein í brjóst en ætlaður fjöldi samkvæmt almennri áhættu án sílikons var 49 (Deapen. PRS 1997). Af 3.473 konum í Svíþjóð með sílikonbrjóstapúða fengu 18 brjóstakrabbamein en áætlaður fjöldi samkvæmt almennri áhættu var 25. (McLaughlin. J. Nat Cancer Inst. 1998).

Ég læt þessar þrjár greinar nægja hér. Tilvitnanirnar í yfirlitsgreininni eru 93, ítarlegri frásögn á heima í læknaritum.

2) Greinist krabbamein seinna og á hærri stigum hjá konum með sílíkonpúða í brjóstum?

Í danskri rannsókn var sýnt fram á að stig krabbameins við greiningu hjá konum með brjóstapúða var það sama og hjá öðrum konum sem greindust með brjóstakrabbamein (Friis.Int J.Cancer 1997).

3) Er kona sem misst hefur brjóst vegna krabbameins og fer í brjóstauppbyggingu með sílikoni í meiri hættu á að fá endurkomu krabbameins?

Fylgst var með 289 konum í 10-20 ár (miðtími 13 ár). Niðurstaðan var sú að hætta á endurkomu æxlis á brjóstvegg eða fjarmeinvörpum (holhönd, bein) var lægri hjá konum sem kusu að fara í brjóstauppbyggingu borið saman við þær sem ekki fóru í slíka aðgerð (Petit. Tumori 1998).

**II. Síþreyta, vöðvaeymsli og gigt**
Umræða um tengsl þessara óljósu einkenna við sílikon er ekki ný af nálinni. Ameríska gigtlæknafélagið „American College of Rheumatology“ sendi frá sér fyrir mörgum árum álit byggt á rannsóknarniðurstöðum sem birtar voru í „New England Journal of Medicine“ 1994 og 1995. Fyrri rannsóknin (1994. Dr. Gabriel o.fl.) var frá Mayo Clinic í Rochester í Minnesota. Fylgst var með konum í Olmsted-sýslu (sýsla Mayo Clinic). Fylgst var með 749 konum með brjóstapúða að miðtali í 8 ár og 1.498 konum án brjóstapúða í 8 ár. Stoðvefseinkenni sem fylgst var með voru mörg, meðal annars liðagigt, rauðir úlfar (lupus), fjölvöðvagigt, slitgigt, psoriasis, herslismein (scleroderma) og æðabólga.

*... niðurstaða rannsóknarinnar var því að engin tengsl milli sílikonbrjóstapúða og stoðvefseinkenna fundust í þessari rannsókn*

Enginn munur fannst á tíðni þessara einkenna hjá þessum tveimur hópum og niðurstaða rannsóknarinnar var því að engin tengsl milli sílikonbrjóstapúða og stoðvefseinkenna fundust í þessari rannsókn.

Síðari rannsóknin er nefnd „The Harvard Nurses Study“. Fylgst var með almennu heilsufari hjá stórum hópi hjúkrunarfræðinga, alls rúmlega 80 þúsund konum, frá 1976 til 1995. Af þessum fjölda kvenna höfðu 1861 farið í sílikonbrjóstastækkun og verið með sílikonpúða að meðaltali í 10 ár. Niðurstaða þessarar rannsóknar var að konur með sílikonbrjóstapúða höfðu ekki stoðvefseinkenni oftar en aðrar konur í samanburðarhópnum.

Ég hef nefnt þau rit sem ég styðst við í samantekt þessari svo áhugasamir geti lesið frumtextann og ef til vill fleiri tilvitnanir. Læknisfræðibókasafn Landspítala - háskólasjúkrahúss kaupir þau læknarit sem hér hefur verið vitnað í.

*Höfundur er lýtalæknir.*

# Ísland í öryggisráðinu

**UMRÆÐAN**
Utanríkismál

Miklar umræður hafa skapast um framboð Íslendinga til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Slík umræða er eðlileg og beinlínis æskileg þegar þjóð tekur þá ákvörðun að stíga fram á alþjóðavettvangi og staðfesta þannig fullveldi sitt og sjálfstæði. Þó hefur umræðan oft verið síður málefnaleg og hafa staðhæfingar sem eru beinlínis rangar oft skotist upp á yfirborðið.


KRISTÍN A. ÁRNADÓTTIR

Ein sú allra lífseigasta snýst um að Ísland fylgi Bandaríkjunum að máli á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og íslenskir fulltrúar beinlínis taki fyrirmælum frá bandarískum kollegum þeirra. Þessar hugmyndir komu m.a. fram í máli Helga Seljan, fréttamanns hjá Ríkissjónvarpinu, í viðtali hans við utanríkisráðherra í Kastljósi þriðjudaginn 24. júlí síðastliðinn. Í viðtalinu sagði Helgi m.a. að atkvæðagreiðslur okkar innan Sameinuðu þjóðanna sýndu að við hefðum verið í miklu samstarfi við Bandaríkjamenn.

Ef litið er til þess hvernig Íslendingar hafa nýtt atkvæðisrétt sinn innan allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, þar sem flestar atkvæðagreiðslur á vettvangi SÞ fara fram, má sjá að Íslendingar og önnur Norðurlönd fylgjast að þegar kosið er um alþjóðamál. Tökum sem dæmi 59. allsherjarþing SÞ sem hófst haustið 2003. Þar greiddu Norðurlandaþjóðirnar eins atkvæði í tæpum 90% tilvika og nánast aldrei gegn hvor annarri. Til samanburðar má benda á að þetta sama ár kusu þau 15 lönd sem voru í Evrópusambandinu á þessum tíma einungis á sama hátt í um það bil 75% tilvika.




Eins og Davíð Logi Sigurðsson blaðamaður sýnir svo á ágætan hátt í grein sinni í Morgunblaðinu 22. september 2005 kusu Íslendingar einungis eins og Bandaríkjamenn í tæpum 45% tilvika á sama allsherjarþingi. Þessar upplýsingar eru ekki snúnar út úr völdum atkvæðagreiðslum þar sem búast mætti við að Ísland væri á öðru máli en Bandaríkjamenn heldur eru þessar tölur teknar úr skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins. Það er því augljóst að sú fullyrðing að við Íslendingar séum sérstaklega fylgispakir Bandaríkjamönnum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á ekki við rök að styðjast. Bandaríkjamenn eru og hafa verið mikilvægir samherjar Íslendinga, t.d. innan NATO, á sama hátt og aðrar Evrópuþjóðir. Það þýðir þó ekki, eins og gögnin sýna, að íslensk utanríkisstefna sé ákveðin í Washington.

Á sama hátt sýna þessar tölur að þrátt fyrir orðróm um að Norðurlöndin séu að fjarlægjast hvert annað á alþjóðavettvangi styðjast þau þrátt fyrir allt mjög við hvert annað og kjósa í níu af hverjum tíu tilvikum nákvæmlega eins. Norðurlandahópurinn nýtur mikillar virðingar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og væru fáir sem starfa á þeim vettvangi sem teldu þann hóp taglhnýtinga Bandaríkjanna eða annarra. Framboð Íslands til öryggisráðsins er stutt af Norðurlöndunum vegna tengsla þeirra, sameiginlegra gilda og sögu en ekki síst af þeirri einföldu ástæðu að þau sjá að Ísland yrði góður fulltrúi þeirra á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

*Höfundur er stjórnandi framboðs Íslands til öryggisráðs SÞ.*






## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Sitt sýnist hverjum

**Kristín Elfa Guðnadóttir ritstjóri skrifar um sjónvarp:**

Það kom nokkuð á óvart að lesa Morgunblaðsgagnrýni Agnesar Bragadóttur á þætti Kára G. Schram um Vestfirði sem sýndir voru nýverið í sjónvarpinu. Sjálf hef ég aldrei séð betri íslenska ferðaþætti og kemur þar margt til. Myndatakan og tónlistin, sem Agnes hrósar að vísu, en ekki síður fólkið, menningin og maturinn, sem hún agnúast út í. Agnes talar um kynlega kvisti, furðulegan klæðaburð, endalausa matargerð og háværa þulu. Mér fannst fólkið vera hreint og beint, þulan þægileg (meðal annars vegna þess að hún þuldi ekki nokkurn skapaðan hlut), matargerðin áhugaverð og fötunum tók ég ekki sérstaklega eftir nema þegar Finnbogi í Ósvör og Sigurður í Galdrasetrinu klæddu sig í búninga sem tengjast þeirra starfi. Þær grunsemdir vakna hvort Agnesi finnist allir eiga að líta eins út í sjónvarpinu, til dæmis sminkaðir og stílíseraðir à la Kastljós? Þættirnir eru að mínu mati frumlegt fráhvarf frá þunglamalegri og staðlaðri þáttagerð. Vonandi koma fleiri þættir frá Kára og Soffíu.

### Bjargvætturinn

**Pétur Sigurðsson járnsmiður skrifar um gróðurrækt:**

Dapurt er þegar land er orðið svo snautt af gróðri og frjósemi að urðin ein blasir við. En til er lausn sem kom eins og himnasending til okkar sem viljum sjá landið okkar fagurt og frítt. Það er engin önnur en alaskalúpínan okkar góða, nóg er að dreifa fræi hennar um svæðið svo sér hún um að koma frjóseminni í gott horf, lúpínan hverfur þegar annar gróður hefur sótt í frjósemina, slíka samkeppni þolir hún ekki. Fuglalíf er með ólíkindum í lúpínubreiðum, hvergi er þéttara hrossagauksvarp en í lúpínubreiðum enda ekkert skrítið því fjöldi ánamaðka í breiðunum er slíkur að það dregur fugla að. En eitt þarf til svo allt megi fara á sem bestan veg, en það er friðun fyrir beit búfjár. Annars fer allt úrskeiðis. Lúpínan stoppar þann mikla skaðvald sem veldur gróðurhúsaveðurfari sem rýkur upp af opnum jarðvegssvæðum. Að þessu athuguðu er með sanni hægt að gefa henni nafnið bjargvætturinn.

### Engin blómabeð lengur

**Bergljót Aðalsteinsdóttir sjúkraliði skrifar um borgarmyndina:**

Fyrir daga Vilhjálms sem borgarstjóra voru falleg blómabeð meðfram Miklubrautinni. Þessi blómabeð voru augnayndi. Árla sumars óx þar fjöldi glæsilegra túlípana og þegar þeirra tíma lauk tóku við marglitar stjúpur. En nú eru þessi blómabeð óhirt og illgresið ræður þar ríkjum. Einnig langar mig að benda á að hér við Arnarbakkann í Breiðholtinu voru lagðar þökur fyrir nokkru. Það er vitað mál að ef ekki rignir þá ná þökur ekki að festa rætur. Enginn virðist hafa spáð í að þarna þyrfti að vökva og nú eru þær allar ónýtar. Það er ekki nóg að birta rándýrar auglýsingar á kostnað skattborgaranna eða láta mynda sig með hrífu í hönd. Ef ekki er hirt um gróin svæði í borginni þá verður borgin ekki snyrtileg.



MAX
RAFTÆKI
3ja ára KASKÓ
Allt tölvutengt
OPIÐ Í KVÖLD
TIL KL. 23:00
á LÁGMAXVERÐI
3ja ára KASKÓ
ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM
Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um trygginguna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.
vörður
Seljum yfir 30 gerðir af fartölvum
acer
ASUS
lenovo
SONY
hp
FUJITSU SIEMENS
turna og allar helstu gerðir fylgihluta
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Frábær tækjakaup
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA
MAX

# Aðgengi við öldrunarheimili

**UMRÆÐAN**
Efri árin



ÓLAFUR RUNÓLFSSON

Ég er kominn á efri ár, og hugsa því ef til vill meira nú um það tímaskeið en ég gerði áður. Þó hef ég lengi fylgst með aldurhnignu fólki, bæði í heimahúsum, og einnig á elliheimilum. Þegar ég hef sjálfur legið á spítala finn ég best hvað það er að vera ósjálfbjarga við allar hreyfingar. Þá reynir oft mikið á starfsfólkið og þá aðstöðu sem það býr við. Þetta er ákaflega margþætt starf og þarfir sjúkra eru einnig misjafnar.

Einu sinni dvaldi ég í borginni Fredericia í Danmörku í sumarfríinu mínu og ferðaðist þar vítt og breitt um borgina, bæði fótgangandi og eins í strætisvögnum. Þar í borg er ákveðið svæði, sem eingöngu er helgað íbúðum fyrir eldri borgara, og öll óþarfa bílaumferð er bönnuð um það svæði. Slíkt fyrirkomulag er til fyrirmyndar, enda veit ég fullvel að margt eldra fólk þráir að koma aðeins út fyrir dyr og geta gengið þar um í góða veðrinu alveg óhult fyrir bílum eða öðrum farartækjum, og einnig að geta haft þar slétt malbik eða grænt gras undir fótum.

Að vera á friðsælum og kyrrlátum stað, og helst fjarri þeirri mengun sem af mikilli umferð stafar. Mér finnst talsvert vanta á það hér heima að bílaumferðinni sé bægt frá elliheimilum og sjúkrahúsum, einnig bendi ég á að hér heima eru bílastæðin jafnvel fast upp við glugga og dyr elliheimilanna, og valda því bæði mengun og öðrum óþægindum. Ég get ekki stillt mig um að benda á dæmi.

**A. Hjallasel 55.** Þar er akvegur allan hringinn í kringum bygginguna, og ef vistmenn ætla sér út í góða veðrið t.d. með göngugrind eða hjólastól þá eru þeir algerlega háðir duttlungum ökumanna. Vegurinn sunnanmegin við húsið liggur í boga meðfram því, og þar er því afar takmörkuð sýn út á veginn. Eftir þessum vegi þeysa ungir og frískir ökumenn oft hópum saman á hjólafákum sínum á leið í íþróttahúsið til æfinga, en þetta er eini vegurinn að því húsi. Handan þessa vegar er gróið svæði með fuglatjörn, sem eldra fólkið horfir gjarnan til – en það getur verið hættuspil að fara yfir þessa götu.

Vegurinn meðfram húsinu norðanmegin er steinlagður, en engin gangstétt. Þar er aðalinngangurinn. Annar jaðar þeirrar götu er með hitalögn og helst þar auð ræma allan veturinn, en nú vill svo til að bílum er alltaf raðað yfir þessa auðu rönd svo fólkið þarf að ganga ísilagða eða snjóuga götuna þegar veðurfarið er slíkt. Ég fæ það stundum á tilfinninguna að bíllinn sé í fyrsta sæti en sjálft fólkið sé í öðru sæti.

*Ég veit dæmi þess að fólk með göngugrindur, sem reynir að fara út og hreyfa sig eitthvað, kemst ekki þar um og fer því fram af stéttinni, en dettur þá og liggur þar þangað til einhver kemur að og sér það.*

**B. Skógarbær í Árskógum,** er annað og ennþá nýrra heimili. Þar er hellulögð gangstétt meðfram húsinu við aðalinnganginn. Bílum er síðan lagt meðfram henni, þannig að ekið er með framhjólin beint að stéttinni, sem er svo mjó að þegar framstuðari bílanna kemur inn yfir stéttina, þá er ekki pláss fyrir þá sem ætla þar um með hjólastóla. Þarna hefði hugsanlega mátt hafa bílastæðin einum metra fjær húsinu, svo að þá hefði opnast leið fyrir hjólastóla milli húss og bíla.

Ég veit dæmi þess að fólk með göngugrindur, sem reynir að fara út og hreyfa sig eitthvað, kemst ekki þar um og fer því fram af stéttinni, en dettur þá og liggur þar þangað til einhver kemur að og sér það. Einnig finnst mér alveg tilfinnanlega vanta verndað svæði sólarmegin við húsið með sléttu plani svo hægt sé að renna hjólastólum út þegar gott er veður. Húsið er jú byggt fyrir eldra fólkið, en ekki fyrir bílana, sem hanga utan á því í röðum líkt og grísir á gyltu, en hindra þar um leið eðlilegan og nauðsynlegan umgang.

Skömmu eftir að íbúðablokkir fyrir eldri borgara voru byggðar við Árskóga 6, og 8, var ákveðið að byggja brú yfir Reykjanesbrautina og tengja saman Nýbýlaveg og Breiðholtsbraut. Þetta var gert og gatan hækkuð um 7 metra meðfram blokkinni. Þar er urrandi umferð mest allan sólarhringinn.

**C. Selfoss** Nú heyrast þær fréttir frá Selfossi að þar sé verið að brjóta niður eldri byggingar við hringtorgið, þar sem þjóðvegur 1, liggur yfir Ölfusá. Sagt er að þarna sé ráðgert að byggja 285 íbúðir fyrir eldri borgara. Mikil og vaxandi umferð er um Selfoss eins og hvarvetna er núna. Þó að byggð verði síðar ný brú yfir Ölfusá, og þjóðvegurinn færður, þá verður alltaf mikil umferð á þessum stóru gatnamótum.

*Höfundur er eldri borgari.*

# Trúleysi og lýðréttindi

**UMRÆÐAN**
Trúmál



JÓHANN BJÖRNSSON

Ánægjulegt hefur verið að sjá hver barátta samkynhneigðra fyrir sjálfsögðum réttindum og jákvæðari viðhorfum hefur skilað góðum árangri á undanförnum árum. Yfir 50.000 manns tóku átt í gleðigöngunni í miðbæ Reykjavíkur í því skyni að styðja samkynhneigða. Vissulega hafa samkynhneigðir þurft að hafa fyrir því að ná þessum árangri og enn er ýmislegt óunnið.

Þegar við fögnum árangri eins hóps í baráttunni gegn fordómum og fyrir lýðréttindum ættum við að hafa hugfast að ekki njóta allir minnihlutahópar jafnmikillar velgengi og æskilegt væri. Einn er sá hópur hér á landi sem þarf að fá aukna viðurkenningu á tilveru sinni og það eru þeir sem eru trúlausir eða af öðrum ástæðum sjá ekki ástæðu til þess að tilheyra trúfélögum. Tæplega 8000 manns standa utan trúfélaga hér á landi en þrátt fyrir þennan fjölda er mismununin sem þetta fólk þarf að búa við með öllu ólíðandi. Þeim sem ekki tilheyra neinu trúfélagi er engu að síður gert að greiða svokallað „sóknargjald“ til Háskóla Íslands rétt eins og Háskólinn væri trúfélag. Ekki fær þessi hópur þó þá þjónustu frá H. Í. sem fólk sem tilheyrir trúfélögum fær hjá sínum söfnuðum.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur fólki sem stendur utan trúfélaga ekki gengið neitt í að fá félagsskap sinn skráðan í líkingu við önnur trúfélög hér á landi í því skyni að fá fjárhagslegan og lagalegan grunn til þess að geta þjónustað sitt fólk t.d. með sálgæslu, útfararþjónustu, giftingum o.s.frv. Slíkt hefur hins vegar verið við lýði í Noregi í 26 ár.

Ég tel að ein af ástæðum þess að svo vel hefur gengið í réttindabaráttu samkynhneigðra er jákvætt viðhorf margra kennara. Í námsefni sem kennt er í grunnskólum er farið jákvæðum orðum um samkynhneigð og margt hefur verið gert til þess að koma í veg fyrir fordóma gagnvart samkynhneigðum. Það sama er því miður ekki hægt að segja um þátt skólanna þegar kemur að viðhorfum gagnvart þeim sem aðhyllast engin trúarbrögð. Þar hefur grunnskólinn jafnvel farið fremstur í að ala á fordómum. Námsefni í trúarbragðafræði hefur ekki verið til þess fallið að auka á umburðarlyndi í garð trúlausra. Í kennslubókinni Maðurinn og trúin fá nemendur t.d. þá spurningu hvort þeir gætu ímyndað sér heiminn án trúarbragða. Ekki er það erfitt fyrir þá sem aðhyllast engin trúarbrögð en hvergi í bókinni er greint frá því að sá möguleiki sé fyrir hendi og því síður sagt frá því að hér á landi séu tæplega 8000 manns sem kjósa að standa utan trúfélaga.

Í ljósi bókarinnar í heild sinni túlka ég þessa spurningu höfundarins sem einhvers konar hæðni í garð þeirra sem ekki aðhyllast trúarbrögð. Afstaða alþingismanna hefur einnig verið leiðbeinandi í þessu máli þar sem þeir hafa ekki sýnt því nokkurn áhuga að rétta hlut fólks utan trúfélaga. Um leið og ég óska samkynhneigðum til hamingju með árangurinn í baráttunni fyrir almennum lýðréttindum, minni ég á að enn er á brattann að sækja í baráttunni fyrir því að fleiri fái notið viðurkenningar í íslensku samfélagi.

*Höfundur er kennari.*



# MAX RAFTÆKI

# 3ja ára KASKÓ

## ALTRYGGING FYLGIR




**Acer Aspire 5633WLMi-1G80**
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari, 15,4" CrystalBrite skjár (1280x800)
- Intel GMA950 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows Vista Home Premium
- **3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt!**

## Raðgreiðslur

# 3.325 kr.

**að meðaltali á mánuði í 36 mánuði**

**84.989 kr.**
staðgreitt

**3ja ára KASKÓ**

**ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM**

Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um trygginguna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.

vörður

## Seljum yfir 30 gerðir af fartölvum

acer · ASUS · lenovo · SONY · hp · FUJITSU SIEMENS

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Frábær tækjakaup**

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Daníel G. Einarsson**
Sundlaugavegi 18, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala mánudaginn 13. ágúst.

Eva Þórsdóttir
Sigurberg Hraunar Daníelsson
Kristinn V. Daníelsson — Unnur Garðarsdóttir
Sigríður I. Daníelsdóttir — Þórður R. Guðmundsson
Þór Ingi Daníelsson — Anneli Planman
Einar Daníelsson — Kristjana Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

✝



*Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar dóttur, móður, tengdamóður, sambýliskonu, systur og ömmu,*

**Agnesar M. Jónsdóttur**
Fífuhvammi 5, Kópavogi.

Margrét A. Kristinsdóttir
Bergþór Bergþórsson — Ágústa Óskarsdóttir
Jón Ólafur Bergþórsson — Guðný Laxdal Helgadóttir
Örnólfur Kristinn Bergþórsson — Kristín Birna Sævarsdóttir
Agnes Björg Bergþórsdóttir
Sveinjón Jóhannesson
Gróa Björg Jónsdóttir
Guðlaug Jónsdóttir
Nikulás Kristinn Jónsson
og barnabörn.

✝



*Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,*

**Guðmunda S. Halldórsdóttir**
Skólabraut 5, Seltjarnarnesi,

lést að morgni 11. ágúst á Landakotsspítala.

Sverrir Kolbeinsson
Sævar Björn Kolbeinsson
Ævar Halldór Kolbeinsson
Guðjón Steinar Sverrisson — Patricia Velasco Sverrisson
Kristín Ósk Guðjónsdóttir
Adda Björg Guðjónsdóttir
Viktor Ingi Guðjónsson
Magnús Bjarni Guðjónsson

✝



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Magdalena Jórunn Búadóttir**
hjúkrunarfræðingur, Hvassaleiti 129, Reykjavík,

lést á Landspítala, Landakoti, þriðjudaginn 14. ágúst.
Útför verður auglýst síðar.

Höskuldur Baldursson
Margrét Jóna Höskuldsdóttir — Torfi Pétursson
Baldur Búi Höskuldsson — Hanna Rut Jónasdóttir
og barnabörn.

✝



*Ástkær móðir mín, amma okkar og langamma,*

**Inga S. Jónsdóttir**

lést miðvikudaginn 8. ágúst á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund. Áður til heimilis á Miklubraut 84.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 17. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnarnir.

Sjöfn Jóhannesdóttir
Inga og Íris Reynisdætur
Jóhannes Reynisson — Marýna Lytvyn
Malena og Elísa Þórisdætur

**ELVIS PRESLEY LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1977.**

*„Ég á aldrei eftir að slá í gegn, það á ekki eftir að gerast, því að það heyrir enginn í mér fyrir öllum þessum öskrum."*

***Elvis Aaron Presley er í hugum margra tákngervingur rokksins enda oft kallaður konungur þess.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. ÁGÚST 1963

## *Íslensk fegurð bar af*

Njarðvíkurstúlkan Guðrún Bjarnadóttir sigraði í alþjóðlegri fegurðarsamkeppni á Langasandi í Kaliforníu 16. ágúst 1963. Hún var þegar orðin vinsæl fyrirsæta og hafði fengið samning hjá þekktustu umboðsskrifstofu Parísar sem rekin var af Dorian Leigh. Guðrún fékk fyrirmæli frá Dorian um að reyna hvað hún gæti að ná ekki árangri í keppninni. En hún heillaði dómnefndina með fegurð sinni og glæsileika og hlaut titilinn Miss Universe. Íslendingar fylgdust stoltir með í gegnum fjölmiðla og Guðrúnu Bjarnadóttur var fagnað sem þjóðhetju þegar hún kom heim.



**MISS UNIVERSE** Guðrún var berfætt í bandaskóm er hún kom heim. MYND/LJÓSMYNDASAFN RVK.

LEIRBRENNSLA LISTVINAHÚSSINS: ÁTTRÆÐ Á ÁRINU

# Saga hússins löng og lifandi

„Við munum fagna áttatíu ára afmælinu með tónleikum á menningarnótt þar sem Tómas R. Einarsson og hljómsveit hans spila frá klukkan 20 til 21.30. Fólk fær hér sögustund og ljúfa tónlist," segir Guðmundur Einarsson eigandi Listvinahússins að Skólavörðustíg 43. Hann kveðst hafa verið með opið hús á menningarnótt undanfarin ár og margir hafi komið til að fræðast um gömlu tímana. „Hér bjó öll fjölskyldan og oft bar listamenn eins og Kjarval og Einar Jónsson myndhöggvara að garði. Svo muna allir eftir þeim hlutum sem hér hafa verið gerðir, bæði steyptum og renndum og við erum enn að framleiða hraunkeramikið sem svo mikið var búið til af áður fyrr."

Listvinahúsið er ein elsta leirlistasmiðja landsins. Hún hefur verið í eigu sömu ættar frá árinu 1927 er Guðmundur Einarsson frá Miðdal tók rekstur þess að sér og bjó líka í húsinu með fjölskyldu sína. Upphaflega var Listvinahúsið á Skólavörðuholtinu en árið 1964 færðist reksturinn á Skólavörðustíg 43 þar sem hann er í dag.

Guðmundur sá sem ræður húsum þar núna er barnabarn Guðmundar frá Miðdal. Hann kveðst hafa byrjað að læra leirmunagerð árið 1971 af föður sínum, Einari og síðan farið í Iðnskólann og á ýmis námskeið. „Ég lauk meistaranámi í greininni en svo skildu leiðir og ég flutti austur á Eyrarbakka með fjölskylduna. Þar bjó ég í þrettán ár og stundaði ýmsa vinnu, bæði á landi og sjó en lengst var ég þó fangavörður á Hrauninu. Var þó alltaf með leirverkstæði í kjallaranum heima. Svo flutti ég í bæinn 1989 og var hér í Listvinahúsinu með pabba af og til að búa til leirmuni og keypti síðan af honum verkstæðið 2004."

Til að byrja með og allt til ársins 1960 var leirinn sem notaður var í Listvinahúsinu íslenskur, aðallega frá Búðardal og af Reykjanesinu. Síðan var fluttur inn danskur leir. Skipta mátti framleiðslunni í tvennt. Annars vegar voru styttur af íslenskum sjómönnum, fögrum konum og fuglum og hins vegar renndir munir eins og skálar, vasar og krukkur sem voru gjarnan útskornir og skreyttir á ýmsan hátt, til dæmis með íslenskum steinum.

Með Guðmundi frá Miðdal vann kona hans Lydia Pálsdóttir oft í Listhúsinu. Hún renndi leirmuni skar út og málaði. Móðir hennar Theresía var líka flink að mála, einkum þóttu fálkarnir mikil listaverk. Oft var annríki í Listvinahúsinu og þar störfuðu 15 til 16 manns þegar flest var.



**RJÚPURNAR** Voru víða til á íslenskum heimilum.

Nú hefur tempóið breyst því leirmunagerðin er aukavinna og áhugamál eigandans Guðmundar. „Ég hef verið fangavörður í 26 ár og vinn núna í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg," segir hann. „Listvinahúsið er þó opið allan daginn og við seljum þar leirmuni sem ég hef gaman af að búa til í frístundum. Margir hafa spurt af hverju við komum vörum okkar ekki víðar enda snýst mikið um það í þjóðfélaginu í dag að margfalda allt og markaðssetja sig alveg ofan í sokka. En mér finnst þetta alveg nóg."

gun@frettabladid.is



**LEIRKERASMIÐURINN** „Við erum enn að framleiða hraunkeramikið sem svo mikið var búið til af áður fyrr," segir Guðmundur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

✝



*Ástkær dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir**
Grænumörk 3, Selfossi,

sem lést sunnudaginn 12. ágúst, verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 18. ágúst kl. 10.30.

Fyrir hönd aðstandenda
Sigurgeir Ingvarsson
Sigurgeir Reynisson — Sigrún Magnúsdóttir
Gunnar Valgeir Reynisson — Kristina Tyscenko
Pétur Kúld — Margrét Auður Óskarsdóttir
og fjölskyldur.

✝



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Auður Elimarsdóttir**
Birkiteig 26, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 10. ágúst. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 17. ágúst kl. 14.00.

Sigurður Þorkelsson
Bjarni Árnason — Berglind Sigurðardóttir
Hákon Árnason — María Dungal
Freyja Árnadóttir
og barnabörn.

## AFMÆLI

**Róbert Arnfinnsson** leikari er 84 ára í dag.



Söngkonan **Madonna** er 49 ára í dag.





**Einar Jóhannesson** klarinettuleikari er 57 ára í dag.



**Rumer Willis**, dóttir Bruce Willis og Demi Moore er 19 ára í dag.




**50 ára afmæli**

Þar sem við Baulubændurnír,
**Sigrún og Kristberg (Kibbi)**
erum bæði 50 ára gömul á árinu, verður haldið upp á 100 ára afmæli fyrir vini og ættingja sem vilja gleðjast með okkur í félagsheimilinu Þinghamri, laugardaginn 18. ágúst, klukkan 20.
Mætum í góða skapinu og með dansskóna.
Sigrún og Kibbi



**Legsteinar og fylgihlutir**
• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

# MAX RAFTÆKI

# VERÐHRUN á fartölvum

## Fjöldinn allur af fartölvum á ótrúlegu verði



2 STYKKI

**39.990 kr.**

**ASUS A3HF5A017P**
- 1.6Ghz Intel Celeron M420 örgjörvi
- 512MB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari
- 15" skjár (1024x768)
- Intel 940GML Express skjákort
- Þráðlaust b/g netkort
- Windows XP Pro stýrikerfi
- Mús og taska fylgir



2 STYKKI

**39.990 kr.**

**HP COMPAQ PY420EA**
- 1.8Ghz AMD Sempron 3100+ örgjörvi
- 512MB vinnsluminni
- 60GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari
- 15" skjár (1024x768)
- ATI Mobility Radeon X300 128MB skjákort
- Þráðlaust b/g netkort
- Windows XP Pro stýrikerfi



2 STYKKI

**49.990 kr.**

**ASUS F5RAP002A**
- 1.86Ghz Intel Celeron M440 örgjörvi
- 512MB vinnsluminni
- 80GB harðdiskur og DVD+/-RW skrifari
- 15,4" skjár (1280x800)
- ATI Mobility Radeon X1100 128MB skjákort
- Þráðlaust b/g netkort
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Mús og taska fylgir



3 STYKKI

**59.990 kr.**

**ASUS A6JCQ032P**
- 1.66Ghz Intel Single Core T1300 örgjörvi
- 512MB vinnsluminni og 80GB harðdiskur
- 15,4" skjár (1280x800) og DVD+/-RW skrifari
- NVIDIA GeForce Go 7300 Turbo Cache 256MB skjákort
- Þráðlaust b/g netkort ásamt Bluetooth
- Windows XP Pro stýrikerfi
- Mús og taska fylgir

# OPIÐ Í KVÖLD TIL KL. 23:00

## 3ja ára KASKÓ

**ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM**

Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um trygginguna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.

vörður



2 STYKKI

**59.990 kr.**

**ASUS A7DR002H**
- 1.8Ghz AMD Turion 64 MT32 örgjörvi
- 512MB vinnsluminni
- 80GB harðdiskur og DVD+/-RW skrifari
- 17" skjár (1440x900)
- ATI Mobility Radeon X700 128MB skjákort
- Þráðlaust b/g netkort ásamt Bluetooth
- Windows XP Home stýrikerfi
- Mús og taska fylgir



2 STYKKI

**59.990 kr.**

**ASUS A8FH001P**
- 1.66Ghz Intel Single Core T1300 örgjörvi
- 512MB vinnsluminni
- 60GB harðdiskur og DVD+/-RW skrifari
- 14" skjár (1280x800)
- Intel 945GM skjákort
- Þráðlaust b/g netkort ásamt Bluetooth
- Windows XP Pro stýrikerfi
- Mús og taska fylgir



2 STYKKI

**59.990 kr.**

**FUJITSU PI1536**
- 1.86Ghz Intel Core Duo T2400 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni
- 100GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari
- 15,4" skjár (1280x800)
- ATI Mobility Radeon X1400 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows XP Home stýrikerfi

acer ASUS lenovo SONY hp FUJITSU SIEMENS

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

MAX

Súpersól til

Salou

24. og 31. ágúst

frá kr. 29.995

Aðeins örfá sæti í boði!

Terra Nova býður ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Salou í ágúst. Salou er fallegur bær á Costa Dorada ströndinni, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða og litríkt næturlíf. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 29.995
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku. Súpersól tilboð 24. og 31. ág

Kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í viku. Súpersól tilboð 24. og 31. ágúst.

Terra Nova PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500












# STUÐ MILLI STRÍÐA Það er eitthvað við Elvis

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR EYDDI** ÆSKUÁRUNUM MEÐ KÓNGINUM



Fyrir þrjátíu árum í dag lést fyrsta ástin mín. Þegar ég var um tíu ára fann ég plötu með Elvis heima hjá afa og ömmu og varð þá ekki aftur snúið. Sat tímunum saman og hlustaði á hina fögru rödd syngja lög eins og Don't Be Cruel, Heartbreak Hotel eða Are You Lonesome Tonight á meðan ég starði á stóra andlitsmyndina á plötuumslaginu og andvarpaði yfir fegurðinni. Fannst hann svolítið líkur föður mínum og þótti það alls ekki slæmt. Við vinkonurnar hlustuðum á Teddy Bear og mæmuðum fyrir framan spegilinn, þóttumst vera bakraddasöngvarar með töffarann mikla í fararbroddi.

Einn daginn ákváðum við að stofna aðdáendaklúbb. Hittumst reglulega fimm stelpur, hlustuðum á Elvis, horfðum á kjánalegar Elvis-myndir og árlega, hinn 8. janúar á afmælisdegi Presleys, var haldið í hamborgaraveislu á Hard Rock þar sem voru jú stundum spiluð Elvis-lög ef við vorum heppnar.

Gestur Einar var uppáhalds útvarpsmaðurinn því hann spilaði stundum kónginn og þá hljóp ég upp í herbergi og ýtti á Rec á kasettutækinu mínu. Varð svo bálreið út í hann fyrir að tala ofan í lögin. Allar vídeóspólur voru fráteknar með orðunum „BANNAÐ AÐ TAKA YFIR!“ enda á þeim gæðamyndir eins og Fjör í Acapulco, Ástir og ananas, Kreólakónguginn, heimildarmynd um Elvis og fleira.

Mér fannst hann alveg jafn æðislegur þegar hann var orðinn veikur og söng Unchained Melody á seinustu tónleikunum sínum. Þá heyrði maður meiri trega í röddinni en nokkurn tíma fyrr og hann gaf allt sem hann átti í flutninginn. Ég fæ ennþá hroll þegar ég horfi á þennan flutning. Það er bara eitthvað við Elvis. Þess vegna verður kvöldinu í kvöld ekki eitt í neitt annað en að hlusta á þennan gamla vin minn með gömlum vinkonum og rifja upp æskuárin sem við vorum svo heppnar að eyða með kónginum.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚTSALA

# ÚTSALA



20 - 80% **afsláttur**

Húsgögn í miklu úrvali



egg afsláttur 60% egg afsláttur

**59.600**
**Verð áður 149.000**

Skenkur
4200415



egg afsláttur 35% egg afsláttur

**59.999**
**Verð áður 95.995**

**Baumatic**
Ísskápur, Retro
1860078



egg afsláttur 60% egg afsláttur

**1.398**
**Verð áður 3.495**

**Vives,** veggflísar
Moyua Marron, 27 x 41,5 sm
8600546/7



egg afsláttur 50% egg afsláttur

**2.995**
**Verð áður 6.080**

**Keope,** gegnheilar gólfflísar
Caramel, 60 x 60 sm
8630045



egg afsláttur 50% egg afsláttur

**2.590**
**Verð áður 5.810**

**Keope,** gegnheilar gólfflísar
Plum, 45 x 45 sm
8630055



egg afsláttur 25% egg afsláttur

**5.990m²**

**Geo,** plankaparket/hnota
146002



60 - 80% **afsláttur**

**Lín Design,** íslensk hönnun
Textílvara, gjafavara, handklæði, rúmföt, matar- og kaffistell, o.fl.



50% **afsláttur**

**Gjafavara, matar- og kaffistell** - frábært úrval

Hreinlætistæki Gólfefni Heimilistæki Raftæki Gjafavara Búsáhöld Húsgögn Ljós Innréttingar

**Rýmum fyrir nýjum vörum - allt að 80% afsláttur**

www.egg.is

EGG
SMÁRATORGI

**!** **Kl. 20.00**

*Í kvöld verður óvissuför um Kvosina í boði safna Reykjavíkurborgar. Síðasta kvöldganga sumarsins á þeirra vegum. Þó að ekki sé vert að segja of mikið um gönguna í ár, er þó víst að þar mun sjónum verða beint að ólíkum hurðum og þær skoðaðar í nýju og óvæntu samhengi við sögu, listir og bókmenntir. Leiðsögn verður í höndum starfsfólks Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Minjasafns Reykjavíkur. Gangan leggur af stað úr Grófinni kl. 20 og er gert ráð fyrir að hún taki rúma klukkustund.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Pína Jóhönnu af Örk í kvöld*

Í kvöld verður stórmynd Carls Dreyer um Pínu Jóhönnu af Örk sýnd við orgelslátt í Hallgrímskirkju. Það er starfshópur áhugamanna um trú í kvikmyndum sem stendur fyrir sýningunni. Hin þögla kvikmynd Dreyers um Jóhönnu af Örk er talin eitt mesta listaverk kvikmyndasögunnar. Myndin verður sýnd á stóru kvikmyndatjaldi við fætur Klais-orgelsins. Þýska tónskáldið og orgelleikarinn Wilfried Keats hefur sérhæft sig í tónlist við þöglar myndir og leikur á stóra Klais-orgelið eigin tónlist, sem samin er fyrir orgel og tenórsöngvara. Tónlistin er m.a. byggð á stefjum frá miðöldum. Klaus Paulsen tenór tekur þátt í flutningnum. Á undan sýningunni mun Oddný Sen kynna Dreyer. Hann var ásamt Victor Sjöstrom annar hinna stóru kvikmyndahöfunda fyrir tíma hljóðsins og hafði gríðarleg áhrif á yngri höfunda. Hann gerði sögu Jóhönnu 1928 og studdist við réttarskjöl frá hinum raunverulegu atburðum. Myndin var lengi týnd og einungis til í bútum en eintak fannst 1981 í Noregi og hefur verið endurgert og kom út ásamt ítarefni hjá Criterion fyrr á þessu ári. Myndin byggir á mikilli notkun nærmynda, leikarar báru ekki farða og raunar voru atriði í verkinu sem ofbuðu áhorfendum með nöktu andlegu ofbeldi. Þetta er einstakt tækifæri til að sjá meistaraverk í óvenjulegu umhverfi. Og á óvenjulegum tíma en sýningin hefst kl. 23. - pbb



**KVIKMYNDIR** Renee Falconetti í hlutverki Jóhönnu – leikur hennar er af ýmsum talinn hátindur í kvikmyndaleik.

### >Ekki missa af

Sýningu Magnúsar Pálssonar á skúlptúrum og innsetningu í minningu Þórarins Nefjólfssonar hins fótljóta sem nú er í Galleríi i8 á Klapparstígnum. Það er tækifæri til að líta inn nú um helgina.

# Traviata á Akureyri

Tilkynnt var í gær að meðal atriða á Akureyrarvöku sem haldin verður um aðra helgi í lok mánaðarins verði flutt ópera Verdis eftir sögu Dumas yngri, La Traviata. Það er hin nýstofnaða Ópera Skagafjarðar í samvinnu við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem stendur fyrir flutningnum. La Traviata er ein ástsælasta ópera Verdis og var samin eftir hinni vinælu sögu Dumas, Kamelíufrúnni. Sviðsetning Óperu Skagafjarðar var frumflutt á Sæluviku í vetur en nú gefst norðanmönnum kostur að sjá verkið í Íþróttahúsi Glerárskóla laugardaginn 25. ágúst kl. 16.

Leikstjóri og sögumaður er Guðrún Ásmundsdóttir, en hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson og stjórnar hann fjórtán manna kammersveit Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Einsöngvarar eru Alexandra Chernyshova sem syngur hlutverk Violettu, Alfredo: er sunginn af Ara Jóhanni Sigurðssyni, Þórhallur Barðason syngur Germont, Jóhannes Gíslason lækninn, Íris Baldvinsdóttir Floru og Sigríður Ingimarsdóttir Anninu. Þá skipar kór Óperu Skagafjarðar stórt hlutverk í uppsetningunni.

Listrænn stjórnandi Óperu Skagafjarðar er Alexandra Chernyshova og er tilkoma þessa framfarafyrirtækis hennar hugarfóstur. Forsala miða fer fram í Pennanum/Akureyri, Kaupþingi/ Sauðárkróki og á midi.is. - pbb



**LEIKLIST** Söngkonan Alexandra Chernyshova er frumkvöðull starfs Óperu Skagafjarðar og syngur hlutverk Violettu.


HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

BORGARTÚN 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
ELÍAS HARALDSSON
LÖGG. FASTEIGNASALAR

**Kristnibraut 77 - Stór sólpallur**
**Opið hús í dag frá kl. 19 - 20:30**





Frum

Vorum að fá fallega og rúmgóða 3-4ra herbergja 106,2 fm íbúð á 2. hæð í 4. hæða lyftuhúsi. Húsið var byggt árið 2002 og er fallega innréttuð með samstæðum innréttingum og parketi á gólfum. Þvottahús innan íbúðar og flísalagt baðherbergi. Þrjú herbergi og stór stofa með útgangi út á ca 50 fm sólpall með skjólveggjum. **Verð 26,7 millj.**

***Auðun og Rannveig taka vel á móti gestum í dag frá kl. 19 - 20:30. Teikningar á staðnum.***

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI


# Hrútur fer úr reyfi sínu

**Svo var sagt í ævintýrum til forna og gripu forráðamenn Norræna hússins til þessa orðs, reyfis, þegar þeir vildu fanga athygli vina og kunningja hússins þegar það opnaði að nýju eftir breytingar. Af því tilefni eru mikil hátíðahöld í Vatnsmýrinni og hefjast á morgun: norræn menningarhátíð stendur síðan til 26. ágúst.**

Víst vonast forráðamenn Reyfis til að samkomuhald með fjölbreyttri dagskrá fleyti Norræna húsinu og starfinu þar áfram inn í veturinn og þetta upphaf marki vöxt í vinsældum. Dagskráin sem er í boði þá tíu daga sem Reyfi varir er óhemju fjölbreytt: matarlist og matarlyst, danslist og leiklist, myndlist, gjörningar og myndbönd, hönnun og leikur, auk bókmennta og tónlistar sem er fyrirferðarmest á dagskránni.

Á laugardag verða tónlistarmenn í röð í glerskálanum sem risinn er við hlið Norræna hússins fyrir endanum á gamla háskólavellinum. Byrjar ballið kl. 13 og stendur fram yfir miðnætti – látlítið. Lay Low, Tepokinn, Maria Winther, Democracy of Jazz, Eiríkur Þorri og félagar og Djasskvartett Kára Árnasonar spila fram á rauða nótt.

Þá verða opnaðar sýningar í Norræna húsinu sjálfu, Plötur teknar frá gluggum og þung hurðin verður upp á gátt: Rebekka Guðleifsdóttir opnar ljósmyndasýningu, hönnunarsýning frá Álandseyjum og sýning um norrænan arkitektúr, auk framlags frá Vinnuskóla Reykjavíkur. Um miðjan dag, kl. 15, hefst fimm tíma löng sýning á íslenskum myndbandsverkum. Mun það vera fyrsta alvarlega úttektin á þessu listformi sem gerð hefur verið.

Árið 2005 kom yfirlýsing um hinn nýja norræna mat frá tólf kokkum Norðurlanda. Henni er ætlað að skapa nýja skóla í matargerð á Norðurlöndum og helst víðar. Norræna ráðherranefndin samþykkti í kjölfarið „áætlun um nýjan norrænan mat“. Á laugardag kl. 15 gerir yfirmatreiðslumeistari Norræna hússins, Mads Holm, grein fyrir hvað í þessu felst, en á veitingastofum hússins verður nýr matseðill í framtíðinni sem byggir á nýjum markmiðum í matargerð: vönduðu hráefni og hugmyndaríkri vinnslu á hollu fæði sem byggt er á fornum grunni.

Bæklingur með dagskrá Reyfis hefur þegar verið borinn inn á flest heimili. Á vefnum www.reyfi.is má skoða dagskrána, en á þessum síðum verður dagskráin birt daglega meðan hátíðahöldin standa.

pbb@frettabladid.is



**REYFI** Suður-Afríka og Svíþjóð tala tvisvar saman í tónum Democracy of Jazz á tónlistardagskrá Reyfis.



**REYFI** Sænska djassöngkonan Maria Winther kemur fram í tvígang á laugardag.



**REYFI** Dorthe Hojland og hljómsveit spila á Akureyri í kvöld en tvisvar í Vatnsmýrinni á laugardag.


Fyrstir með háskerpusjónvarp á Íslandi

Sjónvarp Símans - kíktu í næstu verslun Símans á höfuðborgarsvæðinu og sjáðu muninn

Það er Síminn

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

# Allt í einni ferð!




ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-14

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

# Þingað á Þingeyrum

Undir stjörnuskrýddu þaki kirkjunnar á Þingeyrum verður haldnir fyrirlestrar og samtal á laugardag og sunnudag. Það er stofnun Árna Magnússonar sem stendur fyrir þinghaldinu en heimamenn hafa lagt sitt til og er sterkur húnvetnskur blær á samkomuhaldinu. Það hefst upp úr mat á laugardag með erindi Gunnars Karlssonar um upphaf klaustursins á Þingeyrum, en þar er vendipunktur í íslenskri söguskráningu, Helgi Þorláksson bætir í með öðru erindi og loks talar Gottskálk Jensson um Odd munk á Þingeyrum. Þá ætla menn að drekka kaffi. Verður eftir það vikið að Vatnsdælasögu, Hallfreðarsögu og loks húnvetnskum mannlýsingum fyrr og síðar. Það eru Guðrún Nordal, Torfi Tulinius og Magnús Hauksson sem hafa framsögu. Á sunnudegi talar Sverrir Tómasson um Þingeyrar sem ritstofu og menningarmiðstöð frá 1133 til 1500 og Þór Hjaltalín spjallar um sögur, landslag og minjar í Vatnsdalnum, svona sem inngang að ferð um söguslóðir undir leiðsögn Jón Torfasonar en hann er bæði kunnugur landi og sögu svæðisins.

Þingeyrar eru einn af stóru stöðunum í menningarsögu miðalda, rétt eins og Reykholt, Hólar, Skálholt og Oddi. Staðurinn hefur ekki fengið þann sess sem honum ber á síðari tímum og er von að þingið hristi aðeins upp í mönnum í Húnaþingi og hann hefjist aftur á þann stall sem honum ber. Skráning á þingið fer fram á http://arnastofnun.is og er öllum heimill aðgangur.

**- pbb**



**FRÆÐI** Jón Torfason leiðir þinggesti frá Þingeyrum um héraðið.


Í DAG!

**KIRKJULISTAHÁTÍÐ**
FESTIVAL OF SACRED ARTS
2007
11.–19. ágúst

FIMMTUDAGUR 16. ÁGÚST

**12.00**
TÓNLISTARANDAKT

**23.00**
LE PASSION DE JEANNE D´ARC
*PÍSLARSAGA JÓHÖNNU AF ÖRK*
Kvikmynd eftir Carl Theodor Dreyer
Tónlist eftir Wilfried Kaets

FLYTJENDUR TÓNLISTAR: Wilfried Kaets orgel og Klaus Paulsen tenór

MIÐAVERÐ: 1.500/1.000 kr.

ALLIR VIÐBURÐIR FARA FRAM Í HALLGRÍMSKIRKJU NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM

„Ég vil lofsyngja Drottni“

WWW.KIRKJULISTAHATID.IS – SÍMI 510 1010 – MIÐASALA OPIN 9-17


# Enginn blús á Berjadögum

**Á morgun hefst tónlistarhátíðin Berjadagar á Ólafsfirði. Fram á sunnudag verður mikið um dýrðir þar nyrðra og virðast forráðamenn hátíðarinnar staðráðnir í að leggja í harða samkeppni við menningarnótt í Reykjavík sem verður plássfrek um athygli þessa helgi. Yfirskrift Berjadaga er að þessu sinni „Listsköpun og náttúra“.**



**TÓNLIST** Æft fyrir tónleika helgarinnar nyrðra í reykvískum sal. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hópi listafólks er þar stefnt til flutnings á tónlist af ýmsu tagi en Fljótamenn heimta sterkan keim af heimaslóðum. Enginn verður svikinn af bláum brekkum og ekki verða síður berin fullþroskuð af lyngi listanna.

Hátíðin verður sett annað kvöld með dagskrá í Tjarnarborg kl. 20.30 sem helguð er Jónasi Hallgrímssyni: Fífilbrekka og þýsk rómantík er hún kölluð. Þar setur Diljá Sigursveinsdóttir, listrænn stjórnandi, hátíðarhaldið. Gunnar Guttormsson talar um ljóð skáldsins en svo flytur átta manna hljómsveit lög Atla Heimis Sveinssonar við ljóð Jónasar og Ingibjörg Guðjónsdóttir syngur. Seinni hluti tónleikanna er helgaður Robert Shumann, samtímamanni Jónasar.

Á laugardag verða tónleikar í kirkjunni í Ólafsfirði: þar flytur kvintett tónlist eftir Cesar Franck og Ludwig van Beethoven. Hefjast þeir kl. 20.30. Þau Ari Þór Vilhjálmson, Ástríður Alda Sigurðardóttir, Hildigunnur Halldórsdóttir, Herdís Anna Jónsdóttir og Ólöf Sigursveinsdóttir leika.

Á sunnudegi verða tónleikar í Kvíabekkjarkirkju kl. 11 en þar flytja Margrét Hrafnsdóttir söngkona og Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari lög við kveðskap Fljótamanna eftir Sigursvein D. Kristinsson, Jórunni Viðar, Hallgrím Jakobsson og fleiri.

Duo Stemma verða með tónleika síðar á sunnudeginum í Ólafsfjarðarkirkju sem helguð er íslenskum nútímaskáldum, Snorra Sigfúsi Birgissyni, Áskeli Mássyni, Atla Heimi og Sveini Lúðvík Björnssyni. Þau eru Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Steef van Oosterhout slagverkskeikari.

Lokatónleikar Berjadaga verða þá um kvöldið í Tjarnarborg kl. 20.30, Dimmblátt Berjakvöld, en þar koma allir listamenn hátíðarinnar fram. Guðmundur Ólafsson, leikari og tenór, kynnir viðamikla dagskrá, blöndu af stórmeisturum og innlendum tónskáldum, en salonsveit lýkur dagskránni á léttum nótum.

Meðan á Berjadögum stendur verður sýning á verkum Kristins G. Jóhannssonar í Listhúsi við Ægisgötu 10. Opnar sýningin á laugardegi kl. 14 og er hin fyrsta í Listhúsinu. Kristinn er fæddur 1936 en fór að sýna verk sín 1954. Hefur hann haldið fjölda einkasýninga en hann var lengi starfandi við menntunarstörf nyrðra. Var skólastjóri Gagnfræðaskólans á Ólafsfirði í 17 ár og síðan Bröttuhlíðarskóla á Akureyri í 16 ár. Hann sýnir í Listhúsinu „nostalgíuverk fyrir tilfinningastrengi“.

Og allir móar eru bláir af berjum nyrðra. **pbb@frettabladid.is**





*Þeir sem vilja kynna sér betur fyrirhugaðar skipulagstillögur á Nónhæð, Kópavogi, farið á slóðina **www.ksverktakar.is**. Þar finnið þið réttar upplýsingar um verkefnið.*

*Kveðja KS verktakar*

KS VERKTAKAR HF

## NÝJAR PLÖTUR

Nýjasta hljómplata hljómsveitarinnar Jagúar er komin út. Platan heitir Shake It Good og er 4. hljóðversplata hljómsveitarinnar. Jagúar fór til Danmerkur í febrúar og tók upp megnið af plötunni í Lundgaard-hljóðverinu. Platan var síðan hljóðblönduð í Hljóðrita í Hafnarfirði í maí og júní. Það er Íslenska Fönksamsteypan sem gefur út plötuna og Smekkleysa dreifir henni. Hljómsveitina skipa nú: Ingi Skúlason – Bassi, Samúel Jón Samúelsson – Básúna / Söngur, Kjartan Hákonarson – Trompet, Óskar Guðjónsson – Saxófónn, Ómar Guðjónsson – Gítar, Einar Scheving – Trommur.



Fyrsta sólóplata Elízu M. Geirsdóttur, Newman Empire Fall, er komin út á forlagi listakonunnar Lavaland. Empire Fall inniheldur 11 lög sem samin eru og útsett af Elízu, en upptökustjóri er Guðmundur Kristinn Jónsson (Kiddi í Hjálmum). Guðmundur Pétursson spilar á bassa og gítar, Helgi Svavar Helgason og Birgir Baldursson á trommur og Elíza syngur, spilar á fiðlu og píanó. Lavaland hefur gert útgáfusamning í Bretlandi við Imprint Records og Cargo sem er stærsta sjálfstæða dreifingarfyrirtæki Bretlands. Í Bandaríkjunum hefur verið samið við State 51 sem er leiðandi í stafrænni útgáfu og með samninga við iTunes og allar helstu netverslanir heims. Empire Fall kemur út erlendis 1. október 2007. Hér heima dreifir Smekkleysa.



Geislaplatan Dyggðirnar er komin út og geymir 15 barnalög eftir Þórarin Hannesson við texta Herdísar Egilsdóttur. Magnús G. Ólafsson sá um útsetningar og stjórnaði upptökum. Syngur Þórarinn lögin ásamt fjórum börnum. Platan er gefin út til styrktar Regnbogabörnum og verður seld í símasölu.




Steinabær gefur út disk með þjóðlögum í útsetningum og leik Snorra Sigfúss Birgissonar. Safnið kallast Hear Now My Heart og er það enska heiti sótt í munnlega geymd en hljóðar svo á íslensku: Heyrðu nú hjartans málið mitt. Þau er eru mörg kunn enda sótt í safn Stofnunar Árna Magnússonar. Hljóðritun fór fram í sal Vonar í fyrra og stýrði Pétur Gretarsson henni. Snorri á að baki langan feril sem kennari, píanóleikari, stjórnandi og tónskáld. Verkið er styrkt af Reykjavíkurborg en Sólarfilma dreifir.




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Verk úr söfnum Ragnars og Þorvalds

Gerðarsafn og Listasafn ASÍ grípa bæði til eldri safneignar þegar kemur að sýningarhaldi nú í sumar: Safn Alþýðusambandsins við Freyjugötu státar af hinni glæsilegu gjöf Ragnars Jónssonar sem kenndur var við smjörlíkisgerðina Smára en hann lagði ASÍ til mikinn fjölda mynda eftir alla helstu listamenn á fyrri hluta síðustu aldar og myndar sú gjöf kjarnann í safninu, en það hefur hin síðari ár einbeitt sér að verkum unnum á pappír.

Gerðarsafn varð líka til fyrir höfðinglegar gjafir, bæði frá ættingjum Gerðar Helgadóttur og þeirra hjóna Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar, en þar er líka vistað hið glæsilega safn hjónanna Ingibjargar og Þorvalds í Síld og fisk. Þau voru rétt eins og Ragnar og Björg kona hans ástríðufullir safnarar á íslenska myndlist og gátu leyft sér það í skjóli atvinnurekstrar.

Um helgina verður hnykkt á verkum úr þessum söfnum, en þau eru bæði uppspretta sýninga sem gefa fjölbreytt snið af íslenskri myndlist á síðustu öld. Í Ásmundarsal á Freyjugötunni eru perlur eins Fjallamjólk Kjarvals en einnig verk yngri myndlistarmanna á borð við Birgi Andrésson og Olgu Bergmann. Þar mun sönghópurinn Evridís skemmta á laugardag með söng kl. 16 og aftur kl. 20.



**MYNDLIST** Þorvaldur í Síld og fisk var ákafur listaverkasafnari

Í Gerðarsafni eru margir kjörgripir sem Þorvaldur og Ingibjörg komust yfir á sínum mektarárum. Á sýningunni gefst því gott tækifæri til að sjá nokkur af helstu meistaraverkunum úr þessu merkasta einkasafni landsins í bland við fáséðari gersemar. Meðal þeirra má nefna verk frá fyrri hluta ferils Kjarvals, skúlptúra eftir Gerði Helgadóttur, Einar Jónsson, Sigurjón Ólafsson og fleiri. Þá er á sýningunni leyndardómsfullt skúlptúrverk eftir Kjarval – listilega máluð brennivínsflaska! Ekki er kunnugt um annað verk af þessu tagi eftir þennan mikla meistara.

Það var alla tíð vilji þeirra hjóna að safn þeirra væri til sýnis svo almenningur fengi notið verkanna. Í samræmi við það var þetta merka safn falið Gerðarsafni til varðveislu og eru verk úr því sýnd reglulega. Báðar sýningarnar standa fram í september þótt gott tækifæri verði um helgina að skoða þær.

**- pbb**






> GOTT GLÁP

**Transformers:** Síðbúin sumarskemmtun af bestu gerð þar sem tæknibrellurnar eru með því besta sem gerist í Hollywood.

**Die Hard 4.0:** Bruce Willis lætur Elli kerlingu ekki aftra sér og snýr aftur sem John Mclane. Ekki besta myndin en heldur ekki sú sísta.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN SAMÚEL J. SAMÚELSSON

# Chaplin er einn mesti listamaður 20. aldar

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
Death Proof. Hún er alveg geðveik. Ég hef verið mikill aðdáandi Tarantinos síðan ég sá Pulp Fiction. Hann er æðislegur stílisti og ófeiminn við að fá lánað úr uppáhaldsmyndunum sínum. Mæli með henni.

**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
Blood Diamond. Áhrifamikil mynd. Góð áminning um hvað við erum heppin að hafa fæðst á þessu skeri norður í Ballarhafi.

**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Mér fannst Matrix rugla ansi mikið í hausnum á mér. Munurinn á raunveruleikanum og draumum er góð vangavelta. Einnig Being John Malkovich. Ég held að ég hefði innbyrt ofskynjunarlyf þegar ég sá hana fyrst.



**Hefur þú grátið í bíó?**
Já, það hef ég. Síðast á The Kid eftir Charles Chaplin. Sá hana á afmælisdaginn minn í fyrra í Háskólabíói við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

**Uppáhalds íslenska persónan:**
Held ég verði að segja Dúddi úr Með allt á hreinu. Án vafa ein besta hljómsveitarmynd sem gerð hefur verið.

**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:**
Mín uppáhalds er Peter Sellers. The Party er ein af mínum uppáhaldsmyndum.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Charles Chaplin. Hann er að mínu mati einn stærsti listamaður 20. aldarinnar.

**Mesti skúrkurinn:**
Svarthöfði í Stjörnustríði.

**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** Nei er ekkert svar.

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Söguþráðurinn væri flétta af bílaeltingarleikjum og ástarsenum með fyndnum „one-linerum“ inn á milli. Það væri að sjálfsögðu Pam Grier á sínum yngri árum sem léki á móti mér. Hugsa að ég fengi Michel Gondry til að skrifa handritið og leikstýra. Ennio Morricone myndi gera sándtrakkið.



**TUCKER OG CHAN** Tvíeykið sló öllum að óvörum í gegn fyrir níu árum og nú er þriðja myndin komin í kvikmyndahús borgarinnar.

# Jackie Chan á fleygiferð

Kvikmyndin Rush Hour sló í gegn öllum að óvörum árið 1998 og nú er komið að þriðju myndinni í seríunni. Að venju eru vélbyssukjafturinn Chris Tucker og ofuráhættuleikarinn Jackie Chan í aðalhlutverkum og að þessu sinni þurfa þeir á öllu sínu að halda til að lifa af.

Myndin segir frá því þegar sendiherra Kína í Los Angeles kemst að einhverju best geymda leyndarmáli undirheimanna; hvernig yfirmaður glæpaklíkunnar Triads, Shy Shen, lítur út og hvernig innra starf samtakanna virkar. Áður en sendiherrann kemst hins vegar til glæpadómstólsins í Haag er hann tekinn af lífi og ljóst þykir að þessi uppgötvun hefur hreyft við meðlimum Triad sem ætla að vernda sinn mann með öllum hugsanlegum ráðum. Og þá koma lögreglumennirnir Carter og Lee til sögunnar og þá er fjandinn laus.

Að venju er Brett Ratner við stjórnvölinn en meðal annarra sem koma við sögu í Rush Hour 3 má nefna hinn sænska Max von Sydow auk þess sem pólska leikstjóranum Roman Polanski bregður fyrir í hlutverki lögreglumanns.



# Þéttir Bíódagar að hefjast

**Bíódagar Græna ljóssins hófust í gær þegar heimildarkvikmyndin Sicko eftir Michael Moore var frumsýnd. Óvenju þétt kvikmyndahátíð, segir Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri hátíðarinnar.**

„Bíódagarnir eru eilítið frábrugðnir öðrum kvikmyndahátíðum því þeir standa yfir í tvær vikur og það eru margar sýningar á mörgum myndum,“ segir Ísleifur og því þurfa kvikmyndaunnendur ekki að standa frammi fyrir því að velja og hafna heldur eiga möguleika á því að geta séð allar myndirnar með góðu skipulagi. Bíódögunum er skipt upp í þrjá flokka: Heiminn, sem er almennur flokkur og þar gefur að líta kvikmyndir hvaðanæva úr heiminum, Heimildarmyndaflokkinn sem segir sig nokkuð sjálfur og svo Miðnæturflokkinn sem á eftir að vekja mikla athygli. „Þarna ætlum við að sýna myndir sem margar hverjar þykja ákaflega umdeildar og sumar þeirra hafa vakið hörð viðbrögð, umræður og jafnvel deilur,“ segir Ísleifur en í þessum flokki má meðal annars sjá hina ofurerótísku Shortbus og Zoo þar sem umfjöllunarefnið er lát manns eftir mök við hest.

Ísleifur segir það hafa verið meðvitað að hafa myndirnar alls ekki fleiri en tuttugu en alls verða sýndar átján myndir. „Við vildum vanda valið ákaflega vel og hafa hátíðina ekki of stóra þannig að fólki gæfist tækifæri til að sjá sem flestar,“ útskýrir Ísleifur en hátíðin er tvískipt. „Fyrri hálfleikur hefst á fimmtudag þegar níu myndir verða teknar til sýninga. Þeim verður síðan langflestum skipt út fyrir níu nýjar myndir á miðvikudaginn í næstu viku,“ segir hann.

Ísleifur er eldri en tvævetra í skipulagningu kvikmyndahátíða en hann var hjartað og heilinn á hinni geysivinsælu IFF. „Ég myndi telja, án þess að blikna, að þetta væri ein besta hátíðin sem ég hef skipulagt,“ segir Ísleifur en hann reiknaði með því að kvikmyndin Sicko yrði stærsti smellurinn. „Það er hins vegar aldrei að vita. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á Cocaine Cowboys og Deliver us from Evil auk Away from her,“ segir Ísleifur.

freyrgigja@frettabladid.is



**FÁAR EN BETRI MYNDIR** Ísleifur Þórhallsson er sannfærður um að það sé varla dauð stund á Bíódögum Græna ljóssins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**DAGSKRÁ FIMMTUDAGSINS**

**19.00** Sicko
**20.00** Death of a President, Deliver us from Evil, Away from her
**22.30** Sicko, The Bridge, Curse of the Golden Flower, For Your Considaration

## ÞESSAR ÆTLA ÉG AÐ SJÁ



**Ásgrímur Sverrisson:**
*Death of a President:* Leikin mynd sem er gerð eins og heimildarmynd og hefur fengið góða dóma.
*Away from Her:* Mynd Söruh Polley sem er frábær leikkona og þykir engu síðri sem leikstjóri. Myndin þykir líkleg til afreka á Óskarsverðlaunahátíðinni. Við fáum að sjá alltof lítið af kvikmyndum frá kvenkyns leikstjórum og þessu ber því fagna.



**Elísabet Ólafsdóttir**
*Cocaine Cowboy:* Þetta er mynd sem ég er alveg hundrað prósent viss um að ég sjái. Held að þetta sé áhugaverð kvikmynd sem fjallar um undirheima Miami frá öðrum sjónarhóli. Ég var mikill aðdáandi Dons Johnson og Miami Vice og hélt alltaf með honum en það er spurning hvort maður skiptir um lið eftir þessa mynd.



**Gísli Galdur Þorgeirsson**
*Deliver us From Evil:* Ég held að það verði erfitt að horfa á þessa mynd en jafnframt er hún eflaust mögnuð heimildarmynd um spilltan prest í skjóli kirkjunnar.
*Sicko:* Michael Moore að taka heilbrigðisgeirann í Ameríku fyrir hlýtur að vera dálítið athyglisvert.
*For Your Consideration:* Ný mynd frá þeim sem gerðu t.d. Best In Show og Spinal Tap en síðarnefnd mynd er ein af mínum uppáhalds grínmyndum. Hér gera þau grín að kvikmyndabransanum.

Loksins, loksins háskerpusjónvarp
Sjónvarp Símans – kíktu í næstu verslun Símans á höfuðborgarsvæðinu og sjáðu muninn
Það er Síminn

# Snilldar rottu-kokkur

Teiknimyndin Ratatouille var frumsýnd í gær en henni er leikstýrt af Brad Bird, þeim sama og gerði The Incredibles. Að þessu sinni er umfjöllunarefnið ekki ofurmannafjölskylda heldur rottan Remy sem flytur til Parísar og hyggst hafa þar uppi á átrúnaðargoði sínu og matargúrú, Gusteau. Remy til mikillar skelfingar kemst hann í raun um að Gusteau er dáinn og hið fornfræga veitingahús hans er að hruni komið.

Rottan deyr hins vegar ekki ráðalaus og gengur í lið með sendlinum Linguini og saman leggja þeir á ráðin um að endurreisa mannorð Gusteau og búa til besta ratatouille í Frakklandi. Að venju, þegar teiknimyndir eru annars vegar, eru stórstjörnur í hverju hlutverki en þær sem vekja helst athygli eru gömlu brýnin Brian Dennehy og Peter O'Toole sem láta ljós sitt skína í myndinni. Ratatouille er sýnd með bæði ensku og íslensku tali í Sambíóunum.



**KOKKURINN OG STRÁKURINN** Rottan Remy og sendillinn Linguini taka höndum saman og reyna að bjarga fornfrægu veitingahúsi frá glötun.

# Bílabíó á Vellinum í Keflavík

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík í samstarfi við Keili, Master Card, Flugmálastjórn Keflavíkur og Sparisjóð Keflavíkur ætla að bjóða upp á ekta bílabíó á gamla varnarsvæðinu í Keflvík þann þriðja október. Þetta er liður í kvikmyndahátíðinni sem hefst 27. september og stendur til 7. október. Kvikmyndin American Graffiti verður sýnd en þetta er ein af fyrstu myndum bandaríska leikstjórans George Lucas en þar má meðal annars sjá Harrison Ford stíga sín fyrstu skref. Myndin þykir ákaflega „amerísk“ og því þótti við hæfi að sýna hana á gömlu landsvæði Bandaríkjanna. Sýningin fer fram í stærstu byggingu landsins en það er flugskýlið á Vellinum sem bandaríski herinn átti og er mikið mannvirki. Öflugt loftræstikerfi er til staðar enda voru þar áður geymdar risavaxnar orrustuþotur hersins. Flatarmálið er slíkt að það er talið geta rúmað um fimmtán hundruð bíla.



**ÓNOTAÐIR GULLMOLAR** Á gamla varnarliðssvæðinu eru margar byggingar sem eru í litilli notkun.



**BÍLABÍÓ** Var vinsælt fyrirbrigði á fimmta og sjötta áratugnum í Bandaríkjunum.

# Wiseman í endurgerð

Len Wiseman hefur verið ráðinn leikstjóri kvikmyndarinnar The Escape From New York, sem er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1981. Wiseman vakti mikla athygli sem leikstjóri Die Hard 4 sem kom út í sumar en hann hefur áður leikstýrt tveimur Underworld-myndum.

Gerard Butler, sem sló í gegn í 300, mun endurtaka hlutverk Snake Plissken sem Kurt Russell lék á eftirminnilegan hátt á sínum tíma. Fjallar myndin um stríðshetjuna Plissken sem er send til fangaeyjunnar Manhattan til að bjarga forseta Bandaríkjanna.



**GERARD BUTLER** Butler endurtekur hlutverk Snakes Plissken sem Kurt Russell lék á eftirminnilegan hátt.

## ÚR VERINU



Mikil spenna ríkir iðulega um hvaða „óþekkta“ leikkona hreppir það hnoss að vera næsta Bond-gella. Í fyrstu var talið að breska leikkonan Abbie Cornish úr Stopp Loss myndi taka hlutverkið að sér en það var ekki á rökum reist. En nú þykir vera komin hreyfing á hlutina því indverska leikkonan **Shilpa Shetty** er nú sögð vera í sigtinu hjá framleiðendum myndarinnar. Shilpa varð heimsfræg á einni nóttu þegar hún reitti landa sína til reiði og kyssti Richard Gere. Shetty er sögð vera í samningaviðræðum í reykmettuðum bakherbergjum um að fá að leika á móti Daniel Craig en málið ætti að skýrast á allra næstu dögum.



Og meira af **Bond** því dýraverndunarsinnar eru samkvæmt kvikmyndavefnum movienews.com í viðbragðsstöðu. Þótt að 22. myndinni hafi ekki enn verið gefið nafn hefur sitthvað kvisast út um slagsmálaatriði sem á að vera í myndinni. Talið er að Bond muni berjast við illmenni á hinum frægu Palio-veðreiðum á Ítalíu og herma heimildir að hesturinn verði drepinn í atriðinu. Dýraverndunarsinnar eru því komnir með blóðbragðið í munninn og ætla að sjá til þess að réttindi hrossins verði ekki virt að vettugi.



Einhverrar þíðu er farið að gæta í samskiptum **Peters Jackson** og New Line Cinema. Leikstjórinn og kvikmyndarisinn fóru í hart þegar Jackson höfðaði mál á hendur fyrirtækinu og sakaði það um hlunnfara sig um gróða vegna Hringadrottinssögu. En nú hefur einn af toppunum hjá New Line, **Bob Shaye**, viðurkennt að líklega hafi fyrirtækið meiri þörf fyrir Jackson en Jackson fyrir New Line Cinema. „Ég vildi óska þess að Jackson kæmi að gerð The Hobbit,“ sagði Shaye við fjölmiðla en upphaflega stóð til að Jackson myndi leikstýra myndinni.

Og meira af ævintýrum því eitthvað virðast handritshöfundar nýjustu Jurasic Park vera komnir í mikið stuð. Samkvæmt vefmiðlum þar vestra á söguþráður fjórðu myndarinnar að vera á þá leið að stjórnvöld hafa í hyggju að þjálfa risaeðlur til að bera vopn í stríði. Varla þarf að koma á óvart að Sam Neil hyggst ekki snúa aftur í hlutverk dr. Alans Grant en Laura Dern hefur gefið vilyrði sitt til að leika aftur Dr. Ellie Sattler. **Steven Spielberg** verður hins vegar ekki í leikstjórastólnum en mun framleiða myndina.



HAUSTNÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST

# Nám í tónvinnslu og lagasmíðum

- í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro-Tools

PRO TOOLS



**Tónvinnsluskólinn „Sponsored Digidesign School“**
Nýlega gerðu Tónvinnsluskólinn og Digidesign með sér samstarfssamning um þjálfun nemenda í Pro-Tools og kallast nú Tónvinnsluskólinn „Digidesign Sponsored School“.
Þetta veitir okkur rétt til að kenna til alþjóðlega viðurkennds prófs Pro-Tools 101 og Pro-Tools 110. 101 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools til eigin hagsmuna við lagasmíðar og upptökur meðan að 110 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools í hljóðversumhverfi atvinnumannsins.

**Veitir rétt til framhaldsnáms**
Eftir að hafa tekið þessi próf geta nemendur farið beint í 201 og 210 gráðurnar erlendis sem gerir menn að viðurkenndum „Pro-Tools Operator“ sem gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

**Hvernig klárar maður lag frá A til Ö**
Að öðru leiti er námskeiðið óbreytt, farið er í ferlið frá því að hugmynd að lagi kviknar þar til lag er tilbúið til útgáfu, hvernig gengið er frá hljómablöðum (lead sheets) og samskiptum í hljóðveri.
Kennt er á midiforritið **Reason**, hljóðforritið **Melodine**, farið í almennar upptökur, míkrófóntækni og staðsetningar, eftirvinnslu, hljóðblöndun og lokahljóðjöfnun.

4 mánaða nám, 160 klst.

**319.900,- kr.**
(veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur)
Fleiri greiðslumöguleikar í boði.

**Námskeiðin hefjast í september.**

**Skráningar í síma 534 9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is**

digidesign PRO TOOLS REASON propellerhead

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

**Prófaðu...**

*... að fara nýjar leiðir í salatgerð, það gerir salötin svo miklu áhugaverðari. Prófaðu avókadó, hnetublöndur, mozzarellakúlur, mulið beikon og rifnar kryddjurtir, og aðalrétturinn gleymist nánast.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN LÓA AUÐUNSDÓTTIR HÖNNUÐUR

# *Skilur ekki brauðsúpu*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ég held að það sé nú súkkulaði, ab-mjólk, og svo góður parmesanostur. Þetta er það sem ég vil helst eiga til á heimilinu, en ég tek fram að ég nota þetta ekki saman.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Ég hugsa það oft - að þetta sé besta máltíð sem ég hef fengið. Í síðustu viku bauð ég reyndar manninum mínum út að borða á Sjávarkjallarann. Það var skemmtileg upplifun og mjög góður matur, það er svona nýjasta besta máltíðin.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég er ekki mikið fyrir sjávarlífverur eins og skeldýr og kolkrabba. Svo finnst mér brauðsúpa alveg hræðilega vond. Ég skil hana bara engan veginn.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég á eina góða matreiðslubók sem heitir Silverspoon og svo býr Helga Sigurðar líka yfir leyndarmálum sem ég kíki stundum á. Annars held ég að það sé bara andinn sem kemur yfir mann hverju sinni.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Það er eitthvað heitt. Grjónagrautur lætur manni til dæmis alltaf líða rosalega vel og kemur manni niður á jörðina.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ég á alltaf til mjólk, ab-mjólk, parmesanost og súkkulaði.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég myndi taka með mér prímus og einhver tæki og tól til eldamennsku. Og svo kannski einhverjar góðar matreiðslubækur um framandi matargerð.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Það er ekkert rosalega framandi. Ég hef að vísu borðað marokkóska dúfu. Það var reyndar í Frakklandi, en á marokkóskum veitingastað.

# Fjölhæfir tómatar

Úti í heimi fagna matgæðingar nú tómatauppskeru, þegar sólvermdir rauðir boltarnir streyma á markaðina. Hér á landi eru tómatar nú ræktaðir árið um kring og eru fastur liður í eldamennsku landsmanna. Íslenskir tómatar þekkja sólina ekki af sömu raun, þar sem þeir eru ræktaðir í gróðurhúsum. Þeir eru þó alls ekki verri fyrir vikið og nytsamlegir í fjölmarga matrétti.

Tómatar þrífast ekki vel í ísskáp, sérstaklega nálægt gúrku og salati, og eru þá fljótir að tapa bragði og stinnleika. Því er um að gera að hafa þá á eldhúsborðinu. Eins og flestir vita eru hakkaðir, kramdir og maukaðir tómatar frábær grunnur í ýmiss konar sósur og súpur. Ef gera á sósuna frá grunni er best að byrja á því að henda tómötunum í sjóðandi vatn í um hálfa mínútu, þá er auðvelt að afhýða þá.

Tómatar, basilíka og mozzarella-ostur eru dásemdar þrenning, en þeir eiga jafngóða samleið með rauðlauk, fetaosti og svörtum ólífum og eins söxuðum lauk og gúrku með graslauki og ediki.

- sun



**TÓMATASALAT AF ÖLLUM GERÐUM** Tómatar henta vel í sósur, súpur og ýmiss konar salöt. Þá ber helst að geyma við stofuhita. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fitupúkanámskeið

Með haustinu fara margir að huga að nýjum og betri lífsstíl, eða brostnum áramótaheitum. Fyrir þá sem vilja efna gömul heit, eða bara breyta og bæta líðaninni áður en rútínan tekur völdin á ný, er ekki úr vegi að sækja kvöldnámskeið Þorbjargar Hafsteinsdóttur í Heilsuhúsinu.

Hún heldur þar reglulega námskeið sem hún kallar Losum okkur við fitupúkana! Að því er segir á heimasíðu Heilsuhússins verður þar farið yfir fjögurra vikna prógram. Þorbjörg fjallar um detox og hvernig megi öðlast aukna orku, betri svefn, blóðsykur í betra jafnvægi, fallegri húð og færri kíló. Námskeiðin eru ein kvöldstund, og það næsta fer fram næstkomandi þriðjudagskvöld, í Heilsuhúsinu Lágmúla. Hægt er að bóka á netfanginu http://www.10grunnreglur.com/tobba.htm.

- sun



**PÚKARNIR BURT** Þorbjörg Hafsteinsdóttir verður með fitupúkanámskeið næstkomandi þriðjudag, fyrir þá sem vilja taka haustið með trompi og færri kílóum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Besta myndin er í háskerpusjónvarpinu þínu

Sjónvarp Símans - kíktu í næstu verslun Símans á höfuðborgarsvæðinu og sjáðu muninn

Það er Síminn



**MATELSK FJÖLSKYLDA** Pálmi Jónasson er ekki sá eini í fjölskyldu sinni sem kann vel að meta góðan mat. Auður, níu ára gömul dóttir hans, stal senunni þegar ljósmyndari leit við, en hún var þá að elda Auðar-pitsu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Matreiðslubók í bígerð

**Fréttamaðurinn Pálmi Jónasson er nýkominn heim frá Ítalíu þar sem hann bjó á veitingahúsi. Hann og stórtenórinn Jón Rúnar Arason eru þar að auki með uppskriftabók í burðarliðnum.**

„Þessi uppskrift er ein af um hundrað sem ég og Jón Rúnar höfum búið til á síðustu árum. Um daginn völdum við svo úr um fjörutíu uppskriftir sem við höfum verið að setja upp og mynda. Meiningin er að gefa þetta út á bók, hvort sem það verður til heimabrúks eða á alheimsmarkað,“ sagði Pálmi kíminn.

Í matreiðslubók Pálma er gott hráefni í fyrirrúmi. Hann á hlut í bát og kann vel að meta hráan fisk, eins og hrátt kjöt. „Þá verður hráefnið að vera algjörlega fyrsta flokks,“ sagði hann. Íslensk villibráð og sveppir, kryddjurtir og fjallagrös úr íslenskri náttúru eiga líka upp á borð hjá Pálma.

Pálmi og kona hans eru nýsnúin heim frá Ítalíu þar sem þau bjuggu á veitingahúsi í bænum Castelcerino í Soave. „Þar var Jón Rúnar að leysa af í eldhúsinu á veitingastaðnum Hostaria di Cansignorio,“ útskýrði Pálmi, sem fékk aðeins að spreyta sig á eldamennskunni sjálfur. „Einn daginn sátum við á veitingastaðnum að borða úrval af réttum dagsins, sem Rúnar hafði galdrað fram. Á næsta borði voru tvenn hjón að halda upp á tuttugu ára brúðkaupsafmæli. Þau hrósuðu sérstaklega Tiramisu og urðu eiginlega kjaftstopp þegar þeim var sagt að íslenskur óperusöngvari hefði búið til þennan þjóðarrétt Ítala,“ sagði Pálmi. Ekki dró úr undruninni þegar hjónin hrósuðu bestu súkkulaðiköku sem þau höfðu smakkað. „Þau báðu fyrir bestu kveðjur í eldhúsið, og hlógu ógurlega þegar eigandinn sagði þeim að maðurinn á næsta borði hefði gert hana,“ sagði Pálmi. Hann mælir því með því að gestir í Soave leggi leið sína á veitingahús Sirpu og Tiziano og biðji um „Torta di Palmi“. „En uppskriftina fær fólk ekki nema það kaupi bókina,“ sagði Pálmi svo og hló við.

**SÍTRÓNULAMB**
**1 lambahryggur**
**1 sítróna**

Hreinsið alla fitu og annað af hryggnum þannig að á honum verði eingöngu lundirnar undir og fitulaus hryggvöðvi. Afskurðurinn er notaður í soð en fituna er gott að nota til að steikja kartöflur. Hreinsið vel af beinunum þannig að þetta líti út eins og krabbategund í næsta sólkerfi. Hryggurinn settur á grind og á hann borinn olía og rifinn sítrónubörkur. Svona má hann gjarnan standa í nokkra tíma eða yfir nótt. Kjötið er sett undir grill í 15 til 20 mínútur og síðan látið hvíla undir álpappír og viskastykki í 20 til 30 mínútur, áður en hryggurinn er skorinn. Stundum kreisti ég sítrónusafa yfir kjötið.

Með þessu er gott að hafa óperustöppu: soðnar heitar kartöflur grófmarðar með nýrifnum parmesan, smjöri, pipar og steinselju.

**sunna@frettabladid.is**

# Í sumarbústað með Lindu Pé

Fegurðardísin Linda Pétursdóttir leyfir Völu Matt og kíkja í matarskápana sína í Mat og lífsstíl í kvöld. „Við skelltum okkur austur fyrir fjall í stórglæsilegan sumarbústað sem fjölskylda Lindu á. Þar bjó hún til einn af sínum uppáhaldsréttum, sem er auðvitað fiskur – þar sem hún er sjávarplássstelpa, eins og hún lýsir því sjálf,“ sagði Vala og hló við. „Það var nætursöltuð ýsa, sem var meðal annars með kanil, sem var svolítið óvenjulegt. Þetta var ótrúlega gott, fljótlegt og einfalt,“ bætti hún við.

„Linda var líka með dúndurdesert en hún byrjaði á því að gefa okkur uppskrift að morgunmatnum sem henni finnst best að fá sér á morgnana. Það er svona heilsudrykkur sem er aðallega úr ávöxtum og bara algert sælgæti,“ sagði Vala.

**MORGUNDRYKKUR**

**Hnefafylli af möndlum**
**2 dl vatn**
**3-4 döðlur**
**1 banani**
**Hnefafylli bláber**
**4-6 jarðarber**
**2-3 klakar**
**Öllu blandað vel saman í blandara. Gott er að hafa möndlur og döðlur sem grunn og síðan má setja hvaða ávexti sem er út í.**



**ÁVAXTABOMBA** Linda Pétursdóttir deilir uppáhalds morgunmat sínum með áhorfendum í Mat og lífsstíl í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# RÝMUM

FYRIR NÝJUM VÖRUM OG LÆKKUM VERÐ Á SÝNINGAREINTÖKUM OG VÖLDUM VÖRUM TIL LAUGARDAGSINS 18. ÁGÚST

SALTFÉLAGIÐ

HEIMILIÐ ER HEILAGT

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

ENNEMM / SÍA / NM29154

Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga, 11-17 laugardaga.**

**> VISSIR ÞÚ?**

Leikaraliðið í Ocean's Eleven hefði getað orðið allt annað. Bruce Willis tók að sér hlutverk í myndinni en þurfti að hætta við, og Mark Wahlberg átti að leika vasaþjófinn Linus Caldwell. Owen og Luke Wilson áttu að leika bræðurna Virgil og Turk, og Bernie Mac kom í stað Dannys Glover í hlutverki Franks Catton.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Ekkert smeykir við reykingabann

„Í dag [gær] er fyrsti dagurinn og þetta hefur gengið bara vel," segir Patrik Magnús Holden, kokkur á íslenska staðnum Laundromat Café við Elmgade í Kaupmannahöfn. En líkt og á Íslandi hefur nú verið bannað að reykja á öllum veitingastöðum, kaffihúsum og börum í Danmörku. „Danir elska reglur og líkar bara vel að fara eftir þeim," bætir Magnús við og segir að gestir staðarins hafi lítið kippt sér upp við það að þurfa fara út fyrir hússins dyr til að kveikja sér í sígarettu. Í gær var reyndar rigning í höfuðborginni en hlýtt og reykingafólkið var því bara nokkuð sátt við sinn hlut. „Ég reyki reyndar sjálfur en hef litlar áhyggjur af þessu," segir Magnús sem bjóst ekki við því að gripið yrði til einhverra séraðgerða í kjölfar bannsins. „Margir barir og skemmtistaðir hafa komið sér upp svona reykrými þar sem hvorki má þjónusta drykki né mat. Ég held að það sé hins vegar ekki mikil þörf fyrir slíkt rými hjá okkur," segir kokkurinn.

Hann segist þó hafa heyrt af óánægju vegna bannsins en þeir á Laundromat Café kippi sér lítið upp við þetta. „Eigendur lókalstaða eru áhyggjurfullir enda hafa gestir staðarins kannski komið þangað í þrjátíu ár og fengið sér bjór og rettu. Okkar viðskiptavinir eru hins vegar meira fólk af ungu kynslóðinni og það reykir ekki jafn mikið," segir Magnús og bætir við að þetta hafi í að minnsta kosti ekki haft stórvægileg áhrif í dag. „Það er allt brjálað að gera."

Danska þjóðin hefur verið þekkt fyrir mikla og langa reykingahefð og því gæti þetta bann að mörgu leyti verið einn af síðustu nöglunum í kistu sígarettunnar. Meira að segja drottningin, Margrét Þórhildur, reykir Prince-sígarettur en Magnús segist ekki vita hvort henni verði gert að lúta sömu lögmálum og þegnar hennar. **- fgg**



**FRIÐRIK WEISSHAPPEL** Sýndi ef til vill forsjálni þegar hann opnaði nýtt Laundramat Café sem var hugsað fyrir barnafólk en fastlega má gera ráð fyrir að reykingafólk sé þar í minnihluta.

# Elvis-æði í fjölskyldunni

„Þetta er í fjölskyldunni. Faðir minn var mikill Elvis-maður og ég setti þessa síðu upp til heiðurs honum," segir Magnús Rúnar Magnússon, sem stofnaði heimasíðuna Elvis.is í fyrra. Árið 2001 hafði hann sett á fót síðuna Elvisworld.com, fyrirmynd Elvis.is, sem hefur notið gífurlegra vinsælda. Voru heimsóknirnar á þá síðu 770 þúsund talsins á þriggja ára tímabili og var henni, þegar hún var hvað vinsælust, flett um tvö þúsund sinnum á dag.

„Það er mjög stórt myndagallerí á þeirri síðu og mesta aðsóknin var í það. Það kom mikið af flettingum upp úr því en þetta hefur bara verið mér til gamans enda er þetta ekkert nema kostnaður," segir Magnús Rúnar.

Auk myndagallerísins er ýmislegt áhugavert að finna á Elvis.is og Elvisworld.com. Lagalisti kóngsins er birtur frá A til Ö ásamt fjölda texta, viðtala og lista yfir gullplötur hans. Einnig fylgja með nokkrar uppskriftir, enda var Elvis matmaður hinn mesti þangað til hann gaf upp öndina fyrir nákvæmlega þrjátíu árum í dag.

Magnús segist ekki vera brjálaður Elvis-aðdáandi en þó hafi hann á síðastliðnum tuttugu árum komið sér upp safni með yfir eitt hundrað geisladiskum með honum og 20 til 30 DVD-diskum, auk fjölda bola og trefla. „Ég er ekki einn af þessum sem eru að koma fram í búningum. Maður hefur bara gaman af þessu fyrir sig," segir hann og nefnir Suspicious Minds, Burning Love og Always on My Mind sem sín uppáhalds Elvis-lög. **- fb**



**MAGNÚS RÚNAR MAGNÚSSON** Magnús er mikill aðdáandi kóngsins Elvis Presley sem lést fyrir nákvæmlega þrjátíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LINDSAY LOHAN** Var spáð bæði frægð og frama í Hollywood en hefur nú spilað allt úr höndum sér og er í sinni annarri meðferð á skömmum tíma. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Voru hræddar um að Lindsay myndi draga upp byssu

**Vandræðastirnið Lindsay Lohan virðist liggja ansi vel við höggi þessa dagana en nú hefur leikkonan verið kærð fyrir að valda virðulegri frú töluverðum andlegum skaða.**

Sjaldan er ein báran stök og ætti Lohan að verða fyrst manna til að viðurkenna það. Tracie Rice, vinkona móður fyrrverandi aðstoðarkonu Lohan, hefur nú lagt fram kæru hjá lögreglunni í Santa Monica á hendur Lohan en þar er hún sökuð um að hafa valdið Rice óbætanlegum skaða og taugaveiklun með aksturlagi sínu 24. júlí síðastliðinn.
Rice segir að Lohan hafi elt sig og Michelle Peck og sýnt vítavert gáleysi með athæfi sínu. „Það sem Lohan gerði þetta kvöld var stórhættulegt og ábyrgðarlaust. Einhver hefði mjög auðveldlega getað dáið eða slasast alvarlega," sagði Rice í samtali við Daily Mail. Ef marka má lýsingar Rice í skýrslutöku voru vinkonurnar ákaflega hræddar um að Lohan myndi draga upp skotvopn eða hreinlega keyra þær út af veginum.

Lohan var handtekin seinna þennan örlagaríka dag og reyndist hún þá ölvuð undir stýri auk þess sem yfirvöld fundu fíkniefni í fórum hennar. Leikkonan hafði þá nýlokið sex vikna meðferð og lýst því yfir við fjölmiðla að „villtu" dagarnir væru að baki. Hún gekk einnig um með öklaband sem átti að sýna hvort eitthvað áfengismagn væri í blóðinu. Fjölmiðlar voru hins vegar ákaflega vantrúaðir á þetta og töldu þetta bara undanbrögð enda kom það á daginn að Lindsay var varla fyrr komin út meðal almennings að veisluhöld og hvers kyns næturbrölt hófst á ný. Lohan er nú í meðferð en á eftir að mæta fyrir dómstóla þar sem ökulagabrotin verða tekin fyrir. Ljóst þykir, í ljósi fangelsisvistar Parísar Hilton, að Lohan verður ekki tekin neinum silkihönskum og því gætu afbrotakonur í Los Angeles átt von á enn frægari klefafélaga á næstunni.

Skarpt, skarpara, háskarpast
Sjónvarp Símans – sjáðu háskerpusjónvarp í næstu verslun Símans á höfuðborgarsvæðinu
Það er Síminn

Hannes Pétursson, hagfræðinemi og geimfari, treystir á reiknivélar og geimskip frá HP.





HP fartölvur eru bestu og áreiðanlegustu fartölvurnar samkvæmt könnun TBR (Technology Business Research, Inc).

HP Compaq 6710b
Örgjörvi: Intel Core 2 Duo 2 GHz
Vinnsluminni: 1 GB
Skjár: 15,4" WSXGA+ WVA
Harður diskur: 160 GB SATA
Geisladrif: Dual layer DVD skrifari
Skjástýring: Intel GMS X3100, allt að 384 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Business 32/64
3ja ára ábyrgð
Verð: 149.900 kr.

HP og Office vinna vel saman
Office Home and Student 2007
invent

HP vörur fást hjá eftirtöldum aðilum: Verslun Opinna kerfa, Höfðabakka 9 - Oddi skrifstofuvörur - Start tölvuverslun, Kópavogi - Samhæfni, Reykjanesbæ - TRS, Selfossi - Tölvuþjónusta Vesturlands, Akranesi, Borgarnesi
Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík - Eyjatölvur, Vestmannaeyjum - Hátíðni, Höfn - Kaupfélag Skagfirðinga - Munus, Hafnarfirði - Netheimar, Ísafirði - Snerta Ísland, Vogum

# Gekk fram af farþegum

**Madonna er hvergi nærri dauð úr öllum æðum, en söngkonan hefur löngum verið kunn fyrir að reyna að hneyksla fólk. Á dögunum gekk hún fram af meðfarþegum sínum í flugi á milli Bandaríkjanna og Englands, þegar hún sprautaði sig með vítamínum fyrir allra augum. Heimildir metro.co.uk herma að Madonna hafa ekkert borðað á meðan á sjö tíma fluginu stóð.**



**Talsmaður söngkonunnar vildi ekkert gefa upp um málið, en vítamínskot á borð við þau sem Madonna sást nota eru afar vinsæl þessa dagana hjá stjörnum eins og Lindsay Lohan og Britney Spears.**

# Vantar hálfa höfuðkúpuna

**Eins og allir jafnaldrar hans er hinn þriggja ára gamli Tom Trueman mikill grallari sem á það til að hrasa í öðru hverju skrefi. Ólíkt öðrum gæti hvert fall Truemans verið hans síðasta.**



**LÍFSGLAÐUR ÞRÁTT FYRIR VEIKINDIN** Móðir Tom Trueman segir son sinn vera einstakan baráttudreng sem hafi óstjórnlega löngun til að lifa.

Þrátt fyrir að vera aðeins þriggja ára gamall hefur Trueman farið í tíu aðgerðir á höfði. Hann fæddist með svokallað Apert-heilkenni sem veldur óeðlilegum beinvexti í líkamanum. Sjúkdómurinn er afar sjaldgæfur, aðeins eitt af hverjum 65 þúsund börnum fæðast með hann, og misjafnt er hversu skaðvænlegur hann er. Tilfelli Truemans reyndist sérstaklega slæmt og má meðal annars sjá merki sjúkdómsins á útlimum hans og ekki síst á höfðinu.

Snemma varð ljóst að höfuðbein Truemans uxu ekki nægilega hratt og fór hann í sína fyrstu aðgerð á höfuðkúpunni aðeins fjögurra mánaða gamall. Síðan þá hefur hann farið reglulega í aðgerðir á höfuðkúpunni til að létta á þrýstingi á heilann en eftir aðgerð í desember á síðasta ári fékk Trueman heiftarlega sýkingu vegna títaníum-plötu sem komið hafði verið fyrir í höfði hans. Svo fór að strákurinn missti rúmlega þriðjung höfuðkúpunnar vegna sýkingarinnar og töldu læknar í fyrstu að hann ætti enga möguleika á að lifa af. En nú, átta mánuðum síðar, er Trueman á góðum batavegi og líkja læknar sögu hans við kraftaverk.



**HÖFUÐIÐ** Hér má sjá nýlega röntgenmynd af höfði Truemans. Engin fordæmi eru fyrir því að nokkur hafi misst eins mikið af beini og lifað af.

„Tom er ekki aðeins á batavegi heldur hefur hann það mjög gott," segir Steve Wall, sérfræðingur á sjúkrahúsinu í Oxford. Höfuðkúpa Truemans byrjaði að vaxa á ný strax eftir aðgerðina og hefur hann nú endurheimt tíu prósent af því beini sem hann missti eftir sýkinguna. Hann gengur um með sérsmíðaðan hjálm sem veitir honum lífsnauðsynlega vörn við þeim hættum sem blasa við í hinu daglega lífi.

„Það skiptir engu máli hvað ég er að gera, ég er alltaf með annað augað á honum," segir móðirin Wendy um strákinn sinn, en fyrir utan hjálminn er það aðeins þunnt húðlag sem hylur heilann. Fyrir vikið fær Trueman ekki að umgangast önnur börn nema undir sérstökum kringumstæðum, hann gengur í sérhæfðan leikskóla þar sem kennarar hafa hann í gjörgæslu og þá sefur ávallt einhver við hlið Truemans á nóttunni, til að koma í veg fyrir að hann detti fram úr.

„Hann þarf ekki meira en að fá lítinn bolta í höfuðið, þá gæti hann hlotið óbætanlegan heilaskaða," segir móðirin sem á þó þann draum heitastan að sonur sinn geti lifað eðlilegu lífi í framtíðinni. Talið er að Trueman muni þurfa að hafa hjálminn næstu árin en læknar eru vongóðir um að hann geti tekið hann af sér þegar líkamsvexti er að mestu lokið. Wall segir framhaldið velta á því hversu hratt höfuðkúpan nái að vaxa á ný.

„Hann mun þurfa að gangast undir fjölda aðgerða í framtíðinni en miðað við hvernig batinn hefur verið til þessa erum við vongóðir um að strákurinn geti lifað eðlilegu lífi á fullorðinsárunum."

- vig

# Feðgin syngja dúett

Lisa Marie Presley syngur dúett með föður sínum heitnum, Elvis Presley, í nýrri útgáfu lagsins In the Ghetto. Tilefnið er þrjátíu ára dánarafmæli rokkkóngsins.

Rödd Lisu Marie var bætt inn í lagið sem kom upphaflega út árið 1969 við miklar vinsældir. Nýtt myndband við lagið verður frumflutt á föstudag þar sem myndum af feðginunum er skeytt saman. „Við höfðum tvær klukkustundir til að setja röddina mína í lagið," sagði Lisa. „Morguninn eftir þegar ég heyrði útkomuna brotnaði ég niður og grét þó svo að það sé eitthvað sem ég geri aldrei."

Lisa segist einnig hafa verið ofboðið þegar lag föður hennar, Viva Las Vegas, var notað í auglýsingu fyrir Viagra-stinningarlyfið. „Mér fannst það viðbjóðslegt. Við eigum ekki réttinn að sumum lögunum hans en ég veit í það minnsta að við hefðum aldrei leyft að þetta yrði gert."

Lisa, sem er 39 ára, gaf út sólóplötuna Now What fyrir tveimur árum og stefnir á útgáfu nýrrar plötu á komandi misserum.



**LISA MARIE** Lisa Marie Presley syngur dúett með föður sínum Elvis Presley í laginu In the Ghetto.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Lily Allen** hefur fengið blessun tískukvennanna **Trinny Woodall** og **Susannah Constantine** sem þykir stúlkan hafa skemmtilegan stíl og eru hrifnar af fatalínu hennar fyrir verslunina New Look. Þær höfðu ekki mikið álit á öðrum hönnuðum úr hópi fræga fólksins og telja línur þeirra flestra ekki henta neinum nema mjónum. „Lily Allen er hins vegar með fallegar ávalar línur og því gæti verið auðveldara fyrir konur að klæðast hennar fötum," sagði Susannah.



**Clive Owen** hefur leikið á móti fjölmörgum fallegum konum en segir enga þeirra freista sín neitt sérstaklega. „Ég virði það sem ég á heima í konu minni og börnum og myndi aldrei stefna því í hættu. Fyrir mig er þetta það sem lífið snýst um," sagði Clive. „Ég hef skemmt mér með mörgum leikkonum en það er bara í kvikmynd. Það er ekki ást. Samband mitt skiptir mig öllu í lífinu. **Sarah-Jane** er algjör gimsteinn," sagði Owen, sem kynntist ástinni sinni þegar hann lék Rómeó á móti henni í hlutverki Júlíu í leiklistarskóla.

**Britney Spears** heldur áfram að hneyksla aðdáendur sína um heim allan. Nú greina erlendir fréttamiðlar frá því að hún hafi verið í ástarleikjum í heitum potti með fyrrverandi aðstoðarkonu sinni, **Shannon Funk**. Fréttablaðið sagði frá því um daginn þegar Britney táldró einn af aukaleikurunum í myndbandi sínu í sama heita pottinum. Nú er komið í ljós að hún losaði sig við aukaleikarann til að skemmta sér með aðstoðarkonunni. „Britney virtist óseðjandi. Ég hef aldrei séð hana jafnhrifna af nokkrum áður," sagði einn viðstaddra.



# Dönsk hönnun og stíliseruð íþróttaföt

**Danska tískumerkið Wood Wood sýndi sumarlínu sína fyrir árið 2008 á tískuvikunni í Kaupmannahöfn ásamt íþróttamerkinu Adidas sem einnig kynnti nýjustu línu sína. Hönnuðir Wood Wood hafa áður unnið með Adidas og hönnuðu eitt sinn strigaskó undir merkinu.**

Hönnun Wood Wood svipar svolítið til íþróttafatnaðs og sennilega er merkið þekktast fyrir hettupeysur með litríku prenti og skemmtilegu mynstri. Smám saman hafa hönnuðirnir þó leitað í fjölbreyttari hluti og hanna nú heilu línurnar fyrir stúlkur og stráka. Í þessari línu mátti sjá fallega pastelliti og skemmtileg snið sem sum hver minntu örlítið á brimbrettastíl í bland við klassískari línur. Adidas sýndi skemmtilegar útfæringar á íþróttafatnaði með örlítið bjöguðu Adidas-merki á sumum flíkum. Hermannaklæði virtust vera hönnuðum Adidas hugleikin því margar fyrirsæturnar klæddust skemmtilegri blöndu af hermannaklæðum og íþróttafatnaði.

hilda@frettabladid.is



**WOOD WOOD** Sumarlegt og klæðilegt.



**ADIDAS** Skemmtileg blanda af hermannaklæðum og íþróttafatnaði. NORDICPHOTOS/AFP



**ADIDAS** Fyrir allra heitustu löndin.



**WOOD WOOD** Fallegt en töff fyrir sumarið 2008.



**WOOD WOOD** Blár og appelsínugulur eru andstæðulitir og fara einstaklega vel saman.



**ADIDAS** Töffaralegt og örlítið „retró" frá íþróttamerkinu fræga.



**WOOD WOOD** Pastellitir fara strákum líka vel.



**WOOD WOOD** Lok sýningar hjá danska hönnuðinum.





VILTU VERÐA STÍLISTI?
ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir

| Stundaskrá | 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|---|
| | | | Innkaupastjóri |
| | Litgreining | Fatastíll | Útlitsráðgjafi |
| | Förðun út frá litgreiningu | Fatasamsetning | Stílisti |
| | Litasamsetning | Textill | Verslunarstjóri |

**Erna**, *stílisti*



*Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.*

**Skjöldur Mio**, *tískuráðgjafi*



*Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.*

**Ragnheiður**, *ráðgjafi*



*Ég hef alltaf haft áhuga á tísku og útliti. Námið opnaði mér nýja sýn á þetta áhugamál mitt. Auk þess er það mér mikils virði í tengslum við starf mitt.*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN


# Poppað gítarrokk

Fyrsta stóra plata Jan Mayen, Home Of The Free Indeed, sem kom út fyrir þremur árum var frábær rokkplata sem vakti verðskuldaða athygli. Nú er arftaki hennar loks kominn.

Það var Eberg sem sá um upptökustjórn á So Much Better Than Your Normal Life sem var tekin upp í tveimur áföngum seint í fyrra og snemma á þessu ári. Platan hefur að geyma ellefu lög, en eitt þeirra, We Just Want To Get Everybody High, er þegar farið að heyrast á útvarpsstöðvunum.

Tónlist Jan Mayen er gítarrokk, kraftmikið og poppað í senn. Aðalsmerki nýju plötunnar eru melódískir slagarar og skemmtilegt gítarsamspil. Þetta er ekki byltingarkennd tónlist, hljómsveitin sækir áhrif hingað og þangað í rokksöguna (aðallega þó í jaðarrokkið), en útkoman er afbrigði sem er þeirra eigið.

So Much Better Than Your Normal Life er aðeins seinteknari en fyrirrennarinn. Eins og margar góðar rokkplötur fer hún ekki að virka almennilega fyrr en eftir nokkur rennsli í spilaranum. Lögin detta mis fljótt inn. Sum virka strax, (t.d. fyrrnefnt We Just Want To Get Everybody High). Önnur grípur maður aðeins seinna. Þó að platan hafi sterkan heildarsvip þá er töluverð breidd í lagasmíðunum, -allt frá poppuðum smellum yfir í pönkkeyrslu (The Sexual Connection).

Eins og áður segir er skemmtilegt gítarsamspil og hugmyndaríkur gítarleikur eitt af aðalsmerkjum plötunnar. Það er t.d. sérstaklega gaman af því þegar gítararnir taka á rás eins og gerist bæði í Joyride og hinu frábæra Party's Over sem byrjar sem sem rólegt popp, en breytist svo í einni svipan í instrúmental keyrslu. Þó að gítararnir séu þungamiðjan í tónlistinni þá eru bassaleikarinn og trommarinn að gera góða hlut líka og spilagleðin skín í gegn. Söngurinn hjá Valgeiri er ágætur og textarnir fínir.

Það er ekkert vont lag á So Much Better Than Your Normal Life og mörg lög á henni sem kæmu til greina sem smáskífulög, t.d. Joyride, Theme For The Kids, Let It Burn og Build It Up – Bring It Down og lagið Biscuit sem er mitt uppáhaldslag á plötunni. Ótrúlega vel gerður og ávanabindandi slagari.

Á heildina litið er So Much Better Than Your Normal Life frábær rokkplata. Síst verri en Home Of The Brave Indeed. **Trausti Júlíusson**




**TÓNLIST**

**So Much Better Than Your Normal Life**

Jan Mayen

★★★★

Frábær rokkplata sem einkennist af flottu gítarsamspili og melódískum smellum.

CLINIQUE

# GÓÐ GJÖF




## Góð Clinique gjöf í Lyf & heilsu

Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá CLINIQUE er þessi gjöf til þín.*

- Rinse-Off Foaming Cleanser 30 ml
- Continuous Rescue Antioxidant Moisturizer 7 ml
- High Impact maskari
- Long Last varalitur
- Deep Comfort Body Butter 40 ml
- Clinique spegill í snyrtiveskið

* Á meðan birgðir endast

**Fæst í eftirfarandi apótekum Lyf & heilsu:**
Austurveri – Kringlunni – JL húsinu – Melhaga – Mjódd –
Glerártorgi, Akureyri – Keflavík – Selfossi - Vestmannaeyjum

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

# Sælt samlífi verslana og listsýninga

**Fataverslanir og gallerí setja sterkan svip á miðbæ Reykjavíkur. Vinsældir þess að blanda þessu tvennu saman virðast fara sívaxandi. Fréttablaðið hafði samband við fimm einstaklinga sem hafa reynslu af, og skoðanir á, slíkum rekstri.**

Frá því að Sævar Karl opnaði gallerí sitt árið 1988 hafa fjölmargir fetað í fótspor hans. Fréttablaðið ræddi við fimm þeirra nýliða sem tengja saman rekstur sýningarrýmis og verslunar. Allir voru sammála um að slíkt lifði vel saman.

### Skemmtileg stemning

Söru Maríu Eyþórsdóttur, eiganda Nakta apans, finnst listasýningar í verslunarhúsnæði skapa afar skemmtilega stemningu. „Í búðinni minni vildi ég hafa þannig stemningu að það væri gaman að koma hingað og sjá nýja, skemmtilega hluti. Mér finnst að það eigi að vera ákveðin upplifun,“ sagði Sara, sem telur fataverslanir vera sérstaklega hentug sýningarrými fyrir yngra listafólk. „Ungt fólk fer svo lítið inn í gallerí. Þeir sem koma í fatabúðirnar fíla þessa yngri list,“ sagði hún.

### Þarf að henta rýminu

Guðjón Rúnar Emilsson, eigandi verslunarinnar Fígúru á Skólavörðustíg, tekur í sama streng. Hann telur jafnframt að það sé mikill markaður fyrir slíkt samkrull. „Við höfum ekki auglýst okkur mikið sem gallerí síðan að búðin opnaði í lok maí, en það eru þó nokkrir sem hafa haft samband við okkur og lýst yfir áhuga á að sýna,“ sagði hann. „Við erum opin fyrir hverju sem er, ef það fer vel við verslunina,“ sagði Guðjón.

Kron kron fylgir sömu línu, að sögn Stefáns Svans Aðalheiðarsonar verslunarstjóra. „Okkur finnst gaman að blanda þessu saman, list og verslun, en við miðum við sýningar sem myndu passa vel inn hjá okkur sem verslunarrými. Þess vegna erum við ekki með aðskilið gallerí,“ útskýrði Stefán. Um átta sýningar hafa prýtt veggi Kron kron síðan verslunin flutti í núverandi húsnæði, og verslunin var þar að auki þátttakandi á myndlistarhátíðinni Sequences í fyrra. „Við höfum sýningar þegar við finnum eitthvað sem okkur langar að fá inn í verslunina,“ sagði Stefán, „þetta þarf að fara vel saman.“

### Aðskilnaður skilyrði

Í Gallerí Temp í skóbúðinni Far við Laugaveg fara eigendur aðra leið. Stofnendur gallerísins, sem einbeitir sér að grafískri hönnun, eru þeir Ísak Winther og Pétur Guðmundsson. „Fyrir okkur var það skilyrði að galleríið og skóbúðin yrðu alveg aðskilin. Mér finnst stundum, þegar gallerí eru tengd svona við verslanir, að það sé verið að nota list til þess að selja vörur. Maður kemst ekki hjá því að sjá söluvarninginn þegar maður er að leita að listinni,“ sagði Ísak. Hann telur gallerí og verslanir þó vel geta átt heima undir sama þaki. „Ég held að þetta sé fín blanda, og það er auðvitað fátt skemmtilegra en að kynna fólk fyrir list,“ sagði hann.

### Upphafpunktur ungs listafólks

Nýjasta viðbótin í flóruna er væntanlega verslunin Crush við Laugaveg. Ólafur Guðmundsson, einn þriggja eigenda búðarinnar, segir bæði gallerí og búðir hafa hag af því að deila með sér rými. „Í fyrsta lagi kemur fullt af fólki á sýningaropnanir, og sér þá verslunina um leið. Á hinn bóginn dregur verslunin að sér fjölda fólks sem færi aldrei að skoða sýningar í „alvöru“ galleríum,“ sagði hann.

Ólafur er sjálfur myndlistarmaður og segir alltaf vanta sýningarrými fyrir ungt fólk. „Viðskiptavinir Crush eru tiltölulega ungir, og þá er myndlistin um leið að ná til yngri markhóps,“ bætti hann við.

sunna@frettabladid.is


SARA Í NAKTA APANUM


STEFÁN SVANUR Í KRON KRON


ÍSAK OG PÉTUR Í GALLERÍ TEMP


ÓLAFUR Í CRUSH

## GRÓSKA Í GALLERÍFLÓRU

Gallerí, eða sýningarrými, inni í verslunum af öðrum toga verða æ algengari. Forsvarsmenn Nakta apans og Crush voru sammála um að slík rými byðu upp á góð tækifæri fyrir ungt listafólk. Fígúra og Kron kron leggja áherslu á að sýningarnar henti verslunarrýminu, á meðan aðstandendur Gallerí Temp leggja mikla áherslu á að hafa það aðskilið frá versluninni Far.




MASTERCARD KYNNIR

DAGUR 2

SJÚK HEILBRIGÐISKERFI, MYRTIR FORSETAR, JÁTNINGAR PRESTS, SJÁLFSVÍG FEST Á FILMU OG ÝMISS ÖNNUR SKEMMTILEGHEIT

THE BRIDGE



Hvergi í veröldinni eru framin fleiri sjálfsvíg en á Golden Gate brúnni. Þessi heimildarmynd skrásetur úr leyni sjálfsvígin sem áttu sér stað árið 2004.

DEATH OF A PRESIDENT



„Heimildarmynd“ um morð á George W. Bush, núverandi forseta Bandaríkjanna og möguleg eftirköst slíks atburðar.

FOR YOUR CONSIDERATION



Nýja grínmyndin frá höfundum Spinal Tap og Best in Show, með Ricky Gervais, Parker Posey og fleiri.

CURSE OF THE GOLDEN FLOWER



Nýjasta þrekvirkið frá höfundi Hero og House of Flying Daggers með Yun-Fat Chow og Li Gong í aðahlutverkum.

DELIVER US FROM EVIL



Sláandi heimildarmynd um prest sem misnotaði óteljandi börn yfir 30 ára tímabil. Presturinn sjálfur rekur hér ógnvænlegu sögu sína.

HALLAM FOE



Íslandsvinurinn Jamie Bell (Billy Elliot) fer á kostum í stórskemmtilegri þroskasögu sem hlaut Silfurbjörninn í Berlín fyrr á árinu.

SICKO



Leikstjóri: Michael Moore
Land: USA
Lengd: 113 min

Nýjasta meistarastykki Michael Moore, höfund myndanna Bowling for Columbine og Fahrenheit 9/11. Nú fær bandaríska heilbrigðiskerfið það skemmtilega á baukinn.

DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á MIÐI.IS
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRAENALJOSID.IS

MasterCard
REGNBOGINN
græna ljósið

REGNBOGINN 15. - 29. ÁGÚST
BÍÓ-DAGAR GRÆNA LJÓSSINS



20% AF ÖLLUM GALLABUXUM
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
GALLABUXNADAGAR
ZIKZAK
TÍSKUHÚS



JAKOBÍNARÍNA Hróður sveitarinnar á erlendum vettvangi eykst jafnt og þétt.

# Jakobínarína kynnt

Breska blaðið The Guardian gerir piltunum í Jakobínarínu góð skil á heimasíðu sinni í vikunni í hinum daglega dálki um nýjar og áhugaverðar hljómsveitir sem vert er að fylgjast vel með á næstunni. Meðlimir Jakobínarínu eru kynntir til leiks sem byltingarsinnar sem vinni að því að halda uppi heiðri táningapönksins.

Sagt er frá uppruna hljómsveitarinnar, hvernig hún varð til og hvernig hún náði að skapa sér nafn úti í heimi. Greinarhöfundur gerir góðlátlegt grín að lagatitlum sveitarinnar en viðurkennir að lög sem heita I´m in vain, This is an advertisement, I´ve got a date with my television og fleiri beri vott um sjaldséðan frumleika.

# Fyrstu alvöru tónleikar Hjaltalín

„Þetta eru eiginlega fyrstu eiginlegu Hjaltalín tónleikarnir. Við höfum bara verið að spila frekar stutta tónleika með öðrum, en þessir verða langir og góðir," segir Guðmundur Óskar Guðmundsson, bassaleikari hljómsveitarinnar Hjaltalín.

Hjaltalín hefur vakið nokkra eftirtekt síðustu misserin. Hljóðfæraskipan hennar er frekar óhefðbundin því fyrir utan hin hefðbundu rokkhljóðfæri, trommur, bassa og gítar eru innanborðs fiðla, selló, fagott og klarinett. Söngvararnir eru líka tveir.

„Við erum langt komin með plötu og ætlum að gefa hana út í haust." segir Guðmundur. Hann segir að upptökurnar hafi tekið töluverðan tíma, ekki síst vegna þess hve erfitt það er að samstilla níu manna hljómsveit. „Við erum svo mörg, og öll í okkar verkefnum en það sér fyrir endann á þessu núna."

Guðmundur segir að þau muni flytja ný lög á tónleikunum, þar á meðal eitt glænýtt sem sumir hljómsveitarmeðlimir voru ekki enn búnir að heyra í gær.

Með Hjaltalín á tónleikunum á morgun spilar hljómsveitin Hvíti Elvis, sem spilar á sínum fyrstu tónleikum, og James Wallace. Hvíti Elvis samanstendur mestmegnis af liðsmönnum Senuþjófanna sem spiluðu á nýju plötunni með Megasi og flytja þeir lög eftir Tony Joe White sem kallaður hefur verið „Hvíti-Elvis". James Wallace er Bandaríkjamaður af íslenskum ættum sem kemur fram einn síns liðs.

Tónleikarnir hefjast kl. 22 og miðaverð er 500 kr.



**FYRSTU TÓNLEIKARNIR** Hljómsveitin Hjaltalín spilar á sínum fyrstu stóru tónleikum á Organ í kvöld.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**David** og **Victoria Beckham** þykir gott að búa í Bandaríkjunum, að því er fótboltamaðurinn sjálfur segir. „Ég hef aldrei séð Victoriu og strákana svona hamingjusama," segir David en hann hefur nú verið í Bandaríkjunum í um það bil mánaðartíma og fengið mikla athygli. „Strákarnir okkar hafa aðlagast vel og líkar lífið vel í hitanum. Það allra mikilvægasta við lífið hér er að fjölskyldunni líði vel. Það er forsendan fyrir velgengni á öðrum vígstöðvum," bætti David við.



**Nicole Richie** er sögð harðákveðin í að gifta sig áður en hún eignast frumburð sinn en þessi besta vinkona **Parisar Hilton** er nú komin fjóra mánuði á leið. Hún og barnsfaðirinn, **Joel Madden** úr hljómsveitinni Good Charlotte, eru að springa úr hamingju og ætlar Richie að vera búin að gifta sig fyrir 28. september, þegar hún hefur fjögurra daga fangelsisvist vegna ölvunaraksturs. „Á gestalistanum eru nú 200 manns og hann er alltaf að lengjast. Það er hins vegar ekki auðvelt að skipuleggja svo stórt brúðkaup með skömmum fyrirvara. Hún veit ekki alveg hvernig hún á að fara að," sagði vinur Richie við fjölmiðla ytra.



Einbýlishús **Parisar Hilton**, staðsett á besta stað í Hollywood-hæðunum, hefur verið selt en það hafði ekki verið á söluskrá nema í 10 daga. Gríðarleg eftirspurn var eftir húsinu en ekki hefur verið gefið upp hverjir kaupendurnir eru, en þeir borguðu litlar 300 milljónir króna fyrir villuna. Hilton sér mikið eftir húsinu en hún neyddist til að flytja til að forðast ágenga ljósmyndara, sem hafa sýnt henni enn meiri áhuga eftir nýlega fangelsisdvöl hennar. „Það vita of margir hvar ég bý og það var kominn tími til að flytja. En mér líður ömurlega því þetta hús er sniðið fyrir mig og skipar stóran sess í hjarta mínu," segir Paris.






## > Missir fyrir Snæfell

Snæfell hefur orðið fyrir miklu áfalli því nú er ljóst að framherjinn sterki, Magni Hafsteinsson, getur ekki beitt sér af fullum krafti með félaginu framan af vetri sökum persónulegra ástæðna. Magni hefur verið í lykilhlutverki hjá Snæfelli síðustu ár og er í gríðarlegum metum hjá félaginu. Hann var meðal annars kosinn íþróttamaður ársins hjá HSH fyrr á þessu ári.



**sport**

sport@frettabladid.is

INDRIÐI SIGURÐSSON: HEFUR VERIÐ MEIDDUR Í FJÓRAR VIKUR OG ER Á HÆGUM BATAVEGI

# *Algjört hrun hjá liðinu eftir að Stefán fór*

Indriði Sigurðsson hefur átt fast sæti sem miðvörður hjá norska úrvalsdeildarliðinu Lyn í sumar, þar til hann meiddist fyrir nokkrum vikum síðan. Af þeim sökum hefur hann mátt horfa upp á sína menn hrapa niður stöðutöfluna í Noregi.

Liðið tapaði 4-0 fyrir Lilleström um helgina. „Þetta var slæmt tap og lélegasti leikur sem ég hef séð hjá liðinu," sagði Indriði. Stefán Gíslason var einn af lykilmönnum liðsins í sumar en var seldur til Bröndby. „Auðvitað söknum við Stebba en liðið á samt ekki að vera svona lélegt án hans," sagði Indriði en síðan Stefán fór hefur liðið aðeins fengið tvö stig úr leikjum sínum.

Indriði meiddist á hné í deildarleik með Lyn. „Ég fór í tæklingu og fékk högg á hnéð. Í fyrstu var óttast að annað hvort krossbönd eða liðþófi væru í hættu en sem betur fer var það ekki raunin. Hnéskelin sjálf er marin og jafnvel að brjósk í hnénu hafi skaddast."

Hann segir það óljóst hvenær hann nái sér á nýjan leik. „Læknarnir bjuggust við að ég myndi ná leiknum um síðustu helgi en nú segja þeir að næsti leikur sé einnig úr myndinni. Vandamálið er að ég get ekki rétt almennilega úr hnénu. Ég get því ekki sparkað í bolta eða hlaupið. En það er samt um að gera að flýta sér ekki um of, frekar að ná sér almennilega."



Annar Íslendingur hefur leikið með Lyn í sumar, en Emil Hallfreðsson var keyptur til félagsins frá Tottenham en svo seldur til Reggina á Ítalíu aðeins nokkrum vikum síðar. „Þetta var mjög sérstakt. Hann fékk gamla númerið hans Stebba og náði einum leik í treyjunni," sagði Indriði í léttum dúr. „Svo kom þetta með Reggina skyndilega upp. Hér trúir því enginn að hann hafi ekki vitað af þessu fyrirfram en ég get vottað það að þetta kom algerlega flatt upp á hann."

Lyn er sem stendur í áttunda sæti norsku úrvalsdeildarinnar.

Vandræði hjá Alfreð:

## Guðjón Valur meiddur

**HANDBOLTI Það eru vandræði hjá Gummersbach þessa dagana. Hver maðurinn á fætur öðrum er kominn á sjúkralista og nú síðast var Guðjón Valur Sigurðsson að meiðast á hné en Alfreð Gíslason býst ekki við honum aftur fyrr en um miðjan september. Fyrir voru á sjúkralistanum meðal annars menn á borð við Róbert Gunnarsson og Vedran Zrnic.** - hbg

Fylkismenn góðir á Akranesi:

## Hefna Skagamenn í kvöld?

**FÓTBOLTI** ÍA hyggur á hefndir þegar það fær Fylki í heimsókn í Landsbankadeildinni í kvöld en Fylkismenn slógu þá út úr bikarkeppninni á sunnudagskvöldið. Til þess þurfa leikmenn ÍA að bæta úr döpru gengi gegn Árbæjarliðinu á heimavelli undanfarin ár. Fylkismenn hafa gert góða hluti upp á Akranesi undanfarin fjögur sumur og hafa ekki tapað þar síðan 2002. Fylkisliðið er þar af með sex stig, fjögur mörk skoruð og hreint mark út úr tveimur síðustu deildarleikjum liðanna upp á Akranesi.

Síðasta mark Skagamanna gegn Fylki á heimavelli skoraði Alan Marcina þegar 4 mínútur voru liðnar af uppbótartíma í 1-1 jafntefli liðanna í 1. umferð 16. maí 2004. Síðasti sigur Skagamenna á Fylki á Akranesi fylgja einnig sárar minningar fyrir Árbæinga en hann kom í 18. umferð 21. september 2002 en með sigri hefðu Fylkismenn orðið Íslandsmeistarar. - óój

# Sigur fyrir Geir og félaga

**Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, sakar Valsara um óheiðarleg vinnubrögð. Fram hafnaði öðru tilboði Vals í Sigfús Pál Sigfússon í gær. Jón segir tilboðið lægra en tilboð þeirra í Elvar Friðriksson, leikmann Vals.**

**HANDBOLTI** Fram hafnaði í gær öðru sinni tilboði frá Val í miðjumanninn Sigfús Pál Sigfússon. Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, segir tilboðið hafa verið lélegt.

„Þetta tilboð er 50 prósentum lægra en tilboð okkar í Andra Stefan [leikmann Hauka] fyrr í sumar en því höfnuðu Haukar. Valur veit vel hvað þarf til að fá Sigfús og það er talsvert meira en þetta tilboð hljómaði upp á. Þetta tilboð er lægra en okkar tilboð í Elvar Friðriksson sem er varamaður hjá þeim," sagði Jón Eggert sem er ekki par sáttur við framgöngu Valsmanna í málinu.

„Það er tæpur mánuður síðan okkur var tilkynnt að Sigfús hefði skrifað undir samning við Val. Lögfræðingur Vals óskaði síðan eftir viðræðum nokkru seinna. Þá fengum við tilboð sem var langt fyrir neðan allt sem okkur fannst boðlegt. Það var jafnhátt og tilboð Vals í Annett Köbli sem spilar með kvennaliði okkar. Við höfum í kjölfarið boðið alls kyns skipti á mönnum og annað en það hefur engu skilað," sagði Jón.

Sigfús Páll hefur ekkert æft með Fram síðan málið kom upp og hefur heldur ekki rætt við forsvarsmenn félagsins. Það hafa aðrir gert í hans stað. Jón Eggert segir að Valur beiti óheiðarlegum vinnubrögðum þar sem Geir Sveinsson, fyrrum landsliðsfyrirliði, fari fremstur í flokki.

„Þetta er ákveðinn sigur fyrir Geir og félaga hans í Val. Þetta er lykilmaður okkar sem hefur ekki æft í mánuð og það veikir okkar lið. Ef Valur hefði raunverulegan áhuga á leikmanninum þá hefði félagið komið með almennilegt tilboð. Valsmenn eru hættir að koma mér á óvart enda ekki í fyrsta skipti sem þeir krukka í okkar mönnum.

Má þar nefna Rúnar Kárason, Jóhann Gunnar Einarsson og svo Hildigunni sem fór í Val í fyrra. Það er alltaf sömu aðferð beitt. Geir hringir í leikmennina, ruglar í leikmönnum og svo neitar hann öllu. Hann er ekki forsvarsmaður hjá félaginu og því kemur alltaf meintur formaður handknattleiksdeildarinnar til að ræða málin síðar. Þetta er þeirra aðferð og hún er óheiðarleg," sagði Jón Eggert mjög ósáttur.

Framarar segjast vilja fá Sigfús á æfingar aftur og reikna með honum í slaginn eins og staðan er í dag. Sigfús Páll á tvö ár eftir af samningi sínum við félagið.

henry@frettabladid.is



**SIGFÚS PÁLL SIGFÚSSON** Hefur ekkert mætt á æfingar hjá Fram og það er langt í að Fram og Valur nái samkomulagi um kaupverð á leikmanninum. Málið er í algjörum hnút.



**EIÐUR SMÁRI** Í þetta sinn orðaður við franska félagið Lyon. NORDIC PHOTOS/AFP

Eiður Smári víða í fréttum:

## Eiður orðaður við Lyon

**FÓTBOLTI** Franskir fjölmiðlar greindu í gær frá þeim orðrómi að Lyon hefði áhuga að fá landsliðsfyrirliðann Eið Smára Guðjohnsen í sínar raðir. Alain Perrin er stjóri liðsins og hefur hug á því að styrkja lið sitt um tvo sóknarmenn og einn miðvallarleikmann.

Eiður Smári hefur mjög svo verið orðaður við brotthvarf frá Barcelona að undanförnu og helst þá að hann verði seldur til West Ham. Eiður á við meiðsli að stríða og enn óljóst hversu lengi hann verður frá vegna þeirra. - esá

Lawrie Sanchez:

## Var kominn tími á Heiðar

**FÓTBOLTI Lawrie Sanchez, knattspyrnustjóri Fulham, segir að það hafi verið rétt ákvörðun að selja Heiðar Helguson til Bolton frá Fulham.**

**„Við getum ekkert kvartað undan Heiðari, hann stóð sig vel á þeim tíma sem hann var hjá félaginu," sagði Sanchez. „Mín tilfinning var sú að fyrst einhver vildi kaupa hann gæti ég notað peninginn til annarra leikmannakaupa."** - esá





850 manna lið til þjónustu reiðubúið

Það er Síminn


Eggert Magnússon um fréttaflutning af máli Eiðs Smára Guðjohnsen:

# Ekkert nema bull og vitleysa

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að enginn fótur væri fyrir þeim fréttum að sendinefnd hefði farið til Barcelona á vegum West Ham til viðræðna um Eið Smára Guðjohnsen.

„Þetta er bara bull og vitleysa eins og margt í þessum blöðum hér úti. Það er ekki fótur fyrir þessari frétt né heldur öðrum fréttum sem hafa verið af þessum málum. Ég talaði um þetta mál í sjónvarpsviðtali um helgina og það stendur enn. Viðræður hafa átt sér stað en meira hef ég ekki að segja um málið á þessari stundu."

Eiður Smári er meiddur og sagði Eggert Skúlason, blaðafulltrúi Eiðs Smára, að hann hugsaði ekki um neitt annað en að ná sér góðum af þeim meiðslum. Ekki er útséð hvort hann þurfi að fara í aðgerð vegna meiðslanna en ef kæmi til þess yrði hann væntanlega frá í einhverja mánuði.

„Hann er vitanlega meiddur og því verður þetta bara að fá að koma í ljós. En það eru enn tvær vikur eftir af félagaskiptaglugganum," sagði Eggert Magnússon.

Sjálfur hefur Eiður ávallt sagt að hann ætli að berjast fyrir sæti sínu hjá Barcelona.

Hörð samkeppni eru um framherjastöðurnar en fyrir hjá félaginu eru þeir Thierry Henry, Ronaldinho, Samuel Eto'o, Lionel Messi, Giovanni dos Santos og Bojan Krkic. - esá



**EGGERT MAGNÚSSON** Ósáttur við enska fjölmiðla. NORDIC PHOTOS/GETTY

# TÖLVUVERSLUN

*með þjónustuna í lagi*

# SKÓLATILBOÐ







## ASUS FX51R FARTÖLVA

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800)
- Intel Celeron M520 1.6GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort (shared)
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**VERÐ kr. 69.900**

## ASUS F5R FARTÖLVA

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2130 örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Azaila samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**VERÐ kr. 89.900**

## ASUS F3SE FARTÖLVA

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 DUO T5450 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X2500 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- BlueTooth
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, Firewire, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**VERÐ kr. 119.900**

**ASUSAUKAHLUTAPAKKI** — **ASUSAUKAHLUTAPAKKI** — **ASUSAUKAHLUTAPAKKI**

***• 1GB minnislykill FYLGIR • Vönduð optical mús FYLGIR • Vönduð taska FYLGIR***

**NOD 32** antivirus system — **VÍRUSVÖRN kr. 4.990** — **Keypt með tölvu kr. 2.990**

*Ein besta vírusvörnin í dag!*







## 20" ASUS BREIÐSKJÁR

- 20" LCD breiðskjár
- ***2ms svartími***
- SPLENDID Technology
- 1650x1050 punktar
- Skerpa: 700:1
- Innbyggðir hátalarar
- VGA og DVI-D tengi
- Audio inn
- Heyrnartólstengi

**kr. 29.990**

**Verð áður kr. 39.900**

## Canon IP3300 PRENTARI

- Ljósmyndagæði
- Hagkvæmt Single Ink kerfi með Smart LED
- Allt að 4800x1200 dpi upplausn
- Prentar 10x15 blæðandi ljósmyndir
- ChromaLife 100 kerfið lengir líftíma mynda

**kr. 6.990**

**Keyptur með tölvu**

## MICROSOFT OFFICE 2007

Microsoft Office 2007 Home / Student
Word, Excel, Powerpoint og Onenote

**kr. 14.900**

**Keypt með tölvu kr. 9.990**

JBL
ASUS
PHILIPS
SanDisk
JVC
Sarotech
CREATIVE
Razer
PATRIOT MEMORY
SPEED LINK

***OPIÐ ALLA HELGINA***
***Fullt af glæsilegum tilboðum í verslun***

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

# TAKKAR

**TÖLVUVERSLUN** - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

# Tekur baneitruð innköst fyrir Blika

**Það uppgötvaðist á miðju sumri að bandaríska stúlkan Jill Mansfield gæti tekið óvenjuleg innköst sem bjóða ekki aðeins upp á frábær tilþrif heldur skapa ávallt stórhættu upp við mark andstæðinganna.**

**FÓTBOLTI** Jill Mansfield er 22 ára bandarísk knattspyrnukona sem hefur spilað við góðan orðstír með Breiðabliki í sumar. Það uppgötvaðist nýlega að stelpan getur kastað lengra en flestir aðrir.

Með því að gera höfuðstökk nær hún að kasta boltanum langt inn í markteig. Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari Breiðabliks, vissi ekkert um innköstin þegar Jill kom til liðsins.

„Við vorum að tala um löng innköst og ég fór að spyrja út í það hver gæti kastað langt og þá sagðist hún geta gert þetta svona og þannig þróaðist þetta," segir Jörundur Áki.

„Þegar maður komst að því að hún gæti þetta var engin spurning um að reyna þetta. Hún hefur alveg ótrúlega tækni í þessu og sleppir boltanum alveg á hárréttum tíma. Hún er með mjög skemmtilega tækni og kastar líka langt þegar hún tekur venjuleg innköst," segir hann.

Jill var ekkert að básúna það að hún gæti tekið svona löng innköst. Það uppgötvaðist ekki fyrr en uppi í stúku á Keflavíkurvelli þegar Greta Mjöll Samúelsdóttir og Kathryn Moos, vinkona Jill, sátu saman og ræddu málin en þær voru þá báðar í leikbanni. Moos sagði Gretu frá innköstum Jill og eftir það var þetta fljótt að spyrjast út. „Ég sagði engum frá því að ég gæti tekið svona innköst því ég vildi að fólk sæi mig sem alvöru knattspyrnukonu en væri ekki bara upptekið af því að ég gæti tekið svona innkast. Mig grunar að liðsfélagi minn frá Bandaríkjunum, Kathryn Moos, hafi síðan sagt einhverjum frá þessu," segir Jill sem er nýútskrifuð úr Brown-háskólanum í Providence á Rhode Island. Hún vildi halda áfram að spila fótbolta og stökk á tækifærið þegar henni bauðst að spila á Íslandi.

Jill segir föður sinn hafa átt hugmyndina. „Ég var í fimleikum áður en ég fór í fótbolta og þegar pabbi sá stelpu gera þetta í leik hjá eldri systur minni þá datt honum í hug að ég gæti gert þetta. Við byrjuðum bara að gera þetta í garðinum heima og það tók mig síðan um eitt ár að ná alvöru tökum á þessu þannig að boltinn færi alltaf á sama stað," rifjar Jill upp en hún vakti mikla athygli á árum sínum í Brown-háskólanum.

„Við skoruðum mörg mörk eftir þessi innköst og mótherjarnir óttuðust örugglega þessi innköst því þeir voru ekki vanir að verjast slíkum innköstum," segir Jill.

Innköstin hennar Jill hafa aðeins skilað einu marki til þessa en þeir sem hafa séð allan uslann sem þau valda fyrir framan mark andstæðinganna vita að það er bara tímaspursmál hvenær markatalan margfaldast.

„Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta er nýtt fyrir flestum stelpunum í Breiðabliksliðinu og þær þurfa að gera sér betur grein fyrir því hvert boltinn er að koma. Ég er viss um að við förum að fá fleiri mörk ef við æfum þetta betur," segir Jill sem segir ekkert vera erfitt að taka mörg svona innköst en það sem sé lýjandi sé að spretta fram og svo aftur til baka til þess að taka innköstin, því hún spili í vörninni.



**TILÞRIF**
**Jill Mansfield** beitir einstakri tækni til þess að ná svona löngum innköstum. Á þessari myndasyrpu sést hvernig hún fer að þessu en
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Jörundur Áki segir innköst Jill vera einstök. „Við vorum með Steinþór Frey Þorsteinsson sem tók einnig svona innköst þannig að þetta helst innan raða Blika. Þetta eru baneitruð innköst og ég hef aldrei séð svona löng innköst. Hún kastar lengra heldur en Steinþór. Hún nær boltanum eiginlega alveg yfir á fjærstöng. Það liggur við að þetta sé hættulegra en horn," segir Jörundur Áki. ooj@frettabladid.is














**UPP UM DEILD** Pavel Ermolinskij spilar í spænsku B-deildinni í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Pavel Ermolinskij á Spáni:

## Spilar við hlið Damons

**KÖRFUBOLTI** Pavel Ermolinskij hefur verið lánaður frá Unicaja de Málaga til Ciudad de Huelva í spænska körfuboltanum næsta vetur en þessi tvítugi og 202 sentimetra hái leikstjórnandi mun þar spila við hlið Damons Johnson sem er einnig nýkominn til Huelva.

Pavel hefur spilað með Clínicas Rincón Axarquia undanfarin tímabil en það er varalið Unicaja sem spilar í C-deildinni. Pavel var með 7,8 stig, 3,4 fráköst og 1,6 stoðsendingar á 23,6 mínútu að meðaltali með Axarquia á síðasta tímabili.

Pavel hefur bara spilað alls 8 leiki og í 31 mínútu með Unicaja de Málaga í ACB-deildinni frá því að hann kom til liðsins frá franska liðinu Vichy haustið 2004. - óój

Joe Webb á leið til Íslands:

## Nýr Kani til Njarðvíkinga

**KÖRFUBOLTI Teitur Örlygsson hefur fengið til sín Bandaríkjamanninn Joe Webb til þess að spila með Njarðvík í Iceland Express-deildinni í vetur.**

**Webb er 24 ára gamall og 198 sentimetra framherji sem hefur síðustu tvö ár spilað með Bellevue-skólanum í 2. deild NAIA-boltans sem er minni háskóladeildin í Bandaríkjunum. Webb var með 16,1 stig, 5,7 fráköst og 2,0 stoðsendingar að meðaltali í 61 leik með skólanum. - óój**



erum og verðum
ALLTAF ÓDÝRARI
INTEL TÖLVUPAKKI 3
• Intel Core2Duo E6550 - 4MB
• 2GB 667MHz Dual DDR2
• 500GB SATAII WD - 16MB
• 256MB Geforce 8600GT
• 19" Acer widescreen 5ms
119.950
AMD TÖLVUPAKKI 1
• AMD X2 DualCore 4200+
• 1GB Dual DDR2 667MHz
• 320GB SATAII WD - 16MB
• 256MB Geforce 6100
• 19" Acer widescreen 5ms
79.950
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.
ACER ASPIRE 5104WLMI
• 1.8Ghz AMD Turion64 X2 TL-56
• 1GB Dual DDR2 533MHz
• 160GB SATA 5400rpm
• 384MB ATI X1300 PCI-E
• 15,4" CrystalBrite skjár
acer
84.950
ACER ASPIRE 5720G
• 1.8GHz Intel Core2 Duo T7100
• 2GB Dual DDR2 667MHz
• 160GB SATA 5400rpm
• 256MB ATI HD 2300 PCI-E
• 15,4" CrystalBrite skjár
acer
104.950
UPPFÆRSLA B
AMD X2 DualCore 4200+, MSI móðurborð, 1024MB DDR2 minni 256MB Geforce 6100 skjástýring, hljóðk, netkort ofl.
@tt.is
19.950
TURNUPPFÆRSLA 3
• AMD X2 DualCore 6000+
• 2GB DDR2 667MHz
• 320GB SATAII WD - 16MB
• 256MB GeForce 8600GT
69.950
INTEL QUAD ÖRGJÖRVI
Intel Core 2 Quad Q6600, 4kjarna 2.4GHz, 1066MHz FSB, 8MB cache oem
@tt.is
25.950
INTEL SLI MÓÐURBORÐ
MSI P6N SLI FI V2 er öflugt móðurborð frá MSI fyrir Intel örgjörva, 4xDDR2 800 4x SATA2, SLI, GB LAN ofl.
11.950
DIVICO TVIX M-3100
DViCO TViX M-3100U spilari/hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska m/LCD skjá tengist við sjónvarp
TVIX
14.950
AC-DIAMONDS TURN
Góður miðturn með hljóðlátum 500watt aflgjafa, USB og hljóðtengi framan á kassa
@tt.is
6.950
8600GT SKJÁKORT
Geforce 8600GT, 560MHz core, 256MB DDR3 1600MHz, styður DirectX 10, DVI, TV-out ofl..
12.950
CORSAIR 2GB MINNI
Háhraða Corsair XMS kit 800MHZ 2x1GB í pakka, lífstíðarábyrgð
CORSAIR
9.950
WD PASSPORT 2 120GB
Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.
WD Western Digital
10.950
WD MYBOOK 500GB
Glæsilegur utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.
WD Western Digital
16.950
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
www.att.is
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700



**DAPURT GENGI** Það hefur ekkert gengið hjá Breiðabliki í Laugardalnum í tæpa þrjá áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Önnur grýla Breiðabliks:

## Sigurlausir í Dalnum í 26 ár

**FÓTBOLTI** Blikar þurfa að yfirbuga grýlur í hverjum deildarleik þessa dagana. Í síðasta deildarleik unnu þeir sinn fyrsta sigur á Suðurnesjum síðan 1983 þegar þeir unnu Keflvíkinga 3-0 og í kvöld mæta þeir Val í Laugardalnum þar sem þeir hafa ekki unnið leik í efstu deild síðan 21. júní 1981.

Blikar unnu þá 3-1 sigur á KR-ingum á Valbjarnarvelli þar sem Sigurjón Kristjánsson skoraði tvö marka liðsins. Síðan þá hafa Blikar spilað 26 leiki í röð í efstu deild í Laugardalnum án þess að fara heim með öll þrjú stigin en marga þessa leiki léku Blikar á Valbjarnarvelli eða gömlu Hallarflötunni sem nú hýsir gervigrasið. - óój

Víkingur mætir KR í kvöld:

## KR hefur aldrei tapað í Víkinni

**FÓTBOLTI KR-ingar heimsækja Víkinga í Víkina í kvöld í miklum fallbaráttuslag í 13. umferð Landsbankadeildar karla.**

**Víkingar unnu fyrri leik liðanna 2-1 á KR-vellinum sem var fyrsti sigur liðsins á KR í fjórtán ár en þeir hafa aldrei unnið þá svart-hvítu í Víkinni frá því að þeir fóru að spila heimaleiki sína í Fossvoginum 1988.**

**KR-ingar hafa unnið fimm af sex deildarleikjum liðanna á Víkingsvelli, þeir hafa farið með öll þrjú stigin í leikjum sínum þar undanfarin sextán ár og eina töpuðu stig KR-inga í Víkinni eru í 1-1 jafntefli 15. júlí 1990.**

**Trausti Ómarssson jafnaði þá leikinn fyrir Víkinga með skalla korteri fyrir leikslok eftir aukaspyrnu Harðar Theódórssonar sem er einmitt aðstoðarmaður Magnúsar Gylfasonar í dag.**

**Víkingar unnu KR-inga reyndar 3-2 á heimavelli 11. ágúst 1993 en sá leikur var spilaður á Laugardalsvellinum en ekki í Víkinni.** - óój

Mark Heiðars Helgusonar gegn sínum gömlu félögum í Fulham dugði ekki til:

# Manchester United enn án sigurs

**FÓTBOLTI** Englandsmeistarar Manchester United eru enn án sigurs eftir fyrstu tvo leiki liðsins á tímabilinu í Englandi. Í gær gerði liðið 1-1 jafntefli gegn Hermanni Hreiðarssyni og félögum í Portsmouth. Á sama tíma vann Chelsea dýrmætan útisigur á Reading eftir að hafa lent undir. Chelsea er eitt þeirra liða sem eru enn með fullt hús stiga.

Heiðar Helguson var í byrjunarliði Bolton í fyrsta sinn og þakkaði fyrir sig með því að skora gegn sínum gömlu félögum í Fulham á Craven Cottage. Það dugði ekki til því Fulham vann leikinn, 2-1.

Paul Scholes kom United yfir gegn Portsmouth með fallegu skoti eftir undirbúning Carlos Tevez sem var í liði United í fjarveru Waynes Rooney. En Benjani skoraði í sínum öðrum leik í röð og bjargaði stigi fyrir sína menn með skalla snemma í síðari hálfleik.

Cristiano Ronaldo fékk rautt spjald í leiknum sem og Sulley Muntari.

Ívar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading og átti stoðsendinguna sem gaf mark liðsins gegn Chelsea. Andre Bikey færði sér mistök Petr Cech markvarðar í nyt og kom Reading yfir.

Chelsea skoraði tvívegis á þriggja mínútna kafla í síðari hálfleik og tryggði þar með sigurinn.

Brynjar Björn Gunnarsson kom inn á sem varamaður á 74. mínútu í leiknum.

Manchester City er einnig með fullt hús stiga eftir 1-0 sigur á Derby og Sunderland og Birmingham gerðu 2-2 jafntefli. Þá vann Wigan 1-0 sigur á Middlesbrough. - esá



**DÝRKEYPT** Cristiano Ronaldo fékk að líta rauða spjaldið í gær en hann lenti í stimpingum við Richard Hughes, leikmann Portsmouth. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Valur skorar mest úr föstum atriðum

**Valsmenn hafa skorað fimmtán mörk úr föstum leikatriðum, sjö mörkum meira en næsta lið og tíu mörkum meira en mótherjar þeirra hafa skorað á þá eftir horn, aukaspyrnur, innköst eða úr vítaspyrnum.**

**FÓTBOLTI** Valsmenn eru langhættulegastir af liðum Landsbankadeildarinnar þegar kemur að uppsettum atriðum en þetta kemur í ljós þegar tölfræðin er skoðuð yfir mörk skoruð eftir horn, aukaspyrnur, innköst eða vítaspyrnur í fyrstu tólf umferðum sumarsins.

Valsmenn hafa skorað 15 af 26 mörkum sínum í Landsbankadeildinni í sumar úr þessum kringumstæðum sem þýðir að 58 prósent marka liðsins hafa komið eftir föst leikatriði. Það vekur enn meiri athygli að þar af er aðeins ein vítaspyrna og hin fjórtán mörkin hafa komið eftir aukaspyrnur (6), horn (5) og innköst á síðasta þriðjungi vallarins (3).

Valsmenn búa vel því þeir hafa innan sinna raða góða spyrnumenn í þeim Guðmundi Benediktssyni, Baldri Aðalsteinssyni og Rene Carlsen sem allir hafa átt þrjár stoðsendingar í föstum leikatriðum. Guðmundur hefur einnig átt fjórar sendingar til viðbótar úr horni eða aukaspyrnum sem hafa verið framlengdar og hafa í kjölfarið skilað marki og hefur því lagt upp sjö af þessum fimmtán mörkum liðsins úr föstum leikatriðum.

Markahæsti maður deildarinnar, Helgi Sigurðsson, hefur líka verið hættulegur í hornum og aukaspyrnum en fimm marka hans hafa komið eftir föst leikatriði, tvö eftir horn, tvö eftir aukaspyrnu og loks eitt úr víti. Víkingurinn Sinisa Kekic er einnig með fimm mörk eftir föst leikatriði en fjögur af þeim eru vítaspyrnur sem hann hefur nýtt örugglega.

Fylkir og HK hafa skorað fæst mörk eftir föst leikatriði, þrjú mörk hvort lið, en hlutfallslega er það topplið FH-inga sem skorar fæst mörk úr uppsettum atriðum því aðeins 20,8 prósent marka liðsins í sumar (5 af 24) hafa komið eftir föst leikatriði. Breiðablik, Keflavík og Fylkir skora líka öll yfir 70 prósent marka sinn í opnum leik.

Skagamönnum gengur aftur á móti vel að verjast föstum leikatriðum en mótherjar þeirra hafa aðeins skoraði 3 slík mörk þar af hafa tvö þeirra komið úr vítaspyrnum. Eina markið sem eftir stendur skoraði Valsmaðurinn Dennis Bo Mortensen eftir innkast í upphafi leiks liðanna á Akranesi 19. júní.

Víkingar eru það lið sem hefur fengið á sig flest mörk úr föstum leikatriðum en 12 af 19 mörkum mótherja þeirra hafa komið úr uppsettum hlutum leiksins.

Það eru í rauninni aðeins þrjú lið deildarinnar sem koma út í plús þegar reiknuð er út markatala eftir mörk skoruðum úr föstum leikatriðum. Valsmenn hafa skorað 10 mörkum fleiri en mótherjar sínir úr föstum leikatriðum, Skagamenn eru með fimm mörkum fleiri en andstæðingar sínir og FH-ingar eru síðan með eitt mark í plús. Blikar standa á jöfnu en hin sex lið deildarinnar eru í mínus.

ooj@frettabladid.is



**BESTIR OG VERSTIR** Valsmennirnir Helgi Sigurðsson og Pálmi Rafn Pálmason sjást hér í einni af hornspyrnum liðsins gegn Víkingi. Valsmenn hafa skorað flest mörk eftir föst leikatriði í sumar en Víkingar hafa fengið flest á sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### FLEST MÖRK LIÐA EFTIR FÖST LEIKATRIÐI

**(Vítaspyrnur innan sviga)**

| | |
|---|---|
| Valur | 15 (1), 58% marka liðsins |
| ÍA | 8 (3), 32% |
| Víkingur | 7 (4), 58% |
| Fram | 6 (1), 46% |
| Breiðablik | 5 (0), 28% |
| Keflavík | 5 (3), 26% |
| FH | 5 (3), 21% |
| KR | 4 (0), 44% |
| HK | 3 (1), 33% |
| Fylkir | 3 (1), 25% |

### FLEST MÖRK MÓTHERJA EFTIR FÖST LEIKATRIÐI

**(Vítaspyrnur innan sviga)**

| | |
|---|---|
| Víkingur | 12 (3), 63% marka mótherja |
| Fram | 8 (2), 36% |
| KR | 7 (1), 35% |
| Keflavík | 7 (2), 39% |
| HK | 6 (1), 27% |
| Valur | 5 (3), 36% |
| Breiðablik | 5 (0), 56% |
| Fylkir | 4 (1), 31% |
| FH | 4 (2), 33% |
| ÍA | 3 (2), 17% |

### FLEST MÖRK LEIKMANNA EFTIR FÖST LEIKATRIÐI

**(Vítaspyrnur innan sviga)**

| | |
|---|---|
| Helgi Sigurðsson, Val | 5 (1) |
| Sinisa Kekic, Víkingi | 5 (4) |
| Jónas Grani Garðarsson, Fram | 3 (0) |
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 3 (3) |
| Bjarni Guðjónsson, ÍA | 3 (3) |
| Magnús Páll Gunnarss., Breiðab. | 2 (0) |
| Hjálmar Þórarinsson, Fram | 2 (1) |
| Kristján Óli Sigurðss,, Breiðabl. | 2 (0) |
| Vjekoslav Svadumovic, ÍA | 2 (0) |
| Marco Kotilainen, Keflavík | 2 (1) |
| Baldur Aðalsteinsson, Valur | 2 (0) |
| Guðmundur Steinarsson, Keflav. | 2 (2) |






Fyrri leikir í 3. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar:

# Liverpool og Arsenal í góðri stöðu

**FÓTBOLTI** Ensku liðin spiluðu sína fyrstu leiki í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í gærkvöldi. Bæði áttu Liverpool og Arsenal erfiðar viðureignir á útivelli fyrir höndum en komust vel frá verkefninu. Liverpool vann Toulouse í Frakklandi, 1-0, og Arsenal bar sigurorð af Sparta Prag, 2-0.

Nýliðinn hjá Liverpool, Andryi Voronin, skoraði eina mark þeirra ensku með glæsilegu skoti af 25 metra færi. Rafael Benitez gerði margar breytingar á liði sínu frá síðustu helgi og var rólegur í leikslok. „Þetta er ekki búið enn enda aðeins eitt mark komið. Við vitum að Toulouse er með gott lið sem beitir skyndisóknum og það munu það gera á Anfield."



**HETJAN** Andryi Voronin skoraði mark Liverpool gegn Tolouse. NORDIC PHOTOS/GETTY

Cesc Fabregas og Aleksandr Hleb skoruðu mörk Arsenal í Tékklandi fremur seint í leiknum. Arsenal átti erfitt uppdráttar framan af og var nærri lent undir á 9. mínútu þegar Jan Rezek skaut í stöngina. En sigur Arsenal var sanngjarn, þegar á heildina er litið.

BATE vann FH í síðustu umferð og mætti Steaua Búkarest í Hvíta-Rússlandi. FH náði þar jafntefli og það gerðu Búlgararnir líka en leiknum lauk með 2-2 jafntefli.

Ljóst er að eitt lið frá Skandinavíu verður í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og líklega verða það Noregsmeistarar Rosenborg. Liðið vann 3-0 sigur á Tampere United í Finnlandi. - esá

## ÚRSLIT LEIKJA

### *Meistaradeild Evrópu*

| | |
|---|---|
| Sevilla-AEK | 2-0 |
| Toulouse-Liverpool | 0-1 |
| 0-1 Andriy Voronin (43.). | |
| Spartak Moskva-Celtic | 1-1 |
| Tampere United-Rosenborg | 0-3 |
| BATE-Steaua Búkarest | 2-2 |
| Fenerbahce-Anderlecht | 1-0 |
| FK Sarajevo-Dynamo Kiev | 0-1 |
| Zürich-Besiktas | 1-1 |
| Werder Bremen-Dinamo Zagreb | 2-1 |
| Red Bull Salzburg-Shaktar Donetsk | 1-1 |
| Ajax-Slavia Prag | 0-1 |
| Sparta Prag-Arsenal | 0-2 |
| 0-1 Cesc Fabregas (71.), 0-2 Aleksandr Hleb (90.). | |

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Birmingham-Sunderland | 2-2 |
| 1-0 Paul McShane, sjálfsmark (28.), 1-1 Michael Chopra (75.), 2-1 Gary O'Connor (82.), 2-2 Stern John (90.). | |
| Fulham-Bolton | 2-1 |
| 0-1 Heiðar Helguson (12.), 1-1 David Healy (23.), Alexei Smertin (26.). | |
| Manchester City-Derby County | 1-0 |
| 1-0 Michael Johnson (43.). | |
| Portsmouth-Manchester United | 1-1 |
| 0-1 Paul Scholes (15.), 1-1 Benjani (53.). | |
| Reading-Chelsea | 1-2 |
| 1-0 Andre Bikey (29.), 1-1 Frank Lampard (47.), 1-2 Didier Drogba (50). | |
| Wigan-Middlesbrough | 1-0 |
| 1-0 Antoine Sibierski (55.). | |

# Skólavörurnar færðu
# í Húsasmiðjunni

***Skútuvogi, Grafarholti, Keflavík, Ísafirði og Akureyri***

*Taktu þátt í skólaleik Húsasmiðjunnar*
*Glæsilegir vinningar*




**Opið**
**til kl 21**
í Skútuvogi

**Sama lága verðið um land allt**

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## > Vince Vaughn

Vince bauðst hlutverk í auglýsingu þegar hann var ungur og hélt að leiklistarferillinn væri í höfn. Hann pakkaði öllu niður og flutti til Hollywood en næstu árin voru ekkert nema vonbrigði. Fyrsta myndin sem Vince lék í heitir Rudy og er frá árinu 1993. Næsta mynd var Swingers en þar uppgötvaði Steven Spielberg hann og réð í myndina The Lost World: Jurassic Park. Vince leikur í myndinni Dodgeball: A True Underdog Story á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** BERGSTEINN SIGURÐSSON MINNIR Á AFMÆLISBARN MORGUNDAGSINS

## *Lange lebe Harry Klein*

Horst Tapper og Fritz Wepper kynntu mig ungum fyrir unaðslegri hrynjandi þýskrar tungu í sjónvarpsþáttunum um Derrick lögregluforingja í München og hjálparhellu hans, Harry Klein. Setninguna *Es tut mir leid aber Ihr Mann ist tod* lærði ég til dæmis áður en ég kunni að lesa. Það eina sem fór í taugarnar á mér var að stundum birtust sömu aukaleikararnir í ólíkum hlutverkum; morðingi í einum þætti var kannski fórnarlamb í öðrum og jafnvel vitni í hinum þriðja.



Þó Derrick hafi verið fínn fyrir sína parta hefur Harry Klein náð verðskuldaðri „költstöðu" víða um heim. Á gagnabankanum Wikipediu kemur fram að Harry Klein hafi verið lykilpersóna í hinni vinsælu þáttaröð Der Kommissar á árunum 1969 til 1974 en hvarf þá á braut og gerðist félagi Stephans Derrick. Í stað hans stað kom hins vegar bróðir Harry, Erwin Klein, en sá var merkilegt nokk leikinn af bróður Fritz Wepper, Elmar.

Margar ljótar sögur hafa gengið um Fritz Wepper eftir að þættirnir um Derrick luku göngu sinni. Sagt var að hann hefði steypst í óreglu, verið handtekinn fyrir kókaínsmygl og sú allra ljótasta að hann sæti inni fyrir morð. Af vefsíðunni IMDB að dæma virðast þetta vera tröllasögur því Fritz Wepper hefur verið iðinn við kolann í kvikmyndagerð eftir að Derrick hætti. Það gleður unnendur Harry Klein sjálfsagt að vita að fyrr á þessu ári brá Wepper sér aftur í hlutverk lögregluforingjans í norsku þáttunum „Rikets røst". Þeir hljóta að verða sýndir á RÚV í vetur.

Á morgun verður skálað í kampavíni í München en því þá verður 66 ára enginn annar en þýski stórleikarinn Fritz Wepper, sem flestir kannast sjálfsagt betur við undir nafninu Harry Klein. Til hátíðabrigða ætla ég sjálfur að bregða mér á vídeóleiguna og gá hvort ég finni ekki þáttinn þar sem Klein þurfti að bregða sér í dulargervi á diskótek og mætti í silfruðum samfestingi. Tímalaus klassík.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.55** Sólkerfið SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45** Bones STÖÐ 2



▶ **22.55** Ghost Whisperer SIRKUS



▶ **20.00** Elektra STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** The Black Donnellys SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Mótorsport** e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (14:32)
**18.26 Julie** (1:4)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bræður og systur** (2:23) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröðum hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
▶**20.55 Sólkerfið** (1) (Spacefiles) Þessi þáttur fjallar um sólina - aflgjafa sólkerfisins. Sólin er glóandi gashnöttur sem gengur fyrir kjarnorku og léttist um fjögur milljón tonn á sekúndu. Hún á eftir að skína í fimm milljarða ára áður en eldsneytið þrýtur.
**21.10 Kingdom lögmaður** (3:6) Breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í hlutverki lögmannsins Peters Kingdom sem býr og starfar í smábæ í sveitasælunni í Norfolk.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 14-2** Rýnt verður í leiki efstu deilda karla og kvenna, spáð í spilin með sérfræðingum, stuðningsmönnum, leikmönnum, þjálfurum og góðum gestum.
**22.55 Dagrenning** (13:13) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann sem er sakaður um að hafa skotið saksóknara. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Aðþrengdar eiginkonur**(53:70) e.
**00.25 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Elektra**
**08:00 Agent Cody Banks 2:Destination**
**10:00 The Perez Family** (e)
**12:00 Dodgeball: A True Underdog Story**
**14:00 Agent Cody Banks 2: Destination London**
**16:00 The Perez Family** (e)
**18:00 Dodgeball: A True Underdog Story**
▶**20:00 Elektra**
**22:00 Undefeated**
**00:00 I Know What You Did Last Summer**
**02:00 Breathtaking**
**04:00 Undefeated**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.45 Krakkarnir í næsta húsi**
**08.10 Beauty and the Geek** (2:9)
**08.50 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Forboðin fegurð** (113:114)
**10.10 Homefront**
**10.55 Whose Line Is it Anyway?**
**11.20 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (51:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (52:114)
**14.45 Two and a Half Men** (18:24)
**15.25 Búbbarnir** (14:21)
**15.50 Skrímslaspilið**
**16.13 Nornafélagið**
**16.38 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.48 Magic Schoolbus**
**17.13 Fífí**
**17.23 William´s Wish Wellingtons**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 The Simpsons** (18:22) (e)
**20.05 Matur og lífsstíll** Skemmtilegur lífsstílsþáttur með hinni einu sönnu Völu Matt.
**20.40 So You Think You Can Dance** Það styttis í úrslitakvöldið en nú stíga þau 10 efstu dans á stóra sviðinu. 2007.
▶**21.45 Bones** (13:21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba.
**22.30 Hustle** (4:6) Svikahrapparnir í Hustle snúa aftur í fjórða sinn en þeir eru enn með nægar hugmyndir að svikamyllum. 2006.
**23.20 The Shield** (9:10)
**00.15 Mobile** (3:4)
**01.05 Robocop 2**
**02.55 Afterlife** (7:8)
**03.45 Hotel Babylon**
**04.40 Matur og lífsstíll**
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06:25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 1. umferð** (Sparta Prag - Arsenal)
**16.50 EM 2008** (Toulouse - Liverpool)
**18.30 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**19.00 Landsbankadeildin 2007** Bein útsending frá leik FH og Fram og í 13. umferð Landsbankadeildarinnar. Hart verður barist um stigin, því FH-ingar eru að berjast við Val um titilinn og Framarar þurfa að halda sér fyrir ofan fallsætið.
**21.10 Sumarmótin 2007** (Pæjumótið) Sýn heldur áfram að gera knattspyrnumótum yngri kynslóðarinnar góð skil. Í þessum þætti er fjallað um Pæjumótið sem haldið er árlega í Vestmannaeyjum.
**21.40 Kraftasport - 2007**
**22.15 Landsbankamörkin 2007**
**22.45 David Beckham - Soccer USA** (4:13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynnast nýjum samherjum Beckhams.
**23.15 Sterkasti maður í heimi 2006**
**23.45 Landsbankadeildin 2007** (FH - Fram)

## SÝN 2

**07.00 Portsmouth - Man. Utd.**
**17.20 Reading - Chelsea**
**19.00 Premier League World**
**19.30 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.30 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Norwich og Southampton leiktíðina 1993-1994.
**21.00 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Liverpool og Blackburn leiktíðina 1994-1995.
**21.30 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**22.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi.
**23.50 Coca Cola mörkin 2007-2008**
**00.20 Portsmouth - Man. Utd.** Útsending frá leik Portsmouth og Manchester United í 2. umferð.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.55 Vörutorg**
**16.55 7th Heaven** (e)
**17.45 All of Us** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Yes, Dear - Lokaþáttur** Systurnar Kim og Christine eru eins ólíkar og systur geta verið! Kim er haldin ógurlegri fullkomnunaráráttu en Christine hefur afslappaðra viðhorf til lífsins og er dugleg að minna systur sína á að líf hennar muni aldrei verða jafn fullkomið og hún þráir.
**20.00 Family Guy - NÝTT** Teiknimyndaþættirnir um Griffin-fjölskylduna eru geðveikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri rétthugsun og æðislegir.
**20.30 According to Jim** (18:22) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Cheryl reynir að fá Jim til að haga sér vel á degi heilags Patreks í von um að hún fái sæti í kirkjunefndinni.
**21.00 Law & Order: SVU** (8:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi.
▶**22.00 The Black Donnellys** (3:13) Ný, bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hells Kitchen.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Law & Order** (e)
**00.55 Stargate SG-1** (e)
**01.45 Backpackers** (e)
**02.15 Vörutorg**
**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Matur og lífsstíll

Nú er komið að lokaþættinum af Mat og lífsstíl en Vala hefur heimsótt marga af þekktustu sælkerum landsins síðustu vikur. Við höfum meðal annars lært að búa til létta kjúklingarétti, hressandi sumarrétti og grillað brauð. Í lokaþættinum heimsækir Vala viðskiptakonuna Lindu Pétursdóttur en hún er listakokkur. Ekki missa af lokaþættinum af Mat og lífsstíl.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### FAMILY GUY
### Skjáreinn kl. 20.00

Teiknimyndaþættirnir um Griffin-fjölskylduna snúa aftur á skjáinn. Þættirnir eru geðveikislega bilaðir og gersneyddir pólitískri rétthugsun. Peter og Louis eiga þrjú börn það yngsta er sadisti með snilligáfu sem einbeitir sér að því að koma móður sinni fyrir kattarnef og eyða heiminum. Brian, talandi hundur fjölskyldunar, heldur aftur af honum á milli þess sem hann dreypir á martinikokteilum og reynir að koma reglu á eigin líf.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.08** Útvarpssagan: Hótel Kalifornía
**14.30** Á vængjum yfir flóann
**15.03** Söngvar af sviði: Rjúkandi ráð
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum
**20.00** Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons Pym
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Hvert fór ég eiginlega?
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**17.15 Insider**
**17.45 Skífulistinn**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.10 True Hollywood Stories** (3:8) (e)
**21.00 Daisy Does America** (4:8) (e)
**21.30 Bestu Strákarnir** (17:50) Sirkus endursýnir allt það besta með Sveppa, Auddu, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlæginlegu strákunum.
**22.00 The Riches** (12:13) Glæný, bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki.
▶**22:55 Ghost Whisperer** (26:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.
**23.40 E-Ring** (2:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
**00.25 Jake 2.0** (4:16) (e)
**01.05 Entertainment Tonight** (e)
**01:30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**6.15** The Roly Mo Show **6.30** William's Wish Wellingtons **6.35** Teletubbies **7.00** House Invaders **7.30** The Week the Women Went **8.00** Small Town Gardens **8.30** A Place in France **9.00** Garden Challenge **9.30** Wildlife Specials **10.30** One Foot in the Grave **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Vanity Fair **13.00** Waking the Dead **14.00** House Invaders **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Waking the Dead **19.00** Spooks **20.00** Kiss Me Kate **20.30** Lenny Henry in Pieces **21.00** Waking the Dead **22.00** One Foot in the Grave **22.30** Spooks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Vanity Fair

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Klassen **6.30** Ha' det godt **7.00** Grønne haver **7.30** Lysglimt i mørket - fyr langs Norges kyst **8.00** Spot **8.30** Arbejdsliv - find et job! 9**.00** Vagn i København **9.30** Det store år **10.00** TV Avisen **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Blandt dyr og mennesker i Norden **11.55** Hvad er det værd **12.20** Med slør og høje hæle **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawsons Creek **14.00** Boogie Update **14.30** Godnat, Elmer Fjot **14.35** Frikvarter **15.00** Prinsen og tiggerdrengen **15.30** Fandango med Sine **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Slavebørn **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Nyt forår **22.15** OBS **22.20** Dissing og Andersens lykkelige dag **23.15** Boogie Update **23.45** Musikprogrammet

## NRK 1

**6.00** Teddy og Annie **6.14** Pingu **6.25** Ugler i mosen **6.45** Noahs dyrebare øy **7.10** Gjengen på taket **7.25** Mr. Jones **7.35** Her er eg! 7.45 Danny og Daddy **7.50** Grusomme grøss **8.00** Laura på sommerleir **8.30** Med hjartet på rette staden **9.15** Jukeboks: Vitenskap **10.00** Jukeboks: Sport **11.35** Lunsjtrav **12.30** Jukeboks: Country **13.25** The Tribe - Den nye morgendagen **13.50** Byttelånerne **14.15** De blå ulvene **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bosse **16.10** Nå er det nå **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Viten om **18.00** Festivalsommer **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **20.10** Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde spor **22.05** Hairy Bikers kokebok 22.35 MAD TV **23.15** Alfred Hitchcock presenterer

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Lillas smågodis **7.40** Unge greve Dracula **10.00** Rapport **10.05** En fläkt av ett vanligt liv **13.00** Känsla för gult **13.30** Det heta Finland **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Sista terminen **15.30** Mannen och örnen **16.00** Lantmusen och stadsmusen **16.25** Stora maskiner **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Ingen vet hur gammal en bilförare kan bli **18.40** Fotbollsspelare vid midnatt **19.00** Djur med känsla för fara **19.50** Pinn-kod **20.00** Planeten **21.00** Rapport **21.10** Vår käre Elvis **21.55** Lars Forssell x 2 **22.55** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Ég borða reyndar ekki morgunmat. Ég fæ mér tvo kaffibolla og borða svo bara hádegismat. Mér finnst óþarflega stutt á milli morgunmatar og hádegisverðar.“*

Toshiki Toma, prestur innflytjenda.

# Sautján ára sjoppueigandi á Selfossi

„Ég sá auglýsingu og þekkti þann sem var að selja og mig langaði einfaldlega að prófa þetta,“ segir hinn 17 ára gamli Arek Kujoth, sem festi kaup á ísbúðinni Smoothís á Selfossi fyrir tveimur vikum. Arek hafði unnið á bílaverkstæði í sínum heimabæ í Þorlákshöfn en langaði að breyta til. „Og ég sé ekki eftir því. Þetta er mun skemmtilegra starf,“ segir Arek en hann hafði enga reynslu af sölu- og þjónustustörfum áður. „Það var fljótt að koma og núna er ég búinn að læra flest trixin í bókinni,“ segir Arek en þess má geta að þar sem hann er svo ungur að árum þurfti sérstakt leyfi frá sýslumanni til að kaupin gætu gengið í gegn.

Smooth-ís er í raun söluturn sem býður upp á allt sem slíkum hæfir, svo sem sælgæti, gos, pylsur, hamborgara og fleira. Og Arek ætlar sér að sjá um þetta allt saman. „Ég ætla ekki að ráða aukafólk með mér og er hér alla vikuna, mæti kl. níu á morgnana og fer oftast heim um kl. 20. Það þarf að huga að mörgu utan afgreiðslunnar, eins og til dæmis að panta vörur. En þetta er ótrúlega gaman,“ segir Arek sem hefur lokið tveimur önnum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja en ætlar að nú að einbeita sér að kaupmennskunni. **- vig**



**SANNUR KAUPMAÐUR** Arek Kujoth er eini starfsmaður Smooth-íss og er í vinnu allan daginn, alla daga vikunnar. MYND/SUNNLENSKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** tímabils **6.** íþróttafélag **8.** blaður **9.** gubb **11.** í röð **12.** dans **14.** marðardýr **16.** hljóta **17.** fiskur 18. struns **20.** bor **21.** snudda.

**LÓÐRÉTT 1.** ómögulegur **3.** ryk **4.** borðflaska **5.** suss **7.** hreykijárn **10.** angra **13.** hrökk við **15.** slæma **16.** framkoma **19.** mun.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. viku, 6. fh, 8. mas, 9. æla, 11. rs, 12. rúmba, 14. jarfi, 16. fá, 17. áll, 18. ark, 20. al, 21. snuð.
**LÓÐRÉTT:** 1. ófær, 3. im, 4. karafla, 5. uss, 7. hlújárn, 10. ama, 13. brá, 15. illa, 16. fas, 19. ku.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Öllum 47.
2. Danmörku, Bandaríkjunum, Noregi og Lettlandi auk sérsveitarmanna frá Íslandi.
3. Einn, héraðsdýralæknir Vestfjarðaumdæmis.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÞÓRHALLUR SKÚLASON: VINSÆLL Í RÚSSLANDI

# Skemmtilegt að spila fyrir rússnesku mafíuna

Þórhallur Skúlason plötusnúður hefur spilað mikið í Rússlandi á síðustu árum. Þrátt fyrir að flest hafi gengið vel hefur hann óhjákvæmilega líka orðið var við rússnesku mafíuna.

„Í eitt skiptið sem ég var að spila var búið að loka skemmtistaðnum þegar einhver mafíósi og yfirmaður í rússneska hernum mættu á staðinn. Þeir heimtuðu að hann yrði opnaður aftur fyrir þá og vini þeirra og það segir enginn nei við mafíuna. Ég neyddist þá til að spila áfram og var mjög smeykur um að vera bara drepinn ef ég spilaði ekki réttu tónlistina,“ segir Þórhallur Skúlason plötusnúður sem hefur náð þó nokkrum vinsældum í Rússlandi. „Þetta er samt mjög skemmtilegt.“

Þórhallur hefur starfað sem plötusnúður í nær tuttugu ár og var meðal annars í „hardcore“ hljómsveitinni Ajax auk þess sem hann starfrækti lengi plötuútgáfufyrirtækið Thule Records.

„Ég hef farið fimm sinnum til Rússlands að spila síðan 2004. Var síðast núna í vor og það stefnir í að ég fari tvisvar í viðbót áður en árinu lýkur.“ Þórhallur hefur bæði spilað í stærstu borgunum, Moskvu og Pétursborg, en einnig í minni borgum. „Ég fer í eins til tveggja vikna túra þar sem ég spila á hverjum degi í nýrri borg á hverju kvöldi. Þetta eru yfirleitt mjög stórir staðir, allt að tíu þúsund manna. Sérstakasti túrinn var örugglega þegar ég fór með Adda Exos að spila í Síberíu þar sem var alls staðar um fjörutíu stiga frost.“ Í tengslum við ferðalögin hefur Þórhallur farið í nokkur viðtöl á rússneska MTV og í fjölmörg blaðaviðtöl.

Þórhallur segir að það sé mjög skrýtið að koma í minni borgirnar því svo fáir plötusnúðar og tónlistarmenn þori að fara þangað. Þeim sem þora er því tekið eins og þjóðhetjum.

„Það er mjög skrýtið að vera þarna. Fólk lítur á plötusnúða eins og rokkstjörnur. Í öll síðustu skiptin sem ég hef farið hef ég verið beðinn um eiginhandaráritanir í tugatali eftir hvert kvöld.“ Þórhallur segir að sumir mæti jafnvel með nokkra miða til að skrifa á til að geta gefið vinum sínum eða fjölskyldumeðlimum líka. Tóndæmi og fleira má finna á www.thormusik.com

**jara@frettabladid.is**



**HITTI MAFÍUNA** Þórhallur Skúlason plötusnúður var neyddur til að spila fyrir rússneskan mafíósa í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Heimildir herma að **Sigmundur Ernir Rúnarsson**, sem var nýlega skipaður forstöðumaður fréttasviðs Stöðvar 2, sé með nýjan umræðuþátt á prjónunum. Þátturinn ku sækja innblástur til Silfur Egils að einhverju leyti og verða umræðuþáttur í sama dúr. **Egill Helgason** yfirgaf Stöð 2 fyrr í sumar, þegar hann tók þá nokkuð umdeildu ákvörðun að flytja bæði sig og þáttinn yfir á RÚV. Ekkert hefur fengist staðfest um Silfur Simma enn sem komið er, en línur gætu farið að skýrast í næstu viku.

Grillhúsið við Tryggvagötu, eitt langlífasta og ástælasta veitingahús landsins, er til sölu. **Hafsteinn Hasler**, einn af eigendum staðarins, staðfesti við Fréttablaðið að staðurinn væri til sölu en vildi ekkert segja til um ástæður þess að hann er seldur né hversu mikið reksturinn kostar.





Grillhúsið hefur verið starfrækt frá árinu 1994 og gengur reksturinn mjög vel, að því er kemur fram í auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu fyrir skemmstu.

Risaskjárinn sem stendur á bílastæði Kringlunnar við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar verður tekinn niður í kvöld. Ekki þó til frambúðar, því **Einar Bárðarson** og aðrir skipuleggjendur stórtónleika Kaupþings á Laugardalsvelli hyggjast fá hann lánaðan til að gefa fjærstöddum áhorfendum tækifæri til að sjá betur hvað er um að vera á sviðinu. Skjárinn, sem er rúmir fimm metrar á hæð og fjórir á breidd, verður síðan fluttur á Miklatún þar sem hann gegnir sama hlutverki á útitónleikum Menningarnætur. Skjárinn verður síðan væntanlega kominn á sinn stað við Kringluna á sunnudag.



Halló, góðan daginn

200 manna þjónustuver
þjónustar þig í 800 7000

Það er Síminn

# Tískuhernaður hjá öryrkjum

Vefsíðan Oryrki.is sem starfrækt er af Götuhernaðinum hefur sett frekar sérstaka boli til sölu á vefsvæði sínu. Um er að ræða slagorð með frekar kaldhæðnislegum tón: Okkar peningur-ykkar púl og Öxe-crew. „Þetta er sumarverkefni í samstarfi við Reykjavíkurborg og Hitt húsið og er ætlað að snúa við ímynd hreyfihamlaðra,“ segir Andri Valgeirsson, einn forsvarsmanna Oryrki.is. „Að allir vilja vera öryrkjar og þar fram eftir götunum,“ bætir hann við.

Á vefsíðunni má auk þess sjá skemmtileg myndbrot sem meðlimir Götuhernaðarins hafa sjálfir gert og segir Andri að þeir hafi fengið mikil og góð viðbrögð. „Þetta hefur gengið mjög vel, þetta er annað sumarið sem þetta hefur verið í gangi og fólk hefur tekið mjög vel í þetta,“ útskýrir Andri sem var staddur í tjaldferðalagi á Þingvöllum þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Aðspurður hvernig salan á bolunum hefði gengið sagði Andri að það hefði verið svona upp og niður. „Við erum hins vegar alveg sannfærðir um að þetta verði nýja tískubylgjan í haust.“ **- fgg**



**KALDHÆÐIÐ** Andri í bol sem á stendur Okkar peningur-ykkar púl. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

## TJALDMARKAÐUR

Opið alla daga vikunnar - líka sunnudaga!



Verð frá

aðeins

99 kr.

NÝTT KORTATÍMABIL!

Barnafatnaður, dömufatnaður og herrafatnaður gallabuxur, bolir, sokkar, skór, nærfatnaði í ótrúlegu úrvali.

Vönduð jakkaföt aðeins 9900 kr.

FAXAFENI 10

S. 534 4450

auglysingastofan grænn / íslensk almannatengsl

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000









BAKÞANKAR

DR. GUNNA

## *Pönkhagfræði*

Eftir því sem ég kemst næst er gott að græða, en slæmt að tapa. Þessa þulu tuldrar nútímamaðurinn fyrir munni sér. Samt tapa allir á endanum í gröfinni, en það er víst önnur saga. Þangað til er hámarksgróði eina markmiðið og skiptir þá litlu hvort þrælahald komi við sögu eða ekki.

**VERST ER** bara hvað gróði og gróðapungar eru leiðinleg fyrirbæri. Fréttir af gróða einhverra gróðapunga eru drepleiðinlegar og manni er alveg sama þótt Oddaflug fari upp fyrir Gnúp, eins og ég las í blaði í fyrradag. Á meðan bæði Oddaflug og Gnúpur stuðla ekki að öðru en fokdýrum flugfarmiðum gæti manni ekki verið meira sama hvor á meira í FL-grúpp.

**FYRIR VIKU** dó náungi sem hét Tony Wilson. Hans hagfræði var pönk. Hann kom Manchester á tónlistarkortið og er alræmdur fyrir að tapa peningum. Hann stofnaði Factory-útgáfuna og tapaði stíft með því að gefa út bönd sem fáir vildu hlusta á í bland við bönd eins og Joy Division og Happy Mondays, sem fleiri vildu hlusta á. Hann gerði aldrei skriflega samninga við listamenn og skipti innkomu 50/50 á milli fyrirtækis og listamanna. Mest selda platan er smellurinn Blue Monday með New Order. Umslag plötunnar var svo dýrt í framleiðslu að það var tap á hverju einasta eintaki. Platan seldist og seldist og endaði sem mest selda 12” plata sögunnar svo það varð auðvitað stórtap á laginu. Samt datt Tony ekki í hug að láta framleiða ódýrara umslag því hann virti óskir hönnuðarins!

**PLATA** með Happy Mondays var síðasti naglinn í líkkistu Factory. Hún var tekin upp á Barbados því söngvarinn, Shaun Ryder, var forfallinn heróínfíkill og Barbados þótti ákjósanlegur upptökustaður því þar var víst ekkert heróín. Þar var hins vegar allt flæðandi í kókaíni sem Shaun skipti yfir í og lét fyrirtækið blæða. Ekki gekk Tony betur að græða á skemmtistaðnum sínum, Hacienda. Þetta var á alsæluárunum svo enginn vildi annað en ókeypis vatn á barnum.

**MOTTÓ TONYS** var „Some people make money, others make history“. Hann varð 57 ára og lífshlaups hans verður minnst sem endalausrar raðar af skemmtilegum sögum – jafnvel flestum sönnum. Í gröfinni er það örugglega ekkert verri eftirskrift en að hafa komist upp fyrir Gnúp.


Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



